

# Árbók kirkjunnar 2010

1. júní 2010 – 31. maí 2011

**Forsíðumynd:**

**Hendur Guðs til góðra verka í heiminum**

Unglingar á Landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar 2010, sem haldið var á Akureyri, söfnuðu peningum til stuðnings verkefnis Hjálparstarfsins á Indlandi þar sem börn eru leyst úr skuldaánauð.

*Ljósmyndari Árni Svanur Daníelsson*

**Árbók kirkjunnar 2010** 1. júní 2010 - 31. maí 2011

**September 2011**

**Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000**

**Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Karl Helgason (ábm.)**

**Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir**

**Prentun Oddi ehf.**

**ISBN 978-9979-792-92-5**

# Efnisyfirlit

<b>Prestastefna Íslands 2011</b> .....	5
<b>Setningarræða biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar</b> .....	5
<b>Ávarp innanríkisráðherra, Ógmundar Jónassonar</b> .....	14
<b>Synodusárið 2010-2011</b> .....	17
<b>Aukakirkjuþing 2010</b> .....	20
<b>Setningarræða forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein</b> .....	20
<b>Framsaga biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar</b> .....	25
<b>Kirkjuþing 2010</b> .....	34
<b>Ávarp forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein</b> .....	34
<b>Ávarp dómsmála- og mannréttindaráðherra, Ógmundar Jónassonar</b> .....	41
<b>Ávarp biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar</b> .....	45
<b>Störf kirkjuráðs</b> .....	49
<b>Fjármál þjóðkirkjunnar</b> .....	52
<b>Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2011</b> .....	55
<b>Vígslubiskup Hólastiftis</b> .....	57
<b>Starfið á árinu 2010-2011</b> .....	60
<b>Stofnanir, nefndir, ráð og félög</b> .....	91
<b>Sérþjónustuprestar</b> .....	128
<b>Starfið í prófastsdæmunum</b> .....	156
<b>Mannfjöldi eftir trúfélögum</b> .....	200
<b>Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir</b> .....	202
<b>Prestar í sérþjónustu</b> .....	218
<b>Djáknar í sérþjónustu</b> .....	219
<b>Félög og stofnanir</b> .....	220
<b>Stjórnir og starfsnefndir</b> .....	222
<b>Biskupsstofa og aðrar stofnanir</b> .....	224



# Prestastefna Íslands 2011

## Setningarræða biskups

Ég þakka messuna hér áðan í Dómkirkjunni, gömlu og kæru. Ég þakka prédikun séra Jóns Aðalsteins Baldvinssonar, vígslubiskups og dómkirkjuprestunum, séra Hjálmari Jónssyn og séra Önnu Sigríði Pálsdóttur, og Ásdísi Blöndal, djákna, Kára Þormar, organista og öðrum þeim sem komu að framkvæmd messunnar, þakka ég helga þjónustu. Ég þakka Háskólarektor, Kristínu Ingólfssdóttur, fyrir að leyfa okkur að koma hér saman í Hátíðarsal Háskóla Íslands til synodussetningar, og gefa okkur þannig tækifæri að hylla skólann í tilefni aldarafmælis hans. Háskólarektor þakka ég ávarpið hér og þann góða hug sem það birtir í garð kirkjunnar og málstaðar hennar. Innanríkisráðherra, Ögmundi Jónassyni þakka ég ávarp hans og samstarf og samskipti öll. Þeim báðum vottum við einlæga virðingu og biðjum blessunar. Gott var að fá kveðju dr. Munib Younan, biskups og forseta Lúterska heimssambandsins. Þörf brýning til okkar um að minnast þess alþjóðlega samhengis sem við erum hluti af í kirkju Kristis. Við sendum dr. Munib og Lútherska heimssambandinu hugheilar kveðjur. Kvennakór Háskóla Íslands vil ég einnig þakka fagran söng undir öryggri stjórn Margrétar Bóasdóttur. Kórinn mun ljúka þessari dagskrá hér á eftir með sálmi Páls Kolka og Þorkels Sigurbjörnssonar: „Til þín Drottinn, hnatta og heima.“

Prestum og djáknum sem af trúmennsku og kærleika bera hita og þunga starfsdagsins á akri Guðs kristni

á Íslandi þakka ég störf og þjónustu og bið Guð að launa og blessa það allt.

### Heilsað og kvatt

Á synodusárinu hlutu tveir kandidatar prestsvígslu. Bryndís Valbjarnardóttir, sem kölluð var til Frikirkjusafnaðarins í Reykjavík, og dr. Kristinn Ólason, rektor, til þjónustu í Skálholti.

Tveir prestar hlutu lausn frá embætti fyrir aldurs sakir. Tveir aðrir sögðu embættum sínum lausum af öðrum ástæðum og tvö embætti voru lögð niður vegna hagræðingarkröfu ríkisins.

Níu kennimenn og fjórar prestskonur gengu inn í helgidóminn á himnum. Þau eru kvödd með hugheilli þökk fyrir það sem þau létu Guðs kirkju í té sem ráðsmenn margvíslegrar náðar Guðs. Þau eru: Séra Erik Sigmar, prestur í Vesturheimi, séra Bragi Reynir Friðriksson, Herra Pétur Sigurgeirsson, biskup, séra Ágúst M. Sigurðsson, séra Magnús Guðjónsson, herra Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup, séra Lárus Halldórsson, séra Ingimar Ingimarsson og séra Jón Bjarmann.

Og prestskonurnar, frú Anna Sigurkarlsdóttir, frú Emma Hansen, frú Vivan Svavarsson og frú Ethel Sigmar.

Þau öll felum við góðum Guði í djúpri virðingu, þökk og kærleika, og sendum aðstandendum hlýja samúðarkveðju. Rísum úr sætum og lútum höfðum í hljóðri bæn.

Veit þeim, Drottinn, þína eilífu hvíld og lát þitt eilífa ljós lýsa þeim. Þau hvíli í þínum friði í Jesú nafni. Amen



Karl  
Sigurbjörnsson

## Háskólinn

Það er gott að hefja Prestastefnu innan veggja Háskóla Íslands á þessu afmælisári og votta þannig háskólanum virðingu og þökk í nafni Þjóðkirkjunnar. Við prestar og djáknar stunduðum hér öll nám og minnumst með þakkarhuga prófessora og samnemenda. Héðan gengum við út að loknu embættisprófi. Með hjörtun barmafullt af vonum og væntingum skelltum við aftur skólahurð og skruddum með og snerum baki við áhyggjuleysi stúdentsáranna og út í raunveruleikann, fullnuma og ferðbúin. Eða það fannst okkur.

Nú höfðar æ meir til mín sú mynd kirkjunnar sem er kirkjan sem lærisveinasamfélag. Lærisveinn er nemandi, stúdent sem leggur sig eftir lærdómnum, lærisveinninn er sveinn á samningi, í námi hjá meistara. Og Meistarinn er Kristur. Samkvæmt því er mikilvægast það sem kirkjan er en ekki það sem hún gerir, að hún er samfylgd með Kristi og samfundur við hann í kærleika. Aldrei fullnuma í þeim skóla. Fyrir en í eilífðinni.

Ég var ungur þegar faðir minn benti mér á það að yfir aðaldrym Háskólans væru þrjár hvítar súlur að sjá. Skyldu þær tákna þær þrjár meginvísindagreinar sem Háskóli Íslands er reistur af: guðfræði, lögfræði og læknisfræði. Stofnaðilar Háskóla Íslands voru Prestaskólinn, Lagaskólinn og Læknaskólinn. Þeirra var Prestaskólinn elstur, með rætur allt til Skálholts og Hóla. Guðfræðin er meðal þeirra vísinda sem „efla alla dáð og farsældum vefja lýð og láð,“ eins og Jónas orðaði það.

Háskólinn er dóttir kirkjunnar, ómót-mælanlega sprottinn af rót kristinnar menningar sem kirkjan nærði og ræktaði um aldir. Háskólinn stendur fyrir sannleiksleit og hefur það hlutverk

að spyrja spurninga enn og aftur, vekja efann og spurnina andspænis viðteknum hugsunum, í hollustu við sannleikann.

Á altari kapellu Háskólans eru letuð orð Jesú, reyndar þau sömu og skráð eru á hornstein Alþingishússins: „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa.“ Jesús átti við sjálfan sig: „Ef þér farið eftir því sem ég segi eruð þér sannir lærisveinar mínir og munuð þekkja sannleikann og sannleikurinn mun gera yður frjálsa.“ Það er sannleikurinn sem persóna en ekki formúla.

Klassísk evrópsk mennt og menning með áherslu sína á gagnrýna hugsun gagnvart öllum alhálfingum kennisetninga, sprettur af þeim boðskap sem kristin kirkja, trú og lífsviðhorf færði heiminum. Sagan af Jesú og fagnaðar-erindi hans. Það er eins og hulinn fjársjóður í akri evrópskrar menningar, en samt sem áður er það lifandi og virk staðreynd, eins og til dæmis í þeim grun, eða vitund að sannleikurinn sé í raun og veru birta og gleði, að sannleikurinn ryðjist ekki inn á mann með braki og brestum og hertaki hugsun og vilja með ofurefli, heldur komi upp að hlið okkar. Á líkan hátt og samferðarmaðurinn sem kom upp að hlið lærisveinanna á veginum til Emmaus, og hrærði við minningum og sögu, laðaði fram mynstur og merkingu sem áður var hulið. Samferðarmaður sem sest til borðs með okkur og horfist í augu við okkur sem vinur og lærimeistari sem við höfum innst inni þekkt, vitað og treyst á, án þess að gera okkur grein fyrir því, en sem lýkst upp sem fullnægja og fegurð og fögnuður, viska og speki.

Nú heitir guðfræðideild Guðfræði og trúarbragðafræðideild og er ekki nema að hluta embættismannaskóli og starfsmenntun presta. Þjóðkirkjan á

mikilla hagsmuna að gæta að guðfræðin verði ekki afgangstærð innan háskólasamfélagsins og að menntun hennar skili kirkjunni sterkum og vel menntuðum þjónum og leiðtogum. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því. Í þeim róttæka niðurskurði sem bæði Háskólinn og umfram allt kirkjan hafa sætt undanfarið hafa möguleikar guðfræðinga til starfa minnkað verulega.

## Kirkja á krossgötum

Á krossgötum er gott að staldra við, líta um óxl og til beggja hliða, og ekki síst í eigin barm og íhuga stöðu sína. Liðið synodusár var viðburðaríkt og átakamikið. Hvaða stöðu hefur kirkja á þeim krossgötum sem við stöndum á? Um það ætlum við að ræða á Prestastefnu að þessu sinni og höfum kallað til bæði presta og fulltrúa leikmanna á Kirkjuþingi. Þar er að mörgu að hyggja.

Okkur sem þjóð hefur borið á krossgötur sem okkur geðjast ekki alls kostar, þar blasir við samdráttur, aðhald, skuldabyrði, atvinnuleysi, uppgjör og óvissa um framtíð okkar. Þjóðin er að mörgu leyti föst í neikvæðni og vantrausti, sem þeinist að embættismönnum og stofnunum. Þjóðkirkjan þarf eins og aðrar stofnanir að takast á við niðurskurð. Það ýtir nú ekki undir starfsgleði okkar sem sett erum til að þjóna og leiða stofnun og samfélag kirkjunnar.

Við höfum öll okkar sögu að segja um það hvernig okkur hefur liðið í kirkjunni og samfélaginu umliðið ár og við berum okkar sár. Það eru erfiðleikarnir, vandkvæðin og vonbrigðin, tilfinningin fyrir því að mistakast og ná ekki árangri, tilfinningin fyrir því að dragi úr trausti.

Það er vanlíðanin undan dómhörku, ásökunum og neikvæðni. Þar er vanmátturinn gagnvart því að þurfa að draga saman seglin, hætta starfsemi, segja upp fólki. Það er enginn vandi að draga fram þær myndir og sýna þann vanda og þreytu, árekstra, kreppu. Auðvelt er að sitja fastur í neikvæðninni, vísa frá sér og benda á aðra og persónugera vandann.

Mörgum sem utan standa, jafnvel æði mörgum kristnum manni, finnst reyndar kirkjan og við, þjónar hennar, það erfiðasta við kristnina. Og gefast upp og ganga út.

Hin neikvæðu viðhorf sem heyra má á hinum opinbera vettvangi virðast þó lítt merkjanleg á vettvangi þjónustunnar. Á vísitásiúm mínum, í samtölum við prestana og djákna, á fundum mínum með sóknarnefndum og starfsfólki hef ég skynjað mikla ábyrgðartilfinningu og jákvæðni og samstöðu á alvörutímum. Ég sé og skynja áhuga á þátttöku og samstarfi. Ég finn að fólk er reiðubúið að horfa á tækifæri til bættrar þjónustu sem gefast til dæmis í samstarfssvæðum og stærri einingum. Ég sé vaxtarsprotu í messuþjónastarfinu sem hefur verið ótal einstaklingum til lífsfyllingar og söfnuðum til mikillar blessunar. Ég sé presta sem leggja sig fram um foreldrasamstarf, skírnarviðtöl, barnafræðslu. Ég sé presta og djákna sem með alúð og atorku mynda tengsl og leggja brýr milli fólks og félagasamtaka og stofnana í sóknnum sínum og efla þannig grenndarsamfélagið. Ég sé gleðilega þróun í foreldrastarfi á vettvangi fermingarfræðslunnar, og svona mætti áfram telja. Það er svo ótal margt gott og uppbyggilegt að gerast á vettvangi safnaðanna út um land allt.

Það var gleðilegt að samfélags-  
verðlaun Fréttablaðsins í ár voru m.a.  
veitt til frumkvöðla á vettvangi kirkju-  
starfs. Það var Listasmiðjan Litróf í Fella  
og Hóla kirkju, undir forystu Ragnhildar  
Ásgeirsdóttur, djákna, sem vinnur að  
vináttu milli barna af erlendum upp-  
runa og íslenskra barna með því að  
stefna þeim saman í leik og listum.  
Jón Stefánsson, organisti, var líka  
heiðraður, en tónlistaruppeldi hans í  
Langholtskirkju hefur opnað heim tón-  
listar fyrir fjöldamörgum börnum og  
unglingum og skilað menningu, þjóð  
og kirkju miklum auðævum. Hér eru tvö  
dæmi um verkefni og starfsþætti kirkju  
og safnaða sem veita ómældri blessun  
inn í samfélagið og eftir er tekið. Við  
samfögnum þessum trú þjónum og  
þeim sem verka þeirra njóta.

Ég vil líka minna á og þakka þá mikil-  
vægu forystu sem prestar og safnaðar-  
fólk Keflavíkurkirkju hafa veitt í því að  
vekja og efla samfélagið til viðbragða  
við því alvarlega ástandi sem ríkir á  
Suðurnesjum þar sem fjórði hver maður  
er atvinnulaus. Sá vettvangur sem þar  
hefur myndast í samstarfi einstaklinga,  
félagasamtaka, opinberra aðila og  
kirkjunnar hefur reynt ómetanlegur.  
Guð launi það og blessi allt.

Á krossgötum má sjá vegi til ólíkra  
átta. Sums staðar blasir torleiði við og  
áhyggjuefni. Hér verður barnastarf kirkju-  
unnar til sérstakrar umfjöllunar. Við mun-  
um ræða stöðu þess hér og sú umræða  
snertir líka trúfræðsluna í víðari skilningi  
og eins trúarlegt uppeldi og andlega vel-  
ferð barna og ungmenna í landinu.

Fækkun sóknarbarna þjóðkirkjunnar  
veldur líka áhyggjum. Fækkað hefur  
hlutfallslega um þetta 1% á ári mörg  
undanfarin ár en aldrei meir en á síðast  
liðnu ári eða um 1,7%. Um árabíl hafa  
verið skipulagðar úrsagnir og nokkrar

hópúrsagnir, mótmæli, sem mikill áróð-  
ur var rekinn fyrir. Fjöldi fólks sem skráði  
sig úr þjóðkirkjunni leitar samt eftir sem  
áður eftir þjónustu hennar.

Breytingar á trúfélagaskráningu eru  
líka af öðrum ástæðum en mótmælum.  
Hinn lýðfræðilegi þáttur vegur líka  
þungt. Á síðastliðnu ári fluttu 1700 fleiri  
íslenskir ríkisborgarar úr landi en heim.  
Íslendingar sem setjast að erlendis telja  
sig margir í þjóðkirkjunni en eru ekki  
skráðir þar meðan þeir búa utanlands  
– þetta á t.d. við um alla sem fluttu til  
Noregs, sem voru á annað þúsund.

Það er auðvelt að skrá sig úr þjóð-  
kirkjunni. Spurning margra er ekki: Á ég  
að segja mig úr þjóðkirkjunni? Heldur:  
Hvers vegna á ég að tilheyra kirkjunni?  
Já, hvers vegna? Því þurfum við að  
svara. Það verður ekki hvað síst best  
gert með því að við vöndum enn meir  
öll okkar orð og athafnir og gerum enn  
betur það sem við gerum best!

Það getur haft afgerandi áhrif  
hvernig okkur tekst að halda utan  
um sóknarbörnin og andlegar þarfir  
þeirra og hvernig við getum stutt við  
trúaruppeldi heimilanna.

Önnur spurning er orðin knýjandi í  
þessu samhengi: Hvað með þau sem  
segja sig úr þjóðkirkjunni en kalla samt  
eftir þjónustu hennar eins og ekkert  
hafi gerst við úrsögnina?

Þegar þeim fækkar sem hafa beina  
reynslu af og tengsl við þjóðkirkjuna,  
guðsþjónustu hennar og trúarlíf, þá  
vegur æ þyngra það sem til kirkjunnar  
sést og heyrst í fjölmiðlum. Það er  
mikilvægara en nokkru sinni að kirkjan  
sé þar, á samskiptasiðunum og í héraðs  
og hverfafréttablöðunum og lands-  
miðlum. Þar verður hún að vera  
en hún ræður þar ekki ferðinni. Hún  
ber þá ábyrgð, við berum þá ábyrgð,  
að lyfta fram því sem styður þann





Frá setningu prestastefnu 2011. Frá v.: Karl Sigurbjörnsson, Anna Sigríður Pálsdóttir, Ásdís Blöndal og Hjálmar Jónsson

málstað sem þjóðkirkjan stendur fyrir, fagnaðarerindið, bæn og trú. Og mikilvægi athafnanna á krossgötum ævinnar vex, þær verða æ oftar eini snertiflötur einstaklinga, fjölskyldna og samfélags við þjóðkirkjuna og söguna um Jesú og fagnaðarerindi hans.

Um lýðfræðilega þróun má margt segja. Hið sama á við um Íslendinga og sagt er um innfædda Norðurlandabúa almennt, að þeir eldist, flytji búferlum og deyi. Þessar staðreyndir verður þjóðkirkjan að hafa í huga á krossgötum. Hækkandi meðalaldur, flutningar fólks, umfram allt í þéttbýlið, og loks hækkandi dánartala. Það er hin lýðfræðilega staðreynd sem þjóðkirkjan er undirorpin. Og svo því að 80 af hundraði landsmanna búa milli Hvítár í Borgarfirði og Ölfusár. Ísland er orðið

borgarsamfélag, sem eldist, og fátt sem bendir til að þeirri þróun verði snúíð við.

Sú mikla skerðing sóknargjalda og framlaga sem þjóðkirkjan hefur þurft að mæta frá hruni er farin að hafa veruleg áhrif á þjónustu kirkjunnar um allt land. Það er mikið áhyggjuefni. Sóknargjöldin hafa verið skert um 20% frá hruninu. Þetta bætist við fækkun gjaldenda sem er orðin tilfinnanleg í sumum sóknum og bitnar á grunnþjónustunni. Vegna hagræðingarkröfu ríkisins hefur kirkjan auk þess þurft að sæta umtalsverðri skerðingu á lögbundnum og samningsbundnum framlögum. Laun presta voru lækkuð að meðaltali um 6% árið 2009. Með því var samningsbundið endurgjald ríkisins til þjóðkirkjunnar á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins lækkað einhliða og ótímabundið af hálfu ríkisins.

Þjóðkirkjan samþykkti svo með sérstökum samningi lækkun endurgjalds ríkisins fyrir árin 2010 og 2011. Sú skerðing sem kirkjan hefur sætt á þessum fjárlagalið frá árinu 2008 nemur nú samtals um 22%. Við höfum lagt áherslu á góða samvinnu við stjórnvöld um viðbrögð við hagræðingarkröfunni. En erfitt er að sjá að öllu lengra verði haldið áfram í niðurskurði hjá þjóðkirkjunni. Ef svo fer sem horfir þurfum við á næsta ári að mæta niðurskurði sem nemur á þriðju hundrað milljónum króna! Það heldur sannarlega fyrir mér vöku.

Við höfum leitast við að mæta afleiðingum hrunsins af ábyrgð og heilindum, minnug þess að kirkjan hefur ætíð deilt kjörum með þjóðinni. Kirkjuráð eins og allar sóknir og stofnanir þjóðkirkjunnar hefur leitað allra leiða til hagræðingar og sparnaðar í rekstri og mannahaldi. Prestsembætti hafa verið lögð niður, starfsfólki Biskupsstofu fækkað og dregið verulega saman í starfsemi yfirstjórnar kirkjunnar. Það eru sársaukafullar aðgerðir sem við höfum verið neydd til að beita. Enn er hvatt til þess að sýna alla aðgæslu í rekstri og leita allra leiða til að hagræða í starfinu. Samstarf og samnýting eru mikilvægir lykilar þar að.

Þjónusta þjóðkirkjunnar um land allt er veigamikill þáttur í þeim traustu innviðum sem einkennt hafa íslenskt samfélag og hefur stuðlað að því að hér hefur þróast gott mannlíf og menning. Við sem þjóðkirkjunni unnum og þjónum teljum hana gegna mikilvægu hlutverki og teljum brýnt að hún hafi bolmagn til að sinna því.

## **Endurmat**

Það er óneitanlega næðingssamt á

þessum krossgötum sem við stöndum á í dag, tímarnir róstarsamir, háværir, viðsjálir. Það gerir miklar kröfur til kirkjunnar, að hafa heilbrigðan og jákvæðan boðskap að flytja, vera trú sjálfri sér og köllun sinni. Á samdráttartímum er óhjákvæmilegt og heilsusamlegt að endurmeta starfsemi og forgangsraða.

Endurskoðun kirkjulaganna stendur yfir undir forystu forseta kirkjuþings. Að beiðni kirkjuráðs fer fram úttekt á Biskupsstofu, uppstokkun fer nú fram á starfsemi kirkjunnar af fjárhagslegum ástæðum, en ekki síður vegna stefnumótunar þjónustu þjóðkirkjunnar, sem fjallað verður um hér á synodus. Unnið er að endurskoðun starfsreglna um val á prestum enn einu sinni, og á reglum um kjör til Kirkjuþings. Reglur um val á prestum hafa ekki náð að samþætta lagaákvæði svo sem jafnréttislaga og aldagamallar kröfu safnaðanna um úrslitaatkvæði um hver valinn verður til þjónustunnar. Ég hef beitt mér fyrir endurskoðun á reglum um kosningu biskupa, með áherslu á aukinni þátttöku leikmanna í biskupskjöri. Mikilvægt er að efla lýðræðið, þátttöku og ábyrgð sóknarbarna og hlutdeild þeirra í stofnunum kirkjunnar.

Nauðsynlegt er að auka sveigjanleika og aðlögunarhæfni og viðbragðaflyti biskups og yfirstjórnar kirkjunnar gagnvart aðstæðum hverju sinni. Auka þarf möguleika biskups að flytja presta til í starfi, þar sem náðargáfur þeirra nýtist sem best, og til að hamlar gegn stöðnun og kulnun. Veitingakerfi okkar er allt of fastnjörvað og svigrúmið mjög takmarkað til að bregðast við aðstæðum og tilfallandi þörfum. Ég vil í því samhengi minna á það tækifæri sem gefst við embættismannaskipti sem geta verið í allt að eitt ár. Þar skapast

tækifæri til tilfærslna um skamma hríð og nýrrar reynslu í þjónustunni. Vert er að vekja athygli á þessari heimild.

Með auknu fjárstjórnarvaldi kirkjuþings þarf að taka til endurskoðunar fjárhagslegt sjálfstæði sóknanna gagnvart yfirstjórn kirkjunnar. Til dæmis möguleika sókna að skuldbinda sóknarbörn og þá þjóðkirkjuna um áratugi fram í tímann hvað varðar viðamiklar fjárfestingar.

Pegar prestum fækkar og launuðum samverkamönnum þeirra í söfnuðunum þá er meiri þörf en nokkru sinni á virkum stuðningi, handleiðslu og símenntun. Ég legg mikla áherslu á það.

Nú liggur fyrir að endurtaka verður kosningu til embættis vígslubiskups í Skálholti. Það er miður en svona er það nú, enginn vafi má leika á því að rétt sé að málum staðið. Ég vona og bið að allt gangi nú að óskum og bið þeim blessunar sem gefa kost á sér til þessa mikilvæga hlutverks, og þeim sem standa að framkvæmd kosningarinnar.

Þjóðkirkjunni er lífsnaúðsyn að mæta þeim breytingum og umbyltingum sem yfir ganga með auknum sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Áherslan á starf og virkni sem byggist á launuðu starfsfólki verður að breytast. Við þörfnumst nýrrar hugsunar um það hvernig við nálgumst fólk og byggjum upp tengsl. Því kristinn söfnuður snýst um það, um tengsl, um persónuleg tengsl, traust og trúnað við hvert annað og við Guð. Andspænis hækkandi hlutfalli aldraðra þarf kirkjan að muna að þar er einhver dýrmætasta auðlind hennar, fólk sem hætt er störfum en vill leggja sitt að mörkum til að bera arfinn áfram til nýrra kynslóða og byggja upp þau tengsl, það samfélag, styrkja það samhengi sem að því stuðlar. Hér verður síðar á prestastefnunni rætt um sjálfböðna

þjónustu þar sem við erum minnt á að söfnuðurinn er ekki bara kominn saman til að þiggja heldur líka að gefa og hver og einn er virkur þátttakandi í þjónustu kirkjunnar með talentur sínar.

Hinn 15. þessa mánaðar verða vígðir einn djákni og fjórir prestar og þar af þrír prestar til þjónustu í norsku kirkjunni. Það er gleðilegt er gott fólk gengur til starfa í hinni vígðu þjónustu í kirkju Krists. En sárt að horfast í augu við þær aðstæður sem hér eru að baki. Við erum að missa fólk úr þjónustu okkar kirkju vegna niðurskurðarinnar hér heima. Atvinnuleysi og atgervisflótti blasir við.

## **Að vera eða ekki vera**

Kirkjunni er ætlað að vera áningarstaður á krossgötum sem sérhver manneskja stendur ætíð á, þar sem valið stendur um stefnu, framhald, mark og mið. Athöfn hennar og orð er að litast um og hlusta og horfa í eigin barm, krossgötur, staður og stund þar sem himinn og jörð mætast og minnast. Ekki í þeim skilningi að það sé aðeins þar og ekki annars staðar. Guð er, öll jörðin er full af hans dýrð, í hverju barni sjáum við hans mynd, í blænum blíða nemum hans raust. Í menningu, hugsun, viti og visku mannanna er speki hans að verki. Í sérhvert hjarta er lögmál Guðs ritað. Það lögmál á kirkjan að gera sýnilegt í samfélaginu. Hún á að lyfta því fram sem sérhver manneskja á í hjarta sínu, sérhvert mannsbarn sem skapað er í Guðs mynd og er gætt bæði skynsemi og samvisku þó að syndin mengi og spilli hvoru tveggja. Og sérhver manneskja, hvort sem hún tilheyrir kirkjunni eða ekki, megnar að hugfesta og iðka það sem postulinn segir: „Allt sem er satt, allt sem er göfugt, rétt og hreint, allt sem er elskuvert og gott

afspurnar, hvað sem er dygð og hvað sem er lofsvert, hugfestið það.“ (Fil.4.8) Kirkjan stendur fyrir þeirri iðkun og athöfn þar sem Guði er boðið inn, inn í okkar líf og heim, og venja augu okkar, hlustir og hjörtu við að sjá, heyra og skynja návist hans.

Rödd kirkjunnar er því einatt rödd innan frá í siðgæðislegum efnum, og á sér samhljóm í hverju hjarta Guðs barna, hvort sem þau telja sig trúuð eða ekki, innan eða utan vébanda þjóðkirkjunnar. Af þessum sökum væri okkur hollt að vera einatt í vafa er við fellum dóma í siðferðislegum og pólitískum, já og trúarlegum efnum og muna að við erum ekki fullnuma, við erum lærisveinar. Hásæti hinna andlegu eða siðferðislegu yfirburða hæfir ekki lærisveinum Hans sem var sakaður um að leiða þjóðina afvega, gera sjálfan sig að Guðs syni og rísa gegn valdi keisarans. Um þá sakfelling Guðs sonar voru ríki og kirkja sammála og þjóðin öll greiddi atkvæði með því að hann yrði líflátinn.

Lúther taldi kirkjuna vera til samviskunnar vegna. Fagnaðarerindið á að frelsa samviskuna svo hún geti verkað í samfélaginu. Í Fræðunum minni, sem og í prédikunum Lúthers haldast einkasiðfræði og samfélagssiðfræðin í hendur. Hann tekur upp málefni samfélagsins, gagnrýnir fjármál, gróðasjónarmið og valdasýki, og hann hefur alþjóðlegt sjónarhorn á samfélag sitt. En það er alltaf út frá forsendum Guðs orðs, hins skapandi, endurleysandi, lífgandi Guðs og föður Drottins Jesú Krists.

Okkar lúterska þjóðkirkja er ekki skoðanasamfélag sem bindur sálir og samvisku, hvort heldur í trúarlegum eða pólitískum efnum, heldur samhengi og er atburður sem verður til enn og aftur í samfundum fólks, einstaklinga og samfélags við orð Guðs og borð. Þar

eru allir jafnir. Það áminnir og dæmir alla jafn, hamlar gegn sjálflægni og sjálfsdýrkun og sjálfsréttlætingu.

Kirkjan er hluti hins samfélagslega veruleika á hverri tíð en stendur ekki utan eða ofan við hann. Þau sem heyra til þjóðkirkjunnar ganga til sinna verka á vettvangi dagsins og hafa áhrif á umhverfi sitt. Það er hin lúterska köllunarhugsun. Kirkjan lifir og er til, virkar og er sýnileg í kristnu fólki þar sem það er í dagsins önnum og hvíld. Hlutverk kirkjunnar er að styðja það í lífsköllun sinni og lyfta fram í orði og athöfn sjónarhorni heilagleika, miskunnsemi og umhyggju í samfélaginu.

Þjóðkirkjan hvílir á þessum lúterska grunni. Hún var mikilvægur þáttur í mótun okkar unga þjóðríkis og hefur lagt þar til mikil gæði. Og á enn miklu að miðla sem samfélagsafl sem skapar félagsauð og miðlar ómetanlegum verðmætum í menningu og samfélagi.

Eftir sex ár verður þess minnst að 500 ár eru liðin frá því að siðbót Lúthers hófst. Af rótum siðbótarinnar spratt margt það sem dýrmætast er við íslenska menningu og samfélagsgerð. Á næstu árum munum við leitast við að lyfta því fram á vettvangi kirkjunnar. Minnug þess að siðbætt kirkja er ætíð í endurbót.

## Áfram veginn

Kæru prestar, djáknar, leiðtogar, samstúdentar, samferðarfólk, lærisveinar sem nemum staðar á krossgötum.

Það var á krossgötum sem félagarnir spurðu Jesú: „Hvar býrðu?“ Jóhannes segir frá þessu í guðspjalli sínu. Jesús svaraði: „Komið, þá sjáið þið það!“ Þeir fylgdu honum, urðu lærisveinar í samfylgd með honum. Kirkjan er samfélag lærisveina hans og þar erum

við namar, stúdentar, lærisveinar, jafnt vitringurinn sem óvitinn, jafnt hinn sterki sem hinn veiki, jafnt trúmaðurinn og andans jöfurinn, sem hinn efaþjarni og leitandi lærisveinn. Og þegar hinn efaþjarni og fordómafulli spurði hvort eitthvað gott geti komið út úr því, svarar lærisveinninn: „Kom þú og sjá!“ (Jóh. 1.35-51)

Kirkjan er sjaldnast eins og við viljum hafa hana, vonbrigðin eru einatt á næsta leiti hjá okkur sem hana elskum og þráum að sjá hana blómstra og vaxa. Hún er ekki hugarsýn í hæðum fullkomleikans. Hún er eftirfylgd, samfélag við hann sem varð hold, sýnilegur á okkar jörð, í mannlegri sögu. Með rykuga fætur og sigggrónar hendur leggur hann leið sína um vegi okkar og krossgötur og kallar til fylgdar: „Fylg þú mér!“ „Lærið af mér!“ „Trúið á mig!“ Kirkjan er lærisveinarnir sem með hik sitt og efa og hálfvolga skoðun hlýða og fylgja. Hún er ekki það sem við gerum fyrir Guð og í nafni Guðs til að halda fram málefnum hans. Hún er þrátt fyrir það allt. Guð veit hvað hann er að gera með því að gefa okkur einmitt þessa kirkju sem við fæddumst inn í, sem ól okkur við móðurbrjóst sín, sem leiðir okkur fram fyrir auglit hans og að lindum orðs hans og borðs í samfélagi við annað fólk.

Biðjandi, boðandi, þjónandi kirkja byggir iðkun sína og athöfn umfram allt á ljóði, söng og list sem enn varðveitir tilfinninguna fyrir frásögninni, líkingunni, táknunum og heldur fast í vináttu, tryggð og trúfesti elskunnar til Krists og þess lífs og heims sem hann lét líf sitt í sölnurnar fyrir. Það er guðfræði hjartans, guðfræði súrdeigs og salts, guðfræði vegferðarinnar með Kristi, sem er „vegur alls lífs í víni og brauði“ eins og Hannes Pétursson, skáld, orðar það.

Á þessu herrans ári 2011 þegar

minnst er 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, forseta, er ekki úr vegi að minnst orða hans um hina andlegu stétt:

„Því getur enginn maður neitað, að Íslendingar eiga andlegu stéttinni mikið að þakka, þessi stétt hefir að öllu leyti liðið blítt og strítt með alþýðu, og hvað sem að ber, þá er hún innan handar með hjálp og ráð eftir megni. Af prestinum læra flestir það gott, sem þeir nema, til hans sækja þeir ráð í andlegum og veraldlegum efnum, hann er oft bjargvættur nauðstaddra, lækur veikra, talsmaður fátækra og þeirra, sem órétt líða, og því verður ekki neitað, að andlega stéttin er þjóðlegasta stéttin á Íslandi. Eða mundi það ekki vera að miklu leyti prestunum að þakka, að alþýða á Íslandi hefur jafnan fengið orð fyrir, og með réttu, að hún sé að jafnaði betur uppfærdd en alþýða í öðrum löndum.“

Þetta er merkur sögulegur vitnisburður og eftirmæli um presta þessa lands í aldanna rás. Hver verður vitnisburður komandi kynslóða um okkar starf og það sem við skilum af okkur til þeirra? Því getum við ekki svarað, og við eigum ekki að reyna að mæla með sjálfum okkur, það fer ekki vel. En Drottinn er auðgugur af miskunn og í hans hendi er ávöxturinn.

Í átökum og erfiðleikum í lífi og starfi hefur eitt heilræði frá námsár-unum hér í Háskólanum einatt leitað á mig, uppörvað og hresst. Það eru orð prófessors Jóhanns Hannessonar: „Stúdentar, munið það að hlutirnir hafa tilhneigingu til að fara heldur vel.“ Viskuorð spekingisins og kristniboðans, rófrest í trú á forsjón og handleiðslu Guðs. Í þeirri trú og von göngum við veginn fram.

Prestastefna Íslands 2011 er sett. Friður Guðs sé með oss öllum.

# Prestastefna Íslands 2011

## Ávarp innanríkisráðherra Ögmundar Jónassonar



Ögmundur  
Jónasson

Ég færi Prestastefnu kveðjur ráðuneytis kirkjumála og óskir um velfarnað í starfi og fagna því að hún skuli vera sett hér í hátíðarsal Háskóla Íslands sem á aldarafmæli á árinu. Ég vil jafnframt í upphafi máls míns þakka kirkjunni fyrir allt það góða sem hún hefur látið af sér leiða í tímans rás.

Ég segi að ég þakki kirkjunni og er ég þá vissulega að þakka henni sem stofnun en þó fyrst og fremst að vísa í hana sem samfélag, hreyfingu og vekjandi afl, bæði andlegt og félagslegt.

Samkvæmt mínum skilningi á eðli og inntaki kristinnar trúar er boðskapur hennar róttækari en nokkur pólitík: Hann felur í sér afdráttarlausu kröfu um grundvallar uppstokkun og stöðuga endurskoðun á því verðmætamati sem almennt viðgengst í mannlegu samfélagi varðandi auð, stöðu og virðingu.

Þegar íslenskt þjóðfélag stendur á krossgötum er við hæfi að Prestastefna sé kölluð saman undir þessum formerkjum, Kirkjan á krossgötum, til að ræða stefnur og strauma innan Kirkjunnar og utan.

Hin frjóa umræða sem farið hefur fram á undanförunum mánuðum og misserum ekki síst af hálfu kirkjunnar manna um stöðu kristinnar trúar í íslensku samfélagi og stöðu kirkjunnar sem þjóðkirkju er um margt mjög eftirtektafarið. Þannig minnti séra Gunnar Kristjánsson á Reynivöllum í Kjós, okkur á það í blaðagrein í september síðastliðnum, að helstu mótendur íslenskrar trúarhefðar, þeir séra Hallgrímur og meistari Vídalín hefðu farið

sparlega með hugtakið „kirkja“ í ræðu og riti. Það hugtak hafi ekki komið fyrir í Passíusálmunum og í Postillunni hafi Vídalín verið tamara að tala um „kristna menn“ og „kristindóminn“ eða til hátíðabrigða um „... Guðs kirkju í mannanna hjörtum.“

„Þeir voru nær,“ segir séra Gunnar, „hinum lúthersku rötum trúarmenn- ingar þjóðarinnar sem forðaðist stofn- anavæðingu trúarinnar og einnig miðstýringu trúarsamfélagsins. Þetta er umhugsunarvert“, bætir hann við, „á tímum þegar íslenska þjóðkirkjan siglir úfinn sjó; og orðræðan beinist að kirkjunni sem stofnun.“

Kynni mín af kirkjunni eftir að ég komst á fullorðinsaldur voru ánægju- leg og einmitt á þá lund að kirkjunni tókst að hefja sig yfir sjálfa sig sem stofnun ef þannig má að orði komast. Þetta var meðal annars að tilhlutan Hjalparstofnunar kirkjunnar þegar Guð- mundur Einarsson og séra Gunnlaugur Stefánsson, nú prestur á Heydölum, stóðu þar í stafni.

Sem sjónvarpsfréttamaður ferðaðist með fulltrúum hjálparstarfsins til Pól- lands og til Epíopíu í Afríku og kynntist þar því mikla og óeigingjarna starfi sem fulltrúar íslensku kirkjunnar, séra Bernharður Guðmundsson og fleiri góðir menn, höfðu unnið og svo einnig til Norður-Pakistans, upp undir landamærin að Afganistan. Þar er iðkuð íslamstrú, sem kunnugt er, og í sínu strangasta formi, en þó einnig önnur afbrigði Íslams og öllu frjálslýndari. Hinir íslensku starfsmenn Hjalparstofnunar

kirkjunnar spurðu aldrei um trú manna eða þegar þeir réttu þurfandi fólki hjálparhönd.

Stoltastur hef ég verið af íslensku þjóðkirkjunni þegar henni hefur tekist að hefja sig yfir sjálfa sig með þessum hætti og nefni ég þar samstarf sem hún hefur átt við aðrar trúarhreyfingar innan lands og utan. Minnst ég þess þegar biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson og trúarleiðtoginn frá Tíbet, Dalai Lama, efndu til sameiginlegrar trúar- og hugleiðslusamkomu í Hallgrímskirkju árið 2009.

Margt eiga kirkjan og stjórn málin sameiginlegt. Að því leyti skarast kirkjan og stjórn málin að hlutverk kirkjunnar hefur ávallt verið að standa hina spámannlegu vakt – hina veraldlegu réttlættisvakt – í samfélaginu; með því að halda að okkur hinum siðrænu gildum eins og Jón Aðalsteinn Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum, minnti okkur á í Dómkirkjunni á mjög eftirminnilegan hátt. Hvað umgjörð áhrærir kann einnig að vera sumt sem skylt með kirkjunni og stjórn máluum.

Þannig er ég sannfærður um að íslenskt stjórn málalíf stendur á krossgötum ekkert síður en kirkjan telur sig gera. Á vettvangi stjórn málaanna þykir mér margt benda til þess að stofnanakerfið – það er að segja stjórn málaflokkarnir – muni meira og minna riðlast á nýrri lýðræðisöld. Fólki kann áfram að vilja skipa sér í fylkingar og flokka og eflaust að einhverju marki heyrast stofnunum til, en sú samstaða sem fólki kemur til með að vilja sjá, mun snúa að markmiðum og að boðskap en ekki stofnunum. Það verður með öðrum orðum ekki spurt um stuðning við flokk heldur við stefnu og við hugsjón.

Fólki mun spyrja fyrir hvað stendurðu, hver eru þín markmið og boðskapur,

en ekki í hvaða stjórn málaflokki ertu, hvaða stofnun heyrir þú til? Þetta verður Siðbótarkrafan í íslensku stjórn málalífi á nýrri öld og í samfélaginu almennt og mun án efa taka til kirkjunnar sem stofnunar einnig.

En kirkjan hefur alla burði til að standa hér vel að vígi ef hún er köllun sinni trú. Til kirkjunnar eru gerðar miklar kröfur og án efa þykir mörgum kirkjunnar mönnum þær stundum vera ósanngjarnar. Á því er þó sú jákvæða hlið að kröfur á hendur einstaklingum og stofnunum eru oftast en ekki í réttu hlutfalli við þær væntingar sem fólki hefur til þeirra og þar með þeirrar virðingar sem þær njóta.

Þegar allt kemur til alls er gerð til kirkjunnar krafa um hið ómögulega: Hún á að vera hafin yfir gagnrýni, jafnframt því sem reist er sú krafa á hendur henni að hún sé siðvæðandi og ögrandi afl; að hún vekji okkur til vitundar um mennsku okkar. Hér er komin sú mótsögn sem kirkjan sem stofnun þarf að glíma við. Annars vegar á hún að vera ímynd stöðgleika, óbifanleg, áreiðanleg og óumdeilanleg, en á hinn bóginn er gerð sú krafa að hún hreyfi við okkur, vekji okkur til lífsins með afgerandi hætti. Í þessum skilningi yrði afstöðuleysi og íhaldssemi kirkjunnar storkandi í neikvæðum skilningi. Kristur fórnaði öllu til að vekja manninn til vitundar um mennsku sína. Hann óttaðist ekki höfnun en var hafnað, var negldur á kross frammi fyrir spillingu samfélagsins. Hið veraldlega vald bauð honum sættir en hann vildi ekki gera sátt við spillingu heimsins.

Boðendum kristinnar trúar er vandi á höndum. Þeir þurfa að þræða hinn gullna veg. Ekki á milli staðfestu og ögrunar. Heldur þurfa þeir að vera staðfastir og ögrandi í senn.

Sem slíkir eiga þeir erindi við okkar samtíð. Kannski meira einmitt nú en í langan tíma.

Sem stofnun hefur kirkjan þurft að sæta miklum niðurskurði eins og aðrar stofnanir í samfélagi okkar. Því miður sér enn ekki fram úr þeim þrengingum sem við er að stríða. Án þess að ég vilji gefa nokkur fyrirheit um framhaldið – reyndar er boðaður niðurskurður á komandi ári – þá vil ég engu að síður bjóða kirkjunni að tilnefna tvo fulltrúa í starfshóp með fulltrúum innanríkisráðuneytisins sem meti hvaða áhrif niðurskurðurinn hefur haft á starfsemi kirkjunnar og hverjar yrðu afleiðingarnar ef haldið yrði áfram á þessari braut. Þar með er ég að bregðast við ákalli biskups sem lýst hefur þungum áhyggjum yfir stöðu mála í formlegu erindi til mín sem ráðherra kirkjumála.

Ég er meðvitaður um ábyrgð mína sem aðili að framkvæmda- og fjárveitingarvaldi. Mitt hlutverk er meðal annars að halda til haga hagsmunum skattgreiðenda og ríkissjóðs en við sem höfum þetta verkefni með höndum þurfum jafnframt að vera meðvituð um afleiðingar gerða okkar.

Ég nefni sem dæmi um afleiðingar

niðurskurðarins að starf vímuvarnarprests hefur verið lagt niður þótt sá sem því starfi gegndi hafi rækt hlutverk sitt án endurgjalds að nokkru leyti. Ég vil taka það fram að þetta hef ég ekki frá viðkomandi einstaklingi sjálfum heldur frá þeim sem fylgdust með voðaatburði helgarinnar þegar ung efnileg stúlka lét lífið af völdum eiturlyfja og hlú þurfti að ýmsum vinum og vinkonum hennar.

Spurt er um aðskilnað ríkis og kirkju. Mitt svar er á þá lund að sá aðskilnaður hafi að uppistöðu til þegar farið fram. Kirkjulögin frá 1997 gerbreyttu samskiptum ríkis og kirkju í grundvallaratriðum. Vald sem áður hafði legið í Stjórnarráði Íslands liggur nú hjá kirkjunni sjálfri, sem stofnunar og sem lýðræðislegar hreyfingar. Sögulega séð hefur Prestastefna verið rödd kirkjunnar inná við og útávið, um brýn mál innan kirkju og samfélags. Ásamt kirkjupingi, hinum lýðræðislega vettvangi þjóðkirkjunnar, hefur hún því hlutverki að gegna og til hennar er horft hverju sinni í samræmi við þetta mikilvæga hlutverk.

Ég ítreka óskir mínar til prestastefnu um árangursrík störf í þágu þjóðar og kirkju.



# Synodusárið 2010-2011

## Nývígðir prestar

Cand. theol. Bryndís Valbjarnardóttir var vígð 16. maí 2010 til prestsþjónustu í Fríkirkjusöfnuðinum í Reykjavík. Bryndís er fædd 3. janúar 1957.

Cand. theol. Kristinn Ólason var vígður 24. október 2010 til prests í Skálholti. Kristinn er fæddur 2. maí 1965. Eiginkona hans er Harpa Hallgrímsdóttir.

## Skipanir í embætti

Séra Hildur Eir Bolladóttir var skipuð prestur í Akureyrarprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní 2010.

Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir var skipuð prestur í Glerárprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní 2010.

## Prófastar

Séra Þorbjörn Hlynur Árnason, sóknarprestur í Borgarprestakalli, var skipaður prófastur í Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. janúar 2011.

Séra Jón Ármann Gíslason, sóknarprestur í Skinnastaðarprestakalli, var skipaður prófastur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. janúar 2011.

## Lausn frá embætti

Séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Akureyrarprestakalli, Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 15. október 2010.

Séra Vigfús Ingvar Ingvarsson, fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Vallanesprestakalli, Múlaprófastsdæmi frá 1. janúar 2011. Séra Vigfús Ingvar er fæddur 18. janúar 1950 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1976.

Séra Halldór Gunnarsson fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Holtsprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. febrúar 2011. Séra Halldór er fæddur 14. janúar 1941 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1967.

Séra Einar Guðni Jónsson fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Kálfafellsstaðarprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. maí 2011. Séra Einar Guðni er fæddur 13. apríl 1941 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1969.

Séra Bára Friðriksdóttir fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Tjarnaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 18. apríl 2011.

Séra Sjöfn Þór Mueller fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Reykhóla- prestakalli, Vestfjarðarprófastsdæmi frá 4. maí 2011.

## Niðurlög embætti

Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi lagt niður frá 1. desember 2010. Prófastur var séra Gunnar Eiríkur Hauksson.

Eyjafjarðarprófastsdæmi lagt niður frá 1. desember 2010. Prófastur var séra Hannes Örn Blandon.

Embætti héraðsprests II í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra lagt niður frá 1. janúar 2011. Prestur var séra Hans Markús Hafsteinsson.

Embætti vímuvarnarprests lagt niður frá 1. janúar 2011. Prestur var séra Karl V. Matthíasson.


## Andlát

### Prestar

Séra Erik Sigmar, fyrrverandi prestur í Messiah Lutheran Church í Auburn í Washingtonríki, lést 15. maí 2010. Hann var fæddur 12. júní 1922, lauk guðfræðiþrófi frá Lutheran Seminary í Philadelphia og vígðist árið 1947 til prestsþjónustu í hinu evangelisk-lúterska kirkjufélagi Íslendinga í Vesturheimi. Eftirlifandi eiginkona hans er Svava Sigmar.

Séra Bragi Reynir Friðriksson, fyrrverandi sóknarprestur í Garðaprestakalli og prófastur í Kjalarnessprófastsdæmi, lést 27. maí 2010. Hann var fæddur 15. mars 1927, varð stúdent frá M.A. 1949 og lauk embættisþrófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1953. Eftirlifandi eiginkona hans er Katrín Eyjólfsdóttir.

Herra Pétur Sigurgeirsson, biskup lést 4. júní 2010. Hann var fæddur 2. júní 1919, varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1940 og lauk embættisþrófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1944. Séra Pétur var skipaður sóknarprestur í Akureyrarprestakalli 1948 og vígður í




febrúar sama ár. Skipaður vígslubiskup í Hólastifti hinu forna 1969.

Séra Pétur var vígður biskup Íslands 1981. Hann þjónaði sem biskup Íslands til ársins 1989. Eftirlifandi eiginkona hans er Sólveig Ásgeirsdóttir.

Séra Ágúst M. Sigurðsson, fyrrverandi sóknarprestur í Prestsbakkaprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi, lést 22. ágúst 2010. Hann var fæddur 15. mars 1938, varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 7. júní 1959 og lauk embættisþrófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1965. Eftirlifandi eiginkona hans er Guðrún Lára Ásgeirsdóttir.

Séra Magnús Guðjónsson, fyrrverandi biskupsritari og sóknarprestur í Eyrarbakka prestakalli, Suðurprófastsdæmi, lést 2. október 2010. Hann var fæddur 26. júní 1926, varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1947 og lauk embættisþrófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1951. Hann var

ritari kirkjupings á sama tíma og ritari kirkjuráðs 1977 til 1990. Eiginkona séra Magnúsar, Anna Sigurkarlsdóttir, lést 26. apríl 2010.



Séra Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup í Skálholti, lést 25. nóvember 2010. Sigurður var fæddur 30. maí 1944, varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1965 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1971. Séra Sigurður var sóknarprestur á Selfossi frá 1971 til 1994. Skipaður vígslubiskup í Skálholtsstifti 1994. Eftirlifandi eiginkona hans er Arndís Jónsdóttir.

Séra Lárus Halldórsson, fyrrverandi sóknarprestur í Breiðholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, lést 5. febrúar 2011. Hann var fæddur 10. október 1920. Varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1945. Eiginkona hans Þórdís Nanna Nikulásdóttir lést 2006.

Séra Ingimar Ingimarsson, fyrrverandi sóknarprestur í Þórshafnarprestakalli og prófastur í Múlaprófastsdæmi, lést 28. febrúar 2011. Hann var fæddur 24. ágúst 1929. Varð stúdent Menntaskólanum á Akureyri 1949 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 1953. Eiginkona hans Sigríður Kristjana Sigurgísladóttir lést 1997.

Séra Jón Bjarman, fyrrverandi sjúkrahúsprestur Þjóðkirkjunnar, lést 17. mars 2011. Hann var fæddur 13. janúar 1933. Varð stúdent Menntaskólanum á Akureyri 1954 og lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1958. Eftirlifandi eiginkona hans er Jóhanna Katrín Pálsdóttir.

### **Prestsmakar**

Frú Anna Sigurkarlsdóttir, eiginkona séra Magnúsar Guðjónssonar, fyrrverandi biskupsritara og sóknarprests í Eyrabakkaprestakalli, Árnesprófastsdæmi, lést 26. apríl 2010.

Frú Emma Hansen, ekkja séra Björnssonar, prófasts á Hólum í Hjaltadal, lést 2. júlí 2010.

Frú Vivan Svavarsson, ekkja séra Garðars Svavarssonar, fyrrverandi sóknarprests í Laugarnesprestakalli, lést 21. janúar 2011.

Frú Kristbjörg Ethel Hannesdóttir Sigmar, lést 16. febrúar 2011. Eftirlifandi eiginmaður hennar er séra Harald Sigmar, fyrrverandi prestur í Vesturheimi.

# Aukakirkjuþing 2010

## Setningarræða forseta kirkjuþings, Péturs Kr. Hafstein



Pétur Kr. Hafstein

Samkvæmt heimild í 2. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 lýsi ég því yfir að aukakirkjuþing 2010, 43. kirkjuþing, er sett.

Virðulegi þingheimur.

Verið öll hjartanlega velkomin til þessa aukakirkjuþings á hallandi sumri. Megi drenglyndi og réttýni, friður og sanngirni einkenna störf okkar öll á þessu þingi og á því fjögurra ára kjörtímabili kirkjuþings, sem nú fer í hönd. Megi Drottinn lýsa og leiða og stýra öllum verkum kirkjuþings í heila höfn í trúfesti og kærleika. „Allt sé hjá yður í kærleika gjört,“ sagði Páll í fyrra bréfi sínu til Korintumanna. Látum þá leiðsögn verða okkur veganesti í trúnaðarstörfum á kirkjuþingi.

Við minnumst á þessum morgni kirkjuleiðtogans herra Péturs Sigurgeirssonar biskups, sem lést í hárrí elli 4. júní síðastliðinn. Hans hefur að verðleikum verið minnst af mikilli virðingu og þökk og svo skal enn gert á þessu fyrsta kirkjuþingi eftir fráfall hans. Pétur biskup sat á kirkjuþingi í 17 ár og í kirkjuráði tveimur árum betur. Þegar hann gegndi embætti biskups Íslands 1981-1989 var hann bæði forseti kirkjuráðs og forseti kirkjuþings eins og þá tíðkaðist. Hann skynjaði hins vegar nauðsyn þess að efla leikmenn til starfa í þjóðkirkjunni og stofnaði til fyrstu leikmannastefnu kirkjunnar árið 1987. Ég dreg ekki í efa að sú þróun, sem síðar hefur orðið í þá átt að kalla leikmenn til raunverulegra áhrifa í

kirkjunni að lúterskum hætti, hafi verið honum að skapi. Í minningarorðum sínum í dagblöðum á útfarardegi Péturs biskups gerði vígslubiskupinn á Hólum að sínum þau eftirminnilegu ummæli Jóns Ögmundarsonar Hólabiskups um fóstura sinn, Ísleif Gissurarson biskup í Skálholti: „Þá kemur mér hann í hug, er ég heyri góðs manns getið; hann reyndi ég svo að öllum hlutum.“ Undir þetta hygg ég að allir geti tekið er kynntust mannkostum Péturs biskups og þeirri heiðríkju, sem fylgdi honum og frú Sólveigu Ásgeirsdóttur, eiginkonu hans. Ég vil biðja þingheim að votta minningu hins fallna biskups virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Kjör til kirkjuþings fór fram dagana 1. til 15. maí síðastliðinn. Samkvæmt 1. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings kemur reglulegt kirkjuþing ekki saman fyrr en á haustmánuðum, í reynd fimm til sex mánuðum eftir kirkjuþingskjör. Áður en til þess getur komið þurfa öll þingmál að vera fullbúin, bæði mál frá kirkjuráði og einstökum kirkjuþingsmönnum. Samkvæmt 13. og 14. gr. þingskapa skulu málin áður hafa hlotið umfjöllun á þingmálafundum í héraði og jafnframt verið til kynningar á vef kirkjunnar. Eðlilegt er að ætla þessu ferli allt að tvo mánuði áður en reglulegt kirkjuþing kemur saman laugardaginn 13. nóvember næstkomandi.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. þingskapa hefur forseti kirkjuþings heimild til að boða til aukakirkjuþings þegar brýna nauðsyn ber til með eigi skemmri

fyrirvara en eins mánaðar. Slíkt aukaping verður kvatt saman þótt reglulegt kirkjuping hafi ekki áður verið háð á árinu eða að afloknum kosningum enda geta brýnar ástæður hvenær sem er skapast til að kveðja saman aukaping, jafnt á kosningarári sem öðrum árum. Tildrög þessa aukakirkjupings eru þau að séra Gunnlaugur Stefánsson í Heydölum beindi því til mín hinn 9. júní síðastliðinn að kirkjuping yrði kvatt saman til að ræða þá stöðu, sem nú er uppi í fjármálum þjóðkirkjunnar, þegar óvenjulegar aðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar kalla á aðhald og niðurskurð hvarvetna um samfélagið, ekki síður hjá þjóðkirkjunni en öðrum. Eðlilegt væri að nýkjörið kirkjuping hefði aðkomu að stefnumörkun þjóðkirkjunnar í þessum málum en stæði ekki aðeins frammi fyrir gerðum samningi milli þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins á kirkjupinginu í nóvember.

Eftir stutta umhugsun og samráð við þá, sem helst koma að kirkjustjórninni, féllst ég á þessi sjónarmið 11. júní, féllst á að bryna nauðsyn bæri til þess að nýkjörið kirkjuping, sem enn hefur ekki kosið sér framkvæmdaráð, nýtt kirkjuráð, kæmi saman nú í sumar til að ræða og horfast í augu við þann vanda, sem við blasir, og veita fráfarandi kirkjuráði veganesti í samskiptum við ríkisvaldið um fjármál þjóðkirkjunnar. Með því móti taldi ég hugmyndum um lýðræði innan þjóðkirkjunnar, vandaðri vinnubrögð, aukði samráð, valdreifingu og ábyrgð best þjónað.

Á haustdögum 2008 reið holskefla efnahagshamfara yfir íslenskt samfélag og átti hún sér raunar systur víða um lönd. Ekki varð undan því vikist að skera niður útgjöld hér á landi með óvægnum hætti á árinu 2009. Þjóðkirkjan fór ekki varhluta af því og lýsti sig reiðubúna

til að axla að sínu leyti þær byrðar, sem almannaheill krefðist. Um leið jukust umsvif kirkjunnar verulega við hvers kyns hjálparstarf, samræðu og sálgæslu, bænir og helgihald og beinan stuðning í rúmhelgri önn hversdagsins þar sem ótti og reiði og vonleysi höfðu gripið um sig og nauðþurftir víða á þrotum. Kirkjuping 2009 staðfesti í nóvember viðaukasamning um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sem geirnegldur hafði verið í 60. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Með þessum tímabundna viðaukasamningi vegna ársins 2010 og samsvarandi breytingu á þjóðkirkjulögum voru framlög ríkisins til þjóðkirkjunnar lækkuð um 160 milljónir króna og framlag til kristnisjóðs um 9 milljónir króna. Nú hefur komið fram af hálfu ríkisvaldsins sú krafa að fjárframlög til þjóðkirkjunnar verði enn skorin niður um 9% á árinu 2011 auk þess sem sóknargjöld lækki áfram umtalsvert. Það er verkefni aukakirkjupings í dag að bregðast við þessum kröfum og sjónarmiðum ríkisins af einurð og þó sanngirni, af réttisyni og ekki síður raunsæi.

Um leið og við göngum til þessa verkefnis skulum við gera okkur skýra grein fyrir því og láta það vera öllum ljóst á hvaða réttargrunni þjóðkirkjan og fjármál hennar standa. Í stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 1874 sagði í fyrsta skipti í lögum að hin evangelíska lúterska kirkja skyldi vera þjóðkirkja á Íslandi. Rómversk-kaþólska kirkjan hafði verið landskirkja hér til siðaskipta á 16. öld en þá kom lúterska kirkjan í hennar stað. Orðið þjóðkirkja

Atkvæðagreiðsla á  
aukakirkjuþingi



var ekki haft um kaþólsku eða lútersku kirkjuna fyrr en 1874 enda var ekki þörf á því heiti til aðgreiningar frá öðrum trúfélögum þar sem þessi trúfélög ein máttu þá vera hér á landi. Stjórnarskráin 1874 löghelgar hugtakið þjóðkirkja um leið og hún mælir fyrir um almennt trúfrelsi, sem ekki þekktist áður. Landsmenn fengu nú rétt til að stofna félög til að þjóna Guði eftir sannfæringu hvers og eins en ríkisvaldið átti hins vegar að styðja og vernda þjóðkirkjuna. Þessi skipan stendur enn eins og skýrlega kemur fram í 62. gr. núgildandi stjórnarskrár þótt straumhvörf hafi orðið í innri málefnum þjóðkirkjunnar í átt til aukins sjálfraðis og sjálfstjórnar, einkum á síðustu árum 15 árum eða svo. Sú þróun og stjórnarskrárákvæðið

sjálft undirstrika það rækilega að þjóðkirkjan er ekki ríkiskirkja heldur sjálfstæð stofnun, sjálfstæður réttaraðili sem ber réttindi og skyldur að lögum. Öðrum aðila, íslenska ríkinu, er falið að styðja og vernda kirkjuna eða með öðrum orðum gera henni kleift að gegna stjórnarskrárbundnu hlutverki sínu sem þjóðkirkja á Íslandi. Það hefur ríkisvaldið einkum gert í seinni tíð með rammalöggjöf um þjóðkirkjuna, sem kirkjan með kirkjuþingi í broddi fylkingar hefur svo unnið úr og mótað kirkjulegt starf og sjálfstæði á þeim grunni, sem þar er lagður.

Þjóðkirkjan á Íslandi er sprottin úr sögulegum jarðvegi langt aftur í aldir fyrir samspil trúar og menningar. Af sjálfu leiðir að til kirkjunnar söfnuðust

á þessu aldaskeiði veraldlegar eignir í ríku mæli. Um kirkjueignir og aðkomu ríkisvaldsins að þeim vegna sögulegra og lögskipaðra tengsla ríkis og kirkju og stuðning ríkisins við þjóðkirkjuna vegna stjórnarskrárákvæðisins hefur mikið verið ritað og rætt og deilt árum og áratugum saman. Óhætt er að segja að með nýlegum samningum þjóðkirkjunnar og ríkisins hafi þessi deilumál verið leidd til bærilægra lykta og þeir hafi markað eignarréttarstöðu kirkjunnar og tilkall hennar til launagreiðslna úr ríkissjóði í framtíðinni. Fyrst var kirkjujarðasamkomulagið gert 10. janúar 1997 og laut það að afhendingu kirkjujarða og meðfylgjandi kirkjueigna til ríkisins, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir. Á móti þessum gífurlegu verðmætum frá þjóðkirkjunni skuldbatt ríkið sig til að greiða tilteknum fjölda starfsmanna kirkjunnar laun um ókomna tíð, prestum, próföstum, biskupum og starfsmönnum biskupsstofu. Skýrlega var tekið fram að þetta samkomulag fæli í sér fullnaðaruppgjör vegna þeirra verðmæta, sem ríkissjóður tók við 90 árum áður eða árið 1907. Í kjölfar þessa samkomulags var svo gerður samningur 1998 um rekstrarkostnað vegna prestsembættu og prófösta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar. Lokahnykkurinn náðist svo 20. október 2006 í samningi um fjárhagsuppgjör milli þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins. Með honum voru prestssetur, þ.e.a.s. prestsetursjarðir og prestsbústaðir, lýst eign þjóðkirkjunnar auk þess sem ríkissjóður hækkaði árlegt framlag sitt til kirkjumálasjóðs. Þessir samningar hafa verið staðfestir af Alþingi með sérstökum ákvæðum í núgildandi þjóðkirkjulögum. Viðauka-

samningurinn um tímabundinn niðurskurð á síðasta ári var einmitt reistur á þessum réttargrundvelli, sem bæði núverandi ríkisstjórn og Alþingi hafa skýrlega viðurkennt með þeirri samningsgerð og samsvarandi breytingu á þjóðkirkjulögnum. Það er þjóðkirkjunni mikils virði að hafa þannig fengið endurnýjaða staðfestingu á því að við fjárhagslegum grundvelli hennar verði ekki hróflað af hálfu ríkisvaldsins nema með gagnkvæmum samningum, sem kirkjuþing og Alþingi verði að fallast á. Það er ekki í anda slíkra gagnkvæmra samninga tveggja jafnsettra samningsaðila að annar þeirra, í þessu tilviki ríkisvaldið, gefi hinum fyrirmæli og hviki í engu frá þeim. Það er rétt að í samningnum á síðasta hausti gerði þjóðkirkjan sitt ítrasta og kom að fullu til móts við tilmæli ríkisins um niðurskurð á árinu 2010. Hitt er svo annað mál að þanþol kirkjunnar er ekki ótakmarkað og hún má ekki láta innviði kærleiks- og velferðarþjónustu breyta, allra síst í því áferði sem nú ríkir í samfélaginu. Þess vegna og vegna forgangsröðunar í þjóðfélaginu um þessar mundir hlýtur að vera svigrúm til samninga um framkomna niðurskurðarkröfu ríkisins og áframhaldandi lækun sóknargjalda.

Ýmsir virðast telja, í gálausu tali um aðskilnað ríkis og kirkju, að verði 62. gr. stjórnarskrárinnar um þjóðkirkjuna og stuðning ríkisvaldsins við hana felld brott muni kirkjan sjálfkrafa hætta að njóta þeirra framlaga úr ríkissjóði, sem samið hefur verið um á grundvelli eignaskila ríkis og kirkju – ríkinu sparist við fullan aðskilnað stórfé, milljarða verðmæti. Þetta er þó hrein bábylja og kemur vitaskuld ekki til greina vegna þess fyrst og fremst að fjárstuðningur ríkisins við þjóðkirkjuna byggist ekki

nema að hluta á sjónarmiðum um sérstöðu kirkjunnar sem þjóðkirkju heldur skýrum rökum um sögulegt eignarréttartilkall hennar til þeirra kirkjujarða og kirkjueigna, sem ríkinu voru endanlega fengnar í hendur með samkomulaginu frá 1997. Hverfi ríkisvaldið frá þessum stuðningi við kirkjuna raknar tilkall hennar til afhentra eigna að sjálfstöðu við. Þessi grundvallarstaðreynd verður að vera öllum skýr og ljós.

Annar þáttur í niðurskurðarkröfu ríkisins lýtur að áframhaldandi lækkun sóknargjalda, sem eru einu föstu tekjur sóknanna í landinu og raunar einnig annarra skráðra trúfélaga en þjóðkirkjunnar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að sóknargjöldin standa að mestu undir margháttaðri starfsemi sókna þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga, svo sem barna- og æskulýðsstarfi, félagsstarfi aldraðra og þjónustu við einmana fólk, fátæka og sjúka auk fræðslu- og menningarstarfs. Þjóðkirkjan og önnur trúfélög hafa löngum litið svo á að sóknargjöldin væru í eðli sínu félagsgjöld, sem ríkið innheimti með sköttum og væru því ekki bein framlög úr ríkissjóði. Sjónarmið ríkisvaldsins hefur vegar um langt árabil verið á þá lund að sóknargjöldin séu ekkert annað en bein framlög úr ríkissjóði, sem verði að sæta niðurskurði og skerðingu eins og önnur útgjöld ríkisins. Þessu hefur þjóðkirkjan jafnan andmælt og gerir

enn. Ég tel að það sé verðugt verkefni kirkjupings og kirkjuráðs að leggja sitt lóð á vogarskálar til að leiðrétta þennan kúrs með þeim rökum ekki síst að trúfélög eru frjáls félög sem ríkið sýnir þann stuðning að ætla ákveðna hlutdeild í skattheimtu sem er grundvöllur á skráningu í þessi félög. Það ætti að vera öllum ljóst hversu brýnt velferðarmál í samfélaginu það er að sóknir þjóðkirkjunnar og önnur trúfélög séu í færum til að styðja og styrkja og hlaupa undir bagga þegar á móti blæs og fjölmargir eiga erfitt uppdráttar, ekki aðeins efnalega, heldur einnig og ekki síður félagslega og tilfinningalega.

Virðulega kirkjuping.

„Allt sé hjá yður í kærleika gjört.“  
Við göngum nú til þess brýna verkefnis þessa aukakirkjupings að móta og styrkja stefnu í þeim fjárhagsvanda, sem þjóðkirkjan og þjóðfélagið allt stendur frammi fyrir. Það verðum við að gera af kærleika, af festu og ábyrgð, af réttlæti og ekki síður raunsæi. Óbilgirnir má ekki taka völdin og byrgja okkur sýn. Við megum ekki aðeins horfa á eigin hag og hagsmuni þjóðkirkjunnar. Samfélagið allt er í sárum og allir verða um stundarsakir að setjast undir árar. Um leið hljótum við að gera þá kröfu til viðsemjanda okkar að hann virði og meti sjónarmið þjóðkirkjunnar og það mikilvæga hlutverk sem hún gegnir í samfélaginu. Spurningin er að mínum dómi ekki hvort heldur hvernig. Þess vegna er ábyrgð okkar í dag mikil.



# Aukakirkjuþing 2010

## Framsaga biskups á aukakirkjuþingi 2010

Kallað er saman nýkjörið kirkjuþing til aukakirkjuþings vegna viðbragða við þeim vanda sem blasir við ef svo fer sem horfir um niðurskurð á fjárlögum vegna þjóðkirkjunnar. Hér er á dagskrá eitt mál: *Viðbrögð kirkjuþings við niðurskurðarkröfu ríkisins fyrir árið 2011.*

Kirkjuþing er beðið um að taka afstöðu til tveggja þingsályktunartilagna:

Hin fyrri er um tiltekin samningsmarkmið gagnvart ríkisvaldinu vegna viðaukasamkomulags sem þarf að gera við kirkjujarðasamkomulagið.

Hin síðari er um að fela kirkjuráði að bregðast við niðurskurðarkröfu ríkisins með tilteknum ráðstöfunum.

### Almennt um fjármál þjóðkirkjunnar

Það verður sífellt að minna á að framlög til þjóðkirkjunnar eru annars vegar endurgjald fyrir eignir sem ríkið hefur yfirtekið samkvæmt lögfestu samkomulagi þar um og hins vegar sóknargjöld sem eru skilgreind sem félagsgjöld til sjálfstæðra kirkjusóknna, sem gegna viðtækri almannapjónustu um land allt.

Til að glöggva sig á fjármálum kirkjunnar er gott að fara yfir það hvernig þau eru sett fram í fjárlögum 2010. Þessir liðir eru:

#### Þjóðkirkjan

*Almennur rekstur:*

– **Biskup Íslands** Á fjárlögum 2010 eru gjöld án sértekna 1.408,8 m.kr. Af þessu er um 95% launakostnaður 139

presta og prófasta, biskupa og 18 starfsmanna biskupsstofu. Laun eru ákvörðuð af kjararáði og í kjarasamningum. Annað er rekstrarkostnaður prestsembættta og prófastsembættta, sem er ákvarðaður af kirkjuþingi með starfsreglum. Rekstrarkostnaður embættta vígslubiskupa er greiddur af kirkjumálasjóði og rekstur biskupsstofu kostaður af kostnaðarhlutdeild sjóða vegna veittrar þjónustu.

Biskupsstofu er einnig gert skv. samkomulagi við ríkið að afla sértekna og eru þær áætlaðar 82,8 m.kr. árið 2010.

– **Stofnkostnaður** að fjárhæð 41,4 m.kr. til nokkurra kirkna og kirkjustaða er á grundvelli sérlaga og sérstakra ákvarðana Alþingis frá ýmsum tímum og til mismunandi langs tíma. Má þar nefna lög um afhendingu Skálholts til þjóðkirkjunnar 1963.

– **Kirkjumálasjóður** að fjárhæð 257,4 m.kr. Fjárhæðin reiknast sem hundraðshluti ofan á sóknargjöld sem ríkið greiðir til þjóðkirkjunnar á grundvelli laga um kirkjumálasjóð vegna sérstakra tilgreindra verkefna og afhendingu eigna þjóðkirkjunnar til ríkisins.

– **Kristnisjóður** kom til 1970 með stofnfé úr kirkjujarðasjóði og prestakallasjóði, en þeir sjóðir voru þá lagðir niður. Kristnisjóður naut síðan launa þeirra 15 prestakalla sem þá voru lögð niður og andvirði seldra kirkjujarða allt til 1997. Fjárhæðin miðast við 15 árslauð í fámennustu prestaköllum. Hún er árið 2010 82,2 m.kr. Kirkjumálasjóður annast



Karl  
Sigurbjörnsson

rekstur kristnisjóðs og rennur fjárhæðin beint til kirkjumálasjóðs.

– **Jöfnunarsjóður sókna** að fjárhæð 333 m.kr. er skv. lögum um sóknargjöld nr. 91/1987, í tengslum við upptöku staðgreiðslu skatta og var stofnaður samhliða lagaákvörðun um innheimtu sóknargjalda og afnámi lagaákvörðunar allt frá 1909 um að sóknir gætu lagt á aukagjald til viðbótar við sóknargjald. Fjárhæðin reiknast sem hundradshluti ofan á sóknargjöld sem ríkið greiðir til þjóðkirkjunnar.

– **Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar** að fjárhæð 1.800 m.kr. Renna beint til sókna þjóðkirkjunnar skv. lögum um sóknargjöld nr. 91/1987. Fjárhæð þeirra er ákveðin í lögnum en tekur breytingum skv. breytingum sem verða á meðaltekjuskattstofni tveggja undanfarinna ára. Ríkið hefur samt sem áður iðulega skert sóknargjöldin með lögum.

– **Kirkjugarðar** eru sjálfseignarstofnanir. Tekjur þeirra eru ákveðnar í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og á samningi milli ríkis og kirkjugarðaráðs. Framlag árið 2010 er 917 m.kr. Árið 2009 var fyrirhugað af hálfu ríkisins að skerða tekjur kristnisjóðs umfram almenna skerðingu um 6 m.kr. Kirkjuráð mótmælti því og var þá framlag til kirkjugarða skert í þess stað án samráðs við kirkjugarðaráð.

## Heildarniðurskurður árin 2009 og 2010

Laun presta, prófesta, vígslubiskupa og biskups Íslands voru lækkuð 1. mars 2009 um 6,3% að meðaltali. Við það lækka framlög til kirkjunnar vegna launa um 75,6 m.kr. á árinu 2009 og um 91 m.kr. árið 2010. Rétt er að benda á að þessi skerðing kemur til viðbótar við hina almennu lækkun sem er á fjárlögum.

Sóknargjald árið 2008 var **872 kr.** á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í Þjóðkirkjunni og hefði átt að hækka um 6,1% í janúar 2009 eða í **925 kr.** á mánuði ef engin skerðing hefði komið til. Sóknargjöldin voru hins vegar með lagasetningu lækkuð í byrjun árs 2009 í **855 kr.** Sóknargjöldin lækkuðu aftur með nýrri lagasetningu 1. júlí 2009 og þá niður í **811 kr.** á mánuði út árið. Sóknargjöld eru því að meðaltali **833 kr.** fyrir árið 2009.

Árið 2010 er sóknargjaldið **767 kr.** á mánuði en skerðingin er um **228 m.kr.** eða 11% ef miðað við fjárlög 2009 en 381,3 m.kr. eða 18% miðað við óskert sóknargjöld árið 2009.

Vegna skerðingar á sóknargjöldum lækka greiðslur frá ríkinu til Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs í sama hlutfalli og sóknargjöld eða um 10% árið 2009 og um 18% árið 2010 miðað við óskert sóknargjöld árið 2009.

Auk lækunar á sóknargjöldum, framlagi til sjóða og skerðingu launa gerði ríkið kröfu um enn meiri sparnað á árinu 2009, 26 m.kr.

Árið 2007 var, að frumkvæði þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, gert samkomulag milli þjóðkirkjunnar, ríkisins og Reykjavíkurborgar um jafna skiptingu kostnaðar á viðgerð við turn Hallgrímskirkju. Gert var ráð fyrir að kostnaðurinn yrði greiddur allt fram til ársins 2012. Síðar kom í ljós að ástand turnsins var mun verra en talið var í byrjun og viðgerðarkostnaður yrði meira en tvöfalt hærri en upphaflega var gert ráð fyrir. Árið 2008 var því gert viðbótarsamkomulag um frekari fjármögnun og að sá samningur gilti til 2018. Sá samningur var handsalaður milli biskups Íslands og þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og borgarstjóra. Í fyrra varð ljóst að ríkið myndi ekki

standa við skuldbindingu sína nema fram til 2012. Reykjavíkurborg hafði sett sem skilyrði jafnhátt framlag og frá ríkinu og féll því jafnframt frá vilýrði um þátttöku borgarinnar eftir árið 2012. Því varð ljóst að Jöfnunarsjóður sókna tæki á sig allar skuldbindingar varðandi viðbótarkostnað á turninum sem er um 150 m.kr.

Gerður var viðaukasamningur við kirkjujarðasamkomulagið við ríkið vegna ársins 2010, sem samþykktur var á kirkjuþingi 2009 og er þar fallist á lækkun á samningsbundnu framlagi ríkisins skv. kirkjujarðasamkomulagi um kr. 160 m.kr. og að auki um 9 m.kr. lækkun á framlagi í kristnisjóð.

Okkur eru þröngar skorður settar til að mæta skerðingu á þessum fjárlagalið þar sem stærstur hluti hans er launakostnaður eða yfir 90%. Laun presta eru ákveðin af kjararáði en önnur laun bundin af kjarasamningum. Ýmis önnur útgjöld eru á grundvelli starfsreglna kirkjupings sem og lögbundin verkefni sem kirkjan hefur tekið við á umliðnum árum s.s. sérhæfð þjónusta við fjölskylduna, tónlistarfræðsla og söngmál og Skálholt.

Lítið svigrúm gafst til hagræðingar á árinu 2009 þar sem um skamman fyrirvara var að ræða. Seldar voru fasteignir (s.s. Bergþórshvoll og Útskálar) að fjárhæð samtals 172 m.kr.

26,2 m.kr. fjárframlag var greitt af ábyrgðadeild Jöfnunarsjóðs til að mæta niðurskurðarkröfu ríkisins árið 2009, sbr. það sem áður segir. Dregið var úr styrkjum Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs. Ýmsar almennar sparnaðaraðgerðir á Biskupsstofu og í starfrækslu prestsþjónustu. Þá voru sóknarnefndir hvattar til að fresta fjárfestingum og viðhaldi fasteigna eins og kostur væri.

Kirkjuráð tók til sérstakrar athugunar tillögur fjárhagsnefndar kirkjupings 2009 um aðgerðir til sparnaðar 2010. Margt af því hefur þegar komið til framkvæmda:

Í kjölfar ákvörðunar kjararáðs á fækkun á einingum presta sem greiddar eru með grunnlaunum mánaðarlega lagðist yfirvinna á Biskupsstofu nánast af og reynt að forðast að biðja um slíkt nema í sérstökum undantekningartilvikum, einnig voru fastar yfirvinnugreiðslur yfirmanna lækkaðar verulega. Sparnaður á Biskupsstofu vegna þessa á árinu 2010 mun verða um 7 m.kr., þar af vegna fastrar yfirvinnu um 1,5 m.kr.

Ekki hefur verið ráðið í störf sem hafa losnað á Biskupsstofu og með því sparast 2.75 stöðugildi.

Rekstrarkostnaður Biskupsstofu var endurskoðaður þ.m.t. tölvu-, risnu- og ferðakostnaður.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður lækki um 3,2 m.kr. á þessu ári eða um 6% miðað við árið 2009.

Þóknarir vegna stjórnar- og nefndastarfa voru lækkaðar um 10%.

Prestsembættum var fækkað. Prestsembætti erlendis voru lögð niður (Gautaborg, Kaupmannahöfn, London), Ingjaldshólsprestakall, prestsstaða í Laugarnesprestakalli í Reykjavík og prestsstaða í Bústaða- og Langholtsprestaköllum. Alls er um að ræða 5,5 stöðugildi sem kosta alls um 50 m.kr. ári, en greidd eru biðlaun vegna Kaupmannahafnar 2010.

Prófastsdæmum var fækkað úr fimmtán í tólf. Rekstrarkostnaður vegna þriggja prófaste sparast sem er um 1,5 m.kr. Greidd eru biðlaun árið 2010, þannig að sparnaður árið 2011 vegna launa verður um 4,6 m.kr.

Rekstrarkostnaður vegna prestsembætta var lækkaður um 10%.

Prestssetrum fækkað. (Hraungerði, Tröð).

Námsleyfismánuðir voru fækkaðir um 20 mánuði og afleysing vegna þeirra leyst með þjónustu héraðspresta þar sem því verður komið við. Sparnaður verður um 10,5 m.kr. á þessu ári.

Dregið var úr viðhaldskostaði fasteigna og nýframkvæmdum eins og kostur var.

Nýjum verkefnum hefur verið frestað eins og kostur er. (Má þar nefna ráðningu forstöðumanns stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar, forstöðumanns Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og ekki veittir styrkir til nýrra verkefna).

Tónskóli þjóðkirkjunnar, Fjölskylduþjónusta kirkjunnar og Skálholtsskóli hafa fækkað stöðugildum og lækkað starfshlutfall.

Vísað er til hálfis árs rekstraryfirlits Biskupsstofu árið 2010 sem sýnir sparnað í rekstri um 12,7 m.kr. eða um 7%. Þar af er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld lækki um 9,5 m.kr. miðað við árið 2009. Rekstraryfirlitið er hér í fylgiskjali.

Til að mæta skerðingunni 2010 gerði kirkjuráð einnig eftirfarandi ráðstafanir hvað varðar sjóðina:

Framlög Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna til prestsþjónustu voru aukin. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið breytti reglugerð um Jöfnunarsjóð í því skyni að það yrði heimilt.

Varasjóður ábyrgðadeildar Jöfnunarsjóðs var lækkaður, einnig með reglugerðarbreytingu.

Húsaleigutekjur af prestssetrum hækkuðu skv. nýjum starfsreglum kirkjupings – um 3,6 m.kr.

Framlög sjóðanna til sókna og stofnana kirkjunnar lækkuðu almennt um 10% árið 2010.

Fasteignir hafa verið seldar og skuldir greiddar niður.

## Árið 2011

Boðað hefur verið að fjárlög 2011 vegna þjóðkirkjunnar lækki um 9% miðað við fjárlög 2010. Til að svo megi verða hvað varðar fjárlagaliðinn, *06 – 701 – 101 – þjóðkirkjan – almennur rekstur – biskup Íslands*, sem fellur undir kirkjujarðasamkomulagið, þarf ríkið að ganga til samninga við þjóðkirkjuna um nýjan viðaukasamning við kirkjujarðasamkomulagið fyrir árið 2011 og breyta þjóðkirkjulögum þar að lútandi, eins og gert var árið 2009 vegna fjárlaga ársins 2010.

Biskup og fulltrúar kirkjuráðs sátu fund með fjármálaráðherra og dómsmála- og mannréttindaráðherra í júlímánuði sl. Tilfni fundarins var að ræða boðaðan niðurskurð á fjárlögum ríkisins til þjóðkirkjunnar, annars vegar niðurskurð á sóknargjöldum til þjóðkirkjusókna og hins vegar niðurskurð á fjárlögum sem bundin eru samningum milli ríkis og kirkju (kirkjujarðasamkomulagið). Lagt var fram minnisblað sem er fylgiskjal með málinu. Þar eru settar fram óskir kirkjuráðs um að fjárhæð sóknargjalda verði óbreytt árið 2011 og að aðrir liðir skerðist um 5% að hámarki.

Hér á þessu aukakirkjupingi leggur kirkjuráð fram eftirfarandi tillögur vegna niðurskurðarkröfu ríkisins fyrir árið 2011:

### Tillaga I

Aukakirkjuping 2010 ályktar að fela kirkjuráði að ganga til samninga við ríkisvaldið um niðurskurðarkröfu ríkisins fyrir árið 2011 með eftirfarandi samningsmarkmið:

Samningsbundið endurgjald ríkisins til þjóðkirkjunnar samkvæmt samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar 10. janúar 1997 og samningi um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar, dags. 4. september 1998, skerðist ekki meira en um 5% árið 2011 miðað við greiðslur úr ríkissjóði árið 2010.

Samþykki þjóðkirkjunnar á ofangreindri 5% skerðingu verði háð því að fjárhæð sóknargjalda árið 2011 breytist ekki frá árinu 2010 og verði 767 krónur á mánuði á hvern gjaldanda 16 ára og eldri og fjárhæð framlaga ríkissjóðs til kirkjugarða og kirkjugarðasjóðs lækki ekki um meira en 5% frá árinu 2010.

Samkomulag um niðurskurð fjárfamlaga til þjóðkirkjunnar skal gert með fyrirvara um samþykki kirkjupings og alþingis og gildi einungis fyrir árið 2011.

## Tillaga II

Kirkjuping 2010 (aukakirkjuping) samþykkir að fela kirkjuráði að bregðast við niðurskurðarkröfu ríkisins á fjárlagalið biskups Íslands 2011 m.a. með eftirtöldum ráðstöfunum:

1. Til framkvæmda komi áramótin 2010/2011 niðurlagning þeirra þriggja prestsembætta sem kirkjuping hefur nú þegar ákveðið að verði lögð niður.
2. Lögð verði niður sem svarar fjórum stöðugildum prestsembætta.
3. Starfshlutfall starfsmanna Biskupsstofu og stofnana kirkjunnar lækki úr 100% í 90%.
4. Námsleyfi verði 10 mánuðir árið 2011 í stað 36 mánaða árið 2009.
5. Fækkun prófastsdæma úr tólf í níu.

6. Almennur 10% sparnaður í rekstri embættis biskups Íslands.
7. Sala fasteigna.
8. Framlag Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs til prestsþjónustu, rekstrar og stofnkostnaðar.
9. Tímabundin lántaka.

## Greinargerð

Árið 2010 var um 10% niðurskurður á fjárfamlögum ríkisins til þjóðkirkjunnar miðað við fjárlög 2009 eða 471,4 m.kr. að meðtöldum sóknargjöldum. Án þeirra var um að ræða 253,4 m.kr. niðurskurð. Niðurskurði þessum var mætt með fækkun prófastsdæma úr 15 í 12, námsleyfi presta voru stytta um 20 mánuði, rekstrarkostnaður presta og prófasta var lækkaður um 10% og embætti þriggja sérþjónustupresta erlendis voru lögð niður. Dregið var úr greiðslum vegna yfirvinnu starfsfólks Biskupsstofu, ekki var ráðið í störf þeirra sem hættu, þóknarir vegna fundarsetu voru lækkaðar um 10% og almennur rekstrarsparnaður var um 10%. Áhrif breytinga á prófastsdæmum og prestakallaskipan koma að jafnaði ekki fram fyrir en að ári vegna greiðslu biðlauna. Framlög frá Jöfnunarsjóði sókna og kirkjumálasjóði brúðu bilið árið 2010.

Árið 2011 má reikna með að niðurskurður verði svipaður. Nú standa yfir viðræður við ríkið um niðurskurð á fjárlagalið þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð hefur óskað eftir því að sóknargjöld verði ekki skert frá því sem er árið 2010 og að skerðing á öðrum fjárlagaliðum verði ekki meiri en 5%.

Kirkjuráð hefur unnið fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 sem miðast við mismunandi forsendur, þ.e. 5%-7,5% og 9% niðurskurð á fjárlagaliðnum er fylgiskjal með málinu.

Í eftirfarandi umfjöllun eru feit-letraðar þær fjárhæðir sem sýna lækkun útgjalda árið 2011 svo og fjárhæðir vegna sölu eigna, lána og framlaga sjóða.

#### *Um lið 1.*

Kirkjuping 2009 samþykkti sameiningu Mosfells- og Skálholtsprestakalla í Suðurprófastsdæmi, Staðar- og Þingeyrarprestakalla í Vestfjarðaprófastsdæmi og Hríseyjar- og Möðruvalla- prestakalla í Eyjafjarðarprófastsdæmi. Gert var ráð fyrir að sameiningar þessar kæmu til framkvæmda við starfslok þess sóknarprests sem fyrr lætur af störfum.

Lagt til að Mosfellsprestakall í Suðurprófastsdæmi, Staðarprestakall í Vestfjarðarprófastsdæmi og Hríseyjarprestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi verði lögð niður um áramótin 2010/2011. Þetta þýðir lækkun útgjalda að fjárhæð 23,2 m.kr. vegna launa og **3,3 m.kr.** vegna rekstrarkostnaðar. Lækkun rekstrarkostnaðar kemur strax til framkvæmda en lækkun launakostnaðar árið 2012. Til að mæta greiðslu biðlauna er lagt til að tekið verði lán til að mæta þeim kostnaði.

Vísað er til þess sem að ofan greinir að fækkað hefur um 5,5 prestsembætti frá árin 2009 og tvö til viðbótar lögð af á næsta ári (Kálfafellsstaður og Holt í Suðurprófastsdæmi).

#### *Um lið 2.*

Lagt til að lögð verði niður fjögur stöðugildi prestsembættanna. Þetta þýðir lækkun útgjalda að fjárhæð 31 m.kr. vegna launa og **3,5 m.kr.** vegna rekstrarkostnaðar. Lækkun rekstrarkostnaðar kemur strax til framkvæmda en lækkun launakostnaðar árið 2012. Til að mæta greiðslu biðlauna er lagt til að tekið verði lán til að mæta þeim kostnaði.

Í þessu sambandi má geta þess að til umræðu kom að fara sömu leið og lagt er til varðandi starfsfólk biskupsstofu og stofnana, þ.e. að lækka tímabundið starfshlutfall presta í prestaköllum, sérþjónustupresta og héraðspresta. Þessi leið hefði þýtt sparnað á næsta ári sem svarar til þriggja prestsembættanna. Ekki var einhugur um þessa leið og því fallið frá henni.

#### *Um lið 3.*

Lagt er til að starfshlutfall allra starfsmanna Biskupsstofu og stofnana kirkjunnar lækki tímabundið um 10%. Gert er ráð fyrir að samkomulag náist við viðkomandi starfsmenn um þessa tilhögun. Þetta þýðir lækkun launakostnaðar að fjárhæð **12,2 m.kr.** hjá Biskupi Íslands. Ef samkomulag næst ekki við starfsfólkið þarf að grípa til uppsagna eða niðurlagningu starfa. Ef til greiðslu biðlauna kæmi er lagt til að tekið lán til að mæta þeim kostnaði.

#### *Um lið 4.*

Lagt er til að námsleyfi verði 10 mánuðir árið 2011 en miðað er við greiðslur 36 mánaða í fjárhagssamningi ríkis og kirkju frá 1998. Þetta þýðir lækkun útgjalda að fjárhæð **17,1 m.kr.**

#### *Um lið 5.*

Kirkjuping 2009 samþykkti að fela kirkjuráði að kynna tillögur að sameiningum eftirfarandi prófastsdæma:

- Borgarfjarðarprófastsdæmi og Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi. Heiti hins sameinaða prófastsdæmis verði Vesturlandsprófastsdæmi.

- Eyjafjarðarprófastsdæmi og Þingeyjarprófastsdæmi. Heiti hins sameinaða prófastsdæmis verði Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

- Múlaprófastsdæmi og Austfjarða-

prófastsdæmi sameinist. Heiti hins sameinaða prófastsdæmis verði Múla-prófastsdæmi.

Gert var ráð fyrir að breytingar þessar tækju gildi 30. nóvember 2010. Hefðbundið kynningarferli hefur farið fram og mun tillaga að sameiningu ofangreindra prófastsdæma verða lögð fyrir kirkjuþing 2010 og er áætlað að sameiningin verði samþykkt. Þeir prófastar sem láta af embætti munu taka biðlaun og er lagt til að greiðslu þeirra verði mætt með lántöku. Áætluð lækkun launaútgjalda á árinu 2012 er kr. 5,1 m.kr. og vegna rekstrarkostnaðar 1,7 m.kr.

Vegna greiðslu biðlauna lækka útgjöld árið 2011 aðeins um **400 þús. kr.** og rekstrarkostnaður lækkar um **1,5 m.kr.**

*Um lið 6.*

Áformað er að rekstrarkostnaður Biskupsstofu lækki um 10%. Ákveðið hefur verið að draga verulega úr utanlandsferðum, risnu, tækjakaupum, aðkeyptri þjónustu o.fl. Lækkun rekstrarkostnaðar er áætluð: **5,7 m.kr.**

*Um lið 7.*

Eftirtaldar fasteignir gætu verið til sölu ef viðunandi verð fæst, en kirkjuþing þarf að marka stefnu um það með hvaða hætti þær komi til sölu.

Miðað við 5% niðurskurð á fjárlögum þyrfti að selja fasteignir fyrir **100 m.kr.**

Miðað við 7,5% niðurskurð á fjárlögum þyrfti að selja fasteignir fyrir **134 m.kr.**

Miðað við 9% niðurskurð á fjárlögum þyrfti að selja fasteignir fyrir **155 m.kr.** (sjá fskj. 1).

a) prestsseturshúsi í þéttbýli Hveragerði, Suðurprófastsdæmi

Þorlákshöfn, Suðurprófastsdæmi  
Grindavík, Kjalarnessprófastsdæmi  
Útskálar, Kjalarnessprófastsdæmi  
Mosfell í Mosfellsbæ, Kjalarness-prófastsdæmi  
Akranes, Borgarfjarðarprófastsdæmi  
Egilsstaðir, Múla-prófastsdæmi  
Afnema þarf búsetuskyldu presta í þessum prestaköllum ef sala þeirra verður samþykkt.

b) prestssetur í prestaköllum í dreifbýli sem lagt er til að leggist af  
Kálfafellsstaður, Suðurprófastsdæmi  
Holt undir Eyjafjöllum, Suðurprófastsdæmi  
Mosfell í Grímsnesi, Suðurprófastsdæmi  
Hrísey, Eyjafjarðarprófastsdæmi

c) aflögð prestssetur  
Eystri – Ásar, Suðurprófastsdæmi  
Tröð, Suðurprófastsdæmi  
Hraungerði, Suðurprófastsdæmi  
Hvoll í Saurbæ, Snæfellsness- og Dala-prófastsdæmi  
Vatnsfjörður, Vestfjarðarprófastsdæmi  
Árnes I, Vestfjarðarprófastsdæmi  
Prestbakki, Húnavatns- og Skagafjarðar-prófastsdæmi  
Mælifell, Húnavatns- og Skagafjarðar-prófastsdæmi  
Borgarhóll í Skagafirði (hjáleiga Mikla-bæjar), Húnavatns- og Skagafjarðar-prófastsdæmi  
Háls í Fnjóskadal, Þingeyjarprófastsdæmi

d) aðrar fasteignir  
Hjarðarhagi 30, Reykjavík (íbúð)  
Kolfreyjustaður, Austfjarðarprófastsdæmi

*Um lið 8.*

Þrátt fyrir ofangreindar niðurskurðar-tillögur er gert ráð fyrir að Jöfn-

unarsjóður sókna og kirkjumálasjóður leggi fram fjármuni til prestsþjónustu, rekstrar og stofnkostnaðar að fjárhæð **38,2 m.kr.** (sjá fskj. 1).

#### *Um lið 9.*

Þrátt fyrir ofangreindar niðurskurðar-tillögur og framlög sjóðanna verður að gera ráð fyrir því taka verði líka tímabundið lán til að mæta niðurskurði að fjárhæð **38,2 m.kr.** (sjá fskj. 1).

Krafa ríkisins um 9% niðurskurð á fjárlagaliðnum 06 – 701 Þjóðkirkjan þýðir að mæta þarf 230 m.kr. halla á fjárhagsáætlun á árinu 2011, til viðbótar við þann niðurskurð sem gert er ráð fyrir í ofangreindum tillögum. Til að mæta því leggur kirkjuráð til að seldar verði eignir fyrir 150 m.kr. tekið lán að fjárhæð 40 m.kr. og fengin framlög úr sjóðum að fjárhæð 40 m.kr. Þetta eru augljóslega tímabundnar neyðarráðstafanir.

Hafa ber í huga að fækkun embættis skilar sér ekki sem sparnaður í launakostnaði fyrr en að liðnu einu ári frá gildistöku að jafnaði vegna biðlaunaréttar embættismanna. Þess vegna skila þær aðgerðir ekki árangri fyrr en 2012. Hvorki er hægt að gera ráð fyrir að eignasala, lántaka né framlög úr sjóðunum geti borið þann halla sem þá er fyrisjáanlegur, þrátt fyrir þessar aðgerðir. Við verðum því áfram að sýna hagsýni og ábyrgð í rekstri kirkjunnar með minni fjárráðum en jafnframt að leitast við að þjóna þeim markmiðum sem kirkjunni er ætlað.

### **Lokaorð**

Í einni af greinunum 95 sem Lúther negldi á dyr hallarkirkjunnar í Wittenberg að kvöldi 31. október 1517, segir: „Hinn sanni fjársjóður kirkjunnar er hið allra helgasta fagnaðarerindi um

dýrð Guðs og náð.“ Þessi verknaður Lúthers hratt af stað endurbótum á trú og sið í kirkju og samfélagi, siðbótinni, sem sumir vilja kalla siðbreytingu eða siðaskipti, nei sið - bót var það, endurbót í ljósi þessa fjársjóðs, fagnaðarerindisins um dýrð Guðs og náð.

Sá *sanni* fjársjóður sé okkur ætíð í huga og minni, og á hjarta og fyrir sjónum: Hið allra helgasta fagnaðarerindi um dýrð Guðs og náð. Og án þess, og án þess samfélags sem það iðkar, ræktar og ber fram, verður engin siðbót í íslensku samfélagi!

Glymum því ekki að sá vandi sem við er að etja er „bara peningar“ aðeins fjármálegis eðlis, og það er nóg til af peningum. Þeir eru bara ekki alltaf þar sem við vildum hafa þá! Og lausn vandans sem við er að etja á Íslandi er ekki fólgin í efnahagslegum og fjármálegum þáttum einum heldur umfram allt andlegum og siðgæðislegum. Þeir peningar, þau fjármál sem við munum ræða hér og lögð eru kirkjunni til, eru verkfæri þjónustu fagnaðarerindisins, ekkert annað. Og vandi okkar sem gert er að klífa þrítugan hamarinn við endurskipulagningu og uppstokkun starfsins út frá forsendum minni fjárráða er sá hvernig við getum haldið uppi þjónustu við fólkið í landinu, söfnuðina, sem biðjandi, boðandi og þjónandi þjóðkirkja, aflvaki siðbótar í íslensku þjóðlífi. Af því að siðbót verður ekki ofanfrá, með auglýsingaherferðum, ekki einu sinni með nýrri stjórnarskrá, heldur með rækt og uppbyggingu samfélagsins, nærsamfélagsins á heimilum og í samfélagi í önnum og hvíld, leik og starfi, og þar gegnir trúin lykilhlutverki.

Verkefni kirkjupings í dag snertir líka samskipti kirkju og ríkisvalds á Íslandi. Þar gildir það sem vitur maður sagði eitt sinn að ef samband ríkis og kirkju



er slæmt þá sé eitthvað að ríkinu, en sé það áberandi gott þá sé eitthvað að kirkjunni! Við erum held ég flest sammála hér inni að það sé eitthvað að ríkinu, alla vega ríkisbúskapnum. En mér finnst að við berum ríka skyldu til að standa með ríkisvaldinu í að vinna að lausn þeirra aðsteðjandi vandamála sem við er að etja í fjármálum þjóðarinnar. En viljum líka gera þá kröfu til ríkisins að það virði þær grundvallarforsendur sem ráðið hafa samskiptum ríkis og kirkju á Íslandi um langa hríð, og hér sé ekki verið að nota tækifærið til að veikla þjóðkirkjuna og fjárhagslegan

grundvöll hennar, eins og við höfum á tilfinningunni að ýmsir vilji nú gjarna sjá gerast.

Ég legg til að málinu verði vísað til þingnefndar kirkjupings um fjármál, sem fari yfir tillögurnar, forgangsraði, komi með ábendingar og eftir atvikum nýjar tillögur til að mæta þessum niðurskurði. Kirkjuráð þiggur með þökkum holl ráð og góðan atbeina kirkjupings að lausn þessara mála.

Við göngum með gleði til góðra verka í þágu hins sanna fjársjóðs kirkjunnar – hins allra helgasta fagnaðar-erindis um dýrð Guðs og náð.

# Kirkjubing 2010

## Setningarræða forseta kirkjubings, Péturs Kr. Hafstein



Pétur Kr. Hafstein

Kirkjubing 2010 er sett.

Verið öll hjartanlega velkomin hingað í dag, til 44. kirkjubings. Megi störf þessa bings einkennast af heilindum, auðmýkt í garð þess trúnaðar sem okkur er falinn á hendur og einlægum vilja til að styrkja þjóðkirkjuna í þeirri forystu sem henni ber að veita í siðvæðingu samtímans. Við þjóðum nýjan ráðherra kirkjumála, Ögmund Jónasson, velkominn á vettvang til samstarfs við þjóðkirkjuna og þökkum fráfarandi ráðherra, frú Rögnu Árnadóttur, góðan hug í garð kirkjunnar þá skömmu hríð er vegir lágu saman.

### I.

Frá því kirkjubing kom saman í nóvember 2009 hafa nokkrir fyrrum kirkjubingsmenn látist. Herra Péturs Sigurgeirssonar biskups var sérstaklega minnst á aukakirkjubingi 7. ágúst sl. en nú verður annarra minnst:

Séra Sigurður Guðmundsson vígslubiskup Hólastiftis hins forna lést 9. janúar 2010, tæplega nírfæður að aldri. Hann var fæddur á Naustum við Akureyri 16. apríl 1920. Hann var sóknarprestur á Grenjaðarstað í Aðaldal 1944 til 1986 og rak þar jafnan búskap og einnig unglingskóla flest árin 1944 til 1969. Séra Sigurður var prófastur Suður-Pingeyinga 1957 til 1958 og 1962 til 1986, þar af í sameinuðu Pingeyjarprófastsdæmi frá 1971. Hann var vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal 1981 til 1991, skipaður sóknarprestur í Hólaprestakalli 1986 og fluttist

að Hólum sama ár, fyrstur biskupa til að sitja staðinn síðan 1798. Séra Sigurður var settur biskup Íslands um átta mánaða skeið á árunum 1987 til 1988. Eftir að hann lét af embætti var hann m.a. settur vígslubiskup í Skálholti í þrjá mánuði 1993 og aftur í Hólabiskupsdæmi samtals í eitt ár og þrjá mánuði á árunum 1999 og 2002. Séra Sigurður sat því öll biskups-embætti þjóðkirkjunnar á embættisferli sínum. Hann var varamaður frá upphafi kirkjubings 1958 til 1964 og kirkjubingsmaður í 22 ár, frá 1964 til 1986, og sat jafnframt í kirkjuráði 1981 til 1986. Eiginkona séra Sigurðar, Aðalbjörg Halldórsdóttir, lést árið 2005.

Gunnlaugur Finnsson lést 13. janúar 2010. Hann var fæddur á Hvilft í Öndarfirði 11. maí 1928. Hann var bóndi á Hvilft frá 1950 til 2007 og jafnframt kaupfélagsstjóri á Flateyri 1980 til 1988. Hann var alþingismaður Vestfirðinga 1974 til 1978. Gunnlaugur Finnsson gegndi trúnaðarstörfum fyrir þjóðkirkjuna um áratuga skeið, sat á kirkjubingi í 28 ár, frá 1970 til 1998, og í kirkjuráði í 22 ár, frá 1976 til 1998. Eiginkona hans var Sigríður Jóhanna Bjarnadóttir en þau skildu 1984.

Séra Bragi Friðriksson lést 27. maí 2010. Hann var fæddur á Ísafirði 15. mars 1927. Eftir prestsþjónustu í Manitoba í Kanada og störf fyrir Æskulýðsráð Reykjavíkur varð séra Bragi sóknarprestur í Garðaprestakalli á Álftanesi árið 1966 og prófastur í Kjalarnessprófastsdæmi 1977 og gegndi þeim störfum til 1997. Hann

sat í stjórn Hjálparstofnunar kirkjunnar 1970 til 1983, á kirkjupingi 1982 til 1986 og í kjörstjórn til kirkjupings 1998 til 2010. Eftirlifandi eiginkona séra Braga er Katrín Eyjólfsdóttir. Séra Magnús Guðjónsson fyrrum biskupsritari lést 2. október sl. Hann var fæddur í Reykjavík 26. júní 1926. Hann gegndi prestsþjónustu á Eyrarbakka 1953 til 1972 og við Fríkirkjusöfnuðinn í Hafnarfirði 1975 til 1979. Séra Magnús var biskupsritari í tæp 20 ár frá, 1977 til 1996. Hann var ritari kirkjupings á sama tíma og ritari kirkjuráðs 1977 til 1990. Hann ritaði meðal annars Sögu kirkjuráðs og kirkjupings sem út kom 1996. Eiginkona séra Magnúsar, Anna Sigurkarlsdóttir, lést 26. apríl á þessu ári.

Allir þessir menn lögðu drjúgan skerf að mörkum í þágu þjóðkirkjunnar og kirkjupings. Ég vil biðja þingheim og gesti að votta minningu þeirra virðingu sína með því að rísa úr sætum.

## II.

Virðulega kirkjuping. Góðir gestir.

Það er engin ástæða til að draga dul á það að þjóðkirkjan á við erfiðleika að etja um þessar mundir, erfiðleika sem ekki verða raktir til hinnar svonefndu kreppu eða bankahruns. Til þeirra vandamála sem nú steðja að samfélaginu vegna gálausrar vegferðar um himinskaut fjármála og misnotkunar á frelsi sækir kirkjan þvert á móti afl og styrk til að líkna og leiða, veita huggun í harmi og lýsa þann veg sem þjóðin þarf að ganga. Á hinn bóginn eiga erfiðleikar þjóðkirkjunnar nú rætur að rekja til innri meina, við skulum ekki fara í neinar grafgötur um það. Ásakanir um siðferðisbrest á aðra hönd og skort á samhygd og skilningi á hina leita nú uppruna síns og krefjast svara. Þjóðkirkjan verður að svara og hún vill

svara, hún vill leiða hið sanna í ljós og horfast í augu við sjálfa sig, horfast í augu við það sem misfórst í eigin ranni. Hún verður jafnframt að styrkja innviði sína með aukinni samstöðu og meiri eindrægni í erfiðum úrlausnarefnum.

Fyrir þessu kirkjupingi liggur að setja á stofn rannsóknarnefnd um viðbrögð og starfshætti kirkjunnar í málum sem við vildum öll að væru kirkjunni fjarri. En veruleikinn kallar og við honum verður að bregðast. Gerum það af sannsýni, umburðarlyndi, velvild og virðuleika – og horfumst í augu við það sem var og verður að breytast. Verkefni kirkjunnar er nákvæmlega meitlað í þessum ljóðstöfum Njarðar P. Njarðvík:

Sérhver manneskja  
verður að læra  
að horfast svo fast  
í augu við sjálfa sig  
að hún neyðist til að líta undan.  
Og horfa svo aftur  
án þess að líta undan.

## III.

Við komum saman á aukakirkjupingi á hallandi sumri vegna andstreymis í fjármálum, kröfu ríkisins um niðurskurð á þeim framlögum til þjóðkirkjunnar sem ríkisvaldinu ber að svara samkvæmt lögfestum samningum á grundvelli stórfelldrar eignatilfærslu frá kirkjunni til ríkisins á öldinni sem leið. Við vildum að ríkið sýndi kirkjunni meiri sanngirni en við blasti, ekki hlífð heldur sanngirni í ljósi þess veruleika sem við horfumst í augu við í samskiptum ríkis og kirkju og þess brýna hlutverks sem þjóðkirkjan gegnir um dreifðar byggðir landsins til sjávar og sveita, ekki síst á þrengingatímum. Hitt má ekki gleymast að þjóðkirkjan hefur frá upphafi áfallanna verið reiðubúin til að leggja

sitt af mörkum, bæði í niðurskurði og stórauðnu framlagi til hjálparstarfs, til stuðnings og styrktar þeim sem verst eru settir í því samfélagi sem ekki man alltaf eftir sínum minnstu bræðrum.

Ríkisvaldið og þjóðkirkjan hafa nú í annað sinn náð samkomulagi um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu frá 1997, sem geirnegl er í 60. gr. þjóðkirkjulaga. Það kemur nú til kasta kirkjupings og Alþingis að staðfesta þessa samningsgerð. Mikilvægast er þó að milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar skuli ríkja samskilningur á því að ekki verði hróflað við gerðu og lögfestu samkomulagi frá 1997 nema með atbeina og samþykki beggja samningsaðila.

#### IV.

Umræður og deilur um fjármál þjóðkirkjunnar hljóta að leiða hugann að samskiptum ríkis og kirkju og margir hafa á orði að tímabært kunni að vera að skilja til fulls þar á milli. Þær raddir heyrðust á þjóðfundum fyrir skömmu og þetta álitafni mun vafalaust koma til kasta stjórnlagapings á næsta ári. Ekkert er nýtt undir sólinni og ekkert mannanna verk stendur um aldur og ævi. Til þess að slík umræða geti verið vitræn og sanngjörn verða menn hins vegar að gera sér skýra grein fyrir því hver staða þjóðkirkjunnar í samfélaginu er í raun og veru.

Kirkjan stendur á fornum grunni sögu og menningar en sækir þó afl sitt og styrk á hverjum tíma til samtímans, til þjóðarinnar, til siðgæðis- og trúarvitundar Íslendinga. Hugtakið þjóðkirkja var löghelgað í stjórnarskránni 1874 um leið og trúfrelsi var leitt í lög hér á landi. Frá þeim tíma, í 136 ár, hefur það verið

stjórnarskrárbundin skylda ríkisins að styðja og vernda þjóðkirkjuna en gera jafnframt öðrum trúfélögum í landinu kleift að iðka starf sitt og átrúnað. Þetta þýðir hins vegar ekki að þjóðkirkjan sé ríkiskirkja eins og þeir vilja helst halda fram sem mest er í nöp við kirkjuna. Þetta þýðir heldur ekki að með þessu fyrirkomulagi sé gengið á svig við jafnræðisreglur og mannréttindi yfirleitt eins og staðfest hefur verið af þeim alþjóðlegu stofnunum sem fjallað hafa um tilvist þjóðkirkju í ríkjum og þá sérstöðu sem hún nýtur.

Í 62. gr. stjórnarskrárinnar felst það fyrst og fremst að þjóð og kirkja séu nátengd og eigi samstöðu um trúarskilning og trúartraust, veiti hvor annarri styrk og stuðning í nánu samneyti, hvort heldur í meðbyr eða mótlæti. Stjórnarskrárákvæðið og sú þróun sem orðið hefur í átt til aukins sjálfræðis og sjálfsstjórnar kirkjunnar, einkum á síðustu 15 árum eða svo, taka af öll tvímæli um að ríki og þjóðkirkja eru ekki eitt. Þjóðkirkjan er því sannarlega ekki ríkiskirkja eins og til að mynda danska kirkjan sem í einu og öllu lýtur ráðuneyti kirkjumála og hefur ekkert kirkjuping til að ráða sínum innri málum.

Þjóðkirkjan íslenska er sjálfstæð stofnun, sjálfstæður réttaraðili – þjóðkirkja sem nýtur réttinda og ber skyldur að lögum, þjóðkirkja sem öðrum aðila, íslenska ríkinu, ber að styðja og vernda. Í stjórnarskrárákvæðinu felst sú skylda ríkisstjórnar og Alþingis að tryggja að þjóðkirkjan geti gegnt stjórnarskrárbundnu hlutverki sínu gagnvart þjóðinni. Það hefur ríkisvaldið meðal annars gert með því að veita kirkjunni ótvírætt sjálfstæði um innri málefni sín, ekki sist með þjóðkirkjulöggjöfni 1997.

Það má vera alveg skýrt að þjóð-

kirkjan vill áfram vera þjóðkirkja í dýpsta skilningi þess orðs án þess að vera ríkiskirkja – þjóðkirkja sem styrkir og eflir og auðgar samfélagið og siðmenningu þess. Ef til fulls aðskilnaðar kemur milli ríkis og kirkju með afnámi stjórnarskrárákvæðisins um vernd og stuðning ríkisins við kirkjuna mun þjóðkirkjan engu að síður geta gegnt mikilsverðu hlutverki sínu sem leiðandi og boðandi trúarafli í þjóðlífinu. Til þess hefur hún andlegan styrk sem nærast í nánu samneyti við fólkið í landinu, í rúmhelgri önn dagsins og á helgum og hátíðum.

Þjóðkirkjan hefur jafnframt efnalegan styrk til að gegna áfram forystuhlutverki í trúarlífi og trúariðkun Íslendinga. Sá efnalegi styrkur verður meðal annars sóttur í þau verðmæti sem til kirkjunnar höfðu safnast í rás aldanna og ríkið tók til sín í upphafi 20. aldar eins og staðfest var með lögfestu samkomulagi undir lok aldarinnar. Á móti tók ríkið á sig mikilsverðar skuldbindingar gagnvart kirkjunni til framtíðar – fjárhagsskuldbindingar á móti eignaafhendingu. Þær skuldbindingar standa að sjálfstöðu óhaggaðar þótt ákvæði í stjórnarskrá verði látið lönd og leið – nema til þess uppgjörs komi að ríkið skili kirkjunni jarðeignum eða andvirði þeirra.

## V.

Íslenska þjóðkirkjan nýtur einna mests sjálfræðis systurkirkna sinna á Norðurlöndum og gefur sænsku kirkjunni ekkert eftir þótt hún hafi formlega verið aðskilin frá ríkinu. Engu að síður sækist þjóðkirkjan eftir enn meira sjálfstæði eins og glögglega kom fram í því frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaða sem kirkjuþing samþykkti 2008 og þáverandi kirkjumálaráðherra, Björn Bjarnason, hafði fullan hug á að leggja fyrir og

fylgja eftir á Alþingi áður en örlögin tóku í taumana með bankahruninu í lok ársins. Frá þeim tíma hefur það verið pólitískt mat bæði kirkjustjórnar og ráðherra kirkjumála að skynsamlegt væri að halda málinu til hlés vegna umróts í þjóðfélaginu og þeirra brýnu verkefna sem Alþingi og ríkisstjórn hafa verið að glíma við í efnahagsmálum á undanförunum misserum.

Nú er kirkjuþing að koma saman til fyrsta reglulegs þinghalds á nýju kjörtímabili og því þykir rétt að leggja þetta þjóðkirkjufrumvarp að nýju fram til umfjöllunar á þinginu. Nýtt kirkjuþing þarf hins vegar að gefa því gaum hvort skynsamlegt kunni að vera að láta lokaafgreiðslu þess biða næsta þings og gefa sér þannig góðan tíma til að fjalla um frumvarpið og meta af yfirvegun hvenær aðstæður skapast til að fylgja málinu fram á hinum pólitíska vettvangi, meðal annars með tilliti til fyrirhugaðs stjórnlagapings á næsta ári sem tekur án efa til umfjöllunar samband ríkis og kirkju. Með því að kirkjuþing vísaði frumvarpinu til millipinganefndar sem það sjálf tók nú á þinginu og tæki það að nýju til umfjöllunar á þinginu haustið 2011 gæfist jafnframt meira ráðrúm en er á þessu þingi til að huga að ýmsum álitaeftum sem ekki var sérstaklega tekið á við fyrri samþykkt frumvarpsins 2008, svo sem samsetningu og forsæti í kirkjuráði, verkefnum og stöðu vígslubiskupa og styrkari stöðu prófastsdæma í tengslum við þær breytingar sem nú eru að verða á skipan þeirra.

## VI.

Á liðnu sumri samþykkti Alþingi lög um breytingar á hjúskaparlögum og fleiri lögum og um brottfall laga um staðfesta samvist. Hefur þetta verið kallað ein hjúskaparlög og felur í sér að afmáður

var sá munur sem fólst í mismunandi löggjöf vegna hjúskapar karls og konu annars vegar og staðfestingar samvistar tveggja einstaklinga af sama kyni hins vegar. Enda þótt þessi lagasetning snerti að sjálfsögðu kenningu og helgisíði kirkjunnar var til hennar stofnað án nokkurs samráðs við þjóðkirkjuna. Þetta er í rauninni einsdæmi í samskiptum ríkis og kirkju og kann að vera til marks um kaldari vinda í garð kirkjunnar en áður þekktust. Um hitt blandast engum hugur að löggjafinn ræður hinni lagalegu skilgreiningu hjúskapar og þjóðkirkjan virðir að sjálfsögðu landslög.

Kirkjuping fær nú það verkefni að breyta samþykktum um innri mál efni þjóðkirkjunnar til samræmis við hina breyttu löggjöf og gerir það vafalaust með reisn og sóma. Margir hafa sjálfsgagt átt von á því – og jafnvel bundið við það vonir – að þetta verkefni yrði þjóðkirkjunni ofviða. Sú er ekki raunin og kirkjan getur fyllilega tekist á við breytta skilgreiningu hjónabandsins í lögum. Það gerir hún að sjálfsögðu með þeim kærleika og umburðarlyndi sem er undirstaða kristinnar trúar um leið og samviskufrelsi einstakra þjóna kirkjunnar verður virt. Það er mikilvægt að þjóðkirkjan gangi hér fram með jákvæðum og opnum huga og lýsi fullum og óskoruðum vilja sínum til að hafa áfram vígsluvald og stuðla þannig að áframhaldandi samfylgd kirkju og þjóðar í hjúskaparmálum. Hinu mega menn svo ekki gleyma að áður en til þessarar breytingar á hjúskaparlögum kom hafði þjóðkirkjan íslenska þrátt fyrir allt þegar skipað sér í hóp þeirra lútersku kirkna á heimsbyggðinni sem lengst gengu í því að virða stöðu og réttindi samkynhneigðra.

## VII.

Við setningu kirkjupings fyrir ári setti ég fram hugmynd um almennan kosningarétt þjóðkirkjufólks við val á þingfulltrúum. Því miður fékk sú hugmynd enga sérstaka umfjöllun á þinginu vegna þess að tillaga frá kirkjuráði að nýjum starfsreglum um kjör til kirkjupings hlaut þau fátíðu örlög að falla við fyrri umræðu og löggjafarnefnd þingsins fékk þannig ekki tilefni til að huga að breyttum og bættum kosningareglum. Kirkjuping samþykkti þó að tillögu allsherjarnefndar þá ályktun að kannaðar yrðu leiðir til að rýmka kosningarétt og auka á þann hátt lýðræði innan þjóðkirkjunnar. Undir þetta hefur leikmannastefna þjóðkirkjunnar tekið með afgerandi hætti fyrir á árinu.

Fráfarandi kirkjuráð leggur til við kirkjuping að nú þegar verði hafist handa við að endurskoða reglur um kjör til þingsins. Það er vissulega mikilvægt að huga alvarlega að þessu þýðingarmikla máli þegar í upphafi starfstíma nýrra kirkjupingsfulltrúa svo að góður tími gefist til að finna viðunandi lausn. Það er að mínum dómi alveg ljóst að núgildandi kosningareglur fullnægja á engan hátt þeim kröfum sem gera verður til sanngirni og réttlætis í því fulltrúalýðræði sem er undirstaða æðstu valdastofnunar þjóðkirkjunnar, kirkjupingsins, sérstaklega ekki reglur um kosningu vígðra þjóna.

Við þessa fyrirhuguðu endurskoðun þarf að velta við öllum steinum og ræða bæði stærð kjördæma og rýmkaðan kosningarétt, hvernig kosningar geti best farið fram, hvort taka beri upp listakosningar eða halda persónukjöri og hvernig framboðum skuli þá vera háttað og hvort nokkur ástæða sé til þess lengur að gera þann greinarmun

að leikmenn kjósi eingöngu leikmenn og vígðir þjónar kirkjunnar eingöngu vígða menn. Öllu þessu þarf að gefa góðan gaum og þjóðkirkjan verður umfram allt að efla til muna lýðræði innan vébanda sinna og kosta kapps um að leikreglur endurspegli vilja þeirra og viðhorf sem láta sig málefni kirkjunnar einhverju varða.

### VIII.

Kirkjuping kemur saman að þessu sinni á miklum umbrota- og átakatímum í þjóðfélaginu. Þung áföll hafa dunið yfir, bæði af manna völdum og náttúru, og tilvera margra hefur skekist og brotnað eins og gjarnan hendir mannvirki í miklum landskjálftum. Séra Jón Steingrímsson á Prestsbakka á Síðu skrifaði árið 1788 um undanfarandi Skaftárelda og móðuharðindi:

Áður en þessi landplága yfir féll voru mikil landgæði og árgæska, þó best væri það seinasta ár með grasvöxt og veðurspekt til lands og sjávar, eins fiskiafla. En stjórnleysið, sem var í þessu þinglagi og vestri Skaptafellssýslu, var meira en nokkru hófi gegndi, ásamt blygðunarlausu framferði manna. Hér lifðu menn í mesta sællífi. Sumir voru svo matvandir, nær því einkanlega þjónustufólk, hús-gangslýður og letingjar, að varla vildu sjá nema kryddfæðu; drykkjusvall, tóbaksbrúkun og allt óhóf var svo mikið, að á einu ári gekk hér á Síðunni upp í heimboð og drykkjur um 400 fiskar. Prestar gátu varla fram flutt guðsþjónustu nema með brennivínsstyrk og þó margir vissu varla sitt fénaðartal var sú argasta tíund til allra stétta, og tjáði eigi að finna. Það var eitt

ólukkuefnið í landinu, að allir þjófar voru frómir kallaðir, og almenningur gekk lögum á móti með svoddan flokkadrætti, að engu varð til leiðar komið ... Þessi undur gengu hér á áður en eldurinn kom upp, en sá alvaldi lægði allt þetta og sýndi hvað hann vildi vera láta.

Vera má að einhverjir kannist við þessa lýsingu eldklerksins og geti heimfært hana upp á góðarið sem á undan gekk hruninu. Víst er um það að öll él styttrir upp um síðir og séra Jón var ekki í vafa um að sá alvaldi hefði lægt ósköpin og lagað að sínum vilja. Margir hafa haft á orði að sú blessun myndi þó hljóta af þessum stórmælum í samfélaginu undangengin ár að menn lærðu að þekkja og meta að nýju hin raunverulegu verðmæti sem felast í virðingu fyrir manngildi og kærleika, fyrir náunganum og því öfgalæsa samneyti lands og þjóðar sem eitt getur fært varanlega velsæld. Til þess að svo megi verða þarf þó að kveða niður draug sem hefur magnast við ósköpin og fitnað eins og púkinn á fjósbitanum – en það er sundurlyndið. Ekkert er nú jafnáberandi í samfélaginu og linnulaust sundurlyndi, hvers konar deilur og atyrði og ósæmilegur munn-söfnuður, oft í skjóli nafnleyndar og hugleysis.

Hér verður kirkjan að ganga einörð fram og veita skýlausa forystu í þeirri siðvæðingu samtímans sem er forsenda þess að íslenskt þjóðfélag nái áttum og geti endurheimt sjálfsvirðingu sína. Við ætlum þessu efni nokkurt rúm á þinginu, bæði hér á setningarfundinum og einnig í almennri umræðu síðar á þingtímanum. Um leið og við gerum þetta verðum við að kosta kapps um

að kirkjan styrki innra starf sitt og stjórnarhætti og leiti allra leiða til að efla samheldni og einingu. Sá sem er veikur fyrir getur enga forystu veitt. Í mínum huga er ekki vafi á því að skortur á samstöðu og skilningi, á hollustu, drengskap og umburðarlyndi innan kirkjunnar á drjúga sök á því að traust á þjóðkirkjunni virðist fara þverrandi. „Verið þolinmóð, langlynd, umberði og elskið hvert annað. Kappkostið að varðveita einingu andans í bandi friðarins,“ sagði Páll postuli í bréfi til Efesusmanna. Á þetta hefur skort í kirkjunni að undanförmu. Þess vegna bíður okkar nú það erfiða verkefni sem þolir enga bið: Að sjá bjálkann í eigin auga og draga hann út, verða við áskorun séra Matthíasar Jochumssonar og senda „út á sextugt djúp sundurlyndisfjandann!“

Góðir kirkjupingsmenn.

Við göngum nú til góðra og brýnna verka á kirkjupingi. Það verðum við að gera með samtakamætti og samstöðu um leið og við minnumst þess að okkur er hér trúað fyrir æðsta valdi þjóðkirkjunnar. Á kirkjupingi er ekki vettvangur til að skipa sér í fylkingar á grunni einhverra guðfræðilegra hugmynda, hvort heldur þær eru kenndar við íhaldssemi eða frjálslýndi. Hér á kirkjupingi mega menn ekki víkja sér undan þeirri ábyrgð að sjá heill og hag kirkjunnar í rökréttu samhengi við andlega farsæld þjóðarinnar. Til íslensku þjóðarinnar sækir kirkjan allan sinn styrk og hún verður um leið að veita henni siðferðilega forystu ef hún vill lifa af sem raunveruleg þjóðkirkja.



Stund milli stríða  
á kirkjupingi



# Kirkjuþing 2010

## Ávarp dómsmála- og mannréttindaráðherra, Ögmundar Jónassonar

Íslenskt þjóðfélag tekur örum breytingum. Þær breytingar endurspeglast á meðal annars í viðhorfum til trúarbragða og stofnana sem þeim tengjast. Talað er um að skilja að ríki og kirkju – að fullu, höggva á öll tengsl. Spurt er hvort trúarbragðafræðsla eigi heima í skólum og þá hvernig og í hvaða mæli. Eiga allir að sitja við sama borð? Kristin trú, Islam, lífsskoðunarfélög, Búddismi?

Hvert viljum við stefna? Þessum spurningum er varpað fram í þjóðfélagsumræðunni og ég hef fylgst af áhuga með því hvernig kirkjunnar menn hafa blandað sér í þessa umræðu og iðulega átt frumkvæði að henni sjálfir. Hefur mér þótt hún vera alvöruprungin og mjög á dýptina. Sjálfur hef ég velt þessu nokkuð fyrir mér.

Eitt er að horfa til hinna trúarlegu og siðfræðilegu þátta, annað er að líta til stofnana og forms. Viðfangsefni umræðunnar eru tengslin þarna á milli. Spyrja þarf um markmið.

Í mínum huga hlýtur takmarkið að vera að skapa víðsýnt og umburðarlynt samfélag; samfélag sem virðir lýðræðislegan og einstaklingsbundinn rétt; samfélag sem skapar ekki einum rétti á kostnað annars. Við viljum í senn lúta lýðræðislegum meirihlutavilja og virða minnihlutastjórnarmið. Þetta eru markmiðin hvað skipulagið varðar. Ef mönnum þykir núverandi skipulagi ábótavant og það ekki fullnægja þessum grundvallaratriðum, þá þarf að gera á því breytingar. Spurningin er þá hverjar þær breytingar eigi að vera og þá ekki síður hvernig þeim skuli hrundið

í framkvæmd. Hér leyfi ég mér að hvetja til mikillar yfirvegna.

Kirkjan er hluti af heild. Þegar rætt er um samskipti ríkis og kirkju þarf að spyrja hvernig við viljum haga samskiptum ríkis og trúarhreyfinga almennt í framtíðinni. Ef hugsunin er sú að réttlætinu verði þá fyrst fullnægt að öllum trúarbrögðum og trúflokki verði tryggð sama aðstaða og stuðningur og kristin kirkja hefur haft þegar best hefur látið, þá gæti þessi nálgun leitt til meiri stofnanalegrar trúvæðingar í samfélaginu en við höfum þekkt til þessa. Hin varfærnari og þess vegna íhaldsamari nálgun byggir á því að draga fremur úr en bæta í. Þar er ég á báti.

Þau viðhorf eru allfyrirferðarmikil, ekki aðeins innan þjóðkirkjunnar heldur í ýmsum trúarsöfnuðum að of langt sé gengið í því að úthýsa trúarbrögðum úr daglegu lífi skólans. Þau viðhorf heyrast viðruð að ganga eigi í gagnstæða átt og að trúarlíf eigi að fá ríkulegri aðgang að stofnunum, skólum og öllu opinberu lífi en nú er. Þessi viðhorf eru síður en svo einskorðuð við einhver ein trúarbrögð. Það ber þjóðkirkjunnar mönnum að hafa í huga. Víða erlendis eru það einmitt annarrar trúar menn en kristinnar trúar sem halda þeim á loft. *Verði okkur úthýst úr skólum og stofnanalífi, segir þessi hópur, hljótum við, með hliðsjón af þeim grunnreglum sem halda ber í heiðri um trúfrelsi og virðingu fyrir rétti minnihlutahópa, að fá að stofna sérstaka skóla með áherslu á okkar trúarbrögð með öflugum styrk frá ríkinu og ekki minni en almennir skólar fá.*



Ögmundur  
Jónasson

Þetta viðhorf er vissulega til staðar hér á landi og hefur íslenkst samfélag svarað því, til dæmis með því að styrkja kaþólskan skóla í Reykjavík. Ekki er hann hverfisskóli en stuðningurinn byggist á þessari almennu afstöðu um að virða beri vilja fólks óháð því hvort vilji fólks tengist trúarbrögðum eða skólafélagi. En hversu langt værum við reiðubúin að ganga í þessu efni? Á að virða rétt allra trúarbragða með þessum hætti inni í stofnanakerfi landsins?

Allt þetta hljóttum við að hugleiða þegar við horfum til framtíðar. Og þetta eru sjónarmið sem þjóðkirkjan verður að hafa hliðsjón af í umræðu um trúboð í skólafélagi.

Þótt ég sé almennt þeirrar skoðunar að trúarbrögð eigi í mjög takmörkuðum mæli að fá aðgang að skólafélaginu, þá þarf að hyggja að ábendingum skóla-fólks um að ekki megi vanrækja skólann sem mikilvægan vettvang til að ná til mismunandi trúar- og menningarheima. Það verði að horfast í augu við veruleikann og fræða um hann, einnig trúarbrögðin. Hanna Ragnarsdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands, hefur bent á, að almennt reyndi fólk sem flust hefði til landsins að laga sig að samfélaginu. *Skólarnir okkar*, sagði hún, væru ekki hugsaðir fyrir það fjölmenningsamfélag sem hér væri þegar orðið. Þetta þýddi til dæmis að börnum, sem kæmu frá fjölskyldum sem væru ekki kristinnar trúar, væri þröngvað inn í annan heim í skólanum. Spenna myndaðist, annars vegar vegna viljans til að aðlagast og hins vegar löngunar til að sýna þeim gildum sem fjölskyldan innrætti, virðingu og fylgispekt. Þetta gæti grafið undan samstöðu innan fjölskyldunnar og/eða leitt til einangrunar hennar, sem þá færi að sinna sinni trú á heimilinu og þá í samneyti við aðrar fjölskyldur af sama uppruna og

menningarheimi. Þessi einangrun væri varasöm, að mati lektorsins, og yrði skólinn að íhuga leiðir til að laga sig að þörfum fólksins í stað þess að þröngva því inn í sitt einsleita mót.

Þetta sjónarhorn á umræðuna er mikilvægt: Að við spyrjum að hvaða marki samfélagið og stofnanir þess eigi að laga sig að fjölbreytileikanum og svo á hinn bóginn, að hvaða marki hægt sé að ætlast til að einstaklingar og hópar lagi sig að samfélaginu. Að því leyti sem hið síðarnefnda er upp á teningnum hlýtur að vera rík krafa um jafnræði, tillitssemi og viðsýni. Kristín Dýrfjörð, lektor við Háskólann á Akureyri, hefur bent á að við eigum að horfast í augu við að Ísland er fjölmenningsþjóðfélag, og kennarar sérstaklega verði að vera sér þessa meðvitaðir og virða mismunandi óskir og þarfir. Undir þetta vil ég taka, bæði út frá sjónarhóli skoðana- og trúfrelsis en einnig af þeirri praktísku ástæðu að sinna beri þessum þörfum og kröfum í sameiginlegu umhverfi allra hópa í þjóðfélaginu en ekki í sérskólum sem reistir eru á grundvelli trúarbragða.

Allt er þetta vandmeðfarið og línur ekki alltaf skýrar. En hvar drögum við mörkin á milli trúarlegs efnis annars vegar og efnis sem flokka má undir almenna hefð en með trúarlegu ívafi? Þegar talað er um að leggja niður kirkjuna sem þjóðkirkju, þá finnst mér stundum að menn séu að tala um hið ómögulega. Við hvorki viljum né getum lagt niður þjóðkirkjuna í þeim skilningi að hún er saga okkar í þúsund ár. Hún er menning okkar og hefð.

Hvað með Heilræðavísur Hallgríms Péturssonar svo dæmi sé tekið? Getur verið að einhverjum sé það virkilega alvara að láta banna að hafa þær fyrir börnum? Hér væri ekki aðeins verið að

úthýsa trúarlegu efni heldur gamalgrónum heilræðum og menningararfi.

*Hafðu hvorki háð né spott,  
hugsa um ræðu mína,  
elska guð og gerðu gott,  
geym vel æru þína.*

Fyrir nokkrum árum hlustaði ég á fyrirlestur um aðskilnað ríkis og kirkju. Fyrirlesari sagði að við hlytum að stefna að fullum aðskilnaði samkvæmt þeirri grundvallarafstöðu að jafnræði skyldi ríkja milli allra trúarbragða. Og hann hélt vangaveltum sínum áfram: Kirkjan á að boða kristna trú, sagði hann, hún á ekki að hafa með höndum stjórnáslulegt hlutverk. Það hlyti meira að segja að slæva raunverulegt ætlunarverk trúboðenda. En þar sem ég sat úti í sal spurði ég innra með sjálfum mér: Er þetta með öllu illt, ef niðurstaðan verður sú að gera boðandann/bírókratann meðvitaðan um ábyrgð sína í fjölmenningslegu umhverfi? Er kirkja sem kappkostar að vera umburðarlynd; kirkja sem skilgreinir það sem hlutverk sitt að veita öllum viðhorfum rými, að virða mannréttindi allra, líka samkynhneigðra – er hún ekki eftirsóknarverðari en ágeng kirkja, slitin úr formlegum tengslum við þjóðfélagið?

Svar mitt er játandi. Og þetta er skýringin á því hvers vegna ég vil fara varlega í sakirnar í öllum breytingum á þessu sviði, fyrst og fremst til að ná því markmiði sem ég nefndi í upphafi máls míns, að skapa víðsýnt og umburðarlynt samfélag. Það á að mínu mati að vera okkar leiðarljós í hvívetna.

Þetta breytir því ekki að kirkjan á að vera brennandi í andanum, ætíð trú sínum boðskap, óhrædd og óbugandi, siðferðilegur vegvísir sem aldrei bregst sem slíkur, kjölfesta og klettur, ætíð til að reiða sig á í sviptivindum samfélagsins. Það voru einmitt margir kirkj-

unnar menn í framvarðarsveit friðarhreyfinganna á níunda áratugnum sem felldu alræðiskerfin austan múra. Vestan megin risu þeir upp gegn tísukábiljum þess tíma, hernaðar- og valdahagsmunum, ekki alltaf lofaðir og prísaðir, ekki heldur innan eigin raða. En á endanum höfðu þeir sigur. Meðaldrægu kjarnorkuflaugarnar voru teknar niður. Og síðan hrundi múrinn. Þegar vitnaðist hvers grasrótarlýðræðið var megnugt, þá tók sú vitneskja á rás og varð eftir það ekki stöðvuð.

Í Nýja testamentinu segir frá því er djöfullinn freistaði Jesú, og freistarinn sagði: Ef þú ert Guðs sonur, þá bjóð þú, að steinar þessir verði að brauði. En Jesús svaraði: Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman, heldur sérhverju orði, sem fram gengur af Guðs munnni (Matt 4, 4).

Það var í augum freistarans sönnun um almætti að geta breytt steinum í brauð. Að geta breytt leir í gull. Það er draumurinn um að geta skapað auð úr engu. Þetta er sagan um strit mannsins og baráttu við náttúruöflin, sagan um óttann við hungur og örbirgð; óttann við ósigur og dauða. Því engin skepna getur lifað án matar og maðurinn getur ekki lifað án brauðs.

En það hrekkur ekki til. Mannsandinn þráir og þarf meira, ef samfélag á að þrífast.

Í mannkynssögunni hafa af og til verið gerðar tilraunir til þess að finna út hvort maðurinn geti lifað á þessu brauði einu saman. Íslendingar hafa nýlökkið einni slíkri tilraun. Hún heppnaðist ekki vel.

Reyndar var gengið óvenju langt í þessari tilraun okkar. Hún átti rót að rekja allt aftur til loka áttunda áratugarins þegar Margrét Thatcher, járnfrúin breska, sagði eftirminnilega, að græðgi væri góð. Okkar útgáfa var mildari og jákvæðari: Virkjum eignagleðina. Þannig var það orðað hér á landi.

Breytum steinum í brauð. Það var ellefta boðorðið. Og svo mjög ærðust hinir óstöðugu að ekki heyrdust orðaskil úr Guðs munni um samúð og kærleika og umburðarlyndi. Hvað þá að maður ætti að elska náunga sinn.

Í árpúsundir hafa trúarbrögðin, heimspekin og siðfræðin reynt að beisla hið illa með okkur og virkja hið góða. Þetta er eilífðarverk mannsins. Andvaraleysið er slæmt og ekki hjálpar þegar komið hefur bein hvatning um að virkja þær tilfinningar og hvatir sem við almennt teljum slæmar, ágirmdina og eigingirnina.

Best vegnar samfélögum sem eru í góðu jafnvægi, þar sem mannréttindi eru í hávegum höfð, gagnkvæm virðing manna á milli, stofnanir pykja traustsins verðar, réttarkerfið nýtur virðingar og síðast en ekki síst siðleg gildi eru í hávegum höfð.

Sagan kennir að mikilvæg gildi fá þrífist án stofnanalegrar umgjarðar. Kristur barðist við stofnanaveldi sinnar samtíðar. Hann skilgreindi sig aldrei í ljósi eigna eða veraldlegra gæða. Þau gildi sem hann boðaði eru grundvöllur siðferðis kristinna manna í fjölbreyttum söfnuðum víða um heim.

Stofnanir samfélagsins eiga allt sitt undir sátt í samfélaginu. Styrkur þeirra byggist á samkennd og sameiginlegri siðferðisvitund. Það gildir um Alþingi, um dómstóla um viðskipti hvers konar og það gildir líka um kirkjuna. Og þegar sáttin týnist og siðferðið glatast, riða allar stofnanir til falls. Þegar köllin glymja: Breytið steinum í brauð, svo allir ærast af hávaða, þá bresta hin pykkustu tré. Fáir heyra í þeim sem segir: Maðurinn lifir ekki á brauði einu saman.

En nú eru nýir tímar að ganga í garð. Átrúnaðurinn á græðgina og gullgerðaræðið er í rénun. Nú geta þær stofnanir samfélagsins sem standa á góðu sið-

ferði og gildum, byggt sig upp að nýju og orðið hver annarri styrkur.

Einhver sagðist vera algerlega á móti aðskilnaði ríkis og kirkju. Það væri meira en nóg að hafa eina stofnun sem reyndi að hafa vit fyrir manni. En þær eru ólíkar þessar stofnanir, ríkið og kirkjan. Þjóðkirkjan er þó betur sett að því leyti að enginn kemur þangað nauðbeygður. Ekki er hægt að segja sig undan ríkinu. Ekki er hægt að segja sig úr þjóðfélaginu.

Allar stofnanir þjóðfélagsins eiga undir högg að sækja. Allar stoðir okkar litla samfélags eru í vanda. Verkefni okkar sem störfum í framvarðarsveit stofnana samfélagsins er að endurvinna traust. En það er ekki sama hvernig það er gert. Verkefni okkar er ekki að endurbyggja gömlu húsin eftir gömlu teikningunum. Verkefnið er að finna gallana, endurhugsa alla hluti, efast um allt og vanda til uppbyggingar. Við viljum koma sterkari út úr kreppunni en við fórum inn í hana.

Því kreppan var siðferðiskreppa. Og kreppan er enn siðferðiskreppa. Og því er horft til kirkjunnar. En þar starfa líka menn en ekki dýrlingar. Menn sem eru fullir af efa en líka trú. Og þar er líka að finna von og þar er líka að finna kærleika. Og kannski verðum við öll, hvar sem við störfum, að endurbyggja samfélagið með kærleika. Þegar allt um þrýtur og hvorki finnast steinar né brauð, er kærleikurinn það eina sem eftir er. Samúð, samhugurinn, samfélagið.

Getum við hafið okkur yfir erfiðleikana? Getum við orðið sterkari eftir en áður? Getum við látið áföllin efla okkur? Svarið er já, en því aðeins að við beygjum okkur og hugleiðum í auðmýkt en ekki í hroka.

Ég óska þjóðkirkjunni alls góðs. Megið þið hafa gjöfult og gott kirkjuþing.

# Kirkjuþing 2010

## Ávarp biskups Íslands, Karls Sigurbjörnssonar

Dómsmála- og mannréttindaráðherra, Ögmundur Jónasson, forseti kirkjuþings, þingfulltrúar, góðir gestir.

Við mætum til kirkjuþings á miklum óvissu- og átakatímum þjóðar og kirkju.

Ég hlustaði ekki alls fyrir löngu á mann sem stýrir félagsmálakerfi stórsveitarfélags tala um stöðu heimilanna í landinu. Hann sagði eitthvað sem svo að hér hefði verið hrun og hér hefði verið kreppa en nú væri það orðið ástand. Orðið ástand sat eftir í huga mér. Kreppa er tímabundið fyrirbæri, ber í sér tækifæri til breytinga og umbóta. Hrun er áfall en svo einhenda menn sér í að hreinsa til og reisa úr rústum. Ástand lýsir veruleika sem virðist kominn til að vera, og felur í sér vonleysi og vantraust. Þegar það grípur um sig í samfélaginu, þá eru grunnstoðir þess í hættu. Almenningi virðist sem hagsmunir hinna auðugu séu teknir fram yfir hagsmuni einstaklinga og heimila og réttur hins almenna skuldara sé fyrir borð borinn þótt flestir viðurkenni forsendubrest í orði. Og þegar þúsundir fjölskyldna sjá hag sínum stefnt í voða og sjá engar aðgerðir sem að gagni mega koma, þegar fjöldi fólks hefur flutt úr landi eða er að íhuga það í alvöru, af því að hér er enga vinnu að fá og engin úrræði í sjónmáli, þegar biðraðir myndast þar sem útteilt er mat og fatnaði til fátækra, þá blasir við ástand sem við megum ekki una, ólíðandi smánarblettur á okkar þjóðfélagi. Mörgum finnst sem íslenskt samfélag sé að skiptast í tapara og sigurvegara, gjáin þar í milli sé

að dýpka. Það er alvarlegt ástand og óþolandi með öllu. Sagan kennir okkur að þess konar ástand grefur undan lýðræðinu, kallað er eftir hinum sterka leiðtoga sem skili þeim árangri sem fulltrúalyðræðinu virðist um megn, hrópin og slagorðin taka yfir.

Þorri fólks sýnir þó æðruleysi, kjark og vit, samkennd og sjálfstjórn til að takast á við ástandið. En fólk þarf að sjá og finna árangur fórna sinna og viðleitni, það þráir að sjá öfl umbreytingar að verki við að breyta ástandi vonleysis og uppgjafar til uppbyggingar. Alþingi og stjórnvöld og fjármálastofnanir landsins gegna sannarlega lykilhlutverki. En ekki síður sá félagsauður og mannauður sem er að finna í nærsamfélaginu. Þar er vettvangur kirkjunnar, safnaða hennar og stofnana.

Þótt ástandið sé alvarlegt, þá má samt víða merkja vonartákn og vorboða.

Ísland er þrátt fyrir efnahagshrun í 17. sæti á lista Sameinuðu þjóðanna hvað varðar líf skjör í heiminum, við hlið Finnlands. Á mælikvarða heimsbyggðarinnar erum við ótvírætt vellauðug og megum ekki missa sjónar á þeim nægtum sem við þrátt fyrir allt njótum.

Þjóðfundurinn gefur vonir um að takast megi að virkja það mikla afl og auð sem býr í íslenski þjóðarsál til sóknar fyrir og samstöðu um grundvallarþætti hins góða samfélags. Landsmót æskulyðsfélaga kirkjunnar sem haldið var á Akureyri á dögnum vekur mér vonir. Það er mér ógleymanlegt að hitta fyrir



Karl  
Sigurbjörnsson

Þessi sjö hundruð ungmenni sem voru komin saman undir forystu dugmikilla presta, djákna og æskulýðsleiðtoga hvaðanæva af landinu og lögðu sig fram um að fræðast um fátækt í heiminum og söfnuðu fé til að leysa 60 ánauðug börn á Indlandi úr ánauð. Kjörorð þeirra voru: „Við erum hendur Guðs í þágu góðra verka í heiminum. Enginn getur gert allt – allir geta gert eitthvað!“ Það var vonargeisli sem varpar birtu sinni inn í veturinn. Eins er um þær góðu viðtökur af hálfu almennings sem fermingarbörnin hafa fengið undanfarna daga er þau hafa gengið í hús til að safna til vatnsverkefna Hjálparstarfs kirkjunnar, það vekur von og gleði. Sá virki stuðningur sem margar sóknir, prestar og prófastsdæmi landsins hafa sýnt Hjálparstarfi kirkjunnar vekur vonir um samstöðu og samhug safnaðanna í að mæta neyð og skorti og leggja grunn að betra lífi og samfélagi.

Áhersla Hjálparstarfs kirkjunnar á faglega nálgun í starfi sínu sem tryggi að allir sitji við sama borð er til fyrirmyndar. Eins er til fyrirmyndar sú áhersla sem lögð er á að mæta einstaklingum og fjölskyldum með góðu viðmóti í hlýlegu umhverfi, samtölum, ráðleggingum og stuðningi sem miðlar von og lífsprótti. Hið markvissa og faglega trausta starf Hjálparstarfs kirkjunnar við að hjálpa fólki til að koma undir sig fótunum, stuðningur þess við skólabörn og framhaldsskólanema, aðstoð við sjúka og aldraða til lyfjakaupa, matar- og fatagjafir til þeirra sem eru komin í þrot. Í haust hafa rúmlega 300 grunnskólabörn fengið aðstoð vegna skólabyrjunar. Sjötíu og sex ungmenni hafa fengið aðstoð úr Velferðasjóði til að greiða skólagjöld og bækur. Þetta hafa verið börn og ungmenni frá öllu landinu. Auk þess hefur hópur barna fengið aðstoð til að kaupa vetrarföt og

til tómstundastarfa. Ekkert af þessu er mögulegt án stuðnings safnaðanna og einstaklinga og félaga, án gjafmildi hinna mörgu og samstarfs við fjölda fólks.

Svona vill Þjóðkirkjan starfa með ábyrgum hætti í nánu samstarfi við einstaklinga, hið opinbera og félagasamtök.

Vantraustið á stofnunum og forystu samfélagsins er mikið áhyggjuefni. Þjóðarpúls Capacent Gallup sýnir þverrandi traust á Þjóðkirkjunni og biskupi Íslands. Í því helst í hendur óþol í garð stofnana almennt og reiði vegna deilna og hneykslismála sem skeikið hafa kirkju og samfélag.

Eins jatað fleiri sig hlynnta aðskilnaði ríkis og kirkju, straumurinn er þungur til þeirrar áttar. Það er sem margir álíti það sjálfssagt og einfalt mál. Samt er engin ríkiskirkja á Íslandi og rangt að tala um að hér sé ríkisrekin kirkja og að ríkið hafi afskipti af trúmálum. Þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag sem nýtur sérstöðu og er í sérstöku sambandi og samstarfi við ríkið í gagnrýnni samstöðu með Þjóðríkinu og Þjóðinni. Það samstarf og þau samskipti taka breytingum og þróast í samræmi við samfélagsþróunina.

Hvað varðar samband ríkis og kirkju hef ég talið mikilvægt að einblína ekki á aðskilnað, heldur samstarf og samstöðu, og efla það í þágu hins góða samfélags.

Það er samt nauðsynlegt að hlusta á kröfuna um aðskilnað og gera allt sem unnt er til að stuðla að upplýstri umræðu um hvað í þeirri kröfu felst. Í því skyni hefur Biskupsstofa farið þess á leit við frambjóðendur til stjórnlagapings að þeir geri í stuttu máli grein fyrir afstöðu sinni til 62. gr. stjórnarskrárinnar og eru svör frambjóðenda birt á vef þjóðkirkjunnar, kirkjan.is. Þetta er



Frá setningu  
kirkjubings 2010

ekki gert til að draga frambjóðendur í dilka heldur til að lyfta fram ólíkum sjónarmiðum og stuðla að umræðu um þessi mál sem hafa á sér svo margar hliðar. Og um þau eru misjafnar skoðanir innan Þjóðkirkjunnar, rétt eins og úti í samfélaginu.

Þjóðarpúlssinn birtist ekki aðeins í viðhorfskönnunum. Hann birtist líka í þátttöku í starfi kirkjunnar og væntingum um þjónustu hennar og atbeina í samfélaginu. Það er líka þjóðarpúls sem við hlustum eftir og hann gefur önnur og ólík skilaboð. Það er alveg ljóst að trú og trúariðkun gegnir mikilvægu hlutverki í lífi Íslendinga. Í nýlegri viðhorfskönnun Capacent kemur í ljós meira traust almennings til sóknarkirkjunnar og prestsins í nærsamfélaginu en þjóðarpúlssinn hefur mælt til þjóðkirkjunnar og biskups. Ljóst er að íslenska þjóðin treystir sóknarkirkjunni og prestunum. Fólk sem þiggur þjónustu kirkjunnar treystir henni.

Starf og þjónusta þjóðkirkjunnar nær til landsmanna allra til ystu nesja og innstu dala. Hið þétta og víðtæka

samfélagsnet sem þjóðkirkjan myndar í íslensku þjóðfélagi mótar þjóðarvefinn og menninguna meir en okkur er alla jafna ljóst. Á þriðja hundrað söfnuðir þjóðkirkjunnar starfa um land allt, þar sem á annað þúsund manns sitja í sóknarnefndum, þúsundir syngja í kirkjukórum og barnakórum kirknanna. Auk þess fjölda sem sækir kirkju, en samkvæmt fyrrnefndri viðhorfskönnun sækir hver Íslendingur kirkju að meðaltali fjórum sinnum á ári. Þjóðkirkjan hefur markvisst unnið að því að bæta starfshætti og efla þjónustu, aldrei hafa verið fleiri tilboð um helgihald, fræðslu og þjónustu á vettvangi safnaðanna, og ég hygg að aldrei fyrr hafi í raun fleiri sótt guðsþjónustur og annað helgihald kirkjunnar en nú. Þjóðkirkjan er sannarlega víðfeðm og fjölbreytt almannahreyfing.

Hjartsláttur kirkjunnar er í söfnuðunum í boðun, bæn og þjónustu við náungann.

Með bæn sinni, boðun og þjónustu er kirkjan að byggja upp samfélag, nærsamfélag sem hvílir á grundvelli

trúar, vonar og kærleika. Bæn foreldra fyrir og með barni sínu, myndin af Jesú og englum Guðs yfir rúminu, hefðir og hátíðir sem varpa birtu og helgi yfir lífið og móta og næra virðingu fyrir því sem æðra er, þetta eru berandi meginþættir í samfélagsvefnum. Já, kristið heimili er lífskjarni kristins siðar. Guðsþjónusta kirkjunnar hefur siðferðislega skírskotun, er áminning þess að við sitjum öll við sama borð, hvert öðru háð, okkur ber að gæta hvers annars, og styðja þau smáu og veiku, og þau öll sem bugast og falla, af því að Guð elskar alla jafnt. Þarna birtist eigind og köllun þjóðkirkjunnar, og þetta mótar sýn okkar á samfélagið sem velferðarsamfélag. En verður æ að birtast í verki á vettvangi hversdagsins.

Í Pælingum sínum spyr dr. Páll Skúlason: „Hvað er það sem skiptir raunverulega máli fyrir Íslendinga sem eina heild, eina þjóð?“ Og hann svarar: „Þeirri spurningu vil ég svara í þremur orðum: Sjálfstæðið, efnahagurinn og trúin. Þessar þrjár víddir þjóðfélagsins, – hin stjórn málalega, hin efnahagslega og hin trúarlega – eru meginstöðir hvernar menningar og bresti í einni þeirra þá hrikir í hinum tveimur. Af þessum þremur stöðum höfum við að undanfögnu lagt langminnsta rækt við trúna, hina andlegu vídd ... Ég held að við gerum okkur ekki enn nægilega grein fyrir því hvað af þessu getur hlotist.“

Svo mörg voru þau orð hins vitra og virta heimspekings.

Stjórnarskrá skipar málefnum ríkisins, skilgreinir ábyrgð og valdmörk og samband ríkisvaldsins og borgaranna. En þar við bættist það hlutverk stjórnarskráa að orða eða skilgreina þau grundvallargildi, tákni og hugmyndir sem gera samfélagið það sem það er eða vill vera, setja fram grundvöll

og markmið samfélagsins. Í ljósi þess getum við séð ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands um þjóðkirkju. Þau skilgreina að íslenskt samfélag er byggt á grunni ákveðinnar sögu og siðmenningar.

Umræðan um ríki og kirkju snýst að mínu mati of oft um fjármál, eignir og embætti. Sama á svo sem við um íslensk stjórnarmál alla jafna og yfirleitt. Hún ætti fremur að snúast þetta sem Páll Skúlason minnr á: um eðli, eigind og grundvallargildi þjóðríkisins og menningarinnar. Þjóðkirkjan er umfram allt samhengi og samfélag sem leggur ekki aðeins þjóðfélaginu til mikilvæg gildi, heldur ómælda andlega auðlegð.

Undirstöður lýðræðis og velferðar eru nefnilega annað og meir en stjórnarskrá og lög, heldur siðurinn, siðgæði og siðferði þjóðfélagsins. Þar gegnir trúin mikilvægu hlutverki, já, systurnar, trúin, listin og ljóðið. Sjálfur er ég sannfærður um að þjóðríkið verður ekki reist á traustari gildum en þeim sem hinn kristni, evrópski arfur leggur til, réttlæti, mannúð, ábyrgð.

Við lifum einatt við ástand varnarleysis í heimi umbyltinga, tilviljana, hruns og áfalla, ástand vonleysis og uppgjafar. En líka þar er Guð! Kross og upprisa Krists er einmitt áminning til okkar um þetta. Lífsgæði er ekki að hafa stjórn á öllu, vald á öllu, varin á allar hliðar, heldur að láta umhyggju og kærleika móta líf og viðhorf til lífsins og náungans. Að elska Guð og náungann, það er að lifa, en ekki aðeins leið til að lifa af, það er að lifa trú og von, og það er gott ástand mitt í allri ógn og vá. Í þeirri trú og björtu von göngum við til verka á Kirkjupingi.

Friður Drottins sé með öllum.



# Störf kirkjuráðs

*Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri*

## Inngangur

Biskup Íslands, Karl Sigurbjörnsson, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk þess sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kosið var til kirkjuráðs til fjögurra ára á kirkjuþingi í nóvembermánuði 2010. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru Ásbjörn Jónsson hrl., sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, sr. Gunnlaugur Stefánsson, sóknarprestur í Heydalaprestakalli, Austfjarðarprófastsdæmi og Katrín Ásgrímsdóttir, Egilsstöðum. Varamenn þeirra eru Birna G. Konráðsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarson.

Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar kirkjuþingsmálefni eru til umfjöllunar og forsætisnefnd að jafnaði tvisvar á ári. Einnig hafa vígslubiskupar setið fundi ráðsins þegar ástæða þykir til. Þá starfar framkvæmdastjóri hjá kirkjuráði sem framfylgir ákvörðunum ráðsins og sinnir margháttaðri stjórn-sýslu á vegum þess.

## Störf kirkjuráðs

Störf Kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sam-

eiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta kirkjuþings. Þá undirbýr ráðið flest þingmál og veitir kirkjuþingsfulltrúum, sem þess óska aðstoð, og ráðgjöf. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð er stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitir sóknnum margháttada ráðgjöf um fjármál.

Helstu viðfangsefni sem ráðið hefur fjallað um utan hefðbundinna mála eru sem hér segir:

### **Viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997**

Vegna áframhaldandi niðurskurðarkröfu ríkisins á hendur þjóðkirkjunni árið 2011 var gerður nýr tímabundinn viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um



Guðmundur Þór Guðmundsson

kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Samningsviðaukinn felur í sér tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt framangreindu kirkjujarðasamkomulagi vegna kröfu ríkisins á hendur kirkjunni um hagræðingu í fjármálum. Í viðaukanum fellst þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfa ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2011 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

### Lækkun tekna

Fjárlög fyrir árið 2011 fólu í sér 9% niðurskurð á öllum fjárlagaliðum Biskups Íslands. Kirkjuþing 2010 samþykkti skerðingu á samningsbundnum greiðslum árið 2011 samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi ríkis og kirkju frá 1997. Þá lækkuðu sóknargjöld um 7,5% árið 2011.

Haldið var aukakirkjuþing í ágústmánuði 2010 til að fjalla um niðurskurð ríkisins á fjárlagaliðum þjóðkirkjunnar. Þingið samþykkti tillögu um samningsmarkmið gagnvart ríkinu og tillögu um að fela kirkjuráði að halda áfram vinnu við aðgerðaáætlun vegna niðurskurðarkröfu ríkisins á fjárlagalið Biskups Íslands 2011. Þá kaus þingið þriggja manna nefnd til að vinna með kirkjuráði að útfærslu áætlunarinnar í samræmi við niðurstöðu samninga við ríkisvaldið.

Kirkjuráð beindi því til biskups Íslands að fresta að auglýsa öll prestsembætti sem kynnu að losna uns kirkjuþing 2011 hefði fjallað um málið.

Áfram hefur verið unnið að ýmsum hagræðingaraðgerðum í rekstri. Þeirri reglu hefur verið fylgt að ráða ekki í störf sem kunna að losna og starfsfólki á Biskupsstofu hefur verið fækkað.

### Fasteignaumsýsla

Tekin var í notkun gestastofa í Skálholti og hefur verið sett upp sýning þar um sögu staðarins. Þá samþykkti kirkjuráð að reist yrði svonefnd Þorláksbúð norðan dómkirkjunnar í Skálholti. Verkið er unnið að tilstuðlan Þorláksbúðarfélagssins sem kostar það einnig.

Leigusamningur við Keili – háskóla-setur í Ásbrú, Reykjanesbæ, um Kapellu ljóssins rann út og hefur ekki tekist að leigja kapelluna að nýju. Áformum um kirkjulega starfsemi í kapellunni á vegum stofnana kirkjunnar hefur verið slegið á frest vegna minni tekna þjóðkirkjunnar.

Ákveðið var að loka húsnæði kirkju-miðstöðvar á Akureyri, sem kirkjuráð hefur tekið þátt í að reka undanfarin ár í samstarfi við héraðsnefnd Eyjafjarðar-prófastsdæmis eftir að nefndin ákvað að draga sig út úr samstarfinu í hagræðingarskyni.

Unnið hefur verið að undirbúningi að sölu fasteigna kirkjumálasjóðs á grundvelli söluheimilda sem kirkjuþing 2010 samþykkti og með hliðsjón af markmiðum um fé sem þörf er á til að brúa rekstrarhalla árið 2011.

Hafist var handa við að reisa nýjan prestsbústað á prestssetursjörðinni Stafholti í Borgarfirði, Vesturlands-prófastsdæmi en verkefnið var boðið út með alútboði.

### Breyting á þjóðkirkjulögum

Kirkjuþing 2010 samþykkti að beina tilmælum til ráðherra um að flytja frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 á þann veg að við lögin bættist ákvæði til bráðabirgða þar sem heimilað er að fresta að auglýsa laus prestsembætti um stundarsakir. Frumvarp þetta er orðið að lögum.

## **Þingsályktun um þjónustu kirkjunnar**

Kirkjuþing 2010 samþykkti þingsályktun um heildarskipan þjónustu kirkjunnar og fól kirkjuráði að fylgja eftir samþykkt hennar. Kirkjuráð skipaði þriggja manna starfshóp til að vinna að því að koma á samstarfssvæðum um allt land og er stefnt að því að því verði lokið fyrir árslok 2011.

## **Samstarfssamningar**

Kirkjuráð hefur tekið þátt í ýmsum samstarfsverkefnum á undanförunum árum t.d. um prestsþjónustu á sjúkrahúsum, djáknaþjónustu í Hátúni, starfrækslu kirkjumíðstöðvar á Vestmannsvatni o.fl. Kirkjuráð hefur ákveðið að taka ýmsa þessara samstarfssamninga til endurskoðunar með hliðsjón af minni tekjum þjóðkirkjunnar.

## **Úttekt á rekstri Skálholtsstaðar**

Kirkjuráð fékk óháða aðila til að vinna úttekt á rekstri Skálholts og til mótnar stefnu til framtíðar. Var skýrslu skilað til kirkjuráðs snemma árs 2011. Í framhaldi af því var skipaður starfshópur til að fjalla um skýrsluna og gera tillögur til kirkjuráðs um framhald málsins.

## **Úttekt Ríkisendurskoðunar**

### **á þjóðkirkjunni**

Kirkjuráð beindi þeirri ósk til Ríkisendurskoðunar að fram færi úttekt á skipulagi, stjórnun og rekstri þjóðkirkjunnar. Ríkisendurskoðun ákvað að hefja svonefnda aðalúttekt á starfsemi Biskupsstofu og kirkjuráðs og muni hún fyrst og fremst beinast að skipulagi, stjórnun og verkaskiptingu þessara aðila og tengingu stofunnar og kirkjuráðs við ýmsar stofnanir kirkjunnar

og sjóði sem starfsemi þjóðkirkjunnar byggir að verulegu leyti á.

## **Skimun**

Á kirkjuþingi 2010 var starfsreglum um presta og sóknarnefndir breytt á þann veg að óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsisdóm vegna brota á barnaverndarlögum nr. 80/2002, fyrir kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot skv. 23 kafla og brot gegn frjálsræði manna skv. 24. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þó ekki minniháttar líkamsmeiðingar samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga. Þá er sömuleiðis óheimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur refsisdóm vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. refsisdóm síðustu fimm ára. Bannið nær einnig til sjálfboðaliða sem starfa með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri.

Óskað skal eftir samþykki allra, sem sækjast eftir starfi, launuðu, sjálfboðnu eða í verktöku, til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá viðkomandi hvað varðar ofangreindar tegundir brota. Synji umsækjandi um heimild er óheimilt að ráða hann til starfa.

Kallað hefur verið eftir þessum gögnum vegna allra starfandi presta, starfsfólks hjá sóknum og starfsmanna Biskupsstofu.

Vísað er til skýrslna í Árbókinni frá stofnunum sem falla undir kirkjuráð.

Hér hefur verið stiklað á stóru um störf kirkjuráðs. Vísað er til fundargerða kirkjuráðs á vef kirkjunnar til frekari fróðleiks og upplýsinga.

# Fjármálasvið Biskupsstofu

Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri



Sigríður Dögg Geirsdóttir

## Grundvöllur

Samkvæmt lögum um Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð ber Biskupsstofu að sjá um reikningshald þeirra. Biskupsstofa annast einnig reikningshald samkvæmt samkomulagi fyrir Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Tónskála Þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasjóð, Strandarkirkju og Strandarkirkjugarð, Hinn almenna kirkjusjóð og ýmsa aðra sjóði í vörslu biskups Íslands. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikningshald þessara sjóða og stofnana. Vegna breytinga á forgangsriðun verkefna Ríkisendurskoðunar liggur nú aðeins fyrir ársreikningur Biskupsstofu vegna 2010.

upplýsingar sem nýtast stjórnendum til ákvörðunar í rekstri sjóða og stofnana. Biskupsstofa annast reikningshalds- og greiðsluþjónustu ásamt launaþjónustu og áætlanagerð fyrir stofnanir og sjóði kirkjunnar. Markmiðið er að sníða þjónustuna að þörfum kirkjunnar með það að leiðarljósi að stuðla að betri nýtingu fjármuna hennar.

Starfsmenn fjármálasviðs eru Hildur Gunnarsdóttir, féhirðir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókarí, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Unnur Guðlaugsdóttir, aðalbókarí og Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókarí.

## Starfsemi

Meginverkefni fjármálasviðs Biskupsstofu er að halda utan um bókhaldsgögn og meðhöndla þau og breyta þeim í

## Niðurskurður ríkis á fjárlögum 2010

Niðurskurður árið 2010 var um 9,5% í heild miðað við árið á undan.

Fjárlagaliður	Fjárlög 2010	Fjárlög 2009	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.378,4	1.472,9	-6,4%	-94,5
06-705 Kirkjumálasjóður	257,4	292,4	-12,0%	-35,0
06-707 Kristnisjóður	82,2	94,5	-13,0%	-12,3
06-735 Sóknargjöld	1.800,0	2.018,0	-10,8%	-218,0
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	333,0	379,1	-12,2%	-46,1
<b>Samtals</b>	<b>3.851,0</b>	<b>4.256,9</b>	<b>-9,5%</b>	<b>-405,9</b>

Í töflunni fyrir neðan sjáum við hvernig óskertar greiðslur væru ef kirkjujarðasamningurinn væri óhaggaður og sóknargjöld ekki lækkuð í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Niðurskurðurinn í heild er þá um 20% eða tæpur 1 ma.kr.

Á árinu 2002 var sóknargjaldið fryst í 566 kr. Þegar það hefði átt að hækka um 9,71% það ár. Ef sóknargjaldið hefði ekki verið lækkað 2002, 2009 og 2010 væri sóknargjaldið kr. 1.031 í stað þess að vera 767 árið 2010 og verða sóknirnar því af 25% tekjum. Vegna skerðingar á sóknargjöldum lækka greiðslur frá ríkinu til Jöfnunarsjóðs sókna og

Kirkjumálasjóðs í sama hlutfalli og sóknargjöld.

## Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnarsýslu þjóðkirkjunnar. Jafnframt innir Biskupsstofa af hendi margvíslega sameiginlega þjónustu fyrir kirkjulegar stofnanir. Samkvæmt ársreikningi 2010 er 5,6 m.kr. tekjuafgangur í samanburði við 5,6 m.kr. halla á árinu 2009. Skuld við ríkissjóð var 1,3 m.kr. í árslok 2010 í stað 2,3 m.kr. skuldar í árslok 2009.

<b>Samanburður á fjárlögum 2010 og óskertum framlögum</b>	<b>Fjárlög 2010</b>	<b>Óskert framlag 2010</b>	<b>Mism. %</b>	<b>Mism. kr.</b>
06-701 Þjóðkirkjan	1.378,4	1.548,7	-11,0%	-170,3
06-705 Kirkjumálasjóður	257,4	344,9	-25,4%	-87,5
06-707 Kristnisjóður	82,2	88,9	-7,5%	-6,7
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	333,0	446,2	-25,4%	-113,2
06-735 Sóknargjöld	1.800,0	2.411,7	-25,4%	-611,7
<b>Samtals</b>	<b>3.851,0</b>	<b>4.840,3</b>	<b>-20,4%</b>	<b>-989,3</b>

## Kristnisjóður

Kristnisjóður starfar skv. lögum nr. 35/1970 og er hlutverk hans m.a. að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur að styrkja félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.

## Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður starfar skv. lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita styrki til þeirra sókna sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur og að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem sóknargjöld nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Jafnframt annast sjóðurinn fjársýslu með veittum lánum Kirkjubýggingasjóðs. Þá hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita ábyrgðir, sbr. reglugerð um Jöfnunarsjóð

sókna. Tekjur miðast við 18,5% ofan á sóknargjöld og hækkar gjaldið í hátt við hækkun á meðaltekjuskattsstofni eins og sóknargjöldin.

## Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 138/1993. Hlutverk Kirkjumálasjóðs er m.a. að kosta viðhald prestssetra, að standa straum af kostnaði við kirkjuping, kirkjuráð, prestastefnu, biskupsгарð, fjölskylduþjónustu, tónskóla, starfsþjálfun guðfræðikandidata og ýmis önnur verkefni. Í ársbyrjun 2008 fluttust fasteignir og langtímaskuldir Skálholts til Kirkjumálasjóðs, en umsjón með viðhaldi eignanna er á hendi stjórnar Skálholts samkvæmt samkomulagi við Kirkjuráð. Þá fer öll launaumsýsla starfsfólks Skálholts nú fram hjá Kirkjumálasjóði. Tekjur sjóðsins árið 2009 miðast við 14,3% ofan á sóknargjöld.

## *Fimm ára yfirlit í þús. kr. á verðlagi hvers árs*

## Biskupsstofa

	2010	2009	2008	2007	2006
<b>Rekstur</b>					
Tekjur	241.620	187.854	145.444	140.444	149.739
Gjöld	(1.617.843)	(1.675.152)	(1.664.431)	(1.578.794)	(1.506.879)
Stofnkostn	(285)	(606)	(2.426)	(1.343)	(3.314)
Framlag ríkis	1.382.100	1.482.300	1.515.600	1.443.800	1.347.900
Tekjuafgangur (-halli)	5.592	(5.604)	(5.813)	4.107	(12.554)
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir	22.439	7.243	9.779	20.190	21.158
Eignir alls	22.439	7.243	9.779	20.190	21.158
Höfuðstóll	(2.469)	(8.061)	(2.457)	1.813	(2.294)
Skammtímaskuldir	24.908	15.304	12.236	18.377	23.452
Eigið fé og skuldir alls	22.439	7.243	9.779	20.190	21.158

# Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar 2011

*Marinó Þorsteinsson*

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson setti 25. Leikmannastefnu þjóðkirkjunnar í Árbæjarkirkju. Hann fór með bæn, ritningarlestur og flutti síðan ávarp. Ræddi hann meðal annars um sýnileika kirkjunnar í athöfnum hennar svo sem í skírn og fermingu og kirkjuna sem hreyfingu. Hann sagði jafnframt að auka ætti þátttöku og ábyrgð leikmanna í starfi þjóðkirkjunnar. Einnig þakkaði hann leikmannastefnufulltrúum áralangt starf fyrir kirkjuna og óskaði góðs gengis á leikmannastefnunni. Síðan var gengið til safnaðarheimilis Árbæjarkirkju.

Formaður leikmannaráðs flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum. Urðu nokkrar umræður út af þeirri ákvörðun kirkjuráðs að neita ósk leikmannaráðs um setu áheyrnarfulltrúa á kirkjupingi.

Aðalfundarefni stefnunnar voru tvö:

## **I Þjónusta kirkjunnar - samstarfssvæði**

Sr. Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari, skýrði frá 7. máli kirkjupings um heildarskipan þjónustu kirkjunnar. En kirkjuping samþykkti lokaniðurstöður nefndar sem unnið hefur að þessu máli allt frá árinu 2006. Lúta þær að þeirri framtíðarsýn á starfsháttum kirkjunnar sem felst í samstarfssvæðum sókna, skilgreiningu á grunnþjónustu kirkjunnar og samþættingu við samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Margir tóku til máls og kom þar fram mikill vilji um stuðning við þetta mikilvæga mál.

## **II Aðskilnaður ríkis og kirkju.**

Ágúst Þór Árnason, brautarstjóri lagadeildar HA og Hjalti Hugason, prófessor í guðfræði- og trúarbragðadeild HÍ fluttu erindi um aðskilnað ríkis og kirkju. Kom margt athyglisvert fram í máli þeirra. Urðu miklar umræður og fyrirspurnir um málflutning þeirra.



Marinó  
Þorsteinsson

## **Kosningar**

Úr leikmannaráði áttu að ganga tveir aðalmenn, Jón Oddgeir Guðmundsson og Þórdís Friðbjörnsdóttir og tveir varamenn Guðný Guðmundsdóttir og María Jóna Einarsdóttir. Formaður kjörnefndar, Marinó Bjarnason, lagði fram eftirfarandi tillögu: Aðalmenn verði Þórdís Friðbjörnsdóttir og Jón Hákon Magnússon, varamenn Guðný Guðmundsdóttir og Jón Oddgeir Guðmundsson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Skoðunarmaður reikninga var kosinn áfram Bergur Torfason.

## **Leikmannaráð skipa því:**

### **Aðalmenn:**

Formaður: Marinó Þorsteinsson, Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra.

Ritari: Þórdís Friðbjörnsdóttir, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Meðstjórnandi: Jón Hákon Magnússon, Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra.

### **Varamenn:**

Guðný Guðnadóttir, Suðurprófastsdæmi Jón Oddgeir Guðmundsson, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Helgi Hjálmsón, Kjalarnefndarprófastsdæmi.



Þátttakendur  
og gestgjafar á  
Leikmannastefnu  
2011

## Ályktanir

Samþykktar voru eftirfarandi tvær ályktanir:

### Ályktun um kirkju og skóla

*Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar skorar á mannréttindaráð Reykjavíkurborgar að falla frá tillögu sinni um breytingar á fyrirkomulagi samskipta skóla borgarinnar við trúar- og lífsskoðunarfélög*

*25. leikmannastefna Þjóðkirkjunnar, sem haldin var í safnaðarheimili Árbæjarkirkju laugardaginn 2. apríl 2011, mótmælir tillögu mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar frá 12. október í fyrra, um samskipti skóla borgarinnar við trúar- og lífsskoðunarfélög.*

*Í umræddri tillögu er m.a. staðhæft að skólastarf í grunnskólum Reykjavíkur fari úr skorðum á haustin í einn til tvo daga vegna fermingarfræðslu kirkjunnar og þess vegna þurfi að hætta samstarfinu.*

*Leikmannastefnan heldur því fram að þetta sé óréttmæt fullyrðing. Í úrskurði Mannréttindadómstóls Evrópu segir að það brjóti ekki í bága við almenn mannréttindi og ekki sé um mismunun að ræða þótt trúfélög séu í samstarfi við leik-*

*grunnskóla enda sé samstarfinu ávallt stýrt af viðkomandi skólayfirvöldum.*

*Leikmannastefnan skorar á mannréttindaráð Reykjavíkurborgar að falla frá umræddri tillögu og slá þess í stað skjaldborg um rétt foreldra og barna til trúfrelsis skv. 14. og 29. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.*

*Næg er sú ókyrrð, sem nú ríkir í skólum borgarinnar, þótt mannréttindaráð bæti ekki um betur með rofi á farsælu og sögulegu samstarfi skóla við trúar- og lífsskoðunarfélög með umræddri breytingartillögu sinni.*

### Ályktun um að virkja sóknir til samstarfs

*Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar haldin í Árbæjarkirkju 2. apríl 2011 tekur undir þær áherslur sem birtast í samþykkt kirkjuþings um þjónustu kirkjunnar. Leikmannastefna beinir því til sóknarnefnda að taka ríkan þátt í því að gera samstarfssvæðin sem virkust og nýta þau tækifæri, sem í þeim felast, til*



# Vígslubiskup Hólastiftis

*Jón Aðalsteinn Baldvinsson*

Veikindi og fráfall kærs starfsbróður, sr. Sigurðar Sigurðarsonar í Skálholti, mörkuðu mjög starf mitt á umræddu tímabili – blessuð sé minning hans. Enda þótt ég héldi starfsáætlun minni eins og mögulegt var í umdæmi mínu, kallaði tilsjónin með Skálholtsumdæmi engu að síður á krafta mína með ýmsu móti. Sú tilsjón var þó langt frá því að vera fullnægjandi t.d. gat ég þar engan héraðsfund sótt, sem ég tel vera mjög mikilvægt að vígslubiskup geri.

Að vanda reyndist utanumhaldið um Hóladómkirkju og þá fjölbreyttu starfsemi sem henni tengist ærið starf. Við kirkjuna starfa Laufey Guðmundsdóttir, kirkjuvörður í hlutastarfi, og hefur sér til fulltingis starfsmenn yfir sumarmánuðina. Þeim störfum gegndu sr. Hjörtur Pálsson í fullu starfi kirkjuvarðar auk þess sem hann tók að sér messusöng og ýmsa aðra helgipjónustu. Í hlutastarfi var Nanna Westlund. Samvinna var við ferðapjónustuna á Hólum um afleysingapjónustu sem Magnús Ástvaldsson gegndi. Mikill straumur ferðafólks kemur heim á staðinn og þá fyrst og fremst til að skoða dómkirkjuna og Auðunarstofu. Margir þeirra vilja leiðsögn sem veitt er gegn vægu gjaldi.

Oft er óskað sérstaklega eftir nærveru minni og leiðsögn. Reyni ég að sinna því kalli eftir bestu getu, sé í því gullið tækifæri til að ná til fólks með boðskapinn góða sem staðurinn er hlutgervingur fyrir og saga hans vitnar svo sterklega um.

Helgihald er í kirkjunni alla daga

sumars og tvisvar í viku endranær. Að því koma margir. Ég hef lagt á það áherslu að fá presta stiftisins til að efna til messuferða heim að Hólum. Tónleikar eru á hverjum sunnudegi frá 20. júní til ágústloka. Njóta þeir síaukinna vinsælda bæði flytjenda og áheyrenda. Er ég þakklátur öllum þeim fjölda mikilhæfra listamanna sem lagt hafa sumartónleikunum lið fyrir lítið kaup en mikil hlaup. Kostnaður skiptist jafnt á milli Guðbrandsstofnunar á Hólum og Hóladómkirkju.

Hólahátíð var haldin í 17. viku sumars eins og venja er, dagana 13. – 15. ágúst. Dagskráin sem helguð var unga fólkinu og kirkjunni var fjölbreytt og vönduð. Vonbrigðum olli þó hve fámennur flokkur unga fólksins var, en þeir sem komu höfðu af því bæði gagn og gaman. Á málþingi, föstudagskvöldið 13. sem hafði yfirskriftina unga fólkíð og kirkjan, fluttu sr. Þorgeir Arason og Anna Dúa Kristjánsdóttir nemi ávörp. Fjórugar umræður urðu um efnið. Pílagrímagöngur féllu niður á laugardeginum vegna veðurs en gengið var í Gvendarskál þar sem ég leiddi pílagríma messu við altari Guðmundar góða og sr. Gunnar Jóhannesson flutti hugvekju. Ratleikir voru um Hólaskóg og kapphlaup á vegum ungmennafélagsins upp í Gvendarskál. Þá blessaði ég Sögusetur íslenska hestsins við hátíðlega athöfn í nýju húsnæði á Hólum. Að vanda var grillveisla um kvöldið og einnig kvöldvaka fyrir unga fólkíð við varðeld.

Á sunnudeginum var samkoma í



Jón Aðalsteinn  
Baldvinsson

Auðunarstofu kl. 11 þar sem Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra flutti ávarp og lýsti yfir vilja stjórnvalda á því að stofna til prentminjasafns á því að stofna til prentminjasafns á Hólum. Einnig flutti Benedikt Gunnarsson listmálari ávarp og færði Hóladómkirkju málverk að gjöf. Er það mynd af Hallgrími Péturssyni eins og listamaðurinn sér hann fyrir hugskotssjónum sínum. Við hátíðarmessuna prédikaði Pétur Björgvin Þorsteinsson og auk mín þjónuðu fyrir altari sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir, sr. Bolli Pétur Bollason og sr. Guðrún Eggertsdóttir. Ritningarlestra önnuðust börnin Bjarni Dagur Jóhannsson og Margrét Helga Sigurbjargardóttir. Félagar úr kammerkórnum Ísold á Akureyri leiddu messusönginn undir stjórn organistans Eypórs Inga Jónssonar.

Messukaffi var í skólahúsinu gamla að lokinni messu.

Á hátíðarsamkomunni flutti menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, Hólaræðuna. Skáld hátíðarinnar, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, flutti ljóð og Hjalti Jónsson tenór, Lára Sóley Jóannsdóttir fiðluleikari og Eypór Ingi Jónsson organisti sáu um tónlistaratriði.

Hátíðin var fjölsótt.

Tvær tónlistarhátíðir, sem Hóladómkirkja er þátttakandi í, hafa unnið sér hefðarsess á Hólum. „Barokkhátíðin á Hólum“ sem haldin er síðustu helgina í júní og Ríkíní hátíðin síðastu helgina í ágúst. Að henni stendur áhugafólk um fornan tónlistararf Íslendinga.

Er ég í stjórnnum félaganna beggja sem að hátíðunum standa. Báðar voru þær vel sóttar og að þeim mikill fengur. Greinilegt er af þeim mikla áhuga sem þær vekja að þær eru komnar til að vera.

Nokkur undanfarin ár hefur Gvendardagur 16. mars, verið haldinn hátíðlegur á Hólum. Er það samvinnuverkefni Hóla-

dómkirkju, Guðbrandsstofnunar og Menntaskólans á Akureyri. Markmiðið er að kalla fólk til samræðu um siðfræðileg málefni samtímans. Að þessu sinni fjallaði dr. Vilhjálmur Árnason prófessor um lýðræði og spurði: Er lýðræðið lausnarorð eða hluti vandans?

Á Gvendardegi er úthlutað styrkjum úr Áheitasjóði Guðmundar góða. Að þessu sinni féll styrkurinn 300.000 kr., í hlut Puriðar Hörpu Sigurðardóttur sem hefur leitast við af miklum dugnaði að sækja sér lækningu við lömum af völdum slyss.

Rekstur Guðbrandsstofnunar á Hólum, sem að mestu leyti er á mínum höndum, hefur liðið fyrir stórminnkandi framlög úr ríkissjóði. Hins vegar hefur kirkjan staðið betur við sinn hlut, þó hann sé að sjálfsögðu fremur smár. Engu að síður hefur stofnunin getað tekið á móti allmörgum fræði- og listamönnum til dvalar auk þess sem hún stendur að sumartónleikum í dómkirkjunni eins og áður segir. Útgáfustarfsemi og öðru því sem stofnuninni er ætlað að sinna hefur orðið að skjóta á frest. Með mér í stjórn sitja þeir Skúli Skúlason rektor og Einar Sigurbjörnsson prófessor.

Að venju stóð Prestafélag hins forna Hólastiftis í samvinnu við vígslubiskup fyrir samveru presta og guðfræðinga dagana 29. – 31. maí. Yfirskrift hennar var Siðgæði, samskipti og sálgæsla. Erindi fluttu dr. Sigríður Halldórsdóttir prófessor, Kristján Már Magnússon sálfræðingur og sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir sóknarprestur. Þá leiddi sr. Gunnlaugur Garðarsson form. félagsins umræðu um efnið „Erindrekar Krists – ónýtir þjónar“. Samveran var ágætlega sótt og öll hin ánægjulegasta.

Ég vísiteraði Dalvíkurprestakall á árinu. Fór til Grímseyjar á sjömannadaginn ásamt sóknarpresti, kór og

organista Hóladómkirkju. Var okkur forkunnarvel tekið og ferðin öll hin eftirminnilegasta. Seinni hluti vísitásiunnar fór fram í september. Hafði ég helgistundir á öllum sveitakirkjunum en prédikaði við messu á Dalvík. Þá vísiteraði ég Laufásprestakall í mars og prédikaði við messu í Þorgeirskirkja á Ljósavatni en hafði helgistundir á hinum kirkjunum. Í báðum prestaköllum var einkar ánægjulegt að eiga fundi með sóknarnefndunum og öðru áhugasólki um safnaðarstörf. Færi ég því góða fólki einlægur þakkar fyrir hlýjar og höfðinglegar móttökur.

Auk reglulegrar þjónustu við Hóladómkirkju prédikaði ég af ýmsum tilefnum vítt og breitt um stiftið. Telst mér svo til að þau tilefni hafi verið um þrjátíu talsins. Í því sambandi er mér sérstaklega minnisstætt æskulýðsmótið sem haldið var á Brúarási og á Egilsstöðum dagana 5. – 6. febrúar. Gleðin og krafturinn sem unga fólkið smitaði frá sér færði mér sönnur um það að framtíð kirkjunnar okkar er björt enda í góðum höndum.

Ég flutti nokkur erindi á árinu um sögu Hólstaðar, um kristni og kirkju sem og sálgæslu. M.a. erindi um sálgæslu sjúklinga fyrir starfsfólk sjúkrahússins á Akureyri.

Ég sótti Norræna biskupafundinn, ásamt báðum starfsbræðrum mínum, en hann var að þessu sinni haldinn í Árósum í Danmörku í byrjun júlí. Var það bæði ánægjuleg og lærdómsrík

samvera. Þá sótti ég alla héraðsfundi stiftisins, biskupafundi, kenningarnefndarfundi, kirkjuping, prófastafund, auk fjölmargra annarra funda og ráðstefna sem of langt mál yrði upp að telja.

Kona mín, Margrét Sigtryggisdóttir, starfaði ötullega við hlið mér þetta umliðna starfsár eins og öll þau ár sem ég hef verið í þjónustu kirkjunnar. Án hennar yrði mér erfitt um vik að gegna þeim störfum sem ég hef verið kallaður til. Fylgir hún mér nánast hvert sem ég fer og er mér ávallt til halds og trausts. Þá stendur hún sýknt og heilagt fyrir mikilli risnu á Hólstað. Þjóðkirkjan á henni mikla skuld að gjalda eins og svo mörgum prestsmökum fyrr og síðar.

Stundum heyrast þær raddir að einhver skonar rof hafi orðið milli kirkju og þjóðar upp á síðkastið. Sú er þó ekki reynsla mín. Þvert á móti hef ég á ferðum mínum um stiftið hvarvetna mætt áhugasömu fólki um eflingu kristni og kirkju, en jafnframt áhyggjufullu yfir þeirri umræðuhefð sem skapast hefur í þjóðfélaginu og er aðfór að kristnum gildum.

Þjóðin og kirkjan eru og verða eitt hvernig sem fer um umgjörð stjórnarskrár og laga. Eftir sem áður mun kirkjunni verða falið að halda utan um allt það dýrmætasta og helgasta á lífsgöngu fólksins í landinu, frá helgun þess við skírnarlaugina til hinstu kveðjustundar.

# Starfið á árinu

## *Fasteignanefnd þjóðkirkjunnar*

**Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, sviðsstjóri fasteignasviðs**



Anna Guðmunda  
Ingvarsdóttir

Fasteignanefnd þjóðkirkjunnar tók til starfa þann 1. janúar 2010 og starfar eftir starfsreglum kirkjupings frá 2009 um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar ásamt síðari breytingum. Kirkjuping tilnefnir tvo fulltrúa í fasteignanefnd og tvo til vara og kirkjuráð skipar án tilnefningar formann nefndarinnar og varaformann. Frá 1. júní til 31. desember 2010 voru í fasteignanefnd Guðmundur Þór Guðmundsson formaður, og kirkjupingsfulltrúarnir Lárus Ægir Guðmundsson og Helga Halldórsdóttir. Þann 1. janúar 2011 tóku sæti í nefndinni kirkjupingsfulltrúarnir Margrét Jónsdóttir og sr. Svavar Stefánsson. Þann 1. apríl var Bjarni Kr. Grímsson, kirkjupingsfulltrúi, skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin er skipuð til fjögurra ára. Varamaður formanns er Inga Rún Ólafsdóttir, kirkjupingsfulltrúi og aðrir varamenn eru kirkjupingsfulltrúarnir Margrét Björnsdóttir og Egill Heiðar Gíslason.

Samkvæmt framangreindum starfsreglum um fasteignir skal þjóðkirkjan varðveita, eiga og leigja fasteignir sem styðja þjónustu hennar og markmið, í samræmi við samþykktu fjárfestingastefnu kirkjupings hverju sinni. Fasteignasýslan tekur til um 100 fasteigna. Prestsbústaðir án jarðnæðis eru 42 talsins, prestssetursjarðir eru 25 talsins, aflagðar prestssetursjarðir eru 12 talsins og aðrar jarðir, þ.m.t. Skálholt

eru þrjár. Skrifstofu-, verslunar- og þjónustuhúsnæði eru sjö fasteignir og íbúðarhúsnæði níu.

Fasteignasvið Biskupsstofu sinnir daglegum rekstri þeirra verkefna sem fasteignanefnd og kirkjuráði eru falin í fyrrgreindum starfsreglum um fasteignir. Anna Guðmunda Ingvarsdóttir lögfræðingur, settur sviðsstjóri fasteignasviðs var skipuð sviðsstjóri frá 1. apríl 2011. Aðrir starfsmenn á fasteignasviði eru Kristín Mjöll Kristinsdóttir, innanhúsarkitekt og verkefnisstjóri framkvæmda og í hlutastarfi Ólína Hulda Guðmundsdóttir. Höskuldur Sveinsson, arkitekt, lét af störfum á árinu og eru honum þökkuð góð störf.

Fasteignanefnd hefur unnið að fasteignasýslu í samræmi við ákvæði starfsreglna um fasteignir og á grundvelli erindisbréfs kirkjuráðs. Meðal helstu verkefna má nefna gerð framkvæmdaáætlunar til þriggja ára, frá 2012 til 2014, og gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012. Hafa áætlanirnar verið lagðar fyrir kirkjuráð. Þá hefur verið unnið að ýmsum stjórnsýslu- og lögfræðimálum líkt og gerð leigusamninga, landamerkmála, innheimtu krafna, undirbúningi að sölu fasteigna, réttindagæslu og fleira. Fasteignanefnd veitir kirkjuráði umsögn um umsóknir í jöfnunarsjóð sókna sem varða framkvæmdir og eru ekki einungis fjárhagslegs eðlis. Að beiðni kirkjuráðs vann fasteignanefnd tillögu

að fasteignastefnu, þ.e. stefnumótun um fasteignir þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing skal fjalla um, og skilaði til kirkju ráðs til frekari umfjöllunar.

Unnið hefur verið að margvíslegum viðhaldsverkefnum á fasteignum kirkju-málasjóðs. Unnið er eftir framkvæmda-áætlun fyrir árin 2010 og 2011. Vegna ófyrirséðra, brýnna viðhaldsverkefna sem sinna varð tafarlaust reyndist óhjá-

kvæmilegt að breyta áætlununum að einhverju leyti.

Hagrætt hefur verið í rekstri fasteignasviðs á tímabilinu og hafa fjárheimildir til málaflöksins lækkað milli ára 2010 og 2011. Hefur fasteignanevnd því orðið að lækka framlög til viðhalds fasteigna á árinu 2011. Starfsmönnum á fasteignasviði hefur fækkað og hefur það bitnað á þjónustu sviðsins.

## **Fræðslusvið Biskupsstofu**

**Halldór Reynisson, verkefnisstjóri**

Fræðslusvið annast hluta af faglegri þjónustu embættis biskups Íslands samkvæmt skipulagsskrá Biskupsstofu. Það skal vera stefnumótandi um fræðslumál þjóðkirkjunnar auk þess að vera ráðgefandi fyrir biskup Íslands.

Til meginverkefna fræðslusviðs telst umsjón með efnisgerð fyrir barna- og unglingastarf kirkjunnar, en að henni er unnið í samvinnu við Skálholtsútgáfuna. Þá er stuðningur við fermingarstörf í söfnuðum á könnu fræðslusviðs.

Annað meginverkefni er umsjón námskeiða fyrir starfsfólk kirkjunnar í barna- og unglingastarfi (Innandyra) og skipulag farskóla og grunnnámskeiðs fyrir æskulýðsleiðtoga í samstarfi við ÆSKR, KFUM og K og æskulýðsnefnd Kjalarnesprófastsdæmis, starfs- og full-orðinsfræðsla kirkjunnar í samstarfi við Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, auk annarra námskeiða og samstarfsverkefna fyrir og í samvinnu við prófastsdæmi víða um land.

Þá kemur fræðslusvið að forvarnarmálum á vegum þjóðkirkjunnar og tekur þátt í samstarfi á þeim vett-

vangi, t.d. í Saman hópnum og Náum áttum.

### **Fræðslusvið – þjónustusvið**

Vegna skipulagsbreytinga á Biskupsstofu var ákveðið að sameina öll svið hinnar kirkjulegu þjónustu í eitt þjónustusvið. Kom það til framkvæmda 1. janúar 2011 og kemur það til með að breyta verkefnum þeirra sem áður störfuðu á fræðslusviði. Að þessu sinni er fjallað um verkefni fræðslusviðs sérstaklega enda koma þau smátt og smátt til með að renna inn í hið nýja þjónustusvið.

### **Starfsfólk fræðslusviðs**

Halldór Reynisson verkefnisstjóri fræðslumála, 100% starf.

Irma Sjöfn Óskarsdóttir verkefnisstjóri Leikmannaskólans og fullorðinsfræðslu og fl. 100% starf.

Elín Jóhannsdóttir fræðslufulltrúi barnastarfs, 100% starf.

Magnea Sverrisdóttir fræðslufulltrúi æskulýðsmála, 50% starf (20% starf



Halldór Reynisson

frá 1. febrúar til 1. júní er hún hætti störfum).

Sigríður Tryggvadóttir fræðslufulltrúi, annast lífsleikni í framhaldsskólum, 50% starf (20% starf frá 1. febrúar til 1. júní er hún hætti störfum).

Kristín Arnardóttir ritari á Biskupsstofu starfar með fræðslusviði.

## **Afleysingaþjónusta starfsfólks fræðslusviðs**

Frá janúar 2010 hefur sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir gegnt að hluta til prestsþjónustu á Akranesi.

Á árinu sinnti sr. Halldór Reynisson prestsþjónustu fyrir íslenska söfnuðinn í Lúxemborg. Þá hefur hann einnig sinnt afleysingum í söfnuðum í Reykjavík svo og í Dalaprestakalli jólin 2010 og páska 2011. Einnig leysti hann af sem rektor í Skálholti í febrúar-mars.

## **Eftirfylgd með syrgjendum**

Fræðslusviðið (HR) hefur komið að eftirfylgd með syrgjendum í söfnuðum landsins og verið með fundi og fyrirlestra, m.a. Egilsstöðum í tvgang, nokkrum sinnum á Selfossi, Sauðárkróki og í Keflavík. Einnig sorgarsamveru á aðventu í Grafarvogskirkju, minningarstund í Dómkirkjunni fyrir aðstandendur þeirra sem fallið hafa fyrir eigin hendi og sinnt skipulagi á hópastarfi fyrir syrgjendur.

## **Námská fyrir fræðslu kirkjunnar**

Á vegum fræðsludeildar var unnið að heildarnámskrá fræðslunnar og var dr. Gunnar Finnbogason fenginn til þess verks í samvinnu við starfsfólk fræðsludeildar. Námskráin var svo samþykkt á Kirkjuþingi 2010.

## **Endurskoðun vímuvarnarstefnu**

Unnið hefur verið að endurskoðun á vímuvarnarstefnu Þjóðkirkjunnar á árinu en það málefni hefur verið á könnu fræðslusviðs.

## **Fermingarstörf**

Áfram hefur verið unnið að kennsluáætlunum fyrir helstu stef í fermingarfræðslu og er það verk langt komið. Að auki er unnið að vefsíðu sem ætluð er fyrir fermingarbörn og aðstandendur þeirra, m.a. þá sem búa erlendis.

## **Net fræðslufulltrúa**

Fundur fræðslufulltrúa ásamt starfsfólki fræðslusviðs Biskupsstofu var haldinn í Fella- og Hólakirkju 1. og 2.nóvember 2010. Þar var farið yfir helstu verkefni í fræðslumálum Þjóðkirkjunnar. Að loknum fræðslufulltrúafundi var SVOT greining þar sem farið var í styrkleika og veikleika barnastarfsins.

## **Síðareglur**

Nýjar síðareglur starfsfólks kirkjunnar voru samþykktar á kirkjuþingi 2009 og síðan gefnar út í fyrra. Starfsfólk hins gamla fræðslusviðs mun áfram vinna að eftirfylgd með síðareglum og heilræðum í starfi á vettvangi starfsfólks þjóðkirkjunnar og hefur á þeim vettvangi átt samstarf við ýmis félög og stofnanir sem koma að slíkum málum t.a.m. fagrað þjóðkirkjunnar.

## **Barnastarf**

*Elín Elísabet Jóhannsdóttir*

**Efniseita kirkjustarfsins** hefur tekið stakkaskiptum á þessu ári. Nú eru skráðir notendur hennar orðnir um 500 talsins

og eru höfundar þess efnis sem þar er að finna orðnir rúmlega 100. Færst hefur í vöxt að starfsfólk kirkna sendi efni inn á efnisveituna og deili þannig góðum hugmyndum með öðrum. Á efnisveitu kirkjustarfsins er að finna efni fyrir sunnudagaskólann, 6-9 ára starf, 10-12 ára starf, unglingastarf, fermingarstörfin, Hjálparstarf kirkjunnar, foreldramorgna, fjölskylduguðsþjónustur og helgihald, starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar og eftirfylgd við fólk í erfiðum aðstæðum. Auk þess er þar að finna barna- og unglingasöngva og sálma, marga skemmtilega leikjabanka, föndurbanka og ríkulegt safn af Biblíusögum og ítar efni með þeim í formi smásagna og leikrita. Þar er hægt að finna sérstakt páskaefni, efni fyrir jól og aðventu, efni æskulýðsdagsins og efni fyrir sumarstarf kirkjunnar með börnum.

**Barnatrú.is** Þessi vefur er ætlaður börnum og foreldrum og fylgir hann efni sunnudagaskólans. Á hverjum sunnudegi birtist ný saga á vefnum, sama og lagt er upp með í sunnudagaskólanum. Á vefnum er einnig að finna bæni, minnisvers, sálma, söngva, myndir til að lita – auk þess sem Hjálparstarf kirkjunnar á sinn stað á vefnum. Þar er einnig að finna upplýsingar um alla sunnudagaskóla þjóðkirkjunnar um allt land; hvar þeir eru og hvenær. Skálholtsútgáfa kostaði allar myndir vefsins en Halla Sólveig Þorgeirsdóttir teiknaði myndirnar og eru það sömu myndir og prýddu úthendið sem börnin í sunnudagaskólanum fengu í vetur.

## Fræðsluefni fyrir barnastarf

**Sunnudagaskólinn:** Út kom nýtt efni fyrir sunnudagaskólann, Bar efnið yfirskriftina *Miðlum fjársjóði III*. Í því var efni fyrir 32 samverur. Efnið var birt á

Efnisveitunni, en einnig var hægt að kaupa útprentað leiðtogahefti hjá Skálholtsútgáfu. Hverri samveru fylgdu fallega myndskreyttir einblöðungar, samantrottnir í miðju þar sem Biblíusaga dagsins var sögð, auk þess sem þar var að finna létтар þrautir. Halla Sólveig Þorgeirsdóttir teiknaði Biblíumyndirnar en Elín Elísabet Jóhannsdóttir teiknaði og gerði þrautirnar. Í sparnaðarskyni voru ekki gerðar sérstakar möppur utan um efnið. Efnið samdi Elín Elísabet Jóhannsdóttir, en einnig var byggt á eldra áður útgefnu efni fyrir sunnudagaskólann.

**6-9 ára starf:** Samið var þó nokkuð af fræðslupökkum fyrir 6-9 ára starfið. Má þar fyrst nefna efnið *Hvað er kærleikur?* Þar er unnið með óðinn til kærleikans (1.Kor. 13) í 12 samverum. Höfundur efnisins var Elín Elísabet Jóhannsdóttir. Auk þess gerði Elín fræðsluefni með bók Karí Vinje um ósýnilega vininn en þar er að finna efni fyrir 9 samverur. Einnig gerði hún fræðsluefni með bókinni Við Guð erum vinir, eftir sama höfund, og er þar að finna efni fyrir 13 samverur. Hér er um að ræða frumsamið efni. Ekkert af þessu efni var sett í útgáfu heldur látið nægja að hafa það aðgengilegt á efnisveitunni.

**TTT (10-12 ára starf):** Gert var nýtt fræðsluefni byggt á sögunum um Hávarð hugprúða. Efni þetta bar yfirskriftina Í sporum annarra – með augum Guðs. Höfundur: Elín Elísabet Jóhannsdóttir. Efnið var ekki gefið út heldur látið nægja að hafa það aðgengilegt á efnisveitunni. Auk þess var sett inn á efnisveituna eldra efni; Dagar með Markúsi. Höfundur Guðlaug Björgvinsdóttir. Fleiri fræðslupakka er að finna inni á efnisveitunni fyrir þennan aldurshóp en stefnt er að því að gera það efni aðgengilegra.

## Könnun um stöðu sunnudagaskólans

Í mars var gerð könnun á stöðu sunnudagaskólans í öllum prestaköllum landsins.

Samkvæmt könnuninni fjölgun í sunnudagaskólanum hjá 25,9% prestakalla. 24% töldu að aðsóknin hafi staðið í stað en 50,6% töldu að hjá sér hafi fækkað. Í ljósi þessarar niðurstöðu hefur verið ákveðið að fara af stað með sérstakt átak í málefnum sunnudagaskólans næsta haust og meira hefur verið lagt í gerð fræðsluefnisins en gert hefur verið undanfarin ár.

## Innandyranámskeiðin haustið 2010

Innandyranámskeiðin voru haldin á tíu stöðum þetta haustið. Allt starfsfólk Fræðslusviðsins sá um að halda námskeiðin og skipti starfsfólkið stöðunum á milli sín.

Námskeiðin voru haldin á eftirfarandi stöðum: Seljakirkju í Reykjavík, Keflavíkirkirkju Holti í Öfundarfirði, Staðarflöt í Húnaþingi, Dalvíkurkirkju, Kirkjumíðstöðinni á Eiðum, í Ósló, safnaðarheimili Borgarneskirkju, Stykkishólmskirkju og safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu. Aðsóknin var víðast þökkaleg. Alls tóku 140 manns þátt þetta haustið.

Farið var í nýjungar á Efnisveitunni, fræðsluefni vetrarins fyrir sunnudagaskólann, 6-9 ára starf og TTT. Farið var í siðareglur starfsfólks í kristilegu æskulýðsstafi en þær hafa nýlega verið endurskoðaðar. Auk þess sem kynnt var átak þar sem mælt er til þess að allir nýir starfsmenn kirkjunnar verði látnir skrifa undir samþykki þess að sakaskrá þeirra yrði skoðuð við ráðningu.

Auk þess var farið í verklegar æfingar og tilraunir fyrir barnastarfið.

Í lok námskeiðs á hverjum stað var

fólki kynnt bókina Stórt og smátt um bænina en þar er að finna bænaæfingar sem nýtast vel undir fjölmörgum kringumstæðum m.a. í barna- og unglingastarfi.

## Æskulýðsstarf og leiðtogajálfun

### Magnea Sverrisdóttir

### Farskólinn: 2010-2011

Námskeið fyrir leiðtogaeftir þ.e. efnilega leiðtoga í barna- og unglingastarfi kirkjunnar frá 14 ára aldri voru haldin í samstarfi við prófastsdæmi víða um landið. Farskólarnir voru sem hér segir:

**Farskóli leiðtogaeftirna í Reykjavík og nágrenni** samstarfsverkefni ÆSKR, ÆNK, ÆSKP. 25 þátttakendur voru í Farskólanum í vetur og lauk honum með útskrift 30. mars í Digraneskirkju. Umsjón með skólanum hafði Erla Björk Jónsdóttir.

**Farskóli leiðtogaeftirna í Eyjafarðar, Múla- og Austfjarðarprófastsdæmum.** Farskólinn var byggður upp á þremur helgarnámskeiðum; tveimur á Vestmannsvatni og einu á Eiðum. Umsjónarmenn voru sr. Hólmgrímur E. Bragason, sr. Þorgeir Arason og sr. Stefán Már Gunnlaugsson, sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir, Kristján Þór Sverrisson, kristniþóði og þær Maíke Schäfer frá Þýskalandi og Klaudia Migdal frá Póllandi, sjálfboðaliðar við Glerárkirkju á vegum Evrópu unga fólksins. Alls útskrifuðust 15 unglingar frá ÆSKEY og á vegum ÆSKA útskrifuðust 3 unglingar.

## Námskeið fyrir presta, djákna og æskulýðsfulltrúa/leiðtoga

**Haustnámskeið leiðtoga 22. september.** Í samstarfi við ÆSKR, ÆSKP ÆNK og KFUM og K. Námskeiðið var haldið



á Holtavegi í húsi KFUM og K. Yfirskrift námskeiðsins var *Söngur- gleði- gaman*. Á námskeiðinu var kynnt ný söngbók æskulýðsstarfsins og sungnir út henni gamlir og nýir söngvar. Guðmundur Karl Einarsson og Gunnar Einar Steingrímsson héldu utan um stundina og var svo sannarlega glatt á hjalla. Þátttakendum á námskeiðinu voru um 30.

**Námskeið fyrir æskulýðsfulltrúa djákna og presta 6.-7. nóvember.** Í samstarfi við ÆSKR, ÆSKP ÆNK og KFUM OG K. Námskeiðið var haldið í Hjallakirkju og bar yfirskriftina *Höfum augun opin*. Þar kynnti sr. Gunnar Rúnar Matthíasson verkferla Fagráðs um meðferð kynferðisbrota og ræddi mörk í samskiptum. Ólöf Ásta Farestveit frá Barnahúsi ræddi um einkenni ofbeldis á börnum.

**Ferbrúarnámskeið í Grensáskirkju 5. febrúar.** Námskeiðið var samstarfsverkefni ÆSKR, ÆSKP ÆNK og KFUM og K. og bar yfirskriftina *Sjálfsmyndin og samfélagið*.

Gígja Grétarsdóttir skólahjúkrunarfræðingur fjallaði um kynimynd og sjálfsmynd unglunga og Halla Jónsdóttir fjallaði um hvernig styrkja megi sjálfsmynd unglunga í æskulýðsstarfi. Eftir hádegi var skipt í minni hópa og þátttakendum boðið að hlusta á sr. Guðrúnu Karlsdóttur um fyrirmyndir á netinu, sr. Jón Ómar Gunnarsson fjalla um notkun kvikmynda í æskulýðsstarfi, Margréti Ólöfu Magnúsdóttur sem var með Biblíulestur eða sr. Kjartan Jónsson sem ræddi um stráka í kirkjunni. Í lok dagsins var boðið upp á U2 messu þar sem Labbakútarnir spiluðu og sungu. Frekar fámennt var á námskeiðið eða bara um 40 manns.

**Landsmót æskulýðsfélaganna var haldið í Vestmannaeyjum**

Landsmót æskulýðsfélaganna með

um 700 þátttakendum var haldið á Akureyri dagana 15.-17. okt. október undir yfirskriftinni „*Þér eruð ljós heimsins*“. Umsjón hafði ÆSKP. Dagskrá mótsins var fjölbreytt að vanda. Boðið var upp á fjölbreytt hópastarf, kvöldvökur, ball og helgistundir. Mótið sem er það stærsta til þessa heppnaðist það í alla staði mjög vel. Verkefni mótsins var að safna fé til að frelsa börn sem eru í ánaðu á Indlandi og á mótinu safnaðist fé sem mun veita 72 börnum frelsi og skólavist.

## Æskulýðsdagurinn 2011

Æskulýðsdagurinn var haldinn hátíðlegur í söfnuðum landsins sunnudaginn 6. mars.

## Lífsleikni þjóðkirkjunnar

### Sigríður Rún Tryggvadóttir

Veturinn 2010-2011 var fræðsla á vegum Lífsleikni þjóðkirkjunnar í stórum hluta af framhaldsskólum landsins. Fræðarar verkefnisins eru prestar, djáknar eða sérmenntaðir æskulýðsfulltrúar og hefur alltaf verið lögð áhersla á faglegan grunn starfsins og að fræðarar fái þjálfun til að sinna fræðslunni.

Í ár hlutu yfir 2000 nemendur fræðslu á vegum verkefnisins, sem þýðir að frá upphafi hafa næstum 20000 nemendur fengið fræðslu á vegum verkefnisins. Eins og alltaf var fræðsluefnið *Sorg – hvernig bregst ég við sorg?* oftast notað, enda er mest áhersla lögð á það. Verkefnið *Vonin - hvernig hjálpa ég syrgjandi vini?* var einnig mikið notað.

## Ungir atvinnuleitendur

Síðla hausts 2009 kallaði Vinnu-málastofnun eftir samvinnu ýmissa

aðila í samfélaginu, þeirra á meðal þjóðkirkjunnar, vegna vaxandi atvinnuleysis og brottfalls úr skóla meðal ungs fólks. Samstarfshópur á vegum þjóðkirkunnar tók að sér að vinna verkefni fyrir unga atvinnuleitendur sem snérist að töluverðu leyti um sjálfstyrkingu en þegar á hólminn var komið varð ekki af framkvæmd vegna ónógrar þátttöku. Til stendur þó næsta vetur að félagsþjónusta Reykjavíkur og Hjálparstarf kirkjunnar nýti sér verkefnið í tengslum við skjólstæðinga sína.

## Fullorðinsfræðsla

### *Irma Sjöfn Óskarsdóttir*

Leikmannaskóli þjóðkirkjunnar hefur verið eitt af verkefnum fræðslusviðs nú síðustu ár undir heitinu *Starfs- og leikmannaskóli kirkjunnar*.

## Starf Leikmannaskólans

Leikmannaskóli þjóðkirkjunnar hefur um árabíl sinnt innan kirkjunnar almennri fræðslu meðal leikmanna. Í samstarfi við Reykjavíkúrprófastsdæmin hefur starf Leikmannaskólans tekið nokkrum breytingum á síðustu tveimur árum. Veturinn 2010-2011 voru haldin sjö námskeið, sex voru í samstarfi við Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra og eystra og eitt í samstarfi við Hallgrímskirkjusöfnuð. Heildarfjöldi þátttakenda var um 150 manns

Það er gleðilegt að sjá þennan góða hóp sjálfboðaliða og starfsfólks kirkjunnar gefa sér tíma til að fræðast um kirkju og kristni til að efla sig í starfi. Sérstaklega er áberandi hópur messuþjóna en þar sannarlega sjá vaxtarbrodd í leikmannastarfi þjóðkirkjunnar.

## Starfsmannafræðsla

Að hugmynd og með hvatningu prófasta og héraðspresta í Reykjavíkúrprófastsdæmum í samstarfi við fræðslusvið hefur verið unnið áfram að grunnnámskeiði fyrir kirkjustarfsfólk. Haldin voru tvö svokölluð grunnnámskeið sem heita „Að starfa í kirkjunni“ og var unnið var áfram undir yfirskriftinni „Til ábyrgðar og ánægju“. Efni námskeiðanna á þessu starfsári var Kirkjusaga Íslands með áherslu á samband ríkis og kirkju og siðfræði, grunnþætti og nokkur álitamál tekin fyrir. Námskeiðin voru haldin í Áskirkju, og Grafarvogskirkju og voru þetta siðdegisnámskeið, alls sex kennslustundir hvort námskeið. Leiðbeinendur voru dr. Hjalti Hugason, Halldór Reynisson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

Námskeiðin voru þátttakendum að kostnaðarlausu en kostnaður dreifðist á Reykjavíkúrprófastsdæmi og Fræðslusvið Biskupsstofu. Samanlagður fjöldi þátttakenda á námskeiðunum var um 50 manns. Fyrirhugað er að næsta vetur verði framhald á en þá verði endurtekið námskeiðsefni ársins 2009-2010 að mestu.

## Opin námskeið

Meðfram starfsmannafræðslunni voru haldin svo nefnd opin námskeið eða valnámskeið. Undir því heiti voru haldin námskeið í Breiðhóltskirkju í samstarfi við Reykjavíkúrprófastsdæmi um undirbúning aðventu og jóla undir heitinu „Engill í glugga“, námskeið þar sem fjallað var um sálma sem tengjast kirkjuárinu (föstu og páskum) og kristinni kenningu (lærdóms- og játningarsálmar) einnig nokkra nýja sálma sem ekki eru í sálmabókinni. Sálmánámskeiðið var í

samstarfi við helgisiðasvið Biskupsstofu, söngmálastjóra og sálmabókarnefnd. Í Breiðholtskirkju var boðið upp á Biblíulestra bæði á haustinu og vorinu og námskeiðið *Lifandi steinar* var haldið í samstarfi við Hallgrímssöfnuð. Alls sóttu

um 105 þessi námskeið. Leiðbeinendur voru sr. Kristján Valur Ingólfsson, dr. Einar Sigurbjörnsson, sr. Petrína Mjöll Jóhannsdóttir, sr. Bryndís Malla Elísdóttir, sr. María Ágústsdóttir og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson.

## Guðfræði- og þjóðmálasvið

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri

Á sviði verkefnisstjóra guðfræði og þjóðmála eru samkirkjumál og samskipti við önnur trúarbrögð auk upplýsingamála, ýmissa málefna er snerta samskipti kirkju og þjóðfélags og stefnumótun kirkjunnar. Í janúar 2011 sameinuðust nokkur svið Biskupsstofu undir nafninu Þjónustusvið og falla Guðfræði og þjóðmál nú undir það svið.

Fjallað er um samkirkjumál í skýrslu samkirkjunefndar og samtarfsnefndar kristinna trúfélaga og upplýsingamál í skýrslu um upplýsinga- og vefmál.

### Þvertrúarleg samskipti

Verkefnisstjóri hefur verið ritari Samráðsvettvangs trúfélaga frá upphafi. Fulltrúar trúfélaganna hittast að jafnaði á tveggja mánaða fresti til að ræða sameiginleg mál, kynnast trú og siðum hvers annars og deila skoðunum.

Samráðsvettvangurinn hélt málþing í Neskirkju hinn 14. apríl s.l. undir yfirskriftinni: Trúarlegar byggingar – hlutverk og staða. Í kynningu sagði m.a.: „Kirkjur, moskur, musteri og samkomuhús trúfélaga eru starfi þeirra mikilvæg, bæði vegna þess að trúariðkunin krefst oft ákveðinna þátta í byggingarlagi og rými, og einnig þar sem þessi hús eru samkomuhús trúfélaga, menningarmið-

stöðvar og fræðslustaðir og gegna sums staðar miklu hlutverki í samfélagshjálp.“

Á málþinginu var fjallað um þetta á tvennan hátt: með fyrirlestrum um byggingarlist og skipulagsmál og með innleggi fulltrúa ýmissa trúfélaga um hlutverk slíkra bygginga fyrir trúariðkun þeirra.

Málþingið var haldið í samvinnu við Trúarbragðastofu Hugvísindadeildar Háskóla Íslands. Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður stýrði því. Erindi fluttu Magnús Jensson arkitekt og Björn Axelsson skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar. Þá fluttu fulltrúar fimm trúfélaga erindi um hlutverk trúarlegra bygginga í þeirra söfnuðum og Steinunn A. Björnsdóttir flutti samantekt og vakti athygli á sameiginlegum álitamálum. Hyggst Samráðsvettvangurinn vinna áfram á þessu sviði og meðal annars hafa samband við sveitarfélög til að ræða ýmis mál er við koma trúarlegum byggingum.



Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir

### Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Þjóðkirkjan er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Undanfarin ár hafa fulltrúar í stjórn verið Steinunn A. Björnsdóttir, verkefnisstjóri, og Toshiki Toma, prestur innflytjenda.

Í mars ár hvert sér Mannréttinda-skrifstofan um að skipuleggja hér á landi Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem þjóðkirkjan tekur þátt í með fjölda ungs fólks í samvinnu við ÆSKR, ÆSKP, KFUM, KFUK, Rauða krossinn og fleiri. Að þessu sinni var yfirskriftin „Njótum fjölbreytileikans“. Ungt fólk stóð fyrir viðburðum í verslunarmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Ísafirði, dreifði kynningarefni og ræddi við fólk um kynþáttaförðoma. Sr. Toshiki Toma hefur átt sæti í undirbúningsnefnd þessa viðburðar frá upphafi.

## Stefnumótun

Ein af áherslum stefnumótunar þjóðkirkjunnar var umgjörð starfsins. Til að fylgja því eftir var unnin stefna um heildarskipan þjónustu kirkjunnar. Þær tillögur voru kynntar í áföngum og var lokaskjal lagt fyrir kirkjuþing af nefnd sem kirkjuráð skipaði í árslok 2009. Í henni sátu: Þorvaldur Helgason, biskupsritari, formaður, Jón Helgi Þórarinnsson, sóknarprestur, Dagný Halla Tómasdóttir æskulyðsfulltrúi hjá ÆSKR og Magnea Sverrisdóttir djákni, sr. Agnes Sigurðardóttir prófastur, sr. Gísli Jónasson prófastur, sr. Kristján Björnsson, Marínó Þorsteinsson formaður leikmannaráðs og Katrín Ásgrímsdóttir kirkjuþingsfulltrúi. Steinunn A. Björnsdóttir, verkefnisstjóri, var starfsmaður nefndarinnar.

Tillögur nefndarinnar voru samþykktar. Í samþykkt kirkjuþings segir:

*Kirkjuþing 2010 samþykkir megináherslur í skýrslu nefndar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar og felur kirkjuráði að fylgja eftir framkvæmd hennar.*

*Kirkjuþing samþykkir þá framtíðarsýn á starfsháttum kirkjunnar sem felst í samstarfssvæðum sókna, skilgreiningu*

*á grunnþjónustu kirkjunnar og samþættingu við samþykktir um innri málefni kirkjunnar.*

*Kirkjuþing felur kirkjuráði í samráði við heimamenn að koma á fót samstarfssvæðum um allt land fyrir árslok 2011.*

*Kirkjuþing felur kirkjuráði einnig að skipa starfshóp til að ljúka stefnumótun um starfsmannahald og leiðtogaþjálfun, jafnt launaðra starfsmanna sem og sjálfboðaliða, í sóknum, prestaköllum, prófastsdæmum og öðrum stofnunum þjóðkirkjunnar. Þá taki starfshópurinn til umfjöllunar hlutverk kærleiksþjónustu í starfi safnaða og stofnana, svo skilgreiningu á störfum. Hugað verði sérstaklega að heildarsýn í skipulagi og aðgreiningu samstarfssvæða og stjórnunareininga þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuráð fól kirkjustarfshópi ráðsins að móta tillögur til kirkjuráðs um framkvæmd þingsályktunarinnar. Í framhaldi af því var þeim sr. Jóni Helga Þórarinssyni, Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur og Þorvaldi Karli Helgasyni eftirfarandi verkefni samkvæmt samþykkt kirkjuþings í 7. máli:

*Kirkjuþing felur kirkjuráði einnig að skipa starfshóp til að ljúka stefnumótun um starfsmannahald og leiðtogaþjálfun, jafnt launaðra starfsmanna sem og sjálfboðaliða, í sóknum, prestaköllum, prófastsdæmum og öðrum stofnunum þjóðkirkjunnar. Þá taki starfshópurinn til umfjöllunar hlutverk kærleiksþjónustu í starfi safnaða og stofnana, svo skilgreiningu á störfum.*

Unnið skyldi í nánú samráði við kirkjustarfshóp.

Unnin var framkvæmdáætlun og hefur hún verið kynnt með bréfum og þátttöku í fundum, þar með talið bæði Leikmannastefnu og Prestastefnu. Hún var einnig kynnt á héraðsfundum þar sem óskir hafa borist um slíkt og á prófastafundi. Áfram verður unnið að verkefninu á haustönn 2011.

# Helgisiðasvið

## Kristján Valur Ingólfsson, verkefnisstjóri

Hlutverk Helgisiðasviðs er að vera starfsfólki kirkjunnar til ráðgjafar í málefnum helgisiðanna og stýra endurskoðun og nýsköpun í þeim málaflokki. Verkefnisstjóri er Kristján Valur Ingólfsson sem jafnframt er þjónandi sóknarprestur á Þingvöllum. Verkefni Helgisiðasviðs falla náð að verkefnum Kirkjutónlistarsviðs Biskupsstofu undir stjórn Söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar.

Þrjár nefndir starfa í tengslum við Helgisiðasvið: Helgisiðanefnd, Handbókarnefnd og Sálmbókarnefnd. Þessar nefndir bera ábyrgð á endurskoðun Handbókar og Sálmbókar kirkjunnar.

Í Helgisiðanefnd sitja dr. Einar Sigurbjörnsson, sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og sr. Kristján Valur Ingólfsson sem er formaður. Nefndin er skipuð af biskupi og skal hún vera leiðbeinandi og ráðgefandi um málefni helgisiðanna. Þá safnar nefndin upplýsingum um nýjungar og þróun í málaflokknum og viðheldur tengslum við kirkjur erlendis. Þar er fyrst og fremst um að ræða systurkirkjurnar á Norðurlöndum og aðrar lútherskar kirkjur í Þýskalandi og í Bandaríkjunum Norður-Ameríku.

Í Sálmbókarnefnd sitja dr. Einar Sigurbjörnsson, formaður, Hörður Áskelsson, söngmálastjóri, sr. Jón Helgi Þórarinsson, sóknarprestur, sr. Lena Rós Matthíasdóttir, prestur, Hjörtur Pálsson, skáld og prestur og dr. Margrét Eggertsdóttir, bókmenntafræðingur. Einnig starfa með nefndinni sr. Kristján Valur Ingólfsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sem er ritari nefndarinnar.

Meðfylgjandi er skýrsla formanns sálmbókarnefndar.

Í Handbókarnefnd sitja sr. Kristján Valur Ingólfsson formaður, sr. Jóhanna Sigmarsdóttir sóknarprestur, sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari, sr. Guðni Már Harðarson, prestur, sr. Gunnlaugur Garðarsson, sóknarprestur og sr. Arna Ýr Sigurðardóttir. Varamenn eru sr. Bryndís Malla Elísdóttir, héraðsprestur og sr. Bragi Skúlason sjúkráhusprestur. Einnig starfa með nefndinni dr. Einar Sigurbjörnsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sem er ritari nefndarinnar.

Handbókarnefnd hefur verið að störfum í núverandi mynd frá því á árinu 2005 og hefur á þeim tíma unnið eftir langtímaáætlun um endurskoðun handbókar kirkjunnar, sem kom út árið 1981. Við endurskoðunina er tekið mið af vinnunni frá árinu 1981 og hin klassíska messa lögð til grundvallar helgihalds safnaðarins. Handbókarnefnd hefur lagt fyrir biskupafund og prestastefnu tillögur að formum sem notast skulu til reynslu áður en til endanlegrar samþykktar kemur. Á prestastefnu 2011 var staða handbókarvinnunnar kynnt ásamt því efni sem þegar hefur verið birt á vefnum [www.kirkjan.is/handbok-presta](http://www.kirkjan.is/handbok-presta)

Vegna efnahagsþrenginga hefur verið dregið úr erlendum samskiptum og verður svo um sinn að ekki verða sendir fulltrúar á þing og ráðstefnur erlendis. Eftir sem áður eru þó góð og gefandi samskipti um málefni kirkjusöngs og helgisiða með tölvupósti og netmiðlum. Ljóst er að haustið 2011 þarf að endurmeta alla starfsemi á sviði helgihalds og kirkjutónlistar og



Kristján Valur Ingólfsson

þar með talin störf nefndanna, með það að markmiði að nýta sem best þær aðstæður sem þjóðkirkjan býr við og þarf að laga sig að.

## **Sálmabókarnefnd**

Sálmabókarnefnd var skipuð árið 2005. Í henni sitja Einar Sigurbjörnsson, formaður, Hörður Áskelsson, söngmálastjóri, sr. Jón Helgi Þórarinnsson, sr. Hjörtur Pálsson, sr. Lena Rós Matthíasdóttir dr. Margrét Eggertsdóttir, rannsóknarprófessor á Stofnun Árna Magnússonar, sr. Kristján Valur Ingólfsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, sem gegnir störfum ritara nefndarinnar.

Með nefndinni hefur starfað 20-30 manna ráðgjafahópur og hefur hver nefndarmaður haft ákveðið verkefni með höndum og sinnt því með sínum ráðgjafahópi.

Á fyrstu starfsárum sínum luku Sálmabókarnefnd og ráðgjafahóparnir yfirferð yfir núgildandi Sálmabók og gerðu tillögu um þá sálma sem halda ætti í núgildandi sálmabók og þá sem fella ætti burt. Í framhaldinu vann Sálmabókarnefnd að athugun á nýjum sálmum og hefur í stórum dráttum gert tillögu að nýrri sálmabók.

Sálmabókarnefnd gerði sér vonir um að ný Sálmabók íslensku þjóðkirkjunnar gæti litið dagsins ljós árið 2011. Hinar miklu efnahagsþrengingar sem bitnað hafa illa á þjóðkirkjunnar gerðu þær vonir að engu. Í staðinn kviknaði sú hugmynd að gefa út hefti með u.þ.b. 150 nýjum sálmum sem nota mætti í tilraunaskyni um nokkurra ára bil. Með því móti fengist reynsla af nýjum sálmum og gæti sú reynsla nýst við undirbúning að útgáfu nýrrar sálmabókar. Vonir standa til að tilraunaheftið geti komið út í lok yfirstandandi árs.

Sérstakur starfshópur organista og kirkjutónlistarfólks sem söngmálastjóri kallaði til vann mikið verk við að meta sálmalög og gerði tillögur að lagboðum. Aðalheiður Þorsteinsdóttir og Arngerður María Árnadóttir unnu að nótnasetningu og hefur stærstu hluti þeirra sálma sem verða í nýrri sálmabók þegar verið settur upp með nótum. Uppsetning og útlit tilraunaheftisins verður svipað því sem verður í væntanlegri sálmabók. Vinna við sálmásöngsbók eða kóralbók er hins vegar skammt á veg komin.

# Prestur á sviði helgihalds og þjóðmenningar

Sr. Gunnþór Ingason

## Salt og ljós í mannlífi og menningu íslenskrar þjóðar

Vorið 2009 kallaði biskup Íslands mig til að taka að mér þjónustu á sviði helgihalds og þjóðmenningar en þá hafði ég gegnt sóknarprestþjónustu við Hafnarfjarðarkirkju í full 32 ár og verið áður vetrarlangt sóknarprestur í Staðarprestakalli í Súgandafirði. Hóf ég störf á þessu nýja sviði í sumarlok.

Ég hafði aflað mér sérmenntunar í keltneskri kristni í Háskólanum í Lampeter í Wales með meistaraþráðu. Til þess var horft, að ég kynnti og miðlaði þekkingu á forn keltneskum trúararfi, sem ætti erindi við samtímamann. Mér var jafnframt falið að huga að tengslum kristni og kirkju við menningstrauma í samtíðinni sem birtust í listsköpun og listtúlkun. Auk þess tæki ég að mér verkefni á vegum helgisiðanefndar og sæti fundi Handbókar- og Sálmaþókarnefnda eftir þörfum og annaðist helgihald á Þingvöllum ásamt sóknarpresti, sr. Kristjáni Vali Ingólfsyni. Sr. Kristján Valur var til þess kvaddur að vera mér innan handar við mótun starfsvettvangsins.

## Fræðistörf

Með kynnum og samstarfi við innlenda og erlenda fræðimenn hef ég sinnt rannsóknum á keltneskri kristni og menningu og áhrifum þeirra á íslenska kristni og mannlíf, en mig hefur skort vinnuáðstöðu til þess að geta beitt mér að kröfuharðri rannsóknarvinnu. Í upphafi starfa gerði ég sr. Kristjáni Vali og sr. Þorvaldi Karli Helgasyni,

biskupsritara, grein fyrir námi mínu í Wales, ritgerðum, sem ég vann þar að og greindi frá námi mínu í miðaldalatinu. Áður en ég hóf störf flutti ég fræðsluerindi á vegum Hafnarfjarðarkirkju um grunnstefi í „keltneskri kristni“ og kom til viðtals við Ævar Kjartansson í útvarpsþætti um áþekkt efni og flutti fyrirlestur á Oddastefnu í Þjóðminjasafninu um „Vesturför keltneskrar kristni,“ sem birtist í Goðasteini, Héraðsriti Rangæinga 46. árg. 2010 bls. 116-132. 17. apríl 2010 flutti ég fyrirlestur á keltnesku kvöldi í Fólkvangi á Kjalarnesi um „keltneska trúarhugsun og sérstöðu hennar.“ 19. okt. 2010 flutti ég fræðsluerindi í Snorrastofu í Reykholti, um „keltneska trúarhugsun á vesturvegi, ummerki og áhrif.“ 17. nóv. 2010 flutti ég fræðsluerindi í safnaðarheimili Neskirkju, sem nefnt var í kynningu; „Keltar, kristni og Íslendingar fyrir á tíð.“

2-3. okt. 2010 sótti ég fjölþjóðlega ráðstefnu í Þórbergssetri á Hala í Suðursveit sem bar yfirskriftina. *Vikings and Celts in South-East Iceland. Saga, Sources and Scenarios; Vikingar/Norrænir menn og Keltar á suð-austur Íslandi, söguarfur, heimildir og sögusvið.* Við dr. Pétur Pétursson, prófessor, vorum fulltrúar þjóðkirkjunnar á ráðstefnunni og teljum mikilvægt að vera í virku sambandi við innlenda og erlenda fræðimenn, sem sóttu stefnuna.

## Helgistaðir á föruleiðum

Í starfslýsingu er farið fram á að ég stúðli að helgi/pílagrímagöngum á slóðum



Gunnþór Ingason

kristni og kirkju, svo sem á sögslóðum keltneskrar kristni.

Því til undirbúnings fékk ég til liðs við mig umræðu- og samstarfshóp um „Helgistaði á föruleiðum.“ Í hópnum sitja Jónatan Garðarsson, dagskrárgerðarmaður, Þór Magnússon, fyrrv. Þjóðminjavörður, Svavar Sigmundsson, örnefnafræðingur, Guðmundur Rafn Sigurðsson, umsjónarmaður kirkjugarða, dr. Pétur Pétursson prófessor og sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson. Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur, er til ráðgjafar á sérsviðum sínum. Vilborg Davíðsdóttir, rithöfundur, er hefur skrifað skáldsögu um Auði djúpu údgu sótti einn fund sem góður gestur.

## Helgigöngur

Laugardaginn 19. júní 2010 fór „Auðarganga“ fram vestur í Dölum með helgihaldi við Auðartóftir, í Hvammskirkju og undir Krosshólum, þar sem messað var. Gengið var á milli staða með göngukross í fararbroddi. Kirkjukaffi var á Skerðingstöðum. Við sr. Óskar Ingi Ingason leiddum helgihaldið, sem einkenndist af forn keltneskum trúartextum. Auk ritningarlestra var lesið úr Landnámu og Vilborg Davíðsdóttir las úr Auðarbók sinni. Gísli Helgason lék á írsku flautu. Gott samstarf var við heimamenn og ferðamálafrömuði í héraði við skipulag og framkvæmd Auðargöngunnar.

Á Jónsmessukvöldi 24. júní s.l. stóð Vínafélag Krýsuvíkurkirkju, sem Jónatan Garðarsson er í forystu fyrir og vinnur að byggingu nýrrar kirkju, að guðspjónustu við grunn brunninn Krýsuvíkurkirkju er ég stýrði enda hafði ég umsjón með kirkjunni sem helgidómi á vegum Þjóðminjasafns og sit í stjórn Vínafélagsins. Jónatan leiddi göngu

í nágreininu. Kirkjukaffi var í Sveinshúsi. Undirbúningur að smíði nýrrar Krýsuvíkurkirkju gengur vel. Smíðin er nemendaverkefni á vegum Iðnskólans í Hafnarfirði, sem gefur alla vinnuna. Þjóðminjavörður, Margrét Hallgrímsdóttir, og sérfræðingar á vegum Þjóðminjasafns Íslands styðja endurgerð kirkjunnar með ráðum og dáð.

Sunnudaginn 27. júní stóð ég ásamt dr. Gunnari Kristjánssyni prófasti Kjalarnessprófestsdæmis að „keltneskri“ útiguðspjónustu á Esjubergi á Kjalarnessdögum með stuttri helgigöngu. Við fluttum báðir erindi á fræðslufundi eftir guðspjónustuna í samkomuhúsinu Klébergi.

Sunnudaginn 15. ágúst fór „keltnesk“ messa fram í Dagverðarneskirkju, sem við sr. Elína Hrund Kristjánisdóttir, sóknarprestur á Reykhólum, stýrðum í veikindaleyfi sr. Óskars Inga Ingasonar sóknarprests, með undanfarandi helgigöngu í nágreinni kirkjunnar. Um þrjátíu manns tóku þátt í helgigöngunni en um sjötíu manns í messunni og fylgjandi kirkjukaffi í samkomutjaldi við kirkjuna.

Sunnudaginn 19. september fór „keltnesk“ helgiganga fram á Gufuskálum. Hún hófst með helgistund í Ingjaldshólskirkju. Þaðan var ekið í rútu að fiskibyrjgunum við Gufuskála og síðan að Írskra brunni og gengið að steinhleðslum úr byggingu, sem gæti hafa verið kirkja á fyrri tíð. Helgistundir voru haldnar á hverjum stað. Síðan var ekið til messu í Ingjaldshólskirkju. Við sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, sóknarprestur, leiddum messuna. Eftir hana var boðið til kirkjukaffis í safnaðarheimili kirkjunnar. Þar fjallaði ég um heilagan Patrek. Á öllum þessum stöðum voru helgihald og messur með einhverju fornkeltnesku sniði sem setti sinn sérstæða svip á það sem fram fór.



Forsvarsmenn í héraði í kirkju-, menn- ingar- og ferðamállum voru jafnan hafðir með í ráðum og tóku virkan þátt í við- burðum.

## Trúarskjól og „nýr“ tilbeiðsluhættir

Eitt af verkefnum mínum felur í sér að gæta að nýjum tilbeiðsluháttum og veita þeim brautargengi í þjóðkirkjunni byggist þeir á traustum kristnum grunni. Í umróti samtímans er leitað nýrra tilbeiðsluhátta með því m.a. að endurnýja og endurnýjast af trúar- legum verðmætum og fjársjóðum sem vannýttir hafa verið. Kristin íhugun er slík verðmæti og hefur lítt verið iðkuð í kirkjum mótmælenda þótt eigi sér djúpar rætur í frumkirkju- og kristni. Kristin íhugun tengist ávallt opinberun Guðs í Jesú Kristi og friðþægingarverki hans, krossfórn hans og upprisusigri. Iðulega er fylgt möntru eða „formúlu“ við íhugunina eins og helgiorð nefndust sem nýtt voru og eru í kristinni íhugun og skírskota jafnan til opinberunar Guðs í Kristi, orða hans og verka.

Bandaríski Trapisamunkurinn Thom- as Keating (f. 1923) hefur seinni árin verið einn helsti forvígismaður slíkra tilbeiðsluhátta og kristinnar íhugunar. Hann er vel menntaður guðfræðingur og sálfræðingur og hagnýtir sér sál- fræðipækkinguna í framsetningu sinni á kristinni íhugun undir heitinu: *Centering Prayer*, sem mætti þýða sem kjarna- og kyrrðarbæn.

## Námskeið

Nokkrir Íslendingar hafa sótt námskeið Keatings í Snowmass í Colorado í Vesturheimi. Sigurbjörg Þorgrímsdóttir djáknakandidat hefur þar aflað sér kennsluréttinda í bænafræðum hans.

Hún hefur staðið fyrir námskeiðum í kristinni íhugun samkvæmt aðferðum Keatings og fengið erlenda fræðara til námskeiðahalds hér á landi.

20.-24. nóv. 2009 sótti ég íhugunar- námskeið á Kyrrðardögum í Skálholts- skóla. Kennslan fór fram á ensku og var í umsjá Theresu Saulner, bandarískrar konu á sjötugsaldri, sem hefur iðkað *Centering Prayer* í áratugi og tekið virkan þátt í starfi Keatings. Fræðarar auk Theresu voru þær Sigurbjörg og sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur og sr. Guðrún Eggertsdóttir, sjúkráhusprestur, sem hafa sótt sér fræðslu í Snowmass. Auk íhugunarstunda fór ítarleg fræðsla fram um þær sálfræðilegu forsendur er Keating nýtir sér til skilgreiningar á mannlegu atferli og líðan. 13. febrúar 2010 sótti ég dagsnámskeið í iðkun „Kjarnabænar og Fagnaðarbænar“ í Grindavíkirkirkju, sem þær Sigurbjörg og sr. Elínborg stóðu að. Augljóst var að þátttakendum þótti sem þessi bæna- iðkun opnaði þeim ferskan skilning á kristinni trú og tækifæri til að ástunda hana sem gefandi proskaleið á trúarvegi. Eftir að hafa sótt þessi námskeið hef ég fylgst með útbreiðslu þessara dýrmætu tilbeiðsluhátta í þjóðkirkjunni. Kyrrðar- bænir eru dýrmætur vaxtarbroddur í kirkjulegu starfi og hafa komið til móts við löngun og þrá margra eftir nærandi trúarreynslu.

## Trú og list, mannlíf og menning

Samkvæmt starfssamningi er mér ætlað að rýna í menningu og listir með tilliti til boðunar og prédikunar. Menning litin í viðu samhengi sem hugmyndastraumar og lífstjáning, er sýna sig í skáldskap og ljóðlist, leik- verkum, myndlist, kvikmyndum og tónlistarflutningi, varðar alla trúar-

Sr. Gunnþór  
leiðir göngu til  
helgistundar í  
Stekkjargjá á  
Þingvöllum



boðun og trúartjáningu. Jafnframt sem sú boðun þarf að byggjast á kjarna fagnaðarerindisins, leyndardómi og gjöf krossfórnar Jesú Krists og upprisú hans, kerygma kirkjunnar, verður hún að tengjast mannlífi og menningu á sannferðugan máta. Með það í huga hef ég ritað umsagnir um valdar leiksýningar, sem færðar hafa verið upp í leikhúsum höfuðborgarinnar og einnig tiltekna kvikmyndir og sérstæða tónlistarviðburði og vakið athygli á öðrum eftirtektarverðum listviðburðum. Umsagnirnar eru ekki einvörðungu dómar heldur fremur guðfræðileg og siðferðileg túlkun á tilteknum verkum með það í huga að glæða áhuga og skilning á innihaldi verkanna og sýninganna. Til þess er skrifað að gagnist prestum og kirkju-fólki t.d. við prédikunargerð. Flestar umsagnirnar hafa birst á [tru.is/stikkord/](http://tru.is/stikkord/) menning

## Þjónusta á Þingvöllum

Í starfssamningi er mér er mér falið að sinna helgihaldi á Þingvöllum ásamt sóknarpresti, sr. Kristjáni Val Ingólfssyni. Ég hef messað þar í nokkur skipti og prédikað auk þess að sækja kirkjuna þegar sóknarprestur messar. Einnig leiddi ég helgistund í Stekkjargjá á Þingvöllum við upphaf hátíðarhalda vegna áttatíu ára afmælis Skógræktarfélags Íslands 13. s.d. e. tr. 29. ágúst 2010.

## Helgihald, starfsþjálfun guðfræðinema og samkirkjumál.

Gert er ráð fyrir því í starfssamningi, að ég annist verkefni á vegum helgisíðanefndar við endurskoðun Handbókar og Sálmaþókar eftir ákvörðun nefndarinnar. Einnig er við það miðað í samningnum, að ég taki þátt í starfsþjálfun guðfræðinema einkum er snýr að tilsögn í prédikun og ég taki þátt í samstarfi og samtali á Biskupsstofu á sviði samkirkjumála. Enn hefur þó ekki

verið eftir þessu leitað, en ég vænti þess að svo verði er fram líða stundir.

## Íslandsheimsókn Færeyjabiskups

Jógvan Friðriksson Færeyjabiskup var í opinberri heimsókn hér á landi 25-29. okt. 2010, sem hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands bauð honum til. Fól hann mér ásamt sr. Þorvaldi Karli Helgasyni, biskupsritara, að undirbúa heimsóknina og skipuleggja hana. Jógvan Friðriksson, Færeyjabiskup, sem vígður var til biskups á Ólafsvöku 28. júlí 2007, er myndugastur færeyskra biskupa frá miðöldum, því að færeyska þjóðkirkjan varð sjálfstæð frá dönsku þjóðkirkjunni og dönskum yfirvöldum 25. nóv. 2007. Hann getur leitað víðar fanga um samstarf á kirkjulegum vettvangi en forverar hans. Undir forystu biskups síns er færeyska þjóðkirkjan, *föroyska fólkakirkjan*, að styrkja sjálfsmynd sína og marka stefnuna fram. Miklu varðar að athygli hans og kirkjuforystunnar í Færeyjum beinist að Íslandi í því sambandi og unnið sé að því að efla samskiptin milli íslensku og færeysku þjóðkirknanna. Ég fór til Færeyja í lok maímánaðar og hitti fyrir Færeyjabiskup og tvo færeyska presta í biskupsgarði í Þórshöfn en hafði fyrr staðið í bréfasamskiptum við biskupinn. Biskup Íslands hafði þá boðið honum til Íslands og óskað eftir því að ég ræddi fyrirhugaða heimsókn við hann í Færeyjaför minni.

Færeyjabiskup kom til landsins ásamt fylgdarliði sínu, kirkjuráðsfulltrúunum, Durítu Tausen, Halgir Winter Paulsen og Andrias Ziska og sr. Heri Joensen, sóknarpresti Vesturkirkjunnar í Þórshöfn. Veðrið minnti á storma, sem umléku íslensku þjóðkirkjuna, en komandi heimsóknardagar voru bjartir og gjöf-

ulir og vottuðu þá hlýju og umhyggju sem ríkir milli Færeyinga og Íslendinga og gáfu fögur fyrirheit um aukin og nærandi samskipti á vettvangi þjóðkirkna þeirra.

Innhaldsríkir samræðufundir fóru fram í Skálholti. Biskuparnir ræddu ásamt fylgdarliði um kosti og ráð til þess að styrkja samskiptin milli kirkna sinna og þýðingu Skálholts í því sambandi, sem gæti orðið dýrmæt miðstöð þeirra samskipta hér á landi. Blaða- og sjónvarpsviðtöl birtust við Færeyjabiskup. Þar gerði hann grein fyrir gefandi heimsókn sinni til landsins, nýrri stöðu færeysku þjóðkirkjunnar og þýðingu þess að efla samskiptin við íslensku þjóðkirkjuna í framtíðinni.

## Riddarinn og Viðey

Skákklubburinn Riddarinn; Bjarni riddari, sem ég beitti mér fyrir að koma á laggirnar ásamt nokkrum skákmönnum af eldri kynslóðinni árið 1998, hefur frá þeim tíma átt athvarf í Strandbergi, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju og hist þar á vikulegum hraðskákmótum og einnig teft víðar. Föstudaginn 22. október var efnt til skákmóts í veglegri Viðeyjarstofu, sem ég beitti mér fyrir. Riddararnir fylktu liði gegn skákkúbbi eldri borgara í Rvík. Skákmótið hófst með helgistund, sem ég stýrði í Viðeyjarkirkju. Viðey er fornt kristið menningarsetur og dýrmætt væri að geta endurvakið það sem slíkt. Vel færi á því að efna reglubundið til ráðstefna og fræðslufunda í Viðeyjarstofu um menningu, trú og siði, sem þjóðkirkjan beitti sér fyrir og nýta Viðeyjarkirkju til fjölbreytts helgihalds auk þess að messa þar sem oftast á helgidögum.

# Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri



Guðmundur  
Rafn Sigurðsson

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í ráðinu sitja fimm fulltrúar, en þeir eru: *Ragnhildur Benediktsdóttir* skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, *Kristín Huld Sigurðardóttir* forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, *Valtýr Valtýsson* sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. *Pórsteinn Ragnarsson* forstjóri KGRP og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. *Smári Sigurðsson* framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en á vegum ráðsins starfar einnig í hlutastarfi Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður. Sér hann um upp-mælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

## Starfsemi Kirkjugarðaráðs

Haldnir voru átta fundir í Kirkjugarðaráði á árinu auk þess sem farið var í skoðunarferð í nokkra kirkjugarða í Borgarfirði í fylgd heimamanna sem fóru yfir nýlegar og fyrirhugaðar framkvæmdir við kirkjugarðana. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 96 kirkjugarða á árinu.

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun styrkja úr kirkjugarðasjóði, en á síðasta ári fékk 51 verkefni styrk samtals að upphæð tæpar 55 milljónir. Aðallega voru þetta styrkir til lagfæringa á minni kirkjugörðum og voru veittir 39

styrkir til slíkra garða. Jafnframt voru veittir 10 styrkir til nýframkvæmda við kirkjugarða á stærri þéttbýlisstöðum. Auk þessa fékk *Kirkjugarðasamband Íslands* styrki m.a. til reksturs á vefnum *gardur.is*, útgáfu *Bautasteins* og námskeiðahalds og *Fornleifavernd ríkisins* til að halda áfram með skráningu friðaðra minningarmarka Suðurprófastsdæmis.

## Úttekt á kirkjugörðum

Umhirðugjaldinu er skipt niður á kirkjugarða samkvæmt ákveðnu gjaldalíkani sem tekur mið af flatarmáli grafarsvæða, staðsetningu kirkjugarðs og fjölda íbúa í sókninni. Samkvæmt líkaninu fá kirkjugarðar í þéttbýli hærra umhirðugjald á hvern fermetra en sveitakirkjugarðar. Ástæðan er að í þéttbýlisgörðum er yfirleitt meiri umsvif og um leið hærri fastakostnaður við stjórnun, mannahald, byggingar o.fl. Kirkjugarðaráð reynir að fylgjast með að kirkjugarðsstjórnir ráðstafi umhirðugjaldinu eins og lög gera ráð fyrir. Þetta er m.a. gert með því að skoða ársreikninga kirkjugarðanna auk þess sem framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs hefur ásamt utanaðkomandi fagmanni farið í kerfisbundnar ástandsskoðanir í kirkjugarða án þess að gera boð á undan sér.

Í þessum úttektum eru eftirfarandi þættir metnir: **Gróðurþekja:** Aðallega metið ástand grasþekju og einnig skoðaður trjáa- og runnagróður.

**Minnismerki:** Almenn ástand minnismerkja metið og þá sérstaklega steyptra leiðisumgjarða. Friðuð minnismerki



Þingeyrakirkja og  
kirkjugarður

þ.e. þau sem hafa náð 100 ára aldri, eru friðuð samkvæmt þjóðminjalögum og bíða þess að verða mæld upp og metin af Fornleifavernd ríkisins.

**Umgjörð:** Umgjörð kirkjugarðsins tek in út. **Sáluhlíð:** Skoðað og metið. **Tillögur til úrbóta:** Settar fram tillögur um það sem betur mætti fara í umhirðu kirkjugarðsins.

**Heildarmat umhirðu:** Eftir að hafa metið þá verkþætti sem á undan er getið, er lagt heildarmat á umhirðu kirkjugarðsins og honum gefinn eftirfarandi vitnisburður:

1. Umhirða til fyrirmyndar.
2. Umhirða í lagi.
3. Umhirðu ábótavant.

Ástandsskoðun gefur e.t.v. ekki full-

komna mynd af ástandi viðkomandi kirkjugarðs þar sem mat á umhirðu er að nokkru leyti huglægt mat, en til langs tíma litið getur þetta reynst góð heimild til að meta hvort umhirðugjaldinu er ráðstafað eins og til er ætlast lögum samkvæmt.

Vegna erfiðs efnahagsástands hefur orðið að skerða kirkjugarðsgjaldið síðustu ár. Til að mæta þessum niðurskurði hefur verið reynt að hagræða í rekstri kirkjugarða án þess að láta það bitna á umhirðu þeirra. Aukinn niðurskurður mun væntanlega koma til með að bitna á umhirðu kirkjugarðanna. Vonandi á efnahagsástandið hér á landi eftir að batna þannig að kirkjugörðum verði tryggðar nægilegar tekjur til að halda uppi því háa umhirðustigi sem er ríkjandi hjá þeim flestum.

# Kvikmyndastarf kirkjunnar

Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri



Árni Svanur  
Daníelsson

## Á morgun fékk kvikmyndaverðlaunin

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar voru veitt í fimmta sinn á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík 2009. Dómnefnd valdi rúmensku kvikmyndina *Á morgun* (Morgen) eftir leikstjóranng Marian Crisan. Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru veitt framúrskarandi kvikmynd úr hópi aðalkeppnismynda sem glímur við mikilvægar tilvistarspurningar. Tólf kvikmyndir kepptu um verðlaunin að þessu sinni. Í umsögn dómnefndar um myndina sagði:

*Á morgun er látlaus kvikmynd með kröftugum undirtóni. Þetta er mynd um vináttu tveggja manna, sem tala ekki sama tungumál, en skilja hvorn annan. Á morgun tekst á við knýjandi spurningar um landamærin milli þjóða og fólks,*

*um stöðu innflytjenda og flóttamanna og um virðingu fyrir þeim sem eru okkur framandi. Hún tekur afdráttarlausa afstöðu gegn lögum og reglum sem þjóna sjálfum sér en ekki manneskjunni. Á morgun gefur skýrt og jákvætt svar við spurningunni sígildu: „Á ég að gæta bróður míns?“*

Myndin fellur vel að þeim mælikvörðum sem lagðir voru til grundvallar við veitingu verðlaunanna.

## Skírinn fékk sérstaka viðurkenningu

Dómnefndin veitti einnig sérstaka viðurkenningu kvikmyndinni *Skírinn* (Chrzest) eftir pólska leikstjóranng Marcin Wrona. Í umsögn dómnefndarinnar um hana segir:



Myndrammi úr kvikmyndinni „Á morgun“.

*Þetta er vel gerð kvikmynd sem segir magnaða sögu af fórn og uppgjöri, vonleysi og von. Skírmin dregur upp trúverðuga mynd af tilgangslæsi ofbeldis. Hún speglar sekt hinna fullorðnu í sakleysi barnsins.*

Dómnefndina í ár skipuðu sr. Árni Svanur Daníelsson, Ármann Gunnarsson, djákni, og Jóhanna Magnúsdóttir, guðfræðingur. Árni Svanur Daníelsson, formaður dómnefndar kirkjunnar, veitti verðlaunin í lokahófi hátíðarinnar.

## Trúarstef í Bíó Paradís

Frá opnun Bíó Paradísar haustið 2010 hefur verið samstarf um sýningar þar. Einu sinni í mánuði hafa verið sýndar kvikmyndir sem fela í sér trúar- og siðferðisstef. Sýningarnar hafa verið haldnar undir formerkjum *Deus ex cinema*. Um

ræður hafa verið um hverja kvikmynd og hafa margir tekið þátt. Meðal mynda sem voru sýndar í vetur eru *The Social Network*, *Ikiru*, *Vier Minuten*, *Submarino*, *Vampyr* og *Jesus de Montreal*.

## Fyrirlestrar og fermingarfræðsla

Fjöldi námskeiða og fyrirlestra um guðfræði og kvikmyndir var haldinn á árinu. Kvikmyndir eru einnig nýttar í fermingarfræðslu víða um land. Undirritaður hefur veitt ráðgjöf um það.

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru styrkt af kirkjumálasjóði og hefur undirritaður haldið utan um þau. Ýmsir aðrir hafa lagt hönd á plóg í kvikmynda- starfi í kirkjunni. Sérstaklega ber að þakka framlag meðlima *Deus ex cinema* hópsins sem hafa lagt mikið af mörkum undanfarin ár.

## Kærleikspjónustusvið

Ragnheiður Sværissdóttir, verkefnisstjóri

### Inngangur

Verkefni kærleikspjónustusviðs eru fyrst og fremst tengd djáknum, djáknaefnum, sérþjónustu, sálgæslu, kristni- boði og hjálparstarfi. Nú tilheyrir þetta svið nýju sviði sem heitir þjónustusvið Biskupsstofu sem sr. Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari veitir forstöðu. Stöðugildi er 100% en að eigin ósk verkefnisstjóra minnkaði hún starfshlutfall sitt í 80% allt árið 2011. Kirkjuráð veitti eina milljón 2010 og 700 þúsund 2011. Mikið af starfi verkefnisstjóra fer fram á Biskupsstofu en tengsl við starf kirkjunnar á vettvangi er afar mikilvægt.

### Verkefni tengd efnahagshruninu

Samstarf kirkju, Rauða kross Íslands og Reykjavíkurdeldar hans í *Rauða- krosshúsinu* hélt áfram. Markmið kirkjunnar er að vera til staðar fyrir fólk sem þarfnast stuðnings og óskar eftir viðtölum. Kærleikspjónustusvið og sr. Hans Markús Hafsteinsson skipu- lögðu viðveru djákna, presta og djáknakandídata. Á vormisseri var við- vera þrisvar í viku í tvo tíma í senn en áður var hún alla virka daga. Tíu manns sinna skipta þessu starfi með sér.

Óvænt gjöf, 50.000 evrur (um 7 milljónir IKR) barst frá Evangelísku Lú- tersku kirkjunni í Finnlandi (The Council



Ragnheiður Sværissdóttir

Kristný Rós  
Gústafsdóttir  
og Þórey Dögg  
Jónsdóttir



for International Relations of the Evangelical Lutheran Church of Finland) til stuðnings starfi kirkjunnar á erfiðum tímum. Ákveðið var að verja gjöfinni til verkefna á sviði kærleikspjónustu sem sérstaklega væru fyrir ungt fólk og atvinnulausa. Auglýst var eftir umsóknum frá söfnuðum og stofnunum kirkjunnar. 11 aðilar sóttu um styrk. Alls voru veittir átta styrkir til níu aðila fyrir samtals sjö milljónir.

Biskupsstofa og Hjálparstarfið hafa verið í miklum samskiptum vegna efnahagsástandsins

### **Eftirfylgd við fólk í erfiðum aðstæðum**

Verkefninu lauk 2010 en miklar vonir eru bundnar við að það vinnan sem lögð var í verkefnið verði notað í safnaðarstarfi. <http://kirkjan.is/efnisveita/node/1197>

### **Sálgæsla**

Vegna mikillar aðsóknar var hin árlega samvera á aðventu fyrir syrgjendur haldin í Grafarvogskirkju en ekki Grens-áskirkju. Magnea Sverrisdóttir var ráðin til að sinna þessu verkefni.

### **Djáknar**

Tveir djáknar voru vígðir 15. maí. Kristný Rós Gústafsdóttir til Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalls og Þórey Dögg Jónsdóttir til Fella- og Hólakirkju.

Frá 1960 til 2011 hafa 46 djáknar verið vígðir. Því miður hefur nokkrum djáknum verið sagt upp eða ekki verið ráðið í stöður þeirra sem hafa hætt vegna erfiðs efnahagsástand. Starfandi djáknar eru 22 í alls 13,8 stöðugildum. Mikið samstarf er við djákna vegna starfsþjálfunar djáknanema. Sjá skýrslu djáknaneftardar. Þá eru margháttuð tengsl við Djáknafélag Íslands, [www.kirkjan.is/di](http://www.kirkjan.is/di).



## Fátækt og félagsleg einangrun.

Árið 2010 var Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun í Evrópu-sambandinu. Keflavíkirkirkja og starf djákna á Hátúnssvæðinu (ÖBÍ og Sjálfsbjörg) fengu styrki til verkefna á þessu sviði frá ESB. Starf meðal fátækra heldur áfram.

Stofnuð voru baráttusamtök gegn fátækt; EAPN sem er aðili að evrópsku samstarfi sem heitir EAPN – European Anti Poverty Network. Innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar var frumkvöðull að stofnun þeirra en aðrir stofnfélagar eru Félag einstæðra foreldra, Geðhjálp, Hjálpræðisherinn, Samhjálp, Sjálfsbjörg og Öryrkjabandalagið. Vilborg Oddsdóttir er formaður og er undirrituð í stjórn samtakanna. Alþjóðlegur dagur gegn fátækt var 17. október og voru söfnuðir hvattir til að fjalla um málefni fátækra þann dag. Þá prédikaði verkefnisstjóri í Laugarneskirkju.

## Sjálfböðil starf

Á kirkjupingi 2009 var samþykkt að efla sjálfböðilstarfi í þjóðkirkjunni næstu fjögur ár. Kjalarnessprófastsdæmi hefur sinnt þessu verkefni og nú hefur kærleikspjónustusvið tekið upp samstarf við það. kirkjan.is/kjalarnessprofastsdaemi. Þá gerði Evrópusambandið 2011 að Evrópuári sjálfböðils starfs. Á prestastefnu var sérstök kynning á sjálfböðilstarfi. Verkefnið mun halda áfram.

## Erlend samstarf

Tengsl við samtökin Eurodiaconia ([www.eurodiaconia.org](http://www.eurodiaconia.org)) aukast stöðugt. Gjarnan er beðið um upplýsingar héðan um starf kirkjunnar á sviði kærleikspjónustu.

Að þessu sinni fór engin héðan á aðalfund samtakanna 2011. Á ársfundum samkirkjunefndar um erlend samskipti er ávallt skilað inn skýrslum um erlent samstarf og vísast hér með til þeirra.

## Annað

Námskeið um heimsóknarþjónustu var haldið á Egilsstöðum og á Hvamms-tanga. Í Eyjafjarðarprófastsdæmi var málþing þar sem verkefnisstjóri fjallaði um trúnað starfsfólks í kirkjustarfi. Samstarf var við sr. Toshiaki Toma um Norrænan fund um málefni innflytjenda og Fjölskylduþjónustuna um Norrænt handleiðsluþing. Þá var málþing um kristniboð í 100 ár. Sótt var Norrænt málþing um guðfræðimenntun í Skálholti og heilun og heilsu í Rétttrúnaðarkirkjunni í Finnlandi.

Tvisvar til þrisvar á misseri eru morgunfundir með starfsfólki kirkjunnar í sérþjónustu. Verkefnisstjóri situr í eftirtöldum nefndum: Ellimálanefnd, Djáknaneftnd og Kristniboðs- og hjálparstarfsneftnd. Undirrituð byrjaði í handleiðslu eftir nokkurra ára hlé.

Þá þjónar hún í Kolaportsmessum og er sjálfböðilstarfi við Tómasarmessur og messuþjónn í Laugarneskirkju.

# Samskipta- og upplýsingasvið

Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri  
Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnisstjóri

Samskipta- og upplýsingasvið sinnir miðlun innan kirkju og utan. Það heldur utan um tengsl og miðlun til meðlima kirkjunnar, sókna, prófastsdæma, stofnana kirkjunnar, fjölmiðla. Sviðið sinnir jafnframt samskiptum við erlendar kirkjur og kirknasamtök, rekur kirkjulega fjölmiðla, svo sem *kirkjan.is*, *trú.is*, vefsíðuvarp á *YouTube*, ljósmyndasafn á *flickr* og síður á *facebook* og *twitter*. Áramótin 2010-2011 sameinuðust nokkur starfssvið á Biskupsstofu og þá varð samskipta- og upplýsingasvið hluti af þjónustusviði Biskupsstofu.

## Hvar miðlar kirkjan?

Þjóðkirkjan hefur um árabíl haldið úti fjölmiðlum. *Kirkjan.is* er frétt- og upplýsingaveita um kirkju og kirkjustarf. Á starfsárinu birtust um 488 fréttir á vefnum. Á *Trú.is* fer fram samtal um trú og trúarlíf. Þar birtust á starfsárinu rúmlega 250 prédikanir og 280 pistlar. Gestir á *kirkjan.is* og *trú.is* voru á starfsárinu rúmlega 100.000. Vefir kirkjunnar eru í stöðugri þróun og ný útgáfa af *kirkjan.is* var opnuð á prestastefnu 2011.

Ljósmyndasafn kirkjunnar er að finna á *flickr.com/photos/thjodkirkjan*. Rúmlega 1200 myndir bættust við á starfsárinu. Í safninu eru núna um 6000 ljósmyndir. Myndirnar eru mikið skoðaðar. Þjóðkirkjan er líka með síðu á *facebook.com/kirkjan*. Þar er daglega miðlað fréttum og efni úr kirkjustarfinu. Á *youtube.com/thjodkirkjan* er Sjónvarp kirkjunnar að finna. Myndböndin sem

þar er að finna hafa verið skoðuð 37.000 sinnum. Vinsælustu myndböndin á starfsárinu voru í Jóladagatali kirkjunnar *Að vænta vonar* sem fjallað er um síðar í skýrslunni.

Þessir vefir eru miðstöð kirkjulegrar fjölmiðlunar á Íslandi. Starfsfólk á Biskupsstofu heldur utan um vefina, en þeir eru samvinnuverkefni sem starfsfólk kirkjunnar og sjálfboðaliðar koma að. Öllum sem hafa lagt efni til vefjanna er þakkað.

## Viðförli

**Viðförli** er fréttabréf kirkjunnar. Hann kom út í breyttri mynd í apríl 2010, útliti og efnistöfum var breytt og lögð er áhersla á rafræna dreifingu. Ráðgert er að Viðförli komi oftar út en undanfarin ár, allt að sex sinnum á ári. Veturinn 2011 var Viðförla breytt aftur og frá febrúar 2011 hefur hann verið sendur sem fréttabréf í tölvupósti til tæplega 2000 áskrifenda.

Í apríl 2011 kom út kynningarblað um kirkjuna sem var dreift með Fréttablaðinu. Slík blöð geta beint athygli að kirkju og kirkjustarfi.

Á vegum kirkjunnar er einnig haldið úti miklum fjölda vefja sókna, prófastsdæma, stofnana og verkefna. Sviðið styður við þá vinnu með ráðgjöf.

## Kirkjan og fjölmiðlar

Samskipta- og upplýsingasviðið sinnir umfangsmiklum samskiptum við fjölmiðla. Fjöldi fréttatilkynninga um



kirkjuleg efni er sendur út á hverju ári. Upplýsingar eru veittar til fjölmiðla þegar eftir því er leitað. Starfsfólk sviðsins kemur að kynningu á ýmsum viðburðum og stendur fyrir átaksverkefnum. Frá október 2010 - janúar 2011 naut Biskupsstofa fulltingis KOM almannatengsla við almannatengsl.

Sviðið stóð fyrir átaksverkefnum, m.a. um vonina á aðventu 2010 og kom að kynningu á einstökum viðburðum s.s. landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar 2010.

Starfsfólk samskipta- og upplýsinga-sviðs hefur hvatt til greinaskrifa um kirkju og trúmál í vef- og prentmiðla. Slíkt hefur aukist á starfsárinu og er það vel. Gera má enn betur á þessu sviði og nauðsynlegt er að virkja enn fleiri.

Á undanförunum árum hafa miklar breytingar átt sér stað í landslagi fjölmiðla á Íslandi. Leiðin til árangurs í fjölmiðlasamskiptum felst ekki í sýnileika

í einum miðli eða jafnvel einni tegund miðla heldur þarf kirkjan að vera sýnileg og vinna með ljósavakamiðla, prentmiðla, vefmiðla og félagsmiðla (svo sem Facebook, Twitter og Flickr).

Starfsfólk kirkjunnar þarf að þekkja ólíkar tegundir fjölmiðla og fjölmiðlunar, vera meðvitað um eiginleika þeirra og um það hvernig hægt er að nýta þá í þágu kirkjunnar. Sviðið sinnir fræðslu um fjölmiðlun og samskipti kirkjunnar. Frá 2009 hafa verið haldin námskeið um kirkjumíðlun og notkun félagsmiðla Facebook í prófasteðnum og sóknun. Þeirri vinnu verður haldið áfram.

## Að vænta vonar

Að vænta vonar var yfirskrift jóladagatala kirkjunnar 2010 ([www.kirkjan.is/joladagatal2010](http://www.kirkjan.is/joladagatal2010)). Þar töluðu 24 vonarberar í stuttum myndböndum. Vonarberarnir komu víða að, deildu reynslu sinni og

sögu í stuttu máli hvernig aðventan veur þau til umhugsunar um vonina í lífinu. Auk vonarberanna töluðu fjórir sérfræðingar um ólíkar víddir vonarinnar í lífinu. Myndböndunum var dreift á *YouTube* og *Facebook* og lögð var áhersla á að fá kirkjufólk til að dreifa þeim sem víðast. Jóladagatalið var skoðað rúmlega 19.000 sinnum. Umsjón með jóladagatalinu höfðu Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, og Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi.

## Samskiptastefna

Kirkjuping 2009 fól kirkjuráði að skipa starfshóp til að móta samskiptastefnu sem tæki til grunnilda og markmiða samskiptastarfs kirkjunnar í sóknum, prófastsdæmum og á landsvísi. Kirkjuráð skipaði sr. Kristínu Þórunni Tómasdóttur, héraðsprest, Steingrím Sævarr Ólafsson, ritstjóra Pressunnar, og sr. Örn Bárð Jónsson, sóknarprest í starfshóp. Sr. Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri, starfaði með hópnum.

Drög að stefnu voru lögð fyrir kirkjuping 2010. Allsherjarnefnd þingsins fjallaði um stefnuna og sagði meðal annars: „Nefndin tekur undir áherslur sem þar koma fram og telur rétt að málinu verði fylgt eftir. Brynt er að kynningarmál kirkjunnar séu í stöðugri endurskoðun og fagnar nefndin því að nú er unnið að endurbótum á vef kirkjunnar, kirkjan.is.“ Stefnan verður fullunnin og lögð fyrir kirkjuping 2011.

## Börn og unglingar á vefnum

Haustið 2010 var opnaður fermingarvefur á kirkjan.is/ferming. Þjóðkirkjan á mikið starf óunnið við að ná betur til barna og unglinga á vefnum. Fermingarvefurinn verður endurskoðaður og bættur á næsta starfsári.

## Erlend samskipti

Í október 2010 hittust yfirmenn upplýsinga- og samskiptasviða norrænu kirknanna í Reyjavík. Árni Svanur Daníelsson hélt utan um dagskrána og tók þátt fyrir hönd Íslands. Vegna aðhalds í fjármálum hafa önnur erlend samskipti verið rafræn.

## Starfsfólk

Við samskipta- og upplýsingamál starfa Árni Svanur Daníelsson og Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir. Árni Svanur hefur haft umsjón með málaflokknum og séð um daglegan rekstur vefjanna. Steinunn Arnþrúður hefur verið í 50% starfi frá janúar 2011. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Halldór Reynisson koma einnig að starfi sviðsins.

## Vísanir

Vefur þjóðkirkjunnar: kirkjan.is  
Trúin og lífið: tru.is  
Vefsíónvarp: youtube.com/thjodkirkjan  
Facebook: facebook.com/kirkjan,  
facebook.com/truinoglifid  
Twitter: twitter.com/kirkjan  
Flickr: flickr.com/photos/thjodkirkjan

# Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar

Hörður Áskelsson, söngmálastjóri

## Formáli

Undirritaður söngmálastjóri þjóðkirkjunnar skilar hér skýrslu fyrir árið 2010-2011. Þetta er síðasta skýrsla mín eftir tæplega sex ára starf á Biskupsstofu. Þann 1. september 2011 mun ég láta af störfum sem söngmálastjóri í 50 % starfi. Fjárhagserfiðleikar kirkjunnar hafa valdið miklum niðurskurði á fjárframlögum til embættis söngmálastjóra, sem kemur í veg fyrir að ég geti gegnt því áfram. Þann 7. júní 2011 skilaði ég biskupi Íslands greinargerð í kjölfar bréfs með beiðni um lausn frá embætti. Í þeirri greinargerð geri ég grein fyrir helstu verkefnum sem unnin hafa verið í söngmálastjórnartíð minni og dreg fram þau atriði sem mér finnst að skipti mestu að glatist ekki, nú þegar óvissa ríkir um framtíð tónlistarinnar í kirkjunni. Í eftirfarandi ársskýrslu leyfi ég mér að styðjast við ofangreinda greinargerð, þó hún fjalli um lengra tímabil en ætlast er til, til að varpa ljósi á stöðuna í söngmálum kirkjunnar á miðju ári 2011.

## Tónlistarstefnan-endurskoðun

Tónlistarstefna þjóðkirkjunnar hefur verið í framkvæmd í sjö ár. Hún var samþykkt að heita má ágreiningslaust af öllum þeim aðilum sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar, prestum, organistum og kirkjuþingi. Hún leggur skýrar línur um stefnu og framkvæmd kirkjutónlistarinnar í þjóðkirkjunni. Þrátt fyrir þá breiðu samstöðu sem virðist hafa verið á bak við stefnuna, dreifingu

hennar til allra hlutaðeigandi aðila (presta, organista og sóknarnefnda) virðast sum helstu áhersluatriði hennar ekki ná að ganga fram. Sem dæmi um það er dræm þátttaka í almennum kirkjusöng, aukið hlutfall veraldlegra texta og tónlistar og efnis sem ekki er í sálmaþókni við helgihald, sérstaklega við athafnir eins og hjónavígslur og útfarir, aukið vægi óhefðbundins hljóðfæraleiks við helgihald (=mínkandi vægi orgelsins) og notkun geisladiska í helgihaldi.

Það þarf að endurskoða tónlistarstefnuna og fylgja markvisst eftir þeirri stefnu sem kirkjan samþykkir að sé í takt við markmið sín og raunverulega framkvæmanleg. Í beinum tengslum við endurskoðun tónlistarstefnunnar þarf að endurmeta menntun organista og presta í kirkjutónlist og litúrgíu. Hlutverk söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar verður að meta í ljósi breyttra aðstæðna og þess árangurs sem náðst hefur undanfarin ár.

## Staða söngmálastjóra 2005-2011

Undirritaður tók við stöðu Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar í október 2005, eftir að rúm fjögur ár höfðu liðið frá því að Haukur Guðlaugsson lét af embætti fyrir aldurs sakir. Sú meginbreyting varð á starfi söngmálastjóra við ráðningu mína að starfið var gert að hlutastarfi (50%) og Tónskóli þjóðkirkjunnar var ekki undir stjórn Söngmálastjóra eins og áður. Ég var fyrsti söngmálastjóri



Hörður Áskelsson

sem hafði skýrt markaða tónlistarstefnu til að vinna eftir. Einnig var ég fyrsti söngmálastjóri til að hafa vinnuáðstöðu undir sama þaki og biskup Íslands, yfirmanns söngmálastjóra. Söngmálastjóra var komið fyrir á 3. hæð Biskupsstofu að Laugavegi, á sömu hæð og biskup, flestir sviðsstjórar og yfirmenn. Þar mætti ég mikilli góðvild og vilja til að skapa mér góða starfsaðstöðu, þó húsakostur sniði þröngan stakk. Fljótt kom í ljós að til að ég gæti náð árangri við lausn þeirra verkefna sem við blöstu þyrfti ég nauðsynlega aðgang að sérhæfðum skrifstofukrafti, sem ekki var til staðar á Biskupsstofu. Þessi skortur stóð í vegi fyrir synilegum árangri fyrsta árið í starfi. Á sama tíma lenti ég í erfiðleikum vegna uppsagnar organista Skálholtskirkju, sem leiddi til samstarfsörðugleika á milli söngmálastjóra og stórs hóps organista. Það tók nokkuð langan tíma að vinna aftur traust organista, aðalskjólstæðinga minna.

Eitt af fyrstu meginverkefnum mínum í starfi söngmálastjóra var að setja saman starfshópa í ýmsum undirgreinum kirkjutónlistarinnar. Hópunum var ætlað að safna saman efni fyrir organista til notkunar við guðsþjónustur, bæði fyrir kórana og orgelið. Valdir voru organistar í 4-6 manna starfshópa, sem áttu að velja áhugaverða sálma, útsetningar, messuþætti, sálforleiki, kórverk o.fl. sem mætti verða grunnur fyrir fyrirhugaðan gagnabanka, eða til útgáfu. Afrakstur af starfi hópanna má m.a. sjá í útgáfu kórbókarinnar Heyr mína sál (Söngvasveigur nr. 15), nýrri æskulýðssöngbók kirkjunnar, svo og á Söngvasjóð í Efnisveitu kirkjunnar. Ekki reyndist unnt að halda öllum starfshópum gangandi vegna skorts á starfskrafti og fjármagni. Í byrjun árs

2008 bauðst mér fyrirvaralaust starfskraftur, vel menntuð kirkjutónlistarkona, Arngerður María Árnadóttir, sem bjó yfir öllum þeim helstu kostum sem aðstoðarmaður söngmálastjóra þyrfti. Varð að ráði að hún tæki við hálfu starfi með setu á skrifstofu söngmálastjóra. Eftir að hún hóf störf breyttist allt starf söngmálastjóra til betri vegar. Stofnaður var Söngvasjóður kirkjunnar, gagnabanki á veraldarvefnum fyrir organista til að fá aðgang að nýju efni, sálmunum, útsetningum, litúrgískri tónlist, kórtónlist og alls konar upplýsingum um starfið og fagið. Gott var þá að hafa aðgang að tölvukerfi Biskupsstofu sem reyndist vel. Söngvasjóður hefur reynt mjög vel, hefur vaxið og dafnað og hýsir nú m.a. alla sálma sem sálma-bókarnefnd hefur valið fyrir þá nýju sálma-bók kirkjunnar sem lengi hefur verið í undirbúningi.

Í söngmálastjóratið minni tók ég upp þráðinn með námskeiðahald í Skálholti, haldin hafa verið tvö námskeið hvert sumar, annars vegar fyrir barnakórstjóra og hins vegar fyrir organista. Við þessi námskeið hef ég notið góðs samstarfs við Skálholtskóla og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Námskeiðin hafa reynt mjög gefandi vettvangur fyrir fræðslu og tengslamyndun fyrir tónlistarfólk kirkjunnar.

Kórastefnur voru skipulagðar og framkvæmdar. Sett var upp áætlun um kórastefnur á landsbyggðinni og í Reykjavík. Hugmyndin var að halda sérstök mót kirkjukóra, annað hvert ár, annað árið í sitt hverjum landshluta með þátttöku kirkjukóranna á viðkomandi svæði og hitt árið landsmót í Reykjavík. Í góðu samstarfi við organista á viðkomandi svæðum stóð ég fyrir kórastefnum í Ólafsvík, tvisvar í Reykholti og á Akureyri. Þetta



Frá Söngvahátíð barnanna

reyndist hinn ákjósanlegasti vettvangur til að kynna nýtt söngefni fyrir organista og kirkjukóra. Sumarið 2008 var svo haldið „landsmót kirkjukóra“, *Kórástefna kirkjunnar í Reykjavík*, þar sem æfð var tónlist fyrir hátíðaguðspjónustu og tónleika. Á kórástefnu í Reykjavík gafst fólki úr kirkjukórum landsins tækifæri til að upplifa kirkjutónlist í stærra samhengi en aðstæður flestra leyfa. Hugmyndin var að halda slík landsmót annað hvert ár, en af fjárhagsástæðum hefur ekki reynst unnt að halda því til streitu.

Í tengslum við *Kórástefnu kirkjunnar* var að mínu frumkvæði stofnað til verðlauna fyrir tónlistarfólk kirkjunnar, sem nefnd voru Liljan. Biskup Íslands afhenti þremur afreksmönnum úr röðum íslenskra kirkjutónlistarmanna orgelpípur í viðurvist fjölmennis í Hallgrímskirkju. Verðlaunabegar voru Jón Stefánsson, Haukur Guðlaugsson og Marteinn H. Friðriksson. Þetta var í fyrsta skipti sem þjóðkirkjan viðurkennir afrek á þessu sviði með sýnilegum hætti og væri gott ef framhald yrði á.

Sem söngmálastjóri hef ég gegnt formennsku í stjórn Tónmenntasjóðs kirkjunnar og beitt mér fyrir því að sjóðurinn hefur pantað nýja sálma hjá fjölda skálda og tónskálda. Afraksturinn hefur þegar vakið athygli víða um land. Óhætt er að fullyrða að með þessu móti hafi glæðst áhugi á sálmum og sálma-gerð, sem helst í hendur við það mikla starf sem fram fer hjá sálmabókarnefnd þjóðkirkjunnar um þessar mundir. Á hverju sumri hefur undanfarin ár verið boðið til sálmaveislu í Hallgrímskirkju undir merkjum „Sálmafoss“. Þar hafa hinir nýju sálmar verið kynntir, kenndir og sungnir ásamt fjölda eldri og yngri sálma. Sálmafoss er orðinn vinsæll og fjölsóttur viðburður á Menningarnótt í Reykjavík. Með honum hefur opnast spennandi vettvangur fyrir nýja söngva í kirkjunni.

Árleg söngvahátíð barnanna, haldin í Hallgrímskirkju seint á föstu, hefur laðað að fjölda barna til samsöngs, þar sem kynntir hafa verið söngvar, sem söngmálastjóri hefur safnað og útbúið

og eiga margir uppruna sinn í sönghefð kristinna safnaða í fjarlægum löndum. Þessir söngvar eru oft kenndir við Sindre Eide, norskan „söngprest“, sem með áralangri vinnu hefur safnað saman fjölbreyttu söngvasafni og tekið inn í sönglíf norskra safnaða. Verkefnastjóri og stjórnandi Söngvahátíðar barnanna hefur verið Tómas Guðni Eggertsson, organisti Seljakirkju í Reykjavík.

Undanfarin misseri hefur vaxandi áhersla verið lögð á undirbúning nýrrar sálmaþókar. Starfshópur söngmálastjóra í sálmafræðum hefur smám saman tekið meiri og meiri þátt í undirbúningsvinnunni með sálmaþókarnefnd, sem hann situr í. Nýverið hefur sálmaþókarnefnd óskað eftir sérfræðihjálpi hópsins við næstu skref í vinnu við tilraunahefti með 150 sálumum, sem stefnt er að komi út á þessu ári. Sú mikla vinna sem Arngerður María Árnadóttir aðstoðarmaður söngmálastjóra og Aðalheiður Þorsteinsdóttir tónlistarkona hafa unnið við uppsetningu sálma með nótum í því formi sem hentar nýrri sálmaþóki, á eftir að reynast dýrmæt þegar kemur að uppsetningu nýju sálmaþókarinnar. Þessa vinnu má nú líta á Söngvasjóð kirkjunnar, þar sem einnig má finna grunnupplýsingar um uppruna hvers sálms, en þær upplýsingar hefur Jón Ólafur Sigurðsson organisti miðlað.

Eitt af verkefnum mínum sem tóku mikinn tíma fyrri hluta starfstíma míns var að sinna ráðgjöf um orgelmál. Fyrir hrun var á mörgum stöðum í bígerð nýsmíði orgela, þó að þar hafi margt farið á annan veg en ætlað var. Orgelnefnd þjóðkirkjunnar var oft kölluð til úttekta á kirkjubýggingum og ráðgjafar um framkvæmd útboða. Skýrslur, margir fundir og bréfaskipti eru til vitnis um þetta. Það er vert að geta þess að

staða orgelnefndar þjóðkirkjunnar er umhugsunarverð, hún býður söfnuðum ókeypis ráðgjöf, sem söfnuðirnir geta síðan hunsað ef þeim líkar ekki. Þannig eru mörg dæmi um að ekki hafi verið farið að ráðum orgelnefndar og þannig gert lítið úr fagráðgjöf sem þjóðkirkjan stendur straum af.

Í kjölfar kreppunnar og minnkandi ráðstöfunarfjár embættis söngmálastjóra reyndist smám saman erfiðara að halda sjó í þeim verkefnum sem ég hafði unnið að. Starfsemi starfshópa var sett í salt og áform um kórastefnur settar til hliðar. Áhersla var lögð á vinnu við sálmana og söngvasjóðinn. Þann 15. desember 2009 var mér svo tilkynnt að frá áramótum 2009/2010 væri ekki lengur hægt að greiða laun fyrir aðstoðarmann söngmálastjóra, sem ég hafði haft frá fyrri hluta ársins 2008. Við nánari athugun kom þó í ljós svigrúm til að framlengja starfstímann um hálf ár. Fyrir árið 2011 var fjárveiting til embættis söngmálastjóra skorin niður um helming miðað við árið á undan, og þar með endanlega kippt stöðunum undan flestum þeim verkefnum sem embættinu tilheyrta. Við þessa breytingu varð mér ljóst að ég gæti ekki sinnt skyldum söngmálastjóra á þann hátt sem ég tel sæmandi. Því óskaði ég eftir lausn frá embætti frá 1. september 2011.

Við starfslok er nauðsynlegt að horfa til baka og meta árangurinn. Á þessum tímamarki er mér efst í huga mikilvægi þess að halda vel utanum þau verkefni sem gengið hafa vel. Ég set Söngvasjóðinn, Sálmafoss, Söngvahátíð barnanna, Kórastefnu kirkjunnar, Liljuna og Skálholtsnámskeið efst á listann. Ráðgjöf í sambandi við ráðningarmál organista og kirkjukóra hefur verið töluvert fyrirferðarmikil í starfinu. Þörfin fyrir slíka faglega ráðgjöf er



brýn og verður væntanlega enn brýnni eftir því sem þrengir meir að fjárhag safnaðanna og erfiðara verður að greiða fyrir þjónustu á sviði tónlistarinnar. Sá þáttur sem mér finnst ekki hafa tekist sem skyldi á mínum starfstíma er tengsl við organista af erlendu bergi, sem víða starfa á landsbyggðinni. Mér hefur ekki tekist að ná viðunandi sambandi við flesta þeirra, en veit að víða er þörf fyrir leiðbeiningu í sambandi við tónlist við helgihaldið á þessum stöðum. Það mikilvæga markmið að auka samstarf presta og organista á sviði helgihaldsins, sérstaklega í þeim tilgangi að auka þátttöku almennings í safnaðarsöng, hefur ekki tekist eins og ég hefði kosið. Þetta er eitt af mikilvægustu markmiðum tónlistarstefnunnar og er að mínu mati eitt brýnasta verkefnið til að vinna að á næstu árum. Ný markmiðasetning í starfsemi Tónskóla þjóðkirkjunnar gæti leitt til leiða þar sem prestar og organistar taki þátt í menntun og endurmenntun sem opnað gæti leiðir til árangurs.

Eins og ég segi hér áður var mjög gott að koma til starfa á Biskupsstofu, þar sem vel var tekið á móti mér. Ég hef allan tímann átt mjög gott samstarf við sviðsstjóra helgisiða, sr. Kristján Val Ingólfsson, sem hefur verið virkur og hvetjandi í þeim verkefnum þar sem okkar svið skarast. Sú reynsla sem hann býr yfir á sviði helgisiða og messusöngs er ómetanleg fyrir þá heildarendurskoðun sem nauðsynlegt er að nú fari fram.

## **Tónskóli þjóðkirkjunnar – hornsteinn kirkjutónlistarmenntunar**

Tónskóli þjóðkirkjunnar á sér langa sögu, hann hefur veitt flestum starfandi organistum landsins menntun. Undir

forystu Björns Steinars Sólbergssonar, núverandi skólastjóra hafa á undanförnum árum margir organistar lokið prófum til starfsréttinda. Björn Steinar tók við starfi skólastjóra árið 2006 af Kristni Erni Kristinssyni. Ásamt skólanefnd undir formennsku sr. Jóns Helga Þórarinssonar vann hann að stofnun Kirkjutónlistardeildar við Listaháskóla Íslands, sem er samstarf Tónskólans og Listaháskólans. Deildin hóf starfsemi haustið 2007. Miklar vonir voru bundnar við hina nýju deild, að hún myndi auka fjölda þeirra sem sækja menntun í kirkjutónlist á háskólastigi. Einnig var talið að þetta samstarf myndi hafa hagræðingarhrif í för með sér. Enn er of snemmt að dæma um árangur af starfi hinnar nýju deildar, þó aðsókn í námið hafi valdið vonbrigðum. Undanfarin ár hefur Tónskólanum tekist að hagræða í rekstri án umtalsverðrar skerðingar á námsframboði. Markmið skólans er að mennta organista til starfa hjá þjóðkirkjunni og miðast við hefðbundið hlutverk organista, sem orgelleikara, kórstjóra og leiðtoga í helgihaldi. Mér virðist að menntunarmarkmið skólans falli vel að skilgreiningum Tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar á hlutverki organistans og orgelsins. Nauðsynlegt er að standa vörð um menntun organista, niðurskurður innan kirkjunnar má alls ekki bitna á þeirri grunnmenntun í kirkjutónlist sem enginn skóli nema Tónskólinn býður upp á.

Sú endurskoðun á söngmálastjóra-embættinu og tónlistarstefnunni sem nú er brýn, kallar einnig á endurskoðun á rekstri Tónskólans. Nauðsynlegt er að endurskoða hlutverk skólans í menntunar- og endurmenntunarfamboði kirkjunnar. Sérstaklega þarf að skoða hvort og hvernig styrkja megi stoðir skólans með því að auka námsframboð

í greinum sem nýtast í starfsþjálfun prestsefna og endurmenntun presta, hér er sérstaklega verið að hugsa um litúrgískar greinar, eins og sálmafræði, kirkjusöngsfræði og messuflutning, enda eru það greinar sem þjóna jafnt verðandi organistum og prestum. Nánara samstarf Tónskólans og Skálholtsskóla á sviði námskeiðahalds verður að skoða með tilliti til samnýtingar á kennslukröftum og aðstöðu. Ég legg til að sérstakur starfshópur fái það verkefni að gera tillögur um starfsemi skólans í tengslum við þá heildarúttekt sem nauðsynlegt er að fram fari á næstu mánuðum.

### **Hvað er til bragðs?**

Til að bregðast við þeirri stöðu sem nú er komin upp legg ég til að settur verði á stofn starfshópur um fyrirkomulag stjórnar söngmála hjá þjóðkirkjunni.

Markmið starfshópsins er að fara yfir stöðu tónlistarmála kirkjunnar við þær aðstæður sem skapast hafa með þeim fjárhagsþrengingum sem nú ganga yfir. Það sem starfshópurinn kanni sé staða söngmálastjóra, starfsmenntun organista, starfsemi Tónskóla þjóðkirkjunnar, tónlistarstefna þjóðkirkjunnar, starfsþjálfun verðandi presta á sviði messusöngs, hlutverk Söngvasjóðs kirkjunnar, útgáfumál kirkjunnar á sviði tónlistar, staða kirkjukóranna, starf organistanna, kirkjukóranna og barna-

kóranna, samstarf presta og organista, samstarf Skálholtsskóla og Tónskólans í námskeiðahaldi fyrir organista og presta, samstarfsmöguleikar tónlistarskóla og kirkna á landsbyggðinni. Nefndin hefji störf 1. september 2011 og skili tillögum til biskups og kirkjuráðs fyrir 1. desember 2011. Stefnt skuli að því að nefndin geri grein fyrir störfum sínum á kirkjuþingi í nóvember.

### **Niðurlagsorð**

Ég er reiðubúinn til að taka þátt í vinnu um aðgerðir til að lágmarka það tjón sem þrengri fjárhagur kirkjunnar og safnaða hennar hefur í för með sér. Ég hef þá trú að sú staða sem nú er komin upp sé tækifæri til að endurskipuleggja söngmálastjórn kirkjunnar, jafnvel þannig að með tímanum megi það skila nýjum sigrum á leiðinni til „syngjandi kirkju“. Þá munu saman hljóma söngvar frá öllum tímum og heimshornum af vörum barna og fullorðinna, organistar og prestar leggjast á eitt með að leiða söfnuðinn í nýjum söng, sem laðar fólk að nýju til þátttöku í helgihaldi, sem er hrífandi, huggandi og gleðjandi. Kirkjutónlistin, kórarnir, organistarnir, orgelið, önnur hljóðfæri, aðrar listgreinar bjóða upp á leiðir til að útbreiða fagnaðarerið á hátt sem engu öðru er líkur. Í því liggja enn mörg ónotuð tækifæri.

# Stofnanir, nefndir, ráð og félög

## *Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar*

Valgerður Gísladóttir, formaður

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar heldur mánaðarlega fundi yfir vetrarmánuðina og oftast ef þörf er á. Hlutverk nefndarinnar er að efla og styðja öldrunarþjónustu kirkjunnar, hvort heldur er í söfnuðum, prófasteðum, eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Nefndin starfar að fræðslu á þessu sviði í samvinnu við fræðslu og þjónustudeild kirkjunnar. Starfsvið nefndarinnar er landið allt og er lögð áhersla á að mynda góð tengsl við öldrunarþjónustu á landsbyggðinni. Nefndarmenn hafa mætt á fræðslufundi í Ellimálaráði Reykjavíkurprófasteðma eftir því sem óskað er og flutt þar erindi sem að gagni koma í öldrunarstarfinu.

Ellimálanefndin og Ellimálaráð Reykjavíkurprófasteðma hafa í mörg ár haft samvinnu um sumarorlof fyrir eldri borgara. Á hverju sumri dvelja þrjú hópar á Löngumýri í Skagafirði og er fólk mjög ánægt með það sem er í boði hverju sinni. Dvalargestir hafa verið frá ýmsum stöðum á landinu s.s. frá Akureyri og nágrenni, Egilsstöðum og Austfjörðum, Borgarfirði og einnig úr Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu en flestir komu frá Reykjavík og nágrenni.

Fræðsluefni til notkunar í kirkjustarfi aldraðra kom út árið 1995 og fyllti efnið tvær möppur. Efnið skiptist í nokkra flokka og er bæði til fróðleiks, skemmtunar og andlegrar

uppbyggingar. Nú er hætt að senda út möppuefni en í stað þess kemur allt efnið út á vefsíðunni. Vefsíða ellimálanefndar [www.gamlinoi.is](http://www.gamlinoi.is) var opnuð árið 2000. Uppistaðan er efni úr möppunum og nýtt efni sett reglulega inn, auk þess sem þar er auglýst öldrunarstarf sem er á döfni hverju sinni. Á vefsíðunni er að finna fjölbreytt safn af sögum, bænum og hugleiðingum til fróðleiks og uppbyggingar og til lestrar við ýmis tækifæri. Mikill fjöldi heimsækir síðuna reglulega og fjölgar þeim stöðugt sem notfæra sér efnið sem þar er að finna. Nefndin hefur fengið miklar þakkir frá þeim sem heimsækja síðuna.

Vefstjóri er Guðrún Loftsdóttir, [runalofts@hotmail.com](mailto:runalofts@hotmail.com)

Ritstjóri Gamla Nóa er Valgerður Gísladóttir. [www.gamlinoi.is](http://www.gamlinoi.is) netfang: [ellimal@simnet.is](mailto:ellimal@simnet.is)

Nefndin hefur komið á mörgum ráðstefnum innanlands og sótt aðrar til lærdóms bæði innanlands og utan. Hún lítur svo á að hún hafi fengið mikil og góð viðbrögð við tilraunum sínum til að þjóna landinu öllu og sérstaklega frá þeim sem búa á landsbyggðinni.

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar er skipuð af kirkjuráði sem einnig leggur henni til árlegt framlag til starfsins. Nefndin er þannig skipuð:

Valgerður Gísladóttir, formaður,

netfang: [ellimal@simnet.is](mailto:ellimal@simnet.is)

Sr. Bragi J. Ingibergsson, netfang:

srbragi@vidistadakirkja.is  
Edda Jónsdóttir, netfang:  
eddai@simnet.is  
Sr. Svanhildur Blöndal, netfang:  
svanhildur@hrafnista.is

Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, netfang:  
ragnheidur.sverrisdottir@kirkjan.is  
Nefndin hefur aðsetur í Breiðholti skirkju  
v / Pangbakka, 109 Reykjavík. sími  
567 - 1458 netfang: ellimal@simnet.is

## ***Fagráð um meðferð kynferðisbrota***

**Sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður**

Fram til ársins 2010 höfðu þrjú mál komið á borð Fagráðs. Á árinu 2010 varð breyting á og alls komu á borð Fagráðs tíu mál sem varða ásakanir um kynferðisbrot á hendur einstaklingum sem hafa verið starfsmenn kirkjunnar.

Árið var því annasamt í starfi Fagráðs og vegur þar efalítið mikið umfjöllun um mál sem kirkjuna hafa varðað og aðkoma Fagráðs að þeim. Samskipti við fjölmiðla og umfjöllun um Fagráð virðast því hafa skilað Fagráði trausti. Sex af þeim tíu málum sem komu á borð Fagráðs árið 2010 bárust á síðustu fjórum mánuðum ársins.

Á árinu lét Fagráð sig einnig varða eldri mál sem formlega höfðu ekki verið á borði Fagráðs og vörðuðu ásakanir um kynferðisbrot á hendur fyrrum biskupi. Fulltrúar Fagráðs áttu fundi með aðilum sem tengdust því, komu að undirbúningi og leiddu fund sem haldinn var í Vídalínskirkju í Garðabæ og hafði yfirskriftina „Áheyrn pólanda“.

Á árinu 2010 hafa fulltrúar Fagráðs átt 34 formleg viðtöl við pólandur og fundi vegna úrvinnslu mála þeirra. Þá hefur Fagráð átt níu fundi þar sem farið hefur verið yfir stöðu mála eða unnið með biskupi eða fulltrúum hans. Þó sum þessara mála varði ætluð brot sem átt hafa sér stað utan kirkjulegs starfsvettvangs viðkomandi eða fyrir löngum tíma, hefur Fagráð valið að heyra allar

umkvartanir. Reynsla Fagráðs hefur sýnt að mikilvægt sé að heyra þessi mál og finna þeim farveg í samráði við pólanda eftir því sem kostur er. Í mörgum tilvikum felst það í samantekt á reynslu pólandans sem síðan er kynnt biskupi og meintum geranda þó ekkert umboð kunni að vera til frekari íhlutunar af kirkjunnar hendi. Viðkomandi pólandi hefur þá fengið áheyrn fyrir mál sitt, létt byrðum af herðum sínum og stuðlað að frekara aðhaldi og vörn fyrir að kynferðisbrot viðgangist innan kirkjunnar.

Öll mál sem Fagráð hefur með höndum eru unnin í fullu samráði við pólandur. Af þeim 10 málum sem komu á borð Fagráðs á árinu var fimm málum lokið um áramót en tvö voru enn í vinnslu. Í þremur tilvikum bíður Fagráð þess að heyra frekar frá pólandum sem sjálfir velja hvenær og þá hvort frekar verður unnið með málin. Öðru því máli sem var í vinnslu er síðan lokið á þeim mánuðum sem liðnir eru af árinu 2011 og er hinu málinu að ljúka.

Þar sem því verður við komið eru ásakanir kynntar viðkomandi og unnið með biskupi, og ef því er að skipta yfirmönnum viðkomandi kirkjustarfs, þegar um er að ræða inngrip í starf viðkomandi. Fagráð hefur átt gott samstarf við biskup Íslands og notið mikilvægs stuðnings embættis hans við úrvinnslu þessara erfiðu mála.

# Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

Elísabet Berta Bjarnadóttir forstöðumaður.

## Viðtalsþjónusta

Eitt forgangsverkefna Fjölskylduþjónustu kirkjunnar (F.k.), er að veita hjónum, sambýlisfólki, foreldrum og fjölskyldum samtöl, þar sem leitast er við að þróa og styrkja úrlausnarmátt þeirra til betri vegar fyrir alla meðlimi í fjölskyldunni. Á þetta jafnt við um börnin og þá fullorðnu. Fagleg nálgun fjölskyldumeðferðar er ávallt með það að markmiði að engum í fjölskyldunni finnist hann bera skarðan hlut frá borði í hverju einstöku viðtali. Hornsteinn faglegrar nálgunar F.k. hefur einnig verið sá, frá opnun stofnunarinnar þann 1. janúar 1992, að fólk gæti leitað sjálf og milliliðalaust. Flestir tilvísenda eru hjón og fjölskyldur sem sjálf hafa leitað til okkar áður og prestar sem vilja að sóknarbörn sín fái enn meiri sérfræðiþjónustu.

216 fjölskyldur leituðu formlega til F.k. árið 2010, þar af um 70 fjölskyldur frá hvoru prófastsdæmanna í Reykjavík, en þau hafa frá upphafi stutt Fjölskylduþjónustuna með árlegum fjárframlögum. Reykjavíkurprófastsdæmi vestra með 500 þúsund króna fjárframlagi fyrir yfirstandandi ár og Reykjavíkurprófastsdæmi eystra veitir 1.300 þúsund krónur í ár. Kjalarnessprófastsdæmi telur þriðja stærsta notendahóp F.k., um 35 fjölskyldur þaðan leita formlega til okkar og um 15 fjölskyldur frá Árnasprófastsdæmi. 25 fjölskyldur koma hvaðanæva að af landinu. Fjöldi formlegra viðtala var 730.

## Kreppan flækir fjölskyldutengsl

Óformlega leita miklu fleiri fjölskyldur til F.k. en tölurnar hér að ofan sýna. Hjón og sambúðarfólk hringja, fá samtöl símleiðis, ráðleggingar og styrk. Einnig höfum við veitt Íslendingum búsettum erlendis símaráðgjöf. Þá er í sumum tilvikum leitast við að koma á fjölskylduviðtölum með ættingjum þeirra hérlendis. Hluti stórfjölskyldna getur mætt til okkar og hinir verið í símanum t.d. til að greiða úr umgengni við börn sem eiga foreldra búsetta í tveimur löndum. Samskiptin verða æ flóknari og kostnaðarsamari nú eftir efnahagskreppuna og mikla fólksflutninga úr landi í kjölfar hennar. Einnig leitast fjölskyldur við að koma í viðtöl við komur sínar til landsins og nýta sér vel viðtöl meðan á dvöl stendur. Erfitt getur reynst að fylgja málum eftir með símaráðgjöf þótt vilji sé fyrir hendi beggja vegna hafs.

## Hvað vill fólk að gangi betur?

Lang stærstur hluti leitenda óskar þess að sambúðin við maka eða sambyling gangi betur, eða um einn þriðji. Næst kemur óskin um bætt samskipti við barn eða unglings, þá að umgengni milli foreldra sem ekki eru í sambúð batni með velferð barnsins í huga. Þar á eftir fylgir ósk um aðstoð við skilnað, en þess ber að geta að hluti þeirra sem upphaflega leita með bættu sambúð í huga getur endað með skilnaði eða úrvinnslu úr kreppu á einn eða annan hátt. Bætt samskipti í stjúp-

tengslum, stórfjölskyldum, uppbygging og úrvinnsla úr sorg, örvæntingu og veikindum eru aðrar algengar óskir við komu til F.k. Fjárhagsvandi er alltaf þema í viðtalsvinnunni og fólki vísað á viðhlítandi stofnanir eða til annars fagfólks, sé þess kostur eða þörf.

## **Handleiðsla - starfs- náms- og fagþróun**

Annað forgangsverkefni F.k. er handleiðsla fyrir djákna og presta kirkjunnar og eftir atvikum annað starfsfólk. U.þ.b. 30 prestar og djáknar eru ár hvert í reglubundinni handleiðslu í 5-6 hópum. Byrðum er létt, ný sjónarhorn reifuð, fortíðin skoðuð og viðruð, ljósinu varpað á framtíðina, markmiðin sett og mótbyrin lægður. Úrvinnsla flókinna prests/djáknaverka og tilfinningaleg uppbygging er eitt meginverkefni handleiðslunnar. Margir leita nýrra miða svo sem frekara náms eða nýrra starfa. Öðrum tekst að próa bættar starfsaðferðir, setja sér skýrari mörk og verða ánægðari m.a. eftir ný kynni í handleiðsluhópunum sem oft stækka líka félagsnet þeirra. Starfsfólk F.k. sinnir einnig einstaklingsbundinni handleiðslu og stuðningi við starfsfólk þjóðkirkjunnar. Árið 2010 voru 10 starfsmenn kirkjunnar í einstaklingshandleiðslu.

## **Að uppsprettunum**

### **Norrænt kirkjulegt handleiðsluþing dagana 13. – 16. september 2010**

13.-16. september 2010 stóðu starfsmenn F.k. fyrir norrænu kirkjulegu handleiðsluþingi með um 50 fulltrúum frá kirkjunni á öllum Norðurlöndum, djáknum, prestum, æskulýðsleiðtogum og sálfræðingi og félagsráðgjöfum Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hérlendis.

Starfsfólk Biskupsstofu studdi dyggilega við bakið á F.k. fyrir þinghaldið.

Rannveig Guðmundsdóttir bar veg og vanda að undirbúningi ráðstefnunnar og á heiður skilinn fyrir að hafa farist það svo vel úr hendi að þingið skilaði um 200 þúsund króna hagnaði.

Biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörns-son hélt setningarræðu og talaði m.a. um fjölskyldutengsl og norræn tengsl sem mikilvæga speglun og vináttu. Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur hélt opunarfyrirlestur fyrir Íslands hönd: *De klassiske verdier*. Þar talaði Benedikt m.a. um siðferðileg gildi í samfélagi okkar fyrir og eftir tilkomu yfirstandandi efnahagskreppu og áhrif breytinganna á störf okkar. Norrænu fyrirlesararnir sem allir eru leiðtogar í handleiðslunámi kirkjunnar í sínum heimalöndum, sögðu frá faglegu innihaldi námsins í hverju landanna fyrir sig.

Þingið var veglegt framlag starfsfólks F.k. til starfsins innan kirkjunnar. Einnig eiga þeir íslenskir prestar og djáknar sem komu að þinghaldinu á einn eða annan hátt lof skilið fyrir óeigingjarnt framlag.

## **Félags- og nefndarstörf, rannsóknir og fræðsla**

Starfsfólk F.k. tók á móti og hafði „í læri“, átta nemendur er lögðu stund á tveggja ára nám í Fjölskyldumeðferð hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Rannveig Guðmundsdóttir er endurskoðandi Fjölskyldufræðingafélags Íslands og Elísabet Berta Bjarnadóttir átti sæti í stjórn þess fram að aðalfundi í mars 2011. Rannveig átti sæti í Vímuvarnarnefnd þjóðkirkjunnar 2010 og Elísabet í nefnd um starfsþjálfun djákna. Guðlaug Magnúsdóttir átti sæti í Hópslysanevnd kirkjunnar.

Í maí 2010 hélt Rannveig erindi á málþingi í Skálholti er bar vinnuheitið: „Hugleiðingar um starfsaðferðir og nálgun hjá F.k.“

Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur hélt fjóra fyrirlestra tengda starfssemi F.k. 2010: kynningu á starfsaðferðum stofnunarinnar fyrir starfsfólk hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Erindi í Keflavíkurkirkju á málþingi um börn og skilnaði á vegum Kjalarnessprófastsdæmis undir heitinu: „Börn og skilnaður, hvað vitum við, hvert stefnum við?“ Sem áður sagði hélt Benedikt einnig upphafserindi þingsins: *Til kildene*. „Hin hefðbundnu gildi“. Benedikt birti einnig grein eftir sig í vef tímaritinu: „Netlu“ sem menntasvið Háskóla Íslands gefur út. Greinin Heitir: Málshættir, íslenskt uppeldi og sígildar dyggðir. Nú vorið 2011 kom svo út grein eftir Benedikt í greinasafninu: „Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélagsins“ sem Háskóla-útgáfan gefur út. Grein Benedikts heitir: „Sígildar dyggðir, hrunið og farsælt líf“.

Nú í apríl 2011 hefur Benedikt verið með tvær kynningar á könnunum um líðan og aðlögun unglunga eftir fjölskylduáðstæðum, auk þess að kynna helstu niðurstöður rannsókna um börn og skilnaði í febrúar 2011 í endurmenntun fyrir sálfræðinga sem vilja vinna að úrlausnum deilumála foreldra við og eftir skilnaði.

Allir starfsmenn F.k. taka að sér að fara út í kirkjur landsins og halda fyrirlestra fyrir foreldra og fermingarbörn

og mæta á foreldramorgna í kirkjunum og ræða við foreldrana.

## **Nýjungar, þakkir og niðurlag**

Gott og gagnkvæmt samstarf er með Hjálparstarfi kirkjunnar og F.k. M.a. hefur Guðlaug M. Magnúsdóttir tekið að sér fyrir hönd stofnunarinnar að vinna 30% með Hjálparstarfinu þ.á.m. stuðnings og fjölskylduvinnu. Á hún mikið hrós skilið fyrir þessa nýbreytni í starfi.

Rannveig Guðmundsdóttir og Elísabet Berta Bjarnadóttir eru saman að þróa sáttamiðaða vinnu með samstarfs-hópa og/eða fjölskyldur.

Frá áramótum 2010-2011 heyrir Fjölskylduþjónustan beint undir Kirkju-málasjóð hvað fjármál og bókhald varðar og hefur ekki sér kennitölu. Mun þetta heita viðfang á bókhaldsmáli.

Starfsfólk Fjölskylduþjónustu kirkjunnar vill þakka sérstaklega prófastsdæmunum í Reykjavík fyrir bæði fjárstuðning við stofnunina frá upphafi og ekki síður gott og traust samstarf.

Einnig viljum við þakka starfsfólki Biskupsstofu allt samstarf, biskup Íslands herra Karl Sigurbjörnsson og séra Þorvaldur Karl Helgason hafa alltaf stutt við bakið á F.k. með ráðum og dáð og lagt mikla áhersu á faglegt sjálfstæði stofnunarinnar. Ragnhildur Benediktsdóttir, Sigríður Dögg Geirsdóttir og Guðmundur Þór Guðmundsson hafa verið okkur til halds og trausts varðandi rekstur stofnunarinnar.

# Hjálparstarf kirkjunnar

Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri

## Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; tíu fulltrúa prófestsdæma, fimm fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 69 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Enginn má sitja lengur en sex ár samfleytt í fulltrúaráði. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori.

Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Þorsteinn Pálsson formaður  
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfr.  
Hrafnhildur Sigurðardóttir fyrrv. útibú-  
stjóri í Landsbankanum

### Varamenn:

Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur  
Elínborg Sturludóttir sóknarprestur í  
Stafholti í Borgarfirði

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Hún ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk sem nú eru: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi í 60% starfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með matarbúri, sölu Friðarljósa o.fl. Anna M. Þ. Ólafsdóttir er verkefnastjóri í 75% starfi. Þorsteinn Valdimarsson er í 25%


starfi við að leiða starf Breytanda – Changemaker.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er samkvæmt skipulagsskrá að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Um rekstrartölur vísast í reikninga sem liggja fyrir í byrjun september.

## Aðstoð á Íslandi

Hjálparstarf kirkjunnar er með aðstoð um allt land í gegnum net presta og djákna. Í mörg ár hefur stofnunin sent kort út á land en verið með mataraðstoð hér í Reykjavík þar sem þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu hafa fengið mat í poka eftir fjölskyldustærð. Frá 1. maí var hætt að gefa mat í poka. Í staðinn fá barnafjölskyldur mataraðstoð með inneignarkortum. Þar sem kortaleiðin er dýrari verður að takmarka hópinn og er barnlausum einstaklingum bent á að fara til annarra hjálparsamtaka sem hafa hefðbundna matarúthlutun. Á þeim stöðum sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá allir inneignarkort. Reynslan verður metin í lok árs 2011. Eftir sem áður geta allir, barnafjölskyldur og aðrir, notið faglegrar ráðgjafar og ýmissa annarra úrlausna stofnunarinnar en mataraðstoðar. Veittur er stuðningur vegna skólagöngu og tómsunda barna,





Í Malaví eru grafnir brunnar sem gefa hreint vatn

fata, lyfja og annað. Þetta allt er óbreytt og áfram ætlað öllum.

Að undanskildum desember hafa fyrstu 10 mánuði starfsársins verið 6.787 afgreiðslur í innanlandsaðstoðinni.

Jólaastoðin 2010 sem var á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðis-hersins, Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, og Rauða krossins í Reykjavík gekk mjög vel fyrir sig þökk sé fjölda sjálf-boðaliða sem lögðu henni lið. Heildarfjöldi umsókna frá öllu landinu var 4.043 sem er svipaður fjöldi og árið áður en þá var fjöldi umsókna 3.946. Það var líf og fjör í Skútvogi 3 þar sem úthlutunin fór fram síðustu dagana fyrir jól. Mörg

fyrirtæki gáfu vörur eða góða afslætti og enn önnur gáfu myndarlegan fjár-stuðning. Pokasjóður gaf 20 milljónir króna í gjafakortum í verslunum sem styrkja sjóðinn. Um 400 sjálfboðaliðar tóku á móti vörum og flokkuðu og úthlutuðu eftir margreyndu skipulagi sem virkaði vel.

## Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablað Hjálparstarfsins *Margt smátt* kom út í október 2010 og var sent um 6.000 áskrifendum. Í tengslum við jóla- og páskasöfnun kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu. 26.

Í Úganda fá munaðarlaus börn reiðhjól sem nýtast t.d. við að sækja vatn



maí 2011 var tveggja tíma fræðslu- og söfnunarpáttur á Stöð 2 undir nafninu *Fátækt – Hjálpum heima*. Sagt var frá lífi skjólstaðinga Hjálparstarfsins og þeir lýstu aðstæðum sínum, rætt við fulltrúa ýmissa samtaka og stofnana sem hafa þekkingu á málefnum og úrræði Hjálparstarfsins kynnt. Samþykktar hafa verið siða- og verklagsreglur fyrir stofnunina. Tilgangurinn er að auka gegnsæi og veita starfsmönnum aðhald.

### Ungliðahreyfingin Breytendur

Breytendur – Changemaker á Íslandi er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar og hluti af hinnu alþjóðlegu Changemaker hreyfingu. Hreyfingin er vettvangur fyrir ungt fólk til að láta skoðun sína heyrast og hafa áhrif til hins betra. Á þessu starfsári hafa Breytendur verið að vinna að kynningu hugtaksins *Fairtrade – sanngjarnra viðskipta*. Héldu krakkarnir gjörninga og kynningar þar sem hugtakið var kynnt fyrir vegfarendum og þeim

svo boðið að styðja áskorun til verslana með því að deila mynd af sér í *Fairtrade* merkinu. Áskorunin var svo birt í fréttablaði Hjálparstarfsins Mörgu smáu í apríl, sem fylgdi með Fréttablaðinu. Breytendur tóku einnig þátt í Landsmóti ÆSKP á Akureyri, og söfnun sem þar fór fram fyrir þrælarnaverkefni Hjálparstarfsins á Indlandi. Meðal fastra liða var þátttaka í lífsleikniverkefni þjóðkirkjunnar, þar sem m.a. er boðið upp á fræðslu í framhaldsskólum um misskiptingu, og þátttaka í Friðargöngunni 23. desember. Tveir nýir hópar hafa tekið til starfa á árinu, í Grafarholti og á Akureyri, og hafa þeir báðir byrjað að sanna sig með flottum gjörningum. Breytendur í Grafarholti héldu upp á *Dag vatnsins* með tónleikum við Laugardalslaug og vöktu athygli á vatnsskortri í heiminum og vatnsverkefnum Hjálparstarfsins. Breytendur á Akureyri tóku þátt í *Degi Evrópu gegn misrétti* og útskýrðu meðal annars *Fairtrade* með skemmtilegum leik. Í apríl var svo haldið *Fjaðrafok*,



Á Indlandi fá börn tækifæri til náms í gegnum verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar  
Mynd: Kristján Ingi Einarsson

árlegt helgarnámskeið Breytanda. Þátttakendur voru 20 ungmenni og heppnaðist ferðin vel í alla staði. Sjá meira á [www.changemaker.is](http://www.changemaker.is)

## Samstarf við félög og stofnanir

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið áfram á samstarfsvettvangi mannúðarsamtaka í þróunaraðstoð. Samtökin stóðu fyrir málþingi um þróunarsamvinnu þegar dregur úr fjárframlögum og í undirbúningi er námskeið fyrir starfsfólk samtakanna um siðferðileg álitamál í þróunarstarfi, fjáröflun og fleiru og gerð siðareglna. Hjálparstarfið er aðili að Almannaheillum sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfseignarstofnana sem vinna að almannaheillum á Íslandi. Hjálparstarfið fundar árlega með hjálparstofnunum kirkna á Norðurlöndum og sótti árlegan samráðsfund Lútherska heimssambandsins.

## Safnanir og fjáröflun

Í tengslum við söfnun fermingarbarna komu Steven Ssenkima og Charity Namara frá Úganda til landsins og heim sóttu fermingarbörn um allt land í október. Þau sögðu frá lífi sínu og harðri lífsbaráttu við erfiðar aðstæður. Fermingarbörn um allt land gengu síðan í hús í nóvember og söfnuðu átta milljónum króna. Fyrir söfnunina sáu börnin einnig myndaseríu um munaðarlaus börn í Úganda, óhreina vatnið sem þau þurfa að drekka og hvernig hjálparstarf kirkjunnar nýtist. Um 3.000 börn úr 67 prestaköllum voru með nú.

Vefsíðan [framlag.is](http://framlag.is) auðveldar fólki að styrkja verkefni að eigin vali heima og erlendis. Á síðunni gjofsemgefur.is er hægt að kaupa 35 ólíkar gjafir á verðbilinu 1.300 - 150.000 krónur og gefa við ýmis tækifæri. Vinsælt var að gefa geit en hlutdeild í brunni og að leysa börn á Indlandi úr skuldaánað höfðaði einnig til margra.

Í jólasöfnuninni 2010 var send út valgreiðsla í heimabanka landsmanna sem runnu jafnt til innanlandsaðstoðar og verkefna erlendis. 73 milljónir króna söfnuðust. Í þeirri tölu eru stór framlög samtaka og fyrirtækja sem styrktu innanlandsaðstöðina rausnarlega og einnig afrakstur af vefsíðunum. Einnig var gefinn kostur á að styðja eingöngu starf innanlands eða aðeins erlent.

Ekki liggja fyrir endanlegar tölur úr páskasöfnun en hún var fyrir nýrri nálgun í mataraðstoð svokallaðri kortaleið. Kortaleiðin er dýrari en að úthluta mat í poka og því þarf aukið fjármagn. Valgreiðslur voru sendar í heimabanka landsmanna í lok apríl. Þetta er í fyrsta skipti sem safnað er eingöngu til innanlandsaðstoðar. Fræðslu og söfnunarpáttur á Stöð 2, *Fátækt – Hjálpum heima*, var hluti af páskasöfnun.

## Verkefni í Afríku

Hjálparstarfið styður verkefni í Malaví, Úganda og Eþíópíu. Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur um árabíl stutt verkefnið um 60% heildarkostnaðar. Með krepplunni hefur stofnunin þó ekki endurnýjað samninga og stendur Hjálparstarfið nú eitt að stuðningi við löndin. Hjálparstarfið hefur haldið sínum kostnaðarhlut og jafnvel aukið framlag sitt.

## Malaví

Hjálparstarf kirkjunnar starfar með þróunarmi Lúthersku kirkjunnar í Malaví, Evangelical Lutheran Development Service (ELDS), að stuðningi við sjálfsþurftarbændur. Unnið er í 37 þorpum með 952 fátækustu fjölskyldunum að vatnsöflun og nýtingu vatns til

fæðuöflunar ásamt því að auka jafnrétti, efla konur og lýðræðisleg vinnubrögð. Í eðlilegu árferði gilda samstarfssamningar í nokkur ár en með krepplunni nú er aðeins samið til eins árs í senn. Árið 2010 voru boraðir 14 brunnar, 30 kamrar voru gerðir en 10 þorp fengu á þessu ári kennslu í að gera kamra og fræðslu til að nota þau að staðaldri. 20 manns fengu fræðslu til að stjórna vatnsnefndum og miðla þekkingu út í þorpin. Íbúar 10 þorpa gróðursettu 805.000 græðlinga í þeim tilgangi að binda vatn og jarðveg og skapa skugga fyrir aðrar jurtir. Matvælaræktun var eflað með nýjum tegundum, skepnuhald var styrkt en 80 fjölskyldur fengu geitur. 75 aðrir fengu kíðlinga undan þeim og svo verður koll af kalli. Tað er nýtt við ræktunina. Inn í þessa efnislegu þætti tvinnast kennsla og þjálfun í nýjum aðferðum sem og hvatning og stuðningur til að ræða mál, taka sameiginlegar ákvarðanir og hrinda hugmyndum í framkvæmd. Framkvæmdastjóri og upplýsingafultrúi fóru í eftirlitsferð til Malaví í febrúar 2011.

## Úganda

Verkefnið sem stutt er í Úganda er á vegum tveggja samtaka, annars vegar Lútherska heimssambandsins og hins vegar staðarsamtaka sem sprottin eru upp úr starfi LHS en starfa nú sjálfstætt. Verkefnið miðar að því að hjálpa börnum sem misst hafa báða foreldra úr alnæmi og búa ein eða með sjúkum foreldrum eða ömmum sem hafa fleiri barnabörn á framfæri. Áhersla er á að bæta húsakynni og aðgang að vatni, auka hreinlæti á heimilum með því að gera kamra og hreinlætisaðstöðu og fræða um samband hreinlætis og

smithættu. Einnig er veitt efnisleg aðstoð og ráðgjöf til að hjálpa fólki að framfleyta sér. Á starfsárinu voru reist hús fyrir átta fjölskyldur. Hverju þeirra fylgdi kamar, eldhús, vatnstankur og grunninnbú s.s. rúm, flugnanet, matarílát og þ.u.l. Níu hópnámskeið voru haldin um hreinlæti. Verkefnastjóri fór í eftirlitsferð til Úganda og á samráðsfund styrktaraðila Lútherska heimsambandsins þar í mars 2011.

## **Epíópía**

Stærsta verkefni Hjálparstarfsins er unnið í Epíópíu. Lúterska heimsambandið og þróunarsvið lútersku kirkjunnar í Epíópíu, Mekane Jesus, er framkvæmdaraðili. Meginmarkmið verkefnisins eru að tryggja aðgang að vatni með því að byggja vatnsgeyma/vatnsprær, bæta ræktunaraðferðir og efla skepnuhald, auka efnahagslegt sjálfstæði kvenna og auka rétt þeirra, fræða um HIV/alnæmi og styrkja opinbera starfsmenn í starfi til að þekkja betur þarfir fátækra og bregðast rétt við. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri fóru í eftirlitsferð til Epíópíu í mars 2011.

## **Starf á Indlandi**

Mannréttindasamtökin *Social Action Movement* vinna með hinum stéttlausu að réttindum þeirra. Hjálparstarfið styður rekstur forskóla þar sem börn eru búin undir nám í almennum grunnskólum, kvöldskóla fyrir börn sem verið er að leysa úr skuldaánað og háskólanám sniðið að þörfum stéttlausra ungmenna. Á árinu 2010 voru 55 börn leyst úr skuldaánað og komið í skóla. Sameinaða indverska kirkjan starfrækir grunnskóla, iðn- og framhaldsskóla fyrir fátæk börn á svæði sínu. Íslenskir fósturforeldrar styðja þar 430 börn í gegnum Hjálparstarfið, þar af 324 á heimavist samtakanna. Samtökin fengu einnig stuðning til neyðaraðstoðar eftir flóð á svæðinu.

## **Alþjóðahjálparstarf kirkna –**

### **ACT Alliance**

ACT-Alliance sem Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að stendur fyrir alþjóðlegt neyðarstarf og þróunarhjálp aðildarkirkna. Aðilar eru kirkjur í Lúterska heimssambandinu og Alkirkjuráðinu. Á annað hundrað kirkjur og kirkjutengd samtök og stofnanir eru aðilar að ACT Alliance sem starfar í 125 löndum. ACT Alliance er mikilvægur farvegur fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

# Hópslysanevnd

Gísli Jónasson, formaður

Hópslysanevnd, er fastanevnd sem starfar í umboði kirkjuráðs og biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur Þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari, Jónas Þ. Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Guðlaug Magnúsdóttir, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar.

Sr. Guðrún Eggertsdóttir, hefur síðan eins og nokkur undanfarin ár verið í 10% starfi sem starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hefur á liðnu starfsári m.a. unnið að því verkefni, að aðlagja skipulag kirkjunnar vegna viðbragða við hópslysum, að þeim breytingum sem hafa orðið á prófastsdæmunum, en þetta skipulag er byggt á Viðbragðaáætlun kirkjunnar, sem samþykkt var á kirkjuþingi 2006. Viðbragðaáætlunin var á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Einnig má svo nálgast hana á vefsvæði Þjóðkirkjunnar ([www.kirkjan.is/vidbrogd](http://www.kirkjan.is/vidbrogd)) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því, að útbúnaður séu sérstakar **viðbragða-áætlanir prófastsdæmanna**. Hafa flest þeirra lokið við áætlanir sínar, en þó er eftir að endurskoða einhverjar þeirra með tilliti til þeirra breytinga, sem hafa orðið á prófastsdæmunum og sömuleiðis vegna þeirra breytinga sem framundan eru.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar var æfð í tengslum við nokkrar **flugslasaefingar**. En þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförunum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem þátttaka og hópslysanevndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Einnig reyndi á áætlunina í tengslum við **eldgösin** í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum og virðist hún hafa reynst vel við þær aðstæður. En nánari úttekt á því verður væntanlega gerð í samvinnu við heimamenn á komandi hausti.

Þá var á síðasta hausti gengið frá endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi og tóku fulltrúar hópslysanevndar virkan þátt í þeirri vinnu. Biskup Íslands undirritaði þetta skipulag fyrir hönd kirkjunnar á fjölmennri ráðstefnu um skipulag áfallahjálpar á Íslandi, sem haldin var í Grensáskirkju 14. október. Aðrir aðilar að þessu samkomulagi eru Ríkislögreglustjóri, Landlæknir, Rauði kross Íslands og Samtök íslenskra sveitarfélaga.

Í framhaldi af þessu hefur svo verið unnið að stofnun samráðshópa áfalla-

hjálpur í öllum lögregluumdæmum landsins og hafa jafnframt verið haldnir velheppnaðir fræðslufundir fyrir þá flesta. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir alls staðar verið virkir þátttakendur í fræðslufundunum og þeim æfingum sem þeim tengjast.

Einnig má í þessu sambandi geta þess, að fulltrúar nefndarinnar taka þátt í störfun **Samráðshóps áfallhjálpur** í Samhæfingarstöð almannavarna sem fundar reglulega.

Að lokum skal svo á það minnt, að

nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsgöðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannavarnaástand að ræða.

## ***Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan***

**Edda Möller, framkvæmdastjóri**

Skálholtsútgáfan heldur úti heimasíðu [www.skalholtsutgafan.is](http://www.skalholtsutgafan.is). Þar má finna yfirlit og umfjöllun yfir útgáfu á vegum útgáfufélagsins; bænaþækur og bænaefni ýmiss konar, barnaþækur af ýmsum toga, þækur um lífið, tilveruna og trúna, (andleg leiðsögn, spurningar lífsins og hugleiðingar); fræðsluefni ýmiss konar, efni um kirkjufræðslu, guðfræði og kristna trú, sögu, tónlistarefni og aðra útgáfu.

Einnig má finna á heimasíðunni ýmislegt sem fæst í versluninni Kirkjuhúsinu.

### **Tilgangur og markmið**

Skálholtsútgáfan er útgáfufélag þjóðkirkjunnar. Hún skal annast útgáfu á fræðsluefni til notkunar í kirkjustarfi og að gefa út lesefni og geisladiska fyrir almennig þar sem kristin sjónarmið eru skýrð.

Um Kirkjuhúsið segir að það skuli

annast dreifingu og sölu fræðsluefnis og tilheyrandi þjónustu við kirkjulega aðila, selja muni og gjafavöru á kristnum grunni.


Við stefnumörkun er litið til markmiða í stefnumótun þjóðkirkjunnar varðandi útgáfu og fræðslu, einnig til fræðslustefnu og fjölskyldustefnu og til vinnu nefnda og ráða kirkjunnar.

### **Markmið Skálholtsútgáfunnar**

#### **Kristin trú og heimilin**

Markmið útgáfufélagsins taka mið af skipulagsskránni og tengingu við íslenskt samfélag á hverjum tíma. Bækur og fræðsla fyrir börn um kristna trú eru okkur alltaf ofarlega í huga. Fyrir jólin 2010 kom út dvd diskurinn *Daginn í dag*.

Þetta er skemmtilegur, leikinn diskur þar sem börn leika, syngja og taka þátt. Hafðís og Klemmi og aðrar helstu sögupersónur þessa leikna efnis eru aldeilis orðin vinir íslenskra barna og heimila



frá útgáfudegi. Börnin læra biblíu-sögur, sunnudagaskólasöngva og sálma en taka jafnframt þátt í ævintýrum sögupersónanna.

Jafnframt því að vera til sölu víða í verslunum má fá þetta efni á leigu Vodafone og Símans og hefur að undanförunu verið vinsælasta efnið á leigunni. Það má með sanni segja að diskurinn styðji bæði við sunnudagaskólann í kirkjum landsins og við heimilin og heimilisguðrækni.

Einnig kom út ný útgáfa af litlu bókinni *Bæninna mínar*, þriðja útgáfa með myndskreytingum Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur. Þetta litla hefti hefur

verið gefið tugþúsundum barna síðastliðin 19 ár, í þessari útgáfu er einnig viðbótarefni um bænina, um Guð og um Jesú.

Einnig var gefin út *Litabók með biblíu-sögum* fyrir börn á öllum aldri. Myndirnar teiknaði Sigrún Hanna Ómarsdóttir, 23ja ára listakona.

Einnig létum við búa til skemmtilegan kvöldbænatening úr tré með sex kvöldbænum á, auk þess ýmsar útgáfur af kvöldbænasþöldum og kortum sem fást í Kirkjuhúsinu.

*Prastarunginn Efraím* kom út að nýju, en hún hafði verið lengi uppseld. Hér er komið víða við í líflegri og skemmtilegri



frásögn. Þetta er kærkomin bók öllum foreldrum sem vilja lesa fyrir börn sín og kenna þeim um Guð og það sem best er og dýrmætast í lífinu. Í lok hvers kafla um Efraím og systur hans, Efemíu, er minnisvers úr Bibliunni og bænarorð.

## Kristin trú og samfélag

Í markmiðum Skálholtsútgáfunnar er horft til útgáfu af ýmsum toga en sérstaklega eru nefnd tengsl við samfélagið og daglegt líf einstaklinga og fjölskyldna. Þar er kristin trú samofin lífsviðhorfum og lífsstíl, meðvitað og ómeðvitað.

*Þjóðgildin tólf* eftir Gunnar Hersvein kom út í fyrrihaust. Bókin er skrifuð fyrir almenning um þau tólf gildi sem 1500 manns á þjóðfundinum 2009 völdu til að bæta og efla íslenskt samfélag. Gildin tólf eru kærleikur og fjölskylda, ábyrgð og frelsi, heiðarleiki og traust, virðing og réttlæti, lýðræði og jöfnuður, jafnrétti og sjálfbærni. Ávextir andans eru kærleikur, gleði, gæska og góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfstjórn.

Einnig kom út bókin *Hvað í veröldinni gerir maður þegar einhver deyr?* og fjallar hún um unglinga og sorg. Henni fylgir kennsluefni fyrir grunnskóla.

## Kirkjustarf

Kórar eru fjölmargir á Íslandi, margir þeirra tengjast kirkjukórum beint, aðrir ekki, en syngja þó oft tónleika í kirkjum eða við guðsþjónustur og kirkjulegar athafnir. Á þetta bæði við um barnakóra og blandaða kóra. 16. bókin í söngvasveigsflokknum kom út árið 2010, með 25 sálum eftir Aðalstein Ásberg og Sigurð Flosason. Hún er af kristnum toga og er útsett fyrir blandaða kóra.

Unglingasöngbókin *Guð í þinni hendi* kom út á vormánuðum. Hún er ætluð unglingarstarfi innan kirkjunnar, fjölbreytt bók með gítargripum og hljómunum.

Einnig kom út ýmislegt efni sem fellur undir *Barnaefni fyrir sunnudagaskóla og aðventudagatal* sem dreift var í leikskóla um allt land.

## Kirkjuhúsið – verslun

Kirkjuhúsið er ekki eingöngu verslun, hún er þjónustumiðstöð fyrir kirkjurnar.

Hingað kemur fólk í ýmsum erindagjörðum; að leita sér að lesefni um kristna trú, barnabókum, geisladiskum og dvd efni fyrir börn og fullorðna, fræðsluefni fyrir kirkjustarf, ýmiskonar aðföng fyrir kirkjur, í leit að gjafavöru og fleira. Boðið er upp á gott og fjölbreytt úrval af geisladiskum með trúarlegri tónlist; gospel, Taizé, klassík, sálmatónlist af fjölbreyttustu gerð. Skírnergjafir og brúðargjafir eru sóttar í Kirkjuhúsið, jóla- og afmælisgjafir og ekki síst kemur fólk þangað þegar sorgin sækir í hús.

## Starfsfólk og stjórn

Hjá Kirkjuhúsinu – Skálholtsútgáfunni vinna þrír starfsmenn sem sjá um hvoru tveggja verslun, þjónustu og útgáfu ásamt öðrum verkefnum, eins og bók-haldi, ritstjórn, dreifingu til kirkna, bóka-verslana og einstaklinga. Margir verk-takar koma einnig við sögu. Starfsmenn eru; Edda Möller, Guðbjörg Ingólfssdóttir og Lára Árnadóttir. Stjórn skipa Bern-hardur Guðmundsson, formaður, Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur, sr. Guðni Már Harðarson, Halla Jónsdóttir hug-myndasagnfræðingur og aðjúnkt við HÍ; sr. Hreinn Hákonarson fangaprestur,

Halldór Reynisson og Elín Elísabet Jóhannsdóttir bæði fræðslufulltrúar við þjónustusvið Biskupsstofu, Valur Árnason lögfræðingur og Alma Guðmundsdóttir blaðamaður.

## Fjárhagur

Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan stendur undir sér og fjármagnar sjálf öll sín útgáfuverkefni. Þó getur hún leitað eftir styrkjum til einstakra verkefna.

# Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn

Jóhanna I. Sigmarsdóttir

## Skipulag og stjórnun

Stjórn Kirkjumiðstöðvar Austurlands var þannig skipuð árið 2009:

Sr. Davíð Baldursson, formaður, kosinn af Prestafélagi Austurlands; sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson, gjaldkeri, kosinn af héraðsfundi Múlaprófastsdæmis; Þórður Júlíusson, ritari kosinn af héraðsfundi Austfjarðaprófastsdæmis; Kristjana Björnsdóttir, meðstjórnandi, kosin af héraðsfundi Múlaprófastsdæmis; Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson, meðstjórnandi, kosinn af héraðsfundi Austfjarðaprófastsdæmis

## Starfsemi

Sem fyrr hefur sóknarprestur á Eiðum hefur umsjón með húsnæði og rekstri Kirkjumiðstöðvarinnar við Eiðavatn þar með talið að sjá um að ráða starfsfólk, greiðslu launa og reikninga fyrir KMA en Deloitte í Neskaupsstað hefur séð um launaútreikninga og bókhald.

Í Kirkjumiðstöðinni við Eiðavatn er margs konar starfsemi á vegum kirkjunnar, haldnir fundir og námskeið. Sumarbúðir fyrir börn er stærsti og veigmesti þátturinn í starfseminni. Þar hafa verið fimm viku flokkar undanfarin sumur.

Sumarið 2010 komu 167 börn í

sumarbúðirnar heldur færri en sumarið 2009 en þá komu 189 börn til dvalar en 2008 voru þau 174. Mest er hægt að taka við 40 börnum í einu eða 200 samtals í þessa fimm flokka yfir sumarið.

Yfir veturinn er starfsemin í húsinu í formi námskeiða og funda. Stöku sinnum er það leigt út til námskeiðahalds. Fermingarbörn allt frá Bakkafirði til Djúpavogs sóttu fermingarfræðslunámskeið í Kirkjumiðstöðinni og stóðu námskeiðin í 1- 2 sólarhringa. Leiðtogaefnanámskeið var haldið, TTT-mót og sunnudagaskólámót og æskulýðsmót svo eitthvað sé nefnt. Þá voru kyrrðardagar fyrir krabbameinsjúklinga haldnir síðustu helgina í ágúst. Húsið er eftirsótt fyrir fermingarveislur, yfirleitt búið að panta með árs fyrirvara. Ein brúðkaupsveisla var haldin þar s.l. haust.

## Húsnæði og lóð

Engar stærri viðhaldsframkvæmdir voru á árinu. Brýnt er að mála vegg hússins að utan og svefnálmu að innan. Þá þyrfti einnig að lagfæra heimreiðina og gera fleiri bílastæði. Vegurinn verður mjög fljótt ófær þegar snjóar vegna trjágróðurs sem er við hann og vegna þess hve lágt hann stendur. Stjórn

Kirkjumiðstöðvarinnar ákvað að festa kaup á varmadælum til hitunar og verða þær settar upp nú í maí.

Verktakar voru fengnir til að slá fótboltavöllinn og lóðina.

Soroptimistaklúbbur Austurlands ásamt mökum kom og hreinsaði lóðina s.l. vor, vann að vorhreingerningum og setti á flot bátana.

## Starfsfólk

Ekkert fastráðið starfsfólk er við Kirkjumiðstöðina en vel hefur gengið að fá fólk. Mikill hluti sumarbúðastarfsfólksins kemur ár eftir ár og skapar það festu í starfinu sem hefur gengið mjög vel. Kristjana Björnsdóttir var

matráðskona og naut hún aðstoðar Guðnýjar Eiríksdóttur í eldhúsinu. Hlín Stefánsdóttir og sr. Þorgeir Arason, Magnea Sverrisdóttir og sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson og Álfheiður Ingólfssdóttir skiftust á að stjórna sumar-búðunum.

## Rekstur

Reksturinn er í járnnum enda ekki til þess ætlast að skilað sé hagnaði. Engar skuldir hvíla á húsinu.

Kirkjumiðstöðin er mikilvægur þáttur í starfi kirkjunnar á Austurlandi og gefur ýmsa möguleika. Ég færi þeim, sem þar hafa lagt hönd á plóg, kærar þakkir fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

## *Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri*

Gunnar Rögnvaldsson

Nýliðið starfsár var líkt og hin undan-gengnu markað af fjölbreyttri dagskrá, heimsóknum og viðveru góðra gesta er sóttu staðinn heim af margvíslegum tilefnum. Löngumýrarnefnd er óbreytt og skipa hana sr. Gísli Gunnarsson í Glaumbæ formaður, sr Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki og Lárus Ægír Guðmundsson á Skagatrönd.

Daglegur rekstur mæðir að mestu á undirrituðum ásamt einvala starfsliði þar sem ráðskonurnar Ingibjörg Jóhannsdóttir og Lovísa Sveinsdóttir fara fremstar í flokki og undanfarin sumur hafa Sigrún Helgadóttir og Sigurbjörg Egilsdóttir bæst í þann fríða flokk að loknum skóla. Ekki má gleyma Helgu Bjarnadóttur í Varmahlíð sem ávallt er tilbúin að grípa inní hvenær sem þörf er á.

## Starfsemin

Á liðnu ári fundum við all nokkuð fyrir hinni umtöluðu niðursveiflu í þjóðfélaginu sem birtist í færri gestum í t.a.m. hópum eldri borgara. Var sem óvissan um afkomu þeirra spilaði þar þyngst. Nú í ár virðist þetta á leið til fyrra horfs og eru fyrstu hóparnir væntanlegir innan tíðar með Valgerði Gísladóttur í broddi fylkingar. Hið sama má segja um fleiri hópa, s.s. kóra og skólahópa. Var sem ákveðins hiks gætti og færri voru á faraldsfæti en áður og kemur þar ugglaust til mikill kostnaður við akstur.

Sumarbúðir fatlaðra í samstarfi við Rauða kross Íslands hafa verið óslitið í 11 ár og allan tíman undir forystu Karls Lúðvíkssonar sem nú dregur sig í hlé eftir meira en 30 ára leiðtogastarf á

Starfsfólk  
Biskupsstofu við  
róðukrossinn  
sem reistur var  
af Sturlungahópi  
Skagafjarðar og  
er endurgerð  
róðukrossins  
sem reistur var  
eftir fall Brands  
Kolbeinssonar í  
Haugnesbardaga  
Mynd: Gunnar  
Rögnvaldsson



þeim vettvangi. Starfið verður þó áfram með lítt breyttu sniði og hefur Jófríður Jónsdóttir á Svagrund tekið að sér utanumhaldið.

Ekkjur og ekklar, ásamt krabbameinssjúklingum eiga sínar vikur hér síðsumars og er það komin nokkur hefð á það, en markmiðið er að skapa notalegt umhverfi þar sem fólki gefst kostur á að hvílast og safna kröftum.

Nokkur námskeið og fyrirlestrar voru haldin og var aðsókn ágæt og hvetjum við þá sem hafa áhugavert efni fram að færa að setja sig í samband við okkur.

Starf prestanna var öflugt og ákaflega góð þátttaka í TTT starfi, kirkju-skóla og fleiri viðburðum sem ná hámarki á aðventu og á æskulýðsdaginn þar sem unga fólkið er eðlilega í aðalhlutverki.

Hið árlega kristniboðsmót var haldið um miðjan júlí og heldur Jón Oddgeir Guðmundsson um stjórnvölinn eins og 30 undangengin ár. Þar sameinast ungir og gamlir í söng og gleði.

Margir aðrir leggja hingað leið sína og virðist það vera að þeir sem einu sinni hafa komið vilja gjarnan koma aftur. Sést þetta vel á hinni miklu þátttöku í þrjóna- og saumanámskeiðum sem Krístrún Geirsdóttur hefur staðið fyrir á liðnum árum. Eru þau haldin á haustin og síðla vetrar og færa mikið líf í staðinn.

## Framkvæmdir

Stöðugt viðhald er besta forvörnin og hefur verið reynt að sinna því eftir megni. Síðastliðið sumar voru öll hús önnur en gistiálman máluð að utan og gert við múrskemmdir, en núna verður að sjá til hvernig spilast úr fjárumunum hvað frekara framhald varðar.

## Annað

Langamýri á marga velunnara síðla vetrar færði listakonan Áshildur Öfjörð staðnum glæsilega mynd málaða á lambskinn, til minningar um vinkonu



Kristín biskupsfrú  
ánægð með  
kiðlinginn  
Mjallhvíti, sem  
Agnar bóndi  
ánafnaði henni  
Mynd: Gunnar  
Rögvaldsson

sína Margréti á Löngumýri. Myndin heitir „Mæðgur“ og er af folaldshryssu sem á vel við í ljósi hestaáhuga Margrétar.

Starfsfólk Biskupsstofu fór í sitt árlega vorferðalag norður í Skagafjörð og var ákaflega gaman fyrir okkur hér að taka á móti þeim og fá tækifæri til að aka með þeim um héraðið og sýna það sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða fyrir augu og eyru. Þökkum við þeim

kærlega fyrir þessa skemmtilegu daga.

Eins og venjulega hefur verið stílkáð á stóru og hvergi nærri öllu gerð skil.

Öllu starfsfólki, Löngumýrar, Biskupsstofu og Löngumýrarnefnd að ógleymdum öllum gestum og velunnurum er þakkað gott samstarf og horfum við björtum augum til framtíðar með það að leiðarljósi að hér sé einn af lundum kirkjunnar sem gott er að hvílast í.

# Holt í Önundarfirði-Friðarsetur

Fjölur Ásbjörnsson

## Sjálfsseignarstofnunin

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, Flateyri, var stofnuð af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkjusóknunum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum, er Vestfjarðarprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðarprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til 2ja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðarprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

## Stjórnin frá 2010 til 2011

**Formaður:** Sr. Agnes M. Sigurðardóttir, prófastur, Bolungarvík

**Varaformaður:** Sr. Fjölur Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti

**Meðstjórnandi:** Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)

**Ritari:** Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri).

**Gjaldkeri:** Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal).

**Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn:** Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri.

## Framkvæmdir

Af framkvæmdum á 8. starfsári er helst að nefna að settar voru upp varmaðælar í húsinu og nú hafa þær hafa verið prófaðar í nokkra mánuði og reynst vel það sem af er, mun þá hitunarkostnaður væntanlega lækka en hann er umtalsverður. Eftir ítrekaðar tilraunir hefur tekist að komast fyrir þakleka í sal og virðist parket á sal hafa jafnað sig furðulega vel eftir að hafa orðið vatnsósa. Einnig var lokið við að skipta um glugga sem unnið hefur verið að undanfarin ár og keypt hefur verið ljósritunarvél.

## Starfsemi

Í kirkju-, félags- og menningarmiðstöð, fer fram kirkjustarf, félagsstarf og menningarstarf. Sumt er hefðbundið og reglulegt, annað tilfallandi.

## Kirkjustarfið:

Barnanámskeið var haldið í júní 2010, var það fimm daga námskeiði með gistingu og var megin áherslan á fræðslu, holla

útiveru og leiki.. Barnastarfskonurnar úr Ísafjarðarkirkju, Árný Herbetsdóttir og Elín H. Friðriksdóttir hafa yfirumsjón með námskeiðinu sem var svo vinsælt að það seldist upp á námskeiðið.

12-spora námskeið er í gangi vikulega allan veturinn.

Söngæfingar Holtsprestakalls fara yfirleitt fram í Friðarsetrinu. Sömuleiðis fundir og kirkjukaffi í Holtssókn. Presta-fundir eru einnig haldnir þar.

Eftir helgigöngu á föstudaginn langa með helgistund í kirkjunni á Kirkjubóli í Valþjófsdal og Holtskirkju var hádegis-súpa í Friðarsetri og virðist þessi ganga hafa fest sig í sessi á svæðinu, á bilinu 35-40 manns voru í göngunni að þessu sinni enda virðist mikill áhugi vera á svæðinu fyrir göngu og útivist.

Stöðugt er leitað leiða til að kynna Friðarsetrið betur og víkka út starfsemina og eitt af því sem er í athugun eru möguleikar á að halda ferming-arfræðslunámskeið fyrir svæðið því að ferðakostnaður er farinn að draga úr möguleikum í sambandi við fermingarferðir. Í vetur komu fermingarbörn úr Ísafjarðaprestakalli á sólarhringsnámskeið í Holti og var hópnum skipt í tvo hluta þar sem ekki var rými til að taka við öllum hópnum í senn.

### **Félagsstarf**

Kvenfélag Mosvallahrepps hélt alla fundi sína í Friðarsetrinu.

Bændafundir og ýmsir aðrir fundir heimamanna voru haldnir þar.

Árlegt þorablót heimamanna var að venju haldið í Friðarsetrinu

### **Menningarstarf**

Sérstaklega má telja starfsemi nefndar, sem sett var í tilefni þess að öld var liðin frá fæðingu Guðmundar Inga Kristjánssonar, heitins. Í þessari nefnd

eru: Ásvaldur Magnússon í Tröð, Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli og Halla Signý Kristjánsdóttir, nú í Bolungarvík. Nefndin stóð fyrir menningaruppákomu 15. janúar 2011. Á áttunda starfsári var dagskrá til heiðurs Brynjólfi Árnasyni á Vöðlum, bónda, organista og tónlistarmanni, en hann verður 90 ára í sumar. Brynjólfur er nýbúinn að gefa út nótnahefti með 20 sönglögum sem hann hefur samið, flest við ljóð Guðmundar Inga, og voru nokkur þeirra verða frumflutt við þetta tækifæri. Ingastofunefnd hefur um árabíl staðið fyrir dagskrá á fæðingardeggi Guðmundar Inga, skálds frá Kirkjubóli í Bjarnadal. Dagskráin hefur verið af ýmsum toga, en alltaf tengst á einhvern hátt menningu og lífi Vestfirðinga í formi fyrirlestra, söngs, tónlistarflutnings eða gamanmáls. Dagskráin var á þá leið að Kirkjukór Önundarfjarðar, flutti lög eftir Brynjólf, Valdimar Gíslason á Mýrum flutti erindi, Ásgeir Sigurðsson, safnari á Ísafirði flutti erindi um harmónikkur og Vaðlabandið lék undir stjórn Árna Brynjólfssonar og Brynjólfur sjálfur tók í nikkuna. Kaffi og rjómapönnukökur voru í boði Ingastofu í tilefni dags og sólar.

### **Önnur starfsemi**

Auk þess starfs sem Friðarsetrið sjálf og heimamenn standa fyrir, er húsið leigt ýmsum aðilum. Nokkrir hópar frá Háskóla-setrinu á Ísafirði dvöldu á setrinu sumarið 2010, haldin voru ættarmót, brúðkaup, afmæli o.fl. og margir einstaklingar gistu í friðsældinni. Vinnustaðir hafa notað aðstöðuna til samverustunda og námskeiða og félög utan Önundarfjarðar haldið fundi og samkomur og Sunnukórinn staðið fyrir æfingabúðum svo eitthvað sé nefnt.

# Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf

Ragnar Gunnarsson, formaður

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að kirkjuping samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristniboð og hjálparstarf innan hennar. Nefndin hefur á þeim tíma staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og fundum um kristniboð og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni.

Nefndin hefur leitað ýmissa leiða til að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka með það fyrir augum að kristniboð og hjálparstarf sé í ríkari mæli fléttað inn í safnaðarstarfið. Hefur samstarf við fræðsludeild biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt. Einnig er hvatt til reglulegra samskota í kirkjum landsins og að drjúgur hluti þeirra renni til þessara málaflokka.

Eitt meginverkefni nefndarinnar á liðnu starfsári var málping sem haldið var í safnaðarheimili Grensáskirkju 22. nóvember síðastliðinn í samstarfi við Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga. Tilfnið var að 100 ár voru liðin frá fjölmennri kristniboðsráðstefnu í Edinborg sem markaði að miklu leyti stefnuna fyrir framgöngu og áherslur í kristniboðsstarfi á liðinni öld. Sr. María

Ágústsdóttir fjallaði um áhrif þessarar ráðstefnu, undirritaður sagði frá Cape Town 2010, ráðstefnu sem hann sótti í október og safnaði saman rúmlega 4000 þátttakendum frá 197 löndum til að móta stefnuna fyrir komandi áratugi. Bjarni Randver Sigurvinsson fjallaði um efnið Islam, ógn eða tækifæri. Síðan voru stutt innlegg frá starfi sem Íslendingar úr hinum ýmsu kirkjudeildum tengjast á Grænlandi, í Evrópu, Mið-Austurlöndum, Afríku og Asíu. Þótti málþingið takast vel með um 60 þátttakendum.

Nefndin hitti séra Jakob Á. Hjálmarsson á einum fundi til að fræðast um framvindu verkefnisins *Söfnuður til safnaðar* þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnuðum á starfssvæði kristniboðsins í Afríku vináttuböndum.

Nefndin er skipuð af biskupi. Í henni sitja Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Jónas Þórisson framkvæmdastjóri og Íris Kristjánsdóttir sóknarprestur. Ragnheiður Sverrisdóttir, verkefnisstjóri kærleiksbjónustusviðs biskupsstofu, situr einnig fundi nefndarinnar, er ritari hennar og tekur þátt í störfum hennar. Þessi tengsl við biskupsstofu hafa auðveldað samstarf og framkvæmd margs þess sem nefndin hefur verið og er að vinna að.



# Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Starf Kristniboðssambandsins grípur víða inn og snertir fjölda fólks víða um heim með einum og öðrum hætti. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum starfsins á liðnu starfsári.

## Eþíópía

Eftir tæp 60 ár í Eþíópíu er SÍK enn að, en á öðrum stöðum en áður. Hjónin Karl Jónas Gíslason og Ragnheiður Guðmundsdóttir störfuðu í Ómó Rate en starfssvæðið teygir sig í ýmsar áttir syðst í landinu.

Unnið er að boðun og safnaðaruppbyggingu á nokkrum stöðum á stóru svæði. Ragnheiður stýrði fullorðinsfræðsluverkefni eða lestrarkennslu fullorðinna í Ómó Rate. Hápunkturinn var útkoma lestrarbókar en undirbúningur og framkvæmd öll gekk vonum framar. Við höfum ekki verið með kristniboða í Voító síðan síðastliðið sumar er hjónin Helga Vilborg Sigurjónsdóttir og Kristján Þór Sverrisson luku starfstímabili sínu og komu heim.

Mekane Yesus kirkjan í Eþíópíu er fjölmenn og kröftug kirkja sem telur tæpar 5,6 milljónir manna, þriðja stærsta lúterska kirkjan í heiminum. Víða um land hafa verið vakningar á liðnum árum og áratugum og fagnaðarerindið um Jesú Krist hefur umbreytt lífi fólks og gefið því nýja von og styrk. Kristniboðssambandið styrkir kirkjuna með ákveðinni fjárupphæð, einnig þýðingu Biblíunnar yfir á tungu Tsemai-manna sem búa í Voítódalnum. Í Voító styrkjum við umfangsmikið boðunarverkefni til nýrra staða. Þá

styrkir Sambandið einnig nemendur við presta- og leiðtogaskóla kirkjunnar í Addis Abeba.

Verkefnið *Af götu í skóla* fór af stað í lok ársins 2007 og hefur gengið vel. Það er unnið í samstarfi við *Hope For All Children* og *My Sisters*. Um 30 börn og fjölskyldur þeirra fengu hjálp svo þau þurfi ekki að betla á götum höfuðborgarinnar Addis Abeba.

## Kenía

Rúm 30 ár eru liðin frá upphafi starfsins í Keníu. Norðvesturbiskupsdæmi ELCK, Evangelísk lútersku kirkjunnar í Keníu, er samstarfsaðili SÍK og starfssvæðið Pókothérað og nærliggjandi héruð.

Kirkjan hefur vaxið ört og teljast um 20 þúsund manns til biskupsdæmisins en nákvæmar tölur vantar. Starfið hefur teygt sig í ýmsar áttir, en Kristniboðssambandið styður nú boðunarverkefni kirkjunnar í Kara-Pókot, norðvesturhluta héraðsins, í Turkana og Baringo.

Hjónin Fanney Krístrún Ingadóttir og Jón Fjöltnir Albertsson eru fulltrúar okkar í Pókothéraði. Fjöltnir er ráðgjafi útbreiðslustarfs og þróunarverkefnis kirkjunnar auk þess sem þau hjónin kenna á fræðslumiðstöð kirkjunnar. Sr. Jakob Á. Hjálmarsson hefur unnið að auknum safnaðartengslum milli sókna hér á landi og sókna í Pókothéraði og hafa nokkrar kirkjur hér á landi eignast vinasöfnuð þar í landi en misvel gengur að viðhalda þeim tengslum. Kirkjan hefur í samstarfi við kristniboðssamtök og þróunarstofnanir á Norðurlöndum byggt um 70 grunnskóla í Pókothéraði

Andrew Ngeyiwa,  
rektor Kapenguria  
Bible Centre í  
Pókóthéraði í  
Keníu



og átta framhaldsskóla. Skólaganga hefur margt gott í för með sér og ýtir m.a. undir jákvæða þróun samfélagsins og lýðræðishugsun.

### **Suðaustur-Asía og Japan**

Fulltrúar SÍK hafa á liðnum árum verið að störfum í austurhluta Asíu á svæði þar sem kristniboð er bannað. Á aðalfundi í fyrra var samþykkt að bæta Japan við sem starfssvæði SÍK. Leifur Sigurðsson kristniboði stundar þar nú japönskunám og býr í Kope ásamt eiginkonu sinni Katsuko og tveimur börnum þeirra. Einnig hefur SÍK tekið að sér verkefni í Kína, skólastarf meðal munaðarlausra barna sem misst hafa foreldrana vegna HIV smits.

### **Fjölmiðlastarf og önnur erlend tengsl**

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA Radio og samstarfsaðila til Kína og er samstarfsaðili Sat 7, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og

Norður-Afríku. Tvö myndver í Beirút og Kairó eru notuð til að framleiða þætti sem henta þessu menningarsvæði. Með boðun og fræðslu er reynt að styrkja kirkjurnar og kristið fólk á svæðinu til að iðka trú sína í aðstæðum sem oft eru mjög erfiðar. Stöðin er enn mikilvægari en áður í því umróti sem á sér stað í mörgum löndum Mið-Austurlanda undanfarna mánuði.

Kristniboðssambandið hefur tengsl og samstarf við ýmsa aðila erlendis. Þar má nefna Norsk Luthersk Misjons-samband, systurkirkjurnar í Eþíópíu og Keníu, Nordisk Indremisjonsråd og European Evangelical Missionary Alliance.

Framkvæmdastjóri sótti fjölmenna kristniboðsráðstefnu í Höfðaborg í október sem leið, Cape Town 2010. Þar kom saman forsvarsfólk kirkna og kristniboðssamtaka frá 197 löndum, rúmlega 4.000 manns til að marka stefnuna fyrir komandi áratugi.



Konur í Konsó stofnuðu Konso Handicraft með aðstoð frá kristniboðunum og koma þar vörum sínum á framfæri

## Innanlandsstarf

Stjórn SÍK er kosin á aðalfundi en formaður er Haraldur Jóhannsson læknir og undirritaður framkvæmdastjóri. Starfsmenn SÍK heimsóttu fjölda safnaða og hópa á liðnu starfsári, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi og kynntu þar starfið og höfðu hugleiðingar í barna- og æskulýðsstarfi, öldrunarstarfi, meðal fermingarbarna og víðar.

Kristniboðsfélögin eru grunneiningar Kristniboðs sambandsins og bakhjarl starfsins. Kristniboðsfélögin taka flest samskot á samverum sínum, sum hafa tekið að sér að kosta ákveðna þætti starfsins og mörg þeirra standa fyrir einhvers konar fjáröflun.

Kristniboðsvika var haldin í Reykjavík í mars og var hún helguð starfi okkar í Eþíópíu. Sérstakir gestir vikunnar voru séra Berahanu Kambro Gando og kona hans Berhane Tito, sem koma frá Konsó, en hann hefur nú yfirumsjón með þýðingarstarfi kirkjunnar.

Árlegt kristniboðsmót var haldið

í júlí að Löngumýri í Skagafirði. Alla miðvikudaga eru samkomur í Kristniboðssalnum sem trúfastur hópur kristniboðsvina sækir.

## Útgáfa og kynningarmál

Kristniboðsfréttir eru nú prentaðar í 4.500 eintökum og koma út fjórum sinnum á ári. Þær eru sendar til áskrifenda án endurgjalds. Bjarmi, tímarit um kristna trú, kemur út fjórum sinnum á ári. Blaðið er að jafnaði gefið út í tæplega þúsund eintökum og selt í áskrift. Tölvubréfið Kristniboðspósturinn er sent út tvisvar til prisvar í mánuði með fréttum af kristniboðunum, starfinu úti og heima, tilkynningum um viðburði og fleira.

Kristniboðsalmanakið var gefið út í 10.000 eintökum. Miklum hluta upplagsins var dreift í kirkjum landsins á kristniboðsdaginn og næstu vikur á eftir. Kærleikspjónustusvið Biskupsstofu sá um dreifingu til presta og kirkna utan höfuðborgarsvæðisins.

Katsuko og  
Leifur Sigurðsson  
kristniboði, ásamt  
tveimur börnum  
sínur



Heimasíða SÍK, <http://www.sik.is>, er á margan hátt andlit okkar út á við. Síðan er í sífelldri endurskoðun og þróun. Vinir SÍK á Facebook eru nú vel á fimmta hundrað.

SÍK á alfarið bókaútgáfuna Salt ehf. Í vor kom út bókin *Konan með opna faðm-inn, lífshlaup og æviminningar Immu á Hernum* sem gefin var út í samstarfi við Hjálpræðisherinn. Fleiri bækur eru í undirbúningi.

## Samstarf

SÍK hefur í áratugi verið í góðu samstarfi við KFUM og KFUK og eins Kristileg skólasamtök og Kristilegt stúdentafélag. Við höfum átt gott samstarf við þjóðkirkjuna undanfarin ár.

Áhugi og skilningur innan safnaðanna á málefnum eykst smám saman. Kynning á kristniboðinu hefur farið fram í mörgum kirkjum og leitað er til okkar eftir efni um kristniboð okkar Íslendinga. Kristniboðssambandið fær í ár tveggja milljóna króna styrk úr Kirkjumálasjóði. Samskot eru tekin reglulega í nokkrum kirkjum í Reykjavík til starfs okkar. Flest prófasterdæmin styrkja okkur og er framlag Reykjavíkurprófasterdæmis eystra myndarlegast. Einnig hafa margir söfnuðir Þjóðkirkjunnar stutt starfið en mest komið frá Hallgrímuskirkju, bæði líknarsjóði og fyrir samskot.

Starfsmenn hafa átt mjög gott samstarf við Ragnheiði Sverrisdóttur sviðsstjóra kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu. Ferðakostnaður vegna sumra heimsóknna okkar til safnaða á landsbyggðinni hefur verið greiddur að hluta af kærleikspjónustusviðinu. Kristniboðsdagurinn er annar sunnudagur í nóvember og er þá kristniboðsins minnst víða í kirkjum landsins og útvarpsguðspjónustan helguð því. SÍK styður Lindina, kristilega útvarpsstöð með mánaðarlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn Kristniboðssambandsins þar hugleiðingar og kynna kristniboðið.

SÍK er í óformlegu samstarfi átta mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu. Hist er a.m.k. þrisvar á ári og rætt um sameiginleg hagsmunamál.

## Fjármál og skrifstofa

Skrifstofa og afgangi SÍK er nú í Austurveri, Háaleitisbraut 68, við hlið Grensáskirkju. Flutt var þangað fyrir rúmu ári, bæði með skrifstofur og nýttjarkarðinn, Basarinn. Vel hefur tekist til og allt útlit fyrir að þessi þáttur fjáröflunarinnar eflist enn frekar á nýjum

stað. Notuð frímerki og erlend smámynt voru einnig góður tekjustofn en í janúar söfnuðum við frímerkjum og umslögum á öllum afgreiðslum Íslandspósts en annars er tekið við þeim á skrifstofu okkar. Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að miklu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Undanfarin ár hefur fjárhagsáætlunin verið að hækka vegna aukins starfs, gengispróunar og hækkunar á ýmsum kostnaði sem tengist starfinu.

Útgjöld ársins 2010 voru með hæsta móti vegna veikrar stöðu íslensku krónunnar og eins vegna kaupa á húsnæðinu í Austurverri. En tekjur voru einnig með mesta móti og þökkum við Drottni það. Fjárhagsáætlun ársins 2011 er upp á 78 milljónir.

## **Þakkarorð**

SÍK er grasrótarsamtök sjálfbóðaliða og leikmanna. Að baki starfinu er stór hópur fólks sem styður starfið með fjárframlögum, gjöfum, tíma, vinnuframlagi og umhyggju sinni sem birst hefur á margvíslegan hátt. Við biðjum þeim blessunar Drottins og að hjörtun fyllist gleði yfir að fá að leggja sitt af mörkum svo ávöxtur starfsins verði enn ríkulegri. Við boðum trúna og viljum sýna náunganum skilyrðislausan kærleika. Mættum við áfram vera trúföst og þjóna Drottni með gleði.

*Allir vegir Drottins eru elska og trúfesti fyrir þá sem halda sáttmála hans og boð.*

(Sl. 25.10)

## **Samkirkjunefnd**

### **Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir**

Hlutverk samkirkjunefndar er að hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um alþjóðleg samskipti og tengsl Þjóðkirkjunnar við aðrar kirkjur og kirknasamtök heima og erlendis. Hér er meðal annars átt við World Council of Churches, WCC, (Alkirkjuráðið); Lutheran World Federation, LWF, (Lúterska heimssambandið); Conference of European Churches, CEC, (Kirknasamband Evrópu); The Porvoo Communion (Porvoo-kirknasamfélagið) og norræn kirknasamtök. Um innlent samkirkjulegt starf er fjallað í skýrslu um samstarfsnefnd kristinna trúfélaga.

### **Fólkið í samkirkjunefnd**

Í samkirkjunefnd eiga sæti tveir fulltrúar skipaðir af biskup Íslands, Halldór Reynisson, formaður, og Steinunn A.

Björnsdóttir. Jónas Þórisson er skipaður af Hjálparstarfi kirkjunnar og tveir fulltrúar eru skipaðir af kirkjuþingi. Kirkjuþing 2010 kaus nýja fulltrúa og voru það Sigurður Árni Þórðarson og María Ágústsdóttir. Varamenn eru Bernharður Guðmundsson og Hulda Guðmundsdóttir.

Fulltrúar kirkjunnar í samkirkjulegum ráðum eða stjórnnum hafa tekið þátt í starfi nefndarinnar. Þetta eru Kristín Þórunn Tómasdóttir sem átti sæti í framkvæmdanefnd LH, Sigrún Óskarsdóttir, sem stýrir norrænu starfi WICAS (á vegum LH) og Irma Sjöfn Óskarsdóttir vegna þátttöku í NKS.

Magnea Sverrisdóttir var kjörin í stjórn LH á heimspingi þess í júlí 2010 og tók við sem fulltrúi okkar þar af Kristínu Tómasdóttur.

## Ársfundur

Ársfundur samkirkjunefndar var haldinn í Neskirkju. Markmið fundarins er að fá yfirlit yfir samkirkjulegt starf kirkjunnar og erlend samskipti. Safnað er skýrslum frá fundum og ráðstefnum og tækifæri gefst til að ræða um stefnur og málefni. Fundarmenn voru 19 að þessu sinni. Meðal annars voru lagðar fram skýrslur frá hjálparstarfi kirkjunnar og Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga, þátttöku ÆSKR og ÆSKP í erlendu samkirkjustarfi og frá fulltrúum í ýmsum nefndum á vegum kirkjunnar. Einnig var lagt fram efni frá heimspingi LH og ferð biskups og Hjálparstarfs kirkjunnar til Malawí og Uganda.

## Fjármál

Ljóst er að framlög til samkirkjumála halda áfram að dragast saman vegna almenns samdráttar í fjármálum kirkjunnar. Þar við bætist gengishrun krónunnar sem þýðir að öll aðildargjöld hækka mikið frá því sem var. Því var farið fram á lækkun aðildargjalda tímabundið í von um að krónan styrkist á næstu árum.

Árið 2010 greiddi Þjóðkirkjan eftirfarandi:

Aðildargjald LWF	1.156.000
WCC aðild	1.156.000
CEC aðild	250.000
LWF Endowment fund	100.000
LWF Assembly in 2010	160.000

## Alkirkjuráðið

Bænaefni frá Alkirkjuráðinu var að venju notað í bænavikunni sem haldin var í janúar 2011 og er nánar greint frá því í skýrslu samstarfsnefndar kristinna trúfélaga.

Verkefnisstjóri samkirkjumála sótti ráðstefnu á vegum Alkirkjuráðsins sem helguð var lokum áratugar gegn ofbeldi. Var hún haldin á Jamaíka í maí 2011. Meðal þess sem þar var kynnt var samkirkjulegt skjal frá Alkirkjuráðinu sem ber heitið „Samkirkjulegt ákall um réttlátan frið“ (An Ecumenical Call for Just Peace) og hefur markmiðið að færa orðræðu og viðmið kirkna frá hugmyndunum um réttlátt stríð en setja áhersluna á réttlátan frið. Sagt var frá ráðstefnunni í fréttum á vef kirkjunnar.

## Lúterska heimssambandið

Heimsping LH var haldið í Stuttgart í júlí 2010. Það sóttu á vegum Þjóðkirkjunnar Magnea Sværisdóttir djákni og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir fráfarandi stjórnarmaður. Sr. Árni Svanur Danielsson var starfsmaður upplýsingasviðs þingsins. Talsvert var greint frá fundinum á vefsvæði kirkjunnar meðan á honum stóð og gefið út sérblað Víðförla í ágúst 2010 með efni frá honum.

Magnea var kjörin í stjórn ráðsins. Hún sótti fund evrópskra fulltrúa í London í maí 2011 og stjórnarfund í Genf í júní. Á honum var samþykkt nýtt stefnuskjal fyrir LH sem aðildarkirkjur, þar á meðal sú íslenska, hafa tekið þátt í að vinna.

Sr. Sigrún Óskarsdóttir hefur um árabíl átt sæti í nefndinni WICAS, Women in Church and Society, á vegum LH. Undanfarin ár hefur hún leitt vinnuna innan Norðurlandahópsins og tekið þátt í að skipuleggja kvennaráðstefnur á vegum Nordisk ekumenisk kvinno konferens (NEKK) sem haldnar eru annað hvert ár. Ráðstefna síðasta árs var haldin í

Stavanger Noregi. Meðal efnis þar var erindi Guðrúnar Ásmundsdóttur leikkona um Ólavíu Jóhannsdóttur, sem var mjög vel kunn í Noregi fyrir líknarstörf.

Magnea Sverrisdóttir sótti einnig Evrópufund á vegum WICAS. Rætt hefur verið um þörf á sjálfsstyrkingarnámskeiðum á borð við „Konur eru konum bestar“ sem flytja mætti út til að styðja við konur innan kirknanna í Austur Evrópu.

## Porvoo

Í Porvoo kirknasamfélaginu eru anglikanskar kirkjur á Bretlandseyjum, í Portúgal og á Spáni; lútherskar þjóðkirkjur Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og lútersku kirkjurnar í Eistlandi og Litháen. Lútersku kirkjurnar í Lettlandi og Danmörku voru áheyrnarfulltrúar frá upphafi en danska kirkjan gerðist fullgildur meðlimur í október 2010. Í sama mánuði bættust tvær kirkjur í áheyrnarhópinn, Lúterska kirkjan í Bretlandi og Lettneska kirkjan erlendis (áður Lettneska kirkjan í útlegð). Porvoo samfélagið hefur ekki skriftu tofu eða stjórn heldur starfar sem tengslanet kirkna og skipar hver kirkja einn fulltrúa í tengslahóp Porvoo sem hittist árlega og nýtur handleiðslu tveggja biskupa, frá anglikanskri kirkju og lúterskri kirkju. Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands leiðir samskiptahópinn fyrir hönd lúterskra kirkna og Steinunn A. Björnsdóttir hefur

verið fulltrúi Íslands í hópnum frá árinu 2004.

Eitt af því sem Porvoo samkomulagið kveður á um er gagnkvæm viðurkenning embætta. Í ljósi þess hafa íslenskir prestar unnið í Bretlandi. Haustið 2011 fór fyrsti íslenski presturinn til starfa á Írlandi, sr. Ása Björk Ólafsdóttir sem er sóknarprestur í Kells.

## Norræn samvinna

Samstarf við kirkjur Norðurlanda er mikil og snertir flest svið kirkjulegs starfs. Á nokkrum starfssviðum voru norrænir fundir hér á landi á þessu starfsári, þar á meðal á upplýsingasviði og varðandi innflytjendamál. Á sviði samkirkjumála var árlegur samráðsfundur norræns samkirkjustarfsfólks haldinn í Skálholti í janúarlök og var yfirskrift hans *Samskipti ríkis og kirkju og trúin á hinu opinbera sviði*. Dr. Hjalti Hugason flutti erindi frá Íslands hálfu og Dag Nygård, Norges kristna ráð, og Terje Solberg, norsku fríkirkjunni, greindu frá umræðum og stöðu í Noregi. Þessi þemu komu síðan upp í landsskýrslum. Þrjátíu manns sóttu fundinn, að meðtöldum fulltrúum samkirkjunefndar sem tóku að sér fundarstjórn.

Norræn samvinna er alltaf talsverð og verður enn mikilvægari nú er þjóðkirkjan þarf að draga úr þátttöku og ferðum. Þá er gott að styðjast við skýrslur og samtöl við norræna samstarfsaðila til að fylgjast með og hafa áhrif.

# Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi

María Ágústsdóttir, formaður

## Alþjóðlega bænavikan fyrir einingu kristinnar

Meginviðfangsefni Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga á Íslandi er að standa að skipulagningu og framkvæmd Alþjóðlegrar samkirkjulegrar bænaviku fyrir einingu kristinnar, sem haldin er á norðurhveli jarðar um 18. – 25. janúar ár hvert. Bænavikan 2011 hófst með útvarpsguðspjónustu frá Glerárkirkju 16. janúar með þátttöku kristinna trúfélaga á Akureyri, en þar hefur samkirkjulegt starf farið vaxandi á undanförunum árum, m.a. fyrir tilstilli sr. Guðmundar Guðmundssonar, héraðsprests og Péturs Björgvins Þorsteinssonar, djákna.

Í annað sinn var prentað veggsjald með dagskrá bænavikunnar og tóku trúfélögin öll þátt í kostnaðinum. Alls voru 16 viðburðir auglýstir á veggsjaldinu en auk þess eru bænir og lestrar vikunnar notuð í helgihaldi safnaðanna víða um land. Nýjung var að þessu sinni samkirkjuleg bænaganga á laugardeginum, en genginn var táknrænn hringur í kring um Grafarvoginn og beðið fyrir einingu kirknanna héraendis og um heim allan. Þá var lokastund vikunnar höfð á sunnudagskvöldi í stað laugar dagskvölds og var ánægja með það fyrirkomulag. Áætlað er að halda bænavíkuna 2012 frá miðvikudeginum 18. janúar til miðvikudagsins 25. janúar og brydda upp á ýmsum nýjungum.

## Boð á erlenda ráðstefnu

Boð barst frá framkvæmdastjóra *Global Leadership Forum*, [www.glf.com](http://www.glf.com), um

þátttöku tveggja fulltrúa frá Íslandi í Norður-Evrópsku málþingi sem haldið var í Lahti í Finnlandi í september 2010. Fundinn sóttu Vörður Leví Traustason og María Ágústsdóttir ásamt Bjarna Þór Bjarnasyni sem fór á eigin vegum. Sérstök áhersla var á samtal hvítasunnukirkna og rétttrúnaðarkirkna og voru fluttir áhrifaríkir vitnisburðir sem sýndu vel það sameiningarafl sem liggur í trúnni á hinn krossfesta og upprisna Jesú Krist sem er nálægur okkur í heilögum anda, þrátt fyrir ólíkt orðfæri og starfsaðferðir trúfélaganna. María og Vörður kynntu samstarf kristinna trúfélaga á Íslandi, bæði á vegum SKT og annað sameiginlegt starf.

## Sameiginlegar viðmiðunarreglur vegna kynferðisbrota

Í byrjun árs 2011 höfðu fulltrúar þjóðkirkjunnar frumkvæði að því að kallað var til sérstakra funda um viðbrögð kristinna trúfélaga við meintum kynferðisbrotum innan safnaðanna. Til fundar voru boðaðir fulltrúar þeirra trúfélaga sem nýlega stóðu að útgáfu veggsjalds gegn ofbeldi, en þau eru – auk aðildarfélaganna SKT – Betanía, CTF-Kærleikurinn, Fríkirkjunar í Hafnarfirði og Reykjavík, Kefas og Krossinn, alls 15 trúfélög. Var fyrsti fundurinn haldinn 24. janúar 2011 í húsnæði Vegarins í Kópavogi en þar kynnti Dag Nygaard frá Norges Kristna Råd þau sameiginlegu úrræði sem fyrir hendi eru meðal kristinna trúfélaga í Noregi.



## Almennt um SKT

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi hefur starfað í rúm þrjátíu ár. Fyrstu tvo áratugina var hún skipuð fulltrúum fimm trúfélaga og hreyfinga, Aðventkirkjunnar, Hjálpræðishersins, Hvítasunnukirkjunnar, Kapólsku kirkjunnar og Þjóðkirkjunnar. Með starfsreglum frá 2002 var opnað fyrir aðkomu fleiri og síðan hafa bæst í hópinn eftirtalin trúfélög: Óháði söfnuðurinn, Íslenska Kristskirkjan, Frikirkjan Vegurinn og Rússneska rétttrúnaðarkirkjan. Miðað er við að „trúfélagið hafi yfir 200 meðlimi, hafi starfað og verið skráð í að minnsta kosti fimm ár og hafi viðurkennda endurskoðun á reikningum sínum“ (4. gr. starfsreglna, sjá Árbók 2002, bls. 192-193). Ljóst er að fleiri kristin trúfélög falla undir þessa skilgreiningu en þau hafa ekki þegið boð um þátttöku í nefndinni.

Hvert trúfélag skipar sína fulltrúa sem yfirleitt koma úr hópi forystufólks safnaðanna, ýmist leikra eða lærðra. Fulltrúar þjóðkirkjunnar eru sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir og sr. María

Ágústsdóttir. Aðrir fulltrúar eru: Dr. Eric Guðmundsson, formaður Aðventkirkjunnar á Íslandi, major Paul-William Marti, yfirforingi Hjálpræðishersins á Íslandi, ásamt kapteini Sigurði Ingimarsyni, dr. Jakob Rolland, kanslari Kapólsku kirkjunnar, Vörður Leví Traustason fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi ásamt Helga Guðnasyni, aðstoðarforstöðumanni Filadelfíu, sr. Friðrik Schram, prestur Íslensku Kristskirkjunnar ásamt safnaðarráðskonunni Eddu M. Swan, Guðrún Halla Benjamínsdóttir, safnaðarformaður Óháða safnaðarins, Högni Valsson, forstöðumaður Vegarins og sr. Timur Zolotuskiy, prestur Rússnesku Rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi.

Nefndarfolk þiggur ekki sérstök laun fyrir störf sín. Styrkur frá trúfélögunum, þ.m.t. þjóðkirkjunni, hefur verið nýttur til að auglýsa alþjóðlega bænavikuna. Þjóða trúfélögin fram fundaraðstöðu og veitingar til skiptis og er kostnaður því enginn nema fyrir gestgjafann hverju sinni. Fundir eru haldnir mánaðarlega utan sumarleyfistíma.



Frá bænadegi kvenna

## Kristisdagurinn 2013

Í samvinnu við Friðrikskapelluhópinn, sem er samkirkjulegur og vaxandi bænahópur fyrir landi og þjóð, var í annað sinn haldin bænasamkoma í Hallgrímskirkju í Reykjavík á 17. júní 2011 með þátttöku fjölda fólks úr mörgum kristnum trúfélögum.

Hópurinn sem hittist vikulega í Friðrikskapelli í hádeginu á miðvikudögum hefur starfað frá því í ágúst 2008 og er öllum opin. Verið er að undirbúa landsbænadag, svokallaðan „Kristsdag“ að svissneskri og finnskri fyrirmynd, sem haldinn verður í maí 2013. Liður í því er að mynda keðju bænahópa um land allt sem eiga sér það sameiginlega markmið að biðja fyrir íslensku þjóðinni, ráðamönnum þjóðarinnar, atvinnulífina

og heimilunum í landinu. Vonast er til jákvæðra undirtekta hjá hinum fjölmörgu söfnuðum þjóðkirkjunnar.

## Alþjóðlegur bænadagur kvenna

Um tuttugu konur frá 11 kristnum trúfélögum og hópum á höfuðborgarsvæðinu standa að skipulagningu og framkvæmd bænadags kvenna á Ísland, en milli 30-40 konur, leikar og lærðar, taka þátt í undirbúningsstarfinu um allt land. Fyrsta föstudag í mars 2011 komu konur og karlar á höfuðborgarsvæðinu saman í Grafarvogskirkju og á 10-12 stöðum öðrum um landið. Bænarefnin að þessu sinni komu frá S-Ameríkuríkinu Síle. Bænarefni ársins 2012 eru send út frá kristnum konum í Malasíu.

## Skálholtsskóli

Sr. Kristinn Ólason, rektor

Á starfsárinu voru haldnir 16 opnir kyrrðardagar. Almennt var þátttaka góð, þó þurfti að fella niður fáeina daga vegna ónógrar þátttöku. Lögð hefur verið áhersla á talsverða breidd í kyrrðardagastarfinu, jafnt í samstarfi við einstaklinga og félagasamtök. Óhætt er að fullyrða að kyrrðardagarnir hafi verið einn af hornsteinum starfsins í Skálholti á undanförunum árum og fer vel á því að boðið sé upp á athvarf, kyrrð og hvíld á þessum helga stað.

Haldin voru fjölmörg námskeið af ýmsum toga, enda væri óðs manns æði að ætla að telja það allt upp í pistli af þessum toga. Þess í stað vil ég vekja athygli á heimasíðu staðarins þar sem gerð er grein fyrir langflestum dagskrárliðum (skalholt.is).

Ég nefni þó sérstaklega námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga á líknardeildum sjúkrahúsanna í umsjón dr. Ernu Haraldsdóttur hjúkrunarfræðings frá Skotlandi og Önnu Valdimarsdóttur sálfræðings og meðvirkinnámskeið sem sr. Anna S. Pálsdóttir hefur leitt ásamt teymi sérfræðinga.

Þá vil ég nefna söngnámskeið Jóns Þorsteinssonar sem á það sameiginlegt með framangreindum námskeiðum að hafa verið afar vel sótt. Sama má segja um árlegt námskeið Söngmálastjóra.

Af ráðstefnum og málþingum vil ég nefna málþing um bókmenntir 17. aldar í samvinnu við Árnastofnun undir yfirskriftinni *Mjúk málsnilld orðanna*. Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir önnuðust undirbúning



Fermingarbörn  
úr Hafnar-  
fjarðarkirkju í  
hádegishléi í  
Skálholtsskóla

og skipulagningu í samvinnu við rektor. Hið árlega prédikunarsemína Kjalarnessprófastsdæmis var haldið í október og var þátttakan góð að vanda. Aðalfyrirlesari var Wilfried Engemann frá Münster í Þýskalandi. Þar að auki má nefna hina árlega Þrettándaakademíu sem einnig var fjölmenn að þessu sinni. Loks má geta þess að haldin var fjölmenn alþjóðleg ráðstefna í guðfræði í september sem heppnaðist afar vel og fékk staðurinn bestu einkunn fyrir undirbúning, aðbúnað og skipulag. Önnur slík var haldin með góðum árangri í lok janúar í samvinnu við Guðfræðideild Háskóla Íslands (Arnfríði Guðmundsdóttur próffessor).

Ónefnd eru fjölmörg námskeið, ekki síst fermingarnámskeiðin sem njóta meiri vinsælda en nokkru sinni, janúarnámskeið ÆSKR, námskeið í gregorsöng, fjölmargir vinnufundir og samverur.

Samstarf við Sumartónleikana í Skálholti var afar farsælt á árinu og er

óhætt að fullyrða að dagskráin hafi verið óvenju fjölbreytt og glæsileg að þessu sinni, enda var haldið upp á 35 ára starfsafmæli hátíðarinnar. Eitt af því sem setti sterkan svip á hátíðina að þessu sinni var heimsókn dómkórsins í Uppsölum og magnaður flutningur hans á *Vesper* (Vespro della Beata Vergine) eftir Claudio Monteverdi ásamt hljómsveit. Í lok sumars 2010 var haldið alþjóðlegt tónlistarnámskeið á mastersstigi í samvinnu við Sigurð Halldórsson hjá Sumartónleikum og Listaháskóla Íslands. Nemendur sem þátt tóku í námskeiðinu komu víða að úr heiminum. Námskeiðinu lauk með tónleikum í Skálholtsdómkirkju.

Á Skálholtshátíð var að venju gengin pílgrímaganga frá Þingvöllum til Skálholts, en metþátttaka var í göngu- unni. Það er afar áhrifamið þegar pílgrímarnir ganga í hóp niður Skálholtsveginn í átt að dómkirkjunni til hátíðarguðsþjónustu. Þessi viðburður er

í huga margra hápunktur í starfinu hér í Skálholti.

Sr. Sigurður Sigurðarson vígslubiskup andaðist á Landspítalanum 25. nóvember sl. eftir stutta baráttu við erfiðan

sjúkdóm. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka farsælt samstarf og uppbyggilega samveru í Skálholti á undanförunum árum, en umfram allt fyrir vináttu og hlýhug.

## ***Starfsþjálfun djáknaefna - djáknanevnd***

**Ragnheiður Sverrisdóttir, formaður**

Í djáknanevnd sitja Ragnheiður Sverrisdóttir verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs, formaður og Elísabet Berta Bjarnadóttir, fjölskylduráðgjafi. Kirkjuráð veitti kr. 100 þúsund til verkefnisins 2010 og sömu upphæð 2011.

Verkefni nefndarinnar er að annast starfsþjálfun djáknaefna. Það felst í að taka viðtöl við nemendur, meta hæfni þeirra og fylgja hverjum og einum eftir á með á þjálfuninni stendur. Þá er þjálfun á vettvangi skipulögð en hún er í söfnuðum og á stofnunum. Nemendur sækja einnig ýmis námskeið og kyrrðardaga. Biskup hittir nemendur bæði í upphafi og lok þjálfunar. Að lokinni

starfsþjálfun fær nemandi staðfestingu um embættisgengi.

Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur, var ráðinn til að leggja fyrir sálfræðipróf og halda námskeiðið „Leiðtogar í samfylgd.“

Sjö djáknanemar útskrifuðust úr starfsþjálfuninni 16. september. Það eru Anna Þóra Pálsdóttir, Guðrún Edda Káradóttir, Hólmfríður Ólafsdóttir, Ingi Björg Hildur Stefánsdóttir, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir, Sigrún Berg Sigurðardóttir og Þórey Dögg Jónsdóttir.

Haustið 2010 sóttu tveir nemendur um að hefja starfsþjálfun en þá voru fyrir níu nemendur í þjálfun, alls 11 manns.

# Tónskóli Þjóðkirkjunnar

Björn Steinar Sólbergsson, skólastjóri

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem Kirkjuráð samþykkir.

Stjórn skólans er skipuð Jóni Helga Þórarinssyni sem er formaður, Kjartani Sigurjónssyni og Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Stjórnin fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni, ásamt söngmálastjóra, Herði Áskelssyni, en starfsemi skólans tengist verkefnum hans á margan hátt.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensás-kirkju, en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Fella- og Hólakirkju, Hallgrímskirkju, Kópavogskirkju og Langholtskirkju.

## Námsframboð

Boðið er upp á þrjár námsbrautir; kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Auk þess er boðið upp á einleiksáfangu fyrir þau sem vilja bæta menntun sína í orgelleik.

Einnig er boðið uppá nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla Þjóðkirkjunnar er að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun,

þ.e. kirkjuorganistapróf fyrir litla söfnuði og kantorspróf eða masterspróf í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa við stærri söfnuði.

## Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Eyþór Ingi Jónsson, Guðmundur Óli Gunnarsson, Guðný Einarsdóttir, Hákon Leifsson, Hreinn S. Hákonarson, Hörður Áskelsson, Jónas Þórir Þórisson, Lenka Mátéóva, Laufey Helga Geirsdóttir og Pröstur Eiríksson.

Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir. Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

## Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann verða eins og áður, þ.e. nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfangu þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

## Skólastarfið

Skólinn var settur í Grensáskirkju 13. september 2010 og slitið 20. maí 2011 í Hallgrímskirkju. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkenndu og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf



eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Alls voru 24 nemendur á skrá, þar af fimm á Akureyri. Einn stundaði nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu. Einir tónleikar voru á vegum skólans fyrir jólin og fernir tónleikar á vorönn.

Sex nemendur luku áfanga frá Tónskólanum í vor; Anna Alexandra Klosiak, Steinunn Árnadóttir og Sveinn Ingi Reynisson luku kirkjuorganistaprófi. Örn Magnússon lauk kantorsprófi. Helga Þórdís Guðmundsdóttir og Kári Allansson luku einleiksáfanga.

Góð aðsókn er að skólanum næsta vetur. Ánægjulegt er að yngra fólk sækir um nám við skólann í auknum mæli, en einnig fólk á miðjum aldri sem er í starfi innan kirkjunnar og vill auka menntun sína. Mikil og stöðug aðsókn hefur verið í kirkjuorganistanámið á undanförunum árum. Ríflega 20 umsóknir eru fyrir næsta skólaár, en kvótinn hefur verið 20 – 30 nemendur.

## Námskeiðshald

Jón Stefánsson, kantor í Langholtskirkju hélt fyrirlestur fyrir kórstjórnarnemendur skólans í Grensás-kirkju mánudaginn 30. febrúar. Á fyrirlesturinum fjallaði Jón um uppbyggingu kórarstarfsins í Langholtskirkju. Var mjög áhugavert fyrir kórstjórnarnemendurna að kynnast þróttmiklu og metnaðarfullu kórarstarfi í Langholtskirkju fyrir börn og fullorðna og því merka frumkvöðlastarfi sem Jón hefur innt af hendi fyrir kirkjuna.

Þann 4. apríl s.l. var haldin „Tónskólamessa“ í Langholtskirkju þar sem sr. Jón Helgi Þórarinsson messaði. Þar komu fram nemendur skólans í litúrgískum orgelleik og kórstjórn og skiptu með sér hlutverkum í messunni.

Í tengslum við messuna hélt Þróstur Eiríksson, kennari skólans í Sálma- og helgisíðafræði fyrirlestur um „Tónlistina í guðspjónustinni“.

Í vetur hefur farið fram tilraunaverkefni í samstarfi Guðnýjar Einarsdóttur kennara í litúrgískum orgelleik og

Einars Sigurbjörnssonar, kennara í guðfræðideild Háskóla Íslands um sam-eiginlegar æfingarmessur orgel- og guðfræðinema. Er óhætt að bera miklar væntingar til þessarar samvinnu.

Á vortónleikum Tónskólans 13. maí s.l. var Haukur Guðlaugsson, fv. söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar heiðraður á þann hátt að öll verkefni sem nemendur skólans léku á tónleikunum voru úr orgelskóla Hauks. Að tónleikunum loknum flutti Haukur ávarp.

Öll námskeið og fyrirlestrar á vegum skólans eru opnir og kynntir fyrir félögum í félagi íslenskra organleikara.

## Fjármál

Tekjur Þjóðkirkjunnar hafa dregist saman sem hefur haft umtalsverð áhrif á stofnanir hennar, þar með talið Tónskólann. Hefur verið leitað allra leiða til hagræðingar og hefur það verið markmið skólastjóra og stjórnar skólans að láta þennan niðurskurð hafa sem minnst áhrif á skólastarfið. Þrátt fyrir þennan niðurskurð hefur tekist að halda rekstri skólans innan ramma fjárhagsáætlunar.

## Samstarfið við Listaháskóla Íslands

Haustið 2008 hófst formlegt samstarf við Listaháskóla Íslands um nám í kirkjutónlist til BA-gráðu. Með samstarfinu fá nemendur auk náms í

kirkjutónlist, menntun í kjarnagrein- um tónlistar. Einnig opnast möguleikar fyrir nemendur Tónskólans til framhaldsnáms og skiptináms við tónlistarháskóla erlendis.

## Kynning

Eins og á undanförunum árum var kynningarefni um nám við skólann sent öllum organistum landsins. Einnig er samstarf við Listaháskóla Íslands þar sem píanónemendum sem velja orgel sem systurhljóðfæri er kynnt námið við Tónskólann og þann möguleika að ljúka Kirkjuorganistaprófi samhliða píanónáminu. Þetta reglulega kynningarstarf ber greinilega góðan ávöxt.

## Bókasafn Tónskólans

Lísa Z. Valdimarsdóttir yfirbókavörður Listaháskóla Íslands hefur áfram unnið að skráningu bókasafns Tónskólans í samvinnu við ritara skólans og er sú vinna á lokastigi. Tónskólanum barst gjöf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, sem er orgelnótnasafn Páls Ísólfssonar sem er mikið safn og mikill fengur fyrir Tónskólann.

Næsta haust verður bókasafnið kynnt fyrir organistum landsins og þeir boðnir velkomnir til að kynna sér efni þess.

Vefsíða Tónskólans er:

[www.tonskoli.is](http://www.tonskoli.is)

# Sérþjónustuprestar

## Fangaprestur þjóðkirkjunnar

Sr. Hreinn S. Hákonarson



Hreinn S.  
Hákonarson

Á liðnu starfsári, 2010-2011, voru fjörutíu ár liðin frá því að sérstakur fangaprestur kom til þjónustu í fangelsum á Íslandi. Aðdragandi þess var sá að í októbermánuði 1965 var rætt við sóknarprestinn á Eyrarbakka hvort hann gæti tekið að sér sálgæslu fanga á Litla-Hrauni. Taldi hann þurfa sérstaka tilskipun biskups þar að lútandi. Fangahjálpin Vernd hreyfði svo við þessu máli í desember sama ár og benti á að þörf væri á að sérstakur prestur, fangelsisprestur, sinnti föngum og fangelsum. Biskupi var ritað bréf og síðan við hann rætt. Í lögum um skipan prestakalla og prófatsdæma og um kristnisjóð sem samþykkt voru á Alþingi 27. apríl 1969 og tóku gildi 1. júlí 1970, var komið inn ákvæði um sérstakan prest til þjónustu í fangelsum. Sr. Jón Bjarman var síðan ráðinn tímabundið fangaprestur frá 1. júlí 1970. Hlutverk prestsins skyldi vera að annast umsjá og aðstoð við fanga í ríkisfangelsunum, „meðan þeir afplána dóma og eftir að fangavist þeirra lýkur, svo og menn, sem fengið hafa skilorðsbundna frestun afplánunar eða ákæru fyrir saknæma verknaði ... “ eins og sagði í ráðningarsamningnum við prestinn.

Fyrsta skrifstofa fangaprests var í húsnæði Verndar að Grjótagötu 14b. Sr. Jón var síðan fastráðinn fangaprestur þjóðkirkjunnar frá 1. janúar 1971. Hann vann í nánnum tengslum við Vernd

og starfi samtakanna var hann ekki ókunnur því hann hafði starfað sem fulltrúi þeirra um skeið. Starfi fangaprests sinnti sr. Jón til ársins 1986 en þá var hann ráðinn sjúkrahúsprestur. Sr. Jón var brautryðjandi í starfi fangaprests og mótaði um margt þjónustu embættisins til frambúðar. Á þessu ári, eða þann 17. mars, féll sr. Jón Bjarman frá og er hans minnst með virðingu og þökk fyrir þau störf sem hann vann í þágu fanga og fangahjálparinnar Verndar. Guð blessi minningu hans.

Starfsvettvangur embættis fangaprests þjóðkirkjunnar hefur vaxið svo um munar á þessum fjörutíu árum sem liðin eru frá því að það var sett á laggirnar. Fáeinar tölur draga það skýrt fram: Árið 1970 var rými á Litla-Hrauni fyrir 29 fanga en nú hýsir það hátt í áttatíu fanga auk gæsluvarðhaldsfanga. Það eitt segir sína sögu en nú er heildarfjöldi fangarýma 165 en að jafnaði eru hátt í 170 bak við lás og slá. Á liðnu starfsári voru fangar um skeið flestir 189 í afplánunarfangelsum landsins. Þessar tölur segja þó ekki allt því um 350 einstaklingar, karlar og konur, fara um fangelsiskerfið á hverju ári og þá er litið hvort tveggja til fanga sem koma til afplánunar og í gæsluvarðhaldsvist. - Það er félagsfræðileg staðreynd að föngum fjölgar þegar tekið er mið af þróun íbúafjölda. Þannig spáði Fangelsismálastofnun ríkisins því árið 2004



að fangafjöldi myndi aukast um 10-15% næstu tíu árin eða til ársins 2014. Sú spá virðist ganga eftir þegar lítið er til þess tíma sem er nú þegar liðinn af þessum tíu árum. Ljóst er að aldrei sem fyrr er þjónusta við fanga jafn brýn og nú.

Á síðasta starfsári stóðu vonir manna til þess að hafist yrði handa um að reisa nýtt fangelsi en vandræðaástand hefur lengi blasað við í fangelsiskerfinu. Á fjórða hundrað manns bíða afplánunar og rúmlega fjögur hundruð manns bíða dóms. Meginskýringin á þessu ástandi er sú að dómar hafa þyngst. Rúmlega 48% þeirra fanga sem nú eru í afplánun hafa fengið þriggja ára dóm eða lengri. Fyrir tíu árum var þetta hlutfall um 35%. Enn hefur engin ákvörðun verið tekið um fangelsisbyggingu en þess er vænst að eitthvað rofi til í því efni þá nær dregur hausti. Allt bendir til þess að nýtt fangelsi rísi á Reykjavíkursvæðinu og þá er einkum horft til Hólmsheiðar. Þar verður rými fyrir 56 fanga.

Lengi hefur staðið til að loka Hegn-ingarhúsinu við Skólavörðustíg en það er rekið sem fangelsi á undanþágu. Alþjóðlegar eftirlitsnefndir hafa hvað eftir annað gert alvarlegar athugasemdir við rekstur á fangelsi að Skólavörðustíg 9. Allur aðbúnaður fanga er þar óviðunandi sem og aðbúnaður starfsfólks. Hegn-ingarhúsið er móttöku-fangelsi sem þýðir að þangað koma allir fangar fyrst til afplánunar og dvelja þar um stund áður en þeir fara í önnur fangelsi. Konur fara hins vegar rակleitt í Kvænnafangelsið í Kópavogi og búa þar við síðri afplánunarskilyrði en karlfangar. Hefur iðulega verið bent á að brotið sé á konum í fangavist hvað jafnréttisþáttinn snertir og um það ályktuðu fangahjálpin Vernd og Kvenréttindafélag Íslands í októbermánuði á síðasta ári. Ályktunin var send yfirvöldum og af því tilefni

ræddi fangaprestur um mál þessi í morgunþætti Ríkisútvarpsins á haustdögum.

Svokallað rafrænt eftirlit með brotaþolum komst svo langt í umræðu á síðasta ári að lagt var frumvarp um það á Alþingi. Fangaprestur fór ásamt fangelsismálastjóra og framkvæmdastjóra Verndar á fund allsherjarnefndar til að ræða frumvarpið og gera athugasemdir við það. Frumvarp þetta gerði og ráð fyrir því að reglur um samfélagsþjónustu yrðu útvíkkaðar og gætu dómþolar með allt að níu mánaða dóma í stað sex sótt um hana. Nokkur bjartsýni ríkti með að það yrði samþykkt og með því stigið heillaskref í málefnum fanga og refsivörslukerfisins. En svo varð ekki og er nú vonast til að málið fari í gegn á næsta þingi. Fangaprestur ritaði grein um rafrænt eftirlit í Verndarblað sem út kom árið 2009.

Fangaprestur hefur verið formaður fangahjálparinnar Verndar um tíu ára skeið og setið í stjórn samtakanna frá 1994. Fangahjálpin rekur áfangaheimili fyrir fanga sem eru að ljúka afplánun. Tímamótaskref var stigið í fangelsismálum fyrir fimmtán árum þegar Vernd og Fangelsismálastofnun gerðu með sér samning sem heimilaði föngum að ljúka afplánun með vissum skilyrðum á áfangaheimili samtakanna. Hafa á níunda hundrað fangar dvalið á áfangaheimilinu frá því að nefndur samningur var gerður. Þessi tilhögun er ómissandi þáttur í afplánunarkerfinu og standast langflestir fangar þau skilyrði sem sett eru. Þeim föngum sinnir fangaprestur einnig en oft er sagt að heimilið sé næst fjölmennasti afplánunarstaður landsins.

Félagasamtökin hafa rekið vistheimili fyrir skjólstæðinga sína allt frá því að þau tóku til starfa. Rekstur þessa heimilis hefur gengið vel.

Fangaprestur hefur verið ritstjóri Verndarblaðsins í rúman áratug. Þá situr fangaprestur í húsnefnd áfangaheimilis Verndar en hún kemur saman vikulega.

Þá hefur samstarf fangaprests við önnur félög og samtök sem láta sér annnt um málefni fanga verið gott.

Fangaprestur hefur einnig átt mjög gott samstarf við meðferðarstöð hvítasunnnumanna í Hlaðgerðarkoti.

Samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar er sem fyrr hið besta.

Samstarf fangaprests við Hjálpræðisherinn hefur verið gott en þess má geta að Herinn gefur öllum föngum jólagjafir og hefur fangaprestur séð um að dreifa þeim í fangelsin. Þá er jólafagnaður Verndar haldinn í samvinnu við Hjálpræðisherinn á aðfangadagskvöld og flutti fangaprestur hugleiðingu á þessum fagnaði eins og undanfarin ár.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau eru nú sex að tölu: Litla-Hraun, Kviabyrggja, Kópavogsfangelsið, Hegningarhúsið, fangelsið á Akureyri, og Bitra í Flóahreppi. Fangaprestur leitast við að vera í sem bestu sambandi við starfsmenn fangelsa, fangaverði og yfirmenn. Hann sinnir einnig föngum á áfangaheimili Verndar sem áður er getið. Fangaprestur er heimilisprestur réttargeðdeildarinnar að Sogni en þar dvelja að jafnaði fimm til sjö sjúklingar, ósakhæfir brotamenn.

Þá á fangaprestur sæti í Kærleikssjóði Sogns sem er hollvínasjóður réttargeðdeildarinnar. Nú skipa stjórn Kærleikssjóðs Sogns: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir á Sogni, og Kristjana Thorarensen, leikskólaperapisti.

Helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Þráinn Haraldsson, guðfræðingur, æskulýðsleiðtogi í Hjallasókn, var fangapresti

til halds og trausts í guðsþjónustum. Hann var vígður síðastliðið vor til prestsþjónustu í Noregi og er honum þakkað fyrir gott samstarf á liðnum árum og beðið blessunar Guðs á nýjum vettvangi. Nokkrir kórfélagar úr kirkjukór Selfoskirkju syngja jafnan við jólamessuna á Litla-Hrauni og réttargeðdeildinni. Organistar eru þeir Haukur Gíslason og Heiðmar Ingi Jónsson. Félagar í hljómsveitinni *Tilviljun?* sungu við jólaguðsþjónustur í Hegningarhúsinu og Kópavogsfangelsinu og var þessu unga fólki tekið með miklu þakklæti og gleði. Þá kom einnig Ármann Hákon Gunnarsson, djákni, að helgihaldi hvítasunnunnar. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir stuðning og vel unnin störf. Aðventustund var haldin á Litla-Hrauni í desember og naut fangaprestur þar öflugt liðsinnis Jónasar Þóris Þórissonar, organista. Það var vel sótt stund og eru Jónasi Þóri og félögum færðar heilshugar þakkir fyrir einstakt framlag.

Fjölmargir koma í viðtal á skrifstofu fangaprests og hefur hann einnig iðulega farið í heimahús til að ræða við aðstandendur fanga og þá sem eru á leið til afplánunar. Þá fer fangaprestur einnig með föngum í heimsóknir á heimili þeirra þegar fjölskylduaðstæður þeirra eru erfiðar. Einnig fylgir það starfi fangaprests að tilkynna föngum lát náinna aðstandenda. Þá fer fangaprestur iðulega með föngum í ýmsar kirkjulegar athafnir eins og fermingar og jarðarfarir. Sá þáttur er afar vel metinn af fjölskyldum fanga og öðrum vandamönnum þeirra.

Fréttabréf fangaprests: *Á leiðinni*, kom út að venju mánaðarlega og er hægt að lesa pistla þess á heimasíðu fangaprests: [www.kirkjan.is/fangaprestur](http://www.kirkjan.is/fangaprestur). Hefur fréttabréfið komið út í þrettán ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar



Félagar í Íslandsdeild Prison Fellowship að lokinni samkomu á Kvíabryggju. Frá vinstri: Pétur Erlendsson, Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, Hermann Ingi Ragnarsson, Saron Rut Guðsteinsdóttir og Hreinn S. Hákonarson

fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

Í opnu fangelsunum tveimur, Bitru og Kvíabryggju, hafa fangar heimild til netnotkunar, og sömuleiðis fangelsinu á Akureyri með nokkrum takmörkunum þó. Margir fanganna hafa nýtt sér þetta og verið í tölvupóstssamskiptum við fangaprest út af ýmsum málum. Er það svo að segja nýr angi í þjónustunni við þau fangelsi sem fjær eru.

Fangaprestur er félagi í *Prison Fellowship International* og tekur virkan þátt í Íslandsdeild þeirra samtaka (Alþjóðasamtök kristinna fangavina á Íslandi). Íslandsdeild Prison Fellowship kom í fimmta sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Viðtökur við englatrénu hafa verið afar góðar frá fyrstu tíð og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Samtökin *Prison Fellowship, Íslands-*

*deild* hafa haldið samkomur í fangelsum landsins í samvinnu við Samhjálp, Betaníu, Hjálpræðisherinn og fangaprest. Í eðli sínu eru þessi samtök leikmannasamtök og er ánægjulegt að leikmenn eru þar í forystu. Sigríður Hrönn Sigurðardóttir, guðfræðingur, veitir samtökunum forystu með glæsibrag. Samkomur þessar hafa í raun og veru verið samkirkjulegar eins og sést á því hverjir leggja þeim lið. Tónlistarfólk hefur gegnt mikilvægu hlutverki á þessum samkomum; boðið hefur verið upp fyrirbæni; trúin boðuð og samkenndin eflað í lok stundar yfir kakói og kökum. Sigríður Hrönn hefur séð um kökubakstur og fangaprestur lagað kakóið. Samkomur þessar hafa verið mjög vel sóttar af föngum. Þróun þessa starfs á síðasta starfsári sýnir að Prison Fellowship getur verið nokkurs konar farvegur samkirkjulegrar boðunar í fangelsunum.

Í skýrslum liðinna ára hefur ætíð verið minnst á félag aðstandenda fanga,

Aðgát. Það hefur heimasíðu og um hana hefur fangaprestur séð með aðstoð góðra manna. Starf Aðgátar hefur legið niðri en á síðasta starfsári reyndi fangaprestur að vekja félagið til lífs með því að auglýsa í Morgunblaðinu fund í Grensáskirkju en lítil viðbrögð urðu við

þeirri auglýsingu. Fangaprestur heldur þó vöku sinni hvað félag þetta snertir því það reyndist á sínum tíma góður vettvangur fyrir aðstandendur fanga. Félagið hefur heimasíðu og póstur á hana berst fangapresti: [adgat.net](http://adgat.net).

## **Prestur fatlaðra**

**Sr. Guðný Hallgrímsdóttir**



Guðný  
Hallgrímsdóttir

### **Umfang og staðsetning**

Þjónusta prests fatlaðra nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki tók á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist því af þeim fjölmörgum ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðarþjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta til þess að komast á milli staða. Staðsetning skrifstofunnar er mjög góð og aðstaða öll í Grensáskirkju með miklum sóma. Síðast en ekki síst er það dýrmætt að fá að starfa í umhverfi kirkjunnar, með góðu aðgengi að altari og í samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.

### **Sorgarvinna**

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandamanna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtíma vistanir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er lið-

veisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er stöð í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta ári voru haldnar fimmtán bænastundir í tengslum við missi.

## Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega sambýli eða heimili þar sem fólk með þroskahömlun býr. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtíma vistarir, heimili fatlaðra o.fl. voru á síðasta ári 206 talsins.

## Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötluðum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sæki t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við ráðgjafamiðstöðina Sjórnarhól, sem samanstendur af ýmsum samtökum sem láta sig varða hag langveikra

og fatlaðra barna um allt land. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landsamtökin Þroskahjálpar, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Ég hef í gegnum árin átt mjög ánægjulegt og gefandi samstarf við foreldraráðgjafa Sjórnarhóls, sér í lagi Hrefnu Haraldsdóttur og hef haft mikinn og góðan stuðning af því samstarfi. Það er geysilega dýrmætt að læra af öðrum sem vita betur og hafa mikla reynslu. Fyrir það er af hjarta þakkað. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjórnarhóls betur, er bent á vefslóðina <http://www.sjonarholl.net>. Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra og námskeið fyrir hin ýmsu félagsamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Á síðasta ári voru m.a. haldnir fyrirlestrar um sorg og sorgarviðbrögð, siðferði og siðfræði, mannleg samskipti og sálægslu meðal fólks með þroskahömlun.

## Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar fólki með þroskahömlun ekki vel. Málfar, söngur og litúrgían öll nær því miður sjaldan til fólks með þroskahömlun. Ég þreystist aldrei á því að hvetja presta og starsfólk kirkjunnar til að bjóða fötluðu fólki þátttöku í helgihaldi kirkjunnar og þar með velta fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á leiðir eins og að fólki með þroskahömlun sé boðið að taka þátt í messuhópum, lesa létta texta, bjóða fólk velkomið, útteila sálmabókum eða tendra ljós í upphafi samveru. Það er trú mín að víða væri mögulegt að bjóða upp á messuform þar sem fólki með þroskahömlun væri

mætt þar sem það er statt, án þess að falla í þá gryfju að tala til fullorðins fólks með þroskahömlun, líkt og að um börn væri að ræða.

Ég flyt hugvekkur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra. Það færast líka í vöxt að halda hugvekkur í kyrruviku til að ræða um páskana. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum.

Útbúið hefur verið sérstakt fræðslufni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaðra vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem hvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsóknna. Á síðasta ári komu nokkrir hópar úr sérdeildum grunnskólanna og framhaldskólanna til kirkju. Þar leiddi ég sérstakar aðventustundir fyrir hvern hóp fyrir sig. Kirkjurnar sem um ræðir eru Grensáskirkja og Fossvogskirkja.

## Samverur í Grensáskirkju

### Í samvinnu við ÆSKR

Samvinna við ÆSKR hófst í byrjun árs 2005. Tilgangurinn var að opna kirkjuna fyrir fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarþörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverunar eru haldnar annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá hálf-fimm til hálf-

sex. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda á síðasta ári. Dagný Halla Tómasdóttir, framkvæmdastýra ÆSKR hefur verið í góðu samstarfi við mig og hún á miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Þorvaldur Halldórsson hefur svo séð um söng og undirleik af sinni alkunnu snilld. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs.

## Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við öll þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfra, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa verið svo yndisleg að leita til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau leiti uppi fólk með þroskahömlun í sóknum sínum, mæti þeim á sínum forsendum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

## Fermingarfræðsla þroskaheftra

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna.



Frá vinnustaðnum Ási þar sem fólk er í vinnupásu og notar hana til hreyfingar. Þar er prestur fatlaðra með fasta viðtalstíma.

Umhverfi þessarar fræðslu hefur breyst þó nokkuð á þessum árum sem liðin eru. Þar má þá helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svo nefndur: „Skóli án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum með ýmsar sérþarfir fjölgar í almennu grunnskólunum. Þetta kallar á fleiri heimsóknir og ferðalög vegna þess að fermingarbörnin eru nú dreifð um allt höfðuborgarsvæðið. Ég hef með fullri vinsemd og samþykki skólastjórnenda fengið að sinna fermingarfræðslu á skólatíma barnanna og fengið til þess góða aðstoðu hvar sem ég hef komið. Fyrir það er af hjarta þakkað. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknunum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Jón Stefánsson organisti hefur frá upphafi starfans annast tónlistina í messunni og hefur kór hans, Gradualekór Langholtskirkju séð um að styrkja okkur í söngnum. Er það óskaplega dýrmætt að eiga slíkt samstarf og ég þakka það af heilum hug.

Á síðastliðnu vori fermdust börn frá fimm skólum þ.e. Öskjuhlíðarskóla, Réttarholtsskóla, Hamraskóla, Hlíðarskóla og Langholtsskóla. Fermt var níu sinnum á þessu vori. Tvö börn fermdust sér, þar sem leitast var við að mæta þeim í sínum sérstöku aðstæðum. Staersti hópurinn var fermdur í Langholtskirkju á sumardaginn fyrsta en hin börnin fermdust í sinni sóknarkirkju og tók ég þátt í fermingarmessunum þar ásamt prestum safnaðanna. Kirkjurnar sem um ræðir eru: Grafarvogskirkja, Háteigs-



kirkja, Lágafellskirkja, Bústaðakirkja og Langholtskirkja. Ég vil nota tækifærið og þakka kollegum mínum í þessum kirkjum hjartanlega fyrir góð samskipti og samvinnu s.l. vetur.

### **Kirkjan öllum opin**

Mikið og gott starf er unnið á vegum þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda í eiginlegri og óeiginlegri merkingu þess orðs. Vanda þarf til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkaröðum og gera þar með fólki sem notar hjólastól kleift að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun, að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðin fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin

t.d. í messuhópinum, kvenfélagið eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólki hlutverk. Það er von mín, trúa og bæn að við finnum fötluðu fólki góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

### **Aukaverk, heimsóknir o.fl á árinu 2010**

Skírnir – 5  
Fermingar – 3  
Fermingarfræðslutímar – 93  
Hjónavígslur – 2  
Kistulagningar – 6; útfarir – 6  
Messur – 7  
Kyrrðarstundir – 2  
Samverur f. fólk með þroskahömlun – 13  
Minningar og bænastundir – 15  
Heimsóknir á sambyli og vinnustaði og húsvitjanir – 206  
Viðtöl á vinnustöðum – 146  
Hugvekjur á aðventu og páskum á sambylum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 8  
Fyrirlestrar/málþing – 12



# Kirkja heyrnarlausra

Sr. Miyako Þórðarson

## Hvað er kirkja heyrnarlausra?

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknmál að móðurmáli, þ.e. fólk sem er heyrnarlaust, heyrnarskert og daufblint. Þetta þýðir að söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn, heldur nær yfir allt landið. Þó búa flestir á stór-Reykjavíkursvæðinu en sumir búa á Reykjanesi, Akranesi, í Bolungarvík, á Akureyri, í Skagafirði, Siglufirði og á Dalvík og Höfn í Hornafirði.

Síðan hafa útlenskir heyrnarlausir bæst í hópinn, mest á árunum 2006 – 2007 af ýmsum ástæðum. Þeir eru frá Póllandi, Lettlandi, Litháen, Tékklandi, Slóvakíu og Rússlandi. Sumir eru farnir heim til sín eftir hrúnið en 20 útlendingar eru ennþá búsettir hér á landi. Táknmál er ekki alþjóðlegt mál, heldur er sérstakt táknmál fyrir hvert land svo að það tekur tíma fyrir útlendingana að aðlagast nýju táknmáli en þeim hefur gengið vel að læra íslenskt táknmál.

Á Íslandi skilgreina heyrnarlausir sjálfa sig sem „döff“, sem þýðir þeir sem tala íslenskt táknmál. Fjöldi döffa á Íslandi er um 300 manns. Kirkja heyrnarlausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju.

## Starfsemi

Starfsemi Kirkju heyrnarlausra fer fram á táknmáli innan safnaðar og utan eins og t.d. guðsþjónusta, kirkjuskóli, helgistund, bænastrund, helgistund aldraðra, samverustund íbúa Sambýlis heyrnarlausra og samverustund fyrir

mæður og ungbörn, sem allt er mán- aðarlega, og fermingarkennsla og helgistund á DAS sem fer fram vikulega, og samtöl við döff í kirkjunni, heimahúsum, dvalarheimilum, stofnunum og sambýlum.

Kirkja heyrnarlausra hefur haft sameiginlegar guðsþjónustur utan Reykjavíkur. Árið 2010 hafði Kirkja heyrnarlausra sameiginlega guðsþjónustu með Sólheimakirkju í Sólheimum og Keflavíkurkirkju. Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum messum og flestum öðrum athöfnum. Táknmálskórinn fékk fyrst viðurkenningu með þátttöku í listahátíð í Osaka í Japan árið 1992. Táknmálskórinn er mjög virkur bæði innan safnaðar og utan.

Mikill hluti af starfi prests fer í sál-gæslu. Það má segja að bak við hvern einn döff sé yfirleitt fimm manna fjölskylda. Einnig fer tími í að vitja döff og fjölskyldna þeirra í heimahúsum, dvalarheimilum, vinnustöðum og stofnunum.

Sóknargjöld heyrnarlausra renna til kirknanna þar sem lögheimili þeirra er en ekki til Kirkju heyrnarlausra. Kirkja heyrnarlausra fær styrk úr Kirkjumálasjóði til reksturs. Hún fékk útlutuðum styrk kr. 700.000 á árinu 2010 en kr. 400.000 á árinu 2011.

## Hvað er raddtúlkur í kirkjunni?

Í messum kirkju heyrnarlausra er raddtúlkur. Hlutverk hans er að túlka táknmálið sem presturinn talar yfir



á talaða íslensku fyrir heyrandi sem sækja messuna en skilja ekki táknmál. Stundum heyrist sú rödd frá heyrandi af hverju talar presturinn ekki bæði táknmál og íslensku? Svarið við þessari spurningu er að enginn getur talað tvö ólík mál samtímis.

### **Hvað er táknmálstúlkur eða rittúlkur í kirkjunni?**

Táknmálstúlkur túlkar talaða íslensku yfir á táknmál.

Þegar döff einstaklingur sækir kirkju vegna t.d. skírnar, fermingar, giftingar eða jarðarfara fjölskyldumeðlima eða annarra, pantar hann táknmálstúlk. Áður en túlkþjónustan Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) hóf að starfa árið 1990, hafði presturinn tekið að sér slíka þjónustu ásamt öðrum en nú geta döff fengið faglærða túlka.

Táknmálstúlkánám í Háskóla Íslands er þriggja ára nám. Það er líka til heyrnarlaust og heyrnarskert fólk sem kys að fá rittúlk sem ritar allt sem fer fram í kirkjunni á íslensku í tölvu. Þessa þjónustu veitir Heyrnarhjálp.

### **Smá saga um Kirkju heyrnarlausra**

Lengi hafði markmið Foreldrafélagsins og Félags heyrnarlausra verið það að heyrnarlausir fengju prest sem gæti talað mál þeirra, táknmál og þjónað eingöngu þeim.

Í tíð biskups Sigurbjörns Einarssonar tók Kristín Sverrisdóttir, heyrnleysingjakennari að sér að sinna fermingarfræðslu og að skipuleggja kirkjulegt starf að ósk biskupsins. En Pétur biskup Sigurgeirsson vígði fyrsta prest heyrnarlausra árið 1981.

# Prestur innflytjenda

Sr. Toshiki Toma

## Tilgangur og starfsemi þjónustunnar

### Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda er eftirfarandi:

- Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtíma-gesti sem búsettir eru á Íslandi en í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
- Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

### Helstu þættir starfseminnar eru

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og að hjálpa því að finna lausn á vanda sínum.
- að veita fólki aðstoð til að geta iðkað trú sína.
- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra.
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju.
- að sjá um messu, bænastund, og fleiri kirkjulegar athafnir.

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustu prests innflytjenda er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og fræða og upplýsa bæði innflytjendur og Íslendinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir fordóma sem kunna að vera á milli þeirra.

Prestur innflytjenda vinnur starfið sitt sem prestur kristinnar kirkju og reynir að vitna um kærleik Jesú Krists.

## Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember árið 1996.

Skrifstofa prests innflytjenda hefur aðsetur í safnaðarheimili Neskirkju.

## Starfsemi frá júní 2010-maí 2011

### 1) Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla

#### Tímabilið 1. apr. 2010-31. mars 2011

Fjöldi fólks: 157

Fjöldi viðtala: 355

Þjóðerni: 31\*

(\*meðtalin ósjálfstæð svæði, 42 þegar hælisleitendur eru taldir með)

**Trúarbrögð:** lútersk trú, kapólsk, rétt-trúnaðartrú, og önnur mótmælenda-trúarbrögð. Islam, búddhatrú, baháíatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt (\*Fjöldinn inniheldur ekki fjölda hælisleitenda sem prestur innflytjenda heimsækir reglulega á Flóttamannahælinu Fitjum í Reykjanesbæ ásamt sjálfbodaðliðum Rauða Kross Íslands, en fjöldi hælisleitenda er að meðaltali á bilinu 15-20 alls.)

### Aðgreiningar eftir innihaldi viðtals: (miðað við fjölda manna)

Fjölskyldumál og almenn lífskjör	85
Atvinnu- og fjármál	24
Mál er varðar lög	33
Húsnæði	3
Veikindi, meiðsl og sorg	18



Toshiki Toma

Mennta- og menningarmál	63
Trúarbrögð	26
Málefni hælisleitenda	11
<b>Samtals</b>	<b>263</b>

### **Samanburður við tölur undanfarin fjögur ár:**

<b>06</b>	<b>07</b>	<b>08</b>	<b>09</b>	<b>10</b>
-----------	-----------	-----------	-----------	-----------

#### **Fjöldi manna**

132	145	121	119	157
-----	-----	-----	-----	-----

#### **Fjöldi viðtala**

282	302	252	286	355
-----	-----	-----	-----	-----

#### **Þjóðerni**

36	48	29	24	31
----	----	----	----	----

Það má benda sérstaklega á eitt hér. Vegna fjárhagsvanda og niðurskurðar í samfélaginu hefur ýmis þjónusta við innflytjendur verið lögð niður undanfarin tvö ár. Þar má nefna að Alþjóðahúsi var lokað og Alþjóðasetur, sem tók við Alþjóðahúsinu, tók eingöngu yfir túlka- og þýðingarþjónustuna. Þjóðahátíðin á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki verið haldin þessi ár. Eftir bankahrunið urðu fjármál að mikilvægustu málunum fyrir flesta og voru innflytjendur ekki þar undanskildir. Prestur innflytjenda er ekki sérfræðingur í fjármálum og gat því ekki þjónað fólki á því sviði og því hefur ekki orðið sérstök aukning skjólstæðinga hjá honum vegna fjármála. Frá áramótum 2010/11 virðast innflytjendur leita til prestsins í auknum mæli varðandi ýmis önnur mál. Svo virðist sem það eigi erfiðara með að fá úrlausn mála sinna í opinbera kerfinu og því eykst sá fjöldi sem leitar til prests innflytjenda frá áramótum. Fjöldi þeirra sem leitar til hans á sex mánuðum frá apríl 2010 til septemberloka var 44, og fjöldi viðtala var 125. En á átta mánuðum frá október 2010 til lok maí 2011 komu 116 manns til prests innflytjenda eða

höfðu samband við hann. Fjöldi viðtala var 230, sem er nær tvöfalt fleiri en á fyrra tímabilinu. Það blasir einnig við að það tekur lengri tíma að byggja upp skipulagt og nauðsynlegt móttökukerfi fyrir innflytjanda í samfélaginu en áður var talið og koma því í sama farveg og það var fyrir bankahrun. Því má búast við annríkum dögum hjá presti innflytjenda á næstunni.

### **Samstarf við aðra aðila**

Á því tímabili sem skýrslan nær yfir var mikil samvinna á milli prests innflytjenda og stofnana bæði innan þjóðkirkjunnar og utan hennar. Samstarfið við Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða Kross Íslands, Biskupsstofu og Neskirkju var sérstaklega gott og ánægjulegt.

Prestur innflytjenda er varafulltrúi í MRSÍ fyrir hönd þjóðkirkjunnar, en samvinna við MRSÍ er mjög mikilvæg og er árangursrík á ýmsum sviðum eins og í hælismálum, tengslum og samskiptum við alþjóðleg mannréttindasamtök svo fátt eitt sé upp talið.

Prestur innflytjenda tók fimm sinnum þátt í starfsemi hjá Rauðakross húsinu á árinum, með fyrirlestri um japanska menningu og einnig hópvinnu vegna hjálparstarfs fyrir Japan eftir hamfarirnar þar í mars sl.

Frá haustinu 2009 hefur prestur setið í stjórn Rannsóknarstofu HÍ í fjölmenningsfræðum. Stjórnarmenn funda einu sinni í mánuði og skiptast á skoðunum og skipuleggja málþing eða starfsemi sem varðar fjölmenningu.

Reykjavíkurborg skipulagði Fjölmenningsarþing í nóvember 2010 en tilgangur þess var að móta betri stefnu um innflytjenda- og fjölmenningsmál í borginni. Til þess að sjá um nánari starfsemi og stefnumótun kaus Fjölmenn-

ingarþing fjölmeningarráð. Prestur innflytjenda var kosinn í ráðið, þótt það væri ekki með starfsheiti prests innflytjenda heldur sem einstaklings. Engu að síður er þetta góð tenging við þjónustu prests innflytjenda, innflytjenda í borginni og stjórnkerfis borgarinnar.

## **Samstarf við söfnuð Neskirkju og aðra söfnuði, og innflytjendamessa**

Prestur innflytjenda tók þátt í safnaðarstarfi Neskirkju, þar sem hann er með aðsetur, og tekur þátt í fermingarfræðslu, fermingarmessum og sunnudagsmessum.

Einnig hefur prestur innflytjenda haft það á stefnuskránni eftir sumarið 2009 að prédika a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði í mismunandi söfnuðum í höfuðborgarsvæðinu. Prédikaði hann alls átta sinnum í öðrum söfnuðum en í Neskirkju á árinu. Söfnuðir sem prestur innflytjenda heimsótti og prédikaði í voru: Árbæjarkirkja (tvisvar), Háteigskirkja (tvisvar), Ólafsvíkirkirkja, Guðriðarkirkja, Seltjarnarneskirkja, Kópavogskirkja og Breiðholtskirkja.

Meðal annarra voru messur í Ólafsvíkirkirkju og Kópavogskirkju sérstaklega svo úr garði gerðar að innflytjendur í sókninni gætu tekið virkan þátt í messum. Í Ólafsvík mættu hundrað kirkjugestir og fjörutíu í Kópavogi. Prestur innflytjenda fagnar slíkum tækifærum þar sem Íslendingar og innflytjendur koma saman í messu, og óska eftir fleiri slíkum í framtíðinni.

Prestur innflytjenda vill þakka viðkomandi söfnuðum fyrir tækifærið til að prédika og hlýjar móttökur, og jafnframt vill hann benda á það að um ákveðinn misskilning sé að ræða innan kirkjunnar þegar sagt er: „prestur

innflytjenda hefur ekki messuskyldu og því hann væri ekki tengdur við messur“, en þetta er alger misskilningur.

## **Norræn ráðstefna kirkna um innflytjenda- og fjölmeningarmál**

Norræn ráðstefna á meðal kirkna á Norðurlöndum sem fjallar um málefni innflytjenda og fjölmeningar er haldin árlega og hver kirkja í þessum löndum tekur á móti henni til skiptis. Árið 2010 var ráðstefnan haldin á Íslandi en það var í annað skipti síðan árið 2000. Ráðstefnan stóð frá 11.-13. október í Neskirkju með 12 þátttakendum. Frá íslensku þjóðkirkjunni tók prestur innflytjenda og Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni og verkefnisstjóri á Biskupsstofu, þátt í ráðstefnunni en þau sáu einnig um skipulagningu hennar og framkvæmd.

Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar innflytjendarrannsókna í Reykjavíkur Akademiunni, flutti erindi um stöðu innflytjenda á Íslandi eftir bankahrun, og Bjarni Randver Sigurvinson, guðfræðingur og stundakennari við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ, ræddi um sögu og stöðu samráðs meðal ólíkra trúfélaga á Íslandi. Verkefnið fékk styrki úr kirkjumálasjóði.

## **Heimsókn til hælisleitenda í samstarfi við RKÍ**

Á Íslandi dvelja að jafnaði 15-25 hælisleitendur, þótt mikil hreyfing sé innan hópsins. Þeir gista í sérstöku hóteli í Njarðvík, gistiheimilinu Fitjum, og einnig félagslegri íbúð í Keflavík. Prestur innflytjenda tók þátt í verkefni sem hófst árið 2005, þar sem nokkrir einstaklingar tóku sig saman og mynduðu litla hreyf-

ingu, sem hafði það að markmiði að heimsækja hælisleitendur. Tilgangurinn er að rjúfa einangrun hælisleitenda með mannlegum samskiptum og veita þeim stuðning í erfiðum aðstæðum á meðan þeir bíða eftir úrskurði opinberra stofnana um sín mál.

Sumarið 2006 var þetta tilraunaverkefni þróað frekar og samkomulag gert við RKÍ um að móta heimsóknarvinahóp undir merkjum RKÍ. (Formlegur samstarfssamningur er ekki til milli RKÍ og prests innflytjenda.) Starfsemi hófst á ný í nóvember 2006.

Heimsóknirnar eiga að vera reglulegar, einu sinni í viku. Prestur innflytjenda fór níu sinnum í heimsókn á árinu en auk þess heimsótti hann hælisleitendur nokkrum sinnum eina, eftir því sem þeir óskuðu eftir og þurftu á að halda.

## Samráðsvettvangur

### trúfélaga á Íslandi

Að byggja brú á milli þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem eru nágrennar í samfélaginu er mikilvægt hlutverk og eitt af markmiðum prests innflytjenda.

Samráðsvettvangur trúfélaga var stofnaður í nóvember 2006 og eru núna í honum 16 trúfélög. Félögin eru: Þjóðkirkjan, rómversk-kaþólska kirkjan, Fríkirkjan í Reykjavík, Krossinn, Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi, Búddistafélag Íslands, Fríkirkjan Vegurinn, Bahá'í-samfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, FFWPU-Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar, Söfnuður Moskvu-Patriarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Soka Gakkai á Íslandi (Búddistafélag), Óháði söfnuðurinn í Reykjavík og Menningarsetur múslíma.

Samráðsvettvangurinn hélt málþing

„Trúarlegar byggingar – hlutverk og staða“ í samvinnu við Trúarbragðafræðistofu HÍ í safnaðarheimili Neskirkju í apríl 2011. Prestur innflytjenda tekur þátt í starfsemi vettvangsins sem fulltrúi þjóðkirkjunnar ásamt Bjarna Randver Sigurðarsyni, guðfræðingi og stundakennara HÍ, og sr. Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur, verkefnastjóra á Biskupsstofu.

## Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi

1. Samstarf við *Móðurmál* – Félag foreldra tvítýngdra barna.
2. Fyrirlestrar og fræðslustundir, samtals 18 sinnum.
3. Fræðslan var haldin m.a. hjá HÍ, MK, Rauðakross húsinu, fermingarfræðslu Neskirkju, *Deus ex cinema* og málþingi þjóðmálanefndar kirkjunnar.
4. Greinargerðir í blöð og vefblöð (fyrir utan Trú.is), samtals 15 skipti.
5. Pistlar og prédikanir í Trú.is, samtals 26 skipti.
6. Viðtöl við blöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar o.fl. samtals 19 skipti.
7. Þjónusta í messu (fyrir utan prédikanir), bænastundir, brúðkaup, skírn og aðrar kirkjulegar athafnir, samtals 21 skipti.
8. Prédikun í messu, samtals 9 skipti.

## Lokaorð

Eins og var bent á í upphafi skýrslunnar, fóru áhrif af fjárhagsvanda og skerðingum á þjónustu prests innflytjenda að birtast eftir áramótin 2010 og 2011. Móttökukerfið sem var að mótast um árið 2008 var ekki stöðvað en það varð að draga verulega úr starfsemi þess og afturhvarf til fyrri ára varð staðreynd.

Alþjóðahús var lagt niður og því eiga



Frá  
innflytjendamessu  
í Ólafsvíkirkirkju

innflytjendur í höfðuborgarsvæðinu engan stað til að leita vegna mála sinna fyrir utan það að þeir sem búa í Reykjavík geta fengið ráðgjöf hjá þjónustumiðstöð borgarinnar að nokkru leyti. Aðrir eiga litla möguleika á aðstoð fyrir utan hjá Fjölmenningssetrinu á Ísafirði.

Að bæta þjónustu við innflytjendur og tryggja velferð þeirra og réttindi þannig að íslenska fjölmenningsarsamfélagið þróist í rétta átt er að sjálfsgöðu ekki eingöngu á ábyrgð þjóðkirkjunnar heldur allra opinberra aðila í samfélaginu. Það blasir við að

það mun taka ákveðinn tíma þar til opinber þjónusta kemst aftur á þá braut sem hún var. Þangað til er hlutverk kirkjunnar tvímælalaust mikilvægt og raunar er það óhjákvæmilegt að kirkjan haldi áfram að taka það að sér.

Prestur innflytjenda viðurkennir mikilvægi þess að þjóna innflytjendum og bera ábyrgð á vegum kirkjunnar í þessum samfélagsaðstæðum. Það er gleði að þjóna í kærleika Jesú Krists: „Prédika þú orðið, gef þig í því í tíma og ótíma“ (2Tm. 4:2).

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þess.

# Prestur Íslendinga í Noregi

Sr. Arna Grétarsdóttir



Arna Grétarsdóttir

## Þjónusta til framtíðar

**Prestsþjónusta Íslenska safnaðarins í Noregi** var með nokkuð sama sniði árið 2010 og hin síðustu ár. Þjónustan hefur tekið nokkuð mið af búferlaflutningum landans yfir hafið. Þar er helst að merkja aukningu í sálgæslusamtölum og þá aðallega símaviðtölunum. Prestur hóf framhaldsnám í sálgæslufræðum við guðfræðiháskólann í Ósló (MF) í lok árs með það að marki að mæta betur þessari auknu þörf og auka gæði þjónustu safnaðarins.

Góður samstarfsandi, nærandi og kærleiksríkt andrúmsloft ríkir meðal þeirra sem gegna þjónustu og trúnaðarstörfum<sup>1</sup> innan safnaðarins enda ber okkur að kalla þau til starfa sem vilja veg kristinnar mestan og bestan. Vilji stendur til þess að fylgjast vel með hvar hægt er að gera betur í vaxandi safnaðarstarfi. Trúin og krafturinn er mikill og við biðjum Drottinn um að vísa okkur veg sinn í þjónustu til framtíðar.

## Guðsþjónustur og helgihald

Messað var á einum 12 stöðum árið 2010. Þeir staðir sem messað var á á árinu eru: Ósló, Drammen, Fredrikstad, Stavanger, Bergen, Prándheimur, Tromsø, Skien, Geilo, Ålesund, Molde og Reykjavík. Þeir aðrir staðir sem hafa fasta tengiliði og farið verður til ef óskað er eftir eru: Kristiansand og Karmöy.

<sup>1</sup> Með trúnaðarstörfum er átt við þau sem taka að sér þjónustu í þágu safnaðarmeðlima s.s. safnaðarstjórn, sunnudagaskólaleiðtoga, tengiliði, tónlistarfólk, sjálfboðaliða, lesara, kaffiumsjón, o.fl.

Haldnar voru 25 kirkjuguðsþjónustur, 47 bæna- og/eða helgistundir og 39 barnaguðsþjónustur.

**Guðsþjónustur og helgihald** var ágætlega sótt, mæting var allt frá 20 til 400 manns og trónir þá hæst jólaguðsþjónustan annan jóladag í Ósló, adventukvöldið og Lýðveldis-hátíðarhöldin. Við skipulag á guðsþjónustunum um landið eru **tengiliðirnir** ómissandi sem fyrr. Þeir aðstoða m.a. við að bóka kirkju, auglýsa, sækja prest á flugvöll, sjá um að hringja út og minna á messuna og að sjá um að halda utan um messukaffið á eftir ásamt Íslendingafélögunum. Þessi aðstoð tengiliðanna er ómetanleg og er hér þakkað sérstaklega fyrir það. Tengiliðirnir eru oftast en ekki formenn Íslendingafélaganna eða starfa náði með þeim.

**Safnaðarstjórn** fór með presti í messuferð til Bergen í mars og til Stavanger í október og hélt þar vinnufundi og tók þátt í messuhaldinu. Mikilvægt er fyrir landsbyggðina að sjá framan í þau sem mynda safnaðarstjórnina. Í dag situr einn fulltrúi frá Tromsø í safnaðarstjórn.

Ískórinngur syngur við guðsþjónustur í Ósló. Kórinngur kom með til Bergen og Stavanger á árinu og leiddi messusönginn. Ískórinngur starfar fyrir söfnuðinn eins og kirkjukór og heldur uppi helgihaldi safnaðarins í Ósló með sálmasöng og messusvörum. Hér er Ketil Grötting stjórnanda kórsins og organistanum Peggy Jensen Lous



sérstaklega þakkað fyrir metnaðarfulla þjónustu. **Nýr Íslendingakór** hefur verið stofnaður í Bergen og söng í fyrsta skipti í jólamessunni við undirleik Ingibjarts Jónssonar. Vonum að Guð gefi að þetta samstarf haldi áfram og íslensk tunga í tónum fái að blómstra í Bergen sem annars staðar. Hjörleifur Valsson fiðluleikari, Daníel Ó. Daníelsson bassi og söngkonurnar Margrét Grétarsdóttir, Nanna Cortes og Linditta Ottarsson hafa einnig litað helgihaldið fögrum litum.

Í Stavanger hefur Katrín Ósk Óskarsdóttir (19 ára) sungið og spilað á píanóið í messunum. Hennar fallega rödd hefur sungið sig inn í hjörtu kirkjugesta. Í Bergen hefur Rebekka Ingibjartsdóttir (15 ára) leikið á fiðlu svo fallega og glatt kirkjugesti. Þá hefur Ingibjartur Jónsson faðir hennar séð um orgelleik í messunum. Það er ómetanlegt fyrir söfnuðinn að eiga hæfileikaríkt fólk sem tilbúið er til þjónustu úti á landsbyggðinni.

**Alþjóðlegur bænadagur kvenna** er fyrsta föstudagur í mars ár hvert. Hefð er komin á það að Íslenski söfnuðurinn tekur þátt ásamt fleiri kristnum söfnuðum í Nordbergkirkju. Það er mikilvægt fyrir lítinn söfnuð að finna sig í hópi trússystkina víða að úr heiminum. Þarna mættu fleiri mæta, bæði konur og karlar.

**Aðventuhátíðin í Ósló** var virkilega vel sótt í ár. Pálmi Gunnarsson ásamt hljómsveit flutti fallegar perlur og Ískórinn söng af stakri snilld sem hin fyrri ár undir styrkri stjórn Ketil Grötting kórstjóra Ískórsins. Davíð Þór Jónsson guðfræðinemi flutti hátíðarræðuna í ár.

## **Aðrar kirkjulegar athafnir og kærleiksþjónusta**

Árið 2010 voru skírð fimmán börn, átta í kirkjum en sjö í heimahúsum. Hjóna-

vígslur voru fjórar. Fimm kveðjuathafnir. 23 börn sóttu **fermingarfræðslu** safnaðarins veturinn 2009-10. Og fermd börn innan safnaðarins voru 13.

Prestur sinnti sálgæslu og kærleiksþjónustu sem fyrr og fór í 17 hús- og sjúkravitjanir á árinu. 84 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótélum (78 árið 2009 og 25 árið 2008) og 161 símaviðtal var veitt (74 árið 2009 og 8 árið 2008).<sup>2</sup>

Ólafíusjóður Íslenska safnaðarins í Noregi var stofnsettur 1. nóvember 2009. Í annarri grein skipulagsskrár segir: „Sjóðnum er ætlað að mæta tíma- bundnum erfiðleikum t.d. í tengslum við veikindi, dauðsfall eða önnur áföll sem dunið geta yfir einstaklinga og fjölskyldur. Einnig skal kanna þörf á úthlutun fyrir jólin. Sjóðsstjórn metur þörf hverju sinni.“ Í sjóðsstjórn sitja ásamt presti, Kristján Daðason ritari safnaðarstjórnar og Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sendiherra. Hægt er að sækja um í sjóðinn á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á netinu: [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no) eða hjá starfsmanni eða prest.

Ólafíusjóður úthlutaði árið 2010 bæði til Rauða krossins á Íslandi samkvæmt aðalfundarsamþykkt og til einstaklinga og fjölskyldna sem búsett eru í Noregi.

## **Safnaðarstarfið**

**Sunnudagaskóli** er nú starfræktur reglulega á vegum safnaðarins í Ósló, Drammen, Bergen og Stavanger og Fredrikstad. Söfnuðurinn vill endilega heyra frá fólki sem er tilbúið að koma af stað sunnudagaskóla um landið. Við barnastarfið starfa nú níu leiðtogar. Sakarías Ingólfsson guðfræðinemi sem

<sup>2</sup> Árið 2008 þjónaði prestur aðeins 6 mánuði – tölur fyrir hinn helming ársins eru ekki til.



starfað hefur fyrir söfnuðinn í mörg ár hætti sl. sumar þar sem hann og fjölskylda hans fluttu búferlum. Umsjón með sunnudagaskólanum í Ósló hafa þær Helga Kolbeinsdóttir, Hrefna Grétarsdóttir og Marta Ingólfssdóttir. Lilja Björk Þorsteinsdóttir og Katrín Ósk Óskarsdóttir hafa umsjón með barnastarfi í Stavanger og í Bergen hafa umsjón með sunnudagaskólanum Helga Sigríður Þórsdóttir og Ingibjartur Jónsson sem einnig er liðtækur á orgelið þegar messað er. Svala Snorradóttir hefur umsjón með sunnudagaskólanum í Drammen. María Gunnarsdóttir guðfræðinemi hefur verið með sunnudagaskóla í Fredrikstad ásamt Helgu Kolbeinsdóttur. Fengur er fyrir söfnuðinn og alla kristni að hafa gott og áhugasamt fólk á akrinum.

Prestur hóf átak í að koma inn á íslensku heimilin sunnudagaskólanum á DVD sem og geisladisknum „Ég get sungið af gleði“ með sunnudagaskólasöngvunum. Með þessu er reynt að mæta börnum í dreifðinni.

**Hið árlega Leiðtoganámskeið** á vegum fræðsluviðs Biskupsstofu var þetta árið haldið hér í Ósló. Tókst námskeiðið vel og fóru allir heim með nesti til uppfræðslu vetrarsins. Mikill vöxtur er í barnastarfi safnaðanna á Norðurlöndunum.

Æskulýðshópur safnaðarins er starfræktur nokkuð óhefðbundið. Félagar í æskulýðsfélaginu geta verið þau sem eru fermd og hafa áhuga á því að skemmta sér á heilbrigðan hátt í góðum félagsskap hvers annars og vilja halda við fermingarheitinu. Ár hvert er farið til Íslands á Landsmót Æskulýðsfélaga og í október 2010 fór hópur skemmtilegra unglinga til Akureyrar. Þar voru samankomin um 700 unglingar sem höfðu það markmið að leysa þrælaborð á Indlandi úr ánað. Allir komu sælir aftur heim eftir vináttu- og gleðiríka ferð. Æskulýðshópur safnaðarins er hluti af æskulýðssambandi Þjóðkirkjunnar – ÆSKP.

**Fermingarbörn** koma frá stór-Óslóarsvæðinu, Drammen, Skien, Berg-

en, Stavanger, Fredrikstad, Ålesundsvæðinu og Grimstad. Fermingarfræðslan hefur farið fram á skrifstofu safnaðarins, á heimili prests, á hóteli og á tveimur námskeiðum í Svíþjóð. Eins hefur prestur verið í netsamskiptum við fermingarbörn og foreldra. Eins og undanfarin ár hittast fermingarbörn íslensku safnaðanna í Noregi og Svíþjóð í september og í maí á fermingarfræðslunámskeiði. Þessi kynni barnanna eru ómetanleg sem og öll samvinna prestanna. Fermingarbörnin hafa verið mjög dugleg við að aðstoða þegar messað er á þeirra heimasvæðum.

**Hjónanámskeið og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur** voru haldin og unnin í samstarfi prests og sálfræðingsins Eyglóar Sigmundsdóttur. Í Stavanger var haldið sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur og farið var helgarferð til Norefjell þar sem Kyrrðar og sjálfstyrkingarnámskeið var haldið.

## Samvinna og upplýsingamáli

**Fréttabréfið** kom tvisvar út á árinu, í lok janúar og september. Ætlunin er að halda þeirri útgáfu áfram. Hrafnhildur Brynjarsdóttir grafískur hönnuður hefur sett upp fréttabréfið og verið prestur innan handar með yfirlestur ásamt Ingu Erlingsdóttur starfsmanni.

**Facebook** síða var stofnuð „Íslenski söfnuðurinn í Noregi“ ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólann í Bergen og Stavanger. Þar eru settar inn messuauglýsingar og aðrar þær upplýsingar sem þarf til að koma tilkynningum til sóknarbarna. Eins hafa messuauglýsingar verið settar inn á facebook síðu „Íslendingar í Noregi“ og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins [www.kirkjan.no](http://www.kirkjan.no)

**Lýðveldishátíðin** er haldin í Ósló í

samstarfi við **Íslendingafélagið í Ósló**. Hátíðarhöldin hefjast með helgihaldi og hefur gefist vel að vera í og við Nordbergkirkju. **Messukaffið** er framhald guðsþjónustunnar. Það er dýrmætt fyrir okkur að geta sest niður og mætt hvors annars andlitum, drukkið kaffi og spjallað saman. Íslendingum og Íslendingafélögum um landið er þakkað fyrir að halda utan um þetta ómetanlega kaffisamfélag.

Mikilvægt er fyrir söfnuð og prest að geta leitað til **sendiherra** og starfsfólks alls á sendiráðsskrifstofunni. Sú samvinna og stuðningur sem þaðan kemur er mjög mikilvæg fyrir þjónustuna.

**Inga Erlingsdóttir** sem starfar á skrifstofu safnaðarins hefur verið prestur innan handar við hvað eina sem komið hefur upp. Íslendingum fjölgar í Noregi og samhliða þá fjölgar þjónustubeiðnum til safnaðarins og umfang starfanna eykst. Það er mikilvægt að hafa bæði safnaðarstjórn og samstarfskonu á akrinum sem styður við kristni og þjónustu alla. Osvald Kratz hefur sýnt tryggja og áhugasama þjónustu með því að mæta hvern fimmtudag á skrifstofuna með fallett smurbrauð fyrir gesti og gangandi. Guð launi honum þá fyrirhöfn alla.

Óslóarbiskup og dómprófastur hafa boðað prest til **samráðsfundar og prestafundar**. Það hefur verið ánægjulegt að finna sig í hópi kollega í norsku kirkjunni. Það er von mín að allt samstarf við systurkirkju okkar, norsku kirkjuna haldi áfram að styrkjast.

Ég þakka alla vináttu og velvilja sem hefur verið í kærleiksríkum anda Jesú Krists. Megi góður Guð blessa okkur öll í þjónustunni við Guð og menn til framtíðar.

# Prestur Íslendinga í Svíþjóð

Sr. Ágúst Einarsson



Ágúst Einarsson

## Aukin starfsemi en óviss framtíð

Undanfarin ár hefur íslenska kirkjustarfið í Svíþjóð vaxið jafnt og þétt með reglulegu guðsþjónustuhaldi og barnastarfi á fjórum stærstu þéttbýlistöðunum, Stokkhólmi, Uppsölum, Gautaborg og Lundi/Malmö. Síðustu þrjú ár hefur fjöldi Íslendinga aukist í Svíþjóð í kjölfar efnahagshrunsins sem varð á Íslandi haustið 2008 og í íslenska kirkjustarfinu höfum við séð aukna aðsókn að fjölskyldu- og barnastarfinu.

Á vordögum 2010 gerðust hins vegar þau alvarlegu tíðindi að íslenska prestsembættið í Svíþjóð var lagt niður vegna niðurskurðar þjóðkirkjunnar á krepputímum. Þar með var allsendis óvíst um framtíð íslenska safnaðarstarfsins í Svíþjóð. Sjúkratryggingar Íslands höfðu strax í ársbyrjun 2010 gert samning um 40% starfshlutfall prests í þjónustu við íslenska sjúklinga og aðstandendur sem koma á Sahlgrenska sjúkrahúsið til lækni- og sjúkráttæknisáðgerða og sjúkráttæknissvæðis. Hvað yrði um þjónustu prests í almennu safnaðarstarfi meðal Íslendinga í Svíþjóð var því óljóst fram á haustið 2010.

## Sænska kirkjan kemur til hjálpar

Óvissan um áframhald safnaðarstarfsins tók talsverðan tíma og athygli sóknarnefndar á liðnum vetri. Sænskir styrkir til reksturs kirkjustarfsins eru háðir því að söfnuðurinn hafi prest og öflugt safnaðarstarf. Það var því brynt verkefni að leita eftir frekari styrkjum til að fjármagna íslenska prestsembættið að nýju.

Biskup Íslands skrifaði bréf til erki-

biskupsins í Svíþjóð og til biskupsins í Gautaborg þar sem sagt var frá niðurskurðaráformunum og beðið um hjálp við fjármögnun íslenska prestsembættisins í Svíþjóð. Viðbrögð sænsku kirkjunnar voru jákvæð og vilji var til að hjálpa systurkirkju í neyð. Lagði Gautaborgarstifti fram fjármuni er nemur 15% af starfshlutfalli prests og kirkjustjórnin í Uppsölum samsvarandi 35% af prestslaunum til eins árs. Þessir nýju styrkir gerðu íslensku kirkunni í Svíþjóð kleift að gera launaumsýslusamning við Íslensku þjóðkirkjuna fyrir prest í 60% starfshlutfalli til eins árs.

Þessi prestslaunastyrkur kom til viðbótar þeim rekstrarstyrk sem sænska kirkjan hefur rausnarlega veitt síðustu 10 ár en sá styrkur hefur staðið undir um 70% rekstrarkostnaðar að prestslaunum undanskyldum. Rekstrarstyrkur sænsku kirkjunnar hefur haldist óbreyttur frá árinu 2000 en skertist um 15% fyrir árið 2011 vegna almenns niðurskurðar á framlögum sænsku kirkjunnar.

Við vorum afar þakklát sænsku kirkjunni að taka svo vel við styrkbeiðnum íslensku kirkjunnar. Það gerði okkur kleift að vinna áfram að íslenska kirkjustarfinu þó að presturinn hefði skert starfshlutfall til almennra prestsstarfa og að við yrðum að draga saman seglin í ákveðnum starfspáttum.

## Safnaðarstarfið, guðsþjónustur, kirkjuskólar og fermingarfræðsla

Á síðasta starfsvetri urðum við að horfast í augu við nýjar forsendur í safnað-



arstarfinu og reyna að sníða stakk eftir vexti. Nú var presturinn í minna starfshlutfalli við að halda uppi almennu safnaðarstarfi og rekstrarstyrkir lægri. Hvort tveggja hefur haft áhrif á framkvæmd safnaðarstarfsins.

Í höfuðdráttum hefur kirkjustarfið þó haldist í óbreyttri mynd á Gautaborgarsvæðinu enda eru þar hægst heimatókin. Íslenska kirkjustarfið hefur hins vegar minnkað til muna á öðrum starfssvæðum vegna fækkunar ferða prestsins. Þá höfum við neyðst til að hætta við tvö góð en kostnaðarsöm verkefni. Hið fyrra er hið árlega fjölskyldumót er við héldum síðustu ár úti á Visingsö. Það var afar vinsælt og tengdi saman barna- og fjölskyldustarfið í Stokkhólmi, Uppsölum, Gautaborg og Lundi. Hið síðara er Fréttabréf ÍKS sem við höfum gefið út síðastliðin 10 ár og tvisvar á ári sent inn á heimili allra þeirra Íslendinga er við höfum haft á skrá hjá okkur eða um 2200 heimili.

**Gautaborg.** Guðsþjónustur eru að jafnaði einu sinni í mánuði í Västra Frölunda kirkju. Kirkjusókn var ágæt eða um 60 manns við hverja guðsþjónustu og mun fleiri við hátíðarguðsþjónustur. Íslenski kórinn í Gautaborg syngur við

guðsþjónustur undir stjórn Kristins Jóhannessonar og Tuula Jóhannesson leikur á orgel. Barnafræðsla er í tengslum við guðsþjónusturnar, börnin taka þátt í hluta guðsþjónustunnar en njóta síðan sérstakrar dagskrár. Með þessu fær öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið.

Kirkjuskólinn í Gautaborg var að jafnaði tvisvar í mánuði yfir vetrartímann og hefur aðsóknin aukist mikið, mætingin er að jafnaði á bilinu 30 til 50 manns og þátttakendur að stórum hluta aðrir en taka þátt í sunnudagsguðsþjónustum.

Í Stokkhólmi voru íslenskar fjölskylduguðsþjónustur í Norsku kirkjunni og í góðri samvinnu við Íslendingafélagið í Stokkhólmi sem m.a. auglýsir starfsemina og sér um kirkjukaffi. Samverurnar urðu færri á liðnu starfsári vegna sparnaðar og færri ferða prests, en ljóst er að Íslendingum í Stokkhólmi hefur fjölgað og góður grundvöllur fyrir öflugu starfi. Í jólaguðsþjónustu á 4. sd. í aðventu mættu vel yfir 100 manns og það er metþátttaka í guðsþjónustu og félagslífi í Stokkhólmi.

Í Uppsölum var kirkjuskóli annan hvern laugardag í Tunabergskirkjunni. Anna Stefanía Erlendsdóttir hafði um-

Frá fjölskylduhátíðinni í Slottsskóginum

sjón með starfinu og við erum í góðu samstarfi við Íslendingafélagið í Uppsölum. Aðventuguðsþjónusta var haldin í desember og vorhátíðarguðsþjónusta í apríl.

Í Lundi var kirkjuskóli annan hvern laugardag í St. Hans kirkju yfir vetrartímann. Jólasamveru kirkjuskólans sóttu 130 manns og að jafnaði voru gestir kirkjuskólans um 60 manns. Um sjón með kirkjuskólanum höfðu þær Edda Skúladóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Sigrún Harpa Davíðsdóttir. Jólaguðsþjónusta var í St Hans kirkju í Lundi á Þorláksmessu og var afar vel sótt að venju. Íslenski kórinn í Lundi söng undir stjórn Ásgeirs Guðjónssonar, Karl Olgeirsson lék á orgel, Rein Adler og Bryndís Guðmundsdóttir léku á fiðlu.

Í Helsinki í Finnlandi var engin íslensku guðsþjónusta að þessu sinni vegna þeirrar óvissu sem ríkti á árinu en vonir standa til að geta tekið þráðinn upp að nýju.

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði síðasta starfsvetur. Fermingarmót voru haldin á Åh stiftsgård í september og maí. Þar sameinast íslensku söfnuðirnir í Svíþjóð, Noregi og Danmörku um tveggja sólarhringa fermingarmót og voru unglingarnir um 40 að tölu á hvoru móti. Íslenski presturinn í Noregi, sr. Arna Grétarsdóttir, ásamt undirrituðum og fjögurra fullorðinna leiðtoga sáu um dagskrá mótsins. Með unglingunum frá Danmörku kom Lárus Guðmundsson sóknarnefndarmaður. Milli fermingarbúða lesa ungmennin íslenska kennslubók í fermingarfræðum og leysa reglulega verkefni á tölvutengdu formi. Fræðslufundir eru haldnir í tengslum við guðsþjónustur. Þá sækja ungmennin einnig guðsþjónustur minnst mánaðarlega í heimabyggð sinni. Unglingar í

fermingarfræðslu fá íslenskt Nýja testamenti að gjöf í samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi.

**Barnastarfið** er mikilvægur þáttur í safnaðarstarfinu og er mjög ánægjulegt að það skuli vera öflugt og vaxandi. Söfnuðurinn hefur í öllu þessu starfi notið hjálpar duglegra og áhugasamra leiðtoga og foreldra sem er afar þakkarvert.

Ýmsir aðrir viðburðir og fundir eru haldnir á vegum safnaðarstarfsins í Gautaborg, svo sem leshringur um bókmenntir, fræðslumorgnar, vorhátíð, hátíð í tilefni 17. júní og jólatrés-skemmtun.

## Sálgæsla og önnur félagsleg aðstoð

Í Svíþjóð búa um 6900 Íslendingar og fer fjöldandi. Presturinn er til staðar til sálgæslu og aðstoðar þegar erfiðleikar koma upp og óskað er eftir liðsinni. Þetta gildir bæði um Gautaborg og eins í sambandi við ferðir prests um aðra hluta Svíþjóðar. Prestur reynir eftir megni að verða við óskum Íslendinga víðs vegar um Svíþjóð vegna skírna, hjónavigslna og útfara eftir því sem mögulegt er.

## Sjúkrahúsþjónustan

Sjúkratryggingar Íslands gerðu samning við Sahlgrenska sjúkrahúsið í ársbyrjun 2010 um líffæraigræðslur fyrir Íslendinga. Í framhaldi var gerður þjónustusamningur við Íslensku kirkjuna í Svíþjóð sem annast launaumsýslu við prestinn vegna þessa verkefnis.

Þjónusta prestsins við skjólstæðinga er koma frá Íslandi er af ýmsu tagi og eftir þörfum hvers og eins. Hann leitast við að veita praktískan, félagslegan og sálarlegan stuðning. Á það jafnt

við um sjúklinga og fjölskyldumeðlimi er fylgja. Um 40 einstaklingar komu til rannsóknna eða í aðgerð á einu ári. Þjónustan við gestina er koma á Sahl-grenska sjúkrahúsið hefur verið vel þegin og það hefur sýnt sig að þörfin er rík og verkefnið mörg. Dvalartími einstaklinganna er frá fjórum dögum upp í nokkra mánuði. Sjúkratryggingar Íslands hafa lýst ánægju með samstarfið og framlengt samning um þjónustuna um óákveðinn tíma.

## Enn á ný óviss framtíð

Á vordögum 2011 var leitað til sænsku kirkjunnar í Uppsölum og Gautaborg eftir framhaldsstyrk vegna íslensku

prestsþjónustunnar. Nú þegar komið er fram á mitt ár 2011 höfum við fengið þau svör að vegna niðurskurðar í sænsku kirkjunni sjái hún sér ekki fært að veita áframhaldandi styrk vegna launakostnaðar íslenska prestsins. Enn á ný ríkir því óvissa um prestsþjónustuna. Þess skal getið að þessi synjun á aðeins við um viðbótarstyrk vegna prestslauna en ekki rekstrarstyrkinn er við njótum áfram að öllu óbreyttu.

Í ljósi þessara leiðu tíðinda leitum við að nýju til íslensku þjóðkirkjunnar um aðstoð og liðsinni til fjármögnunar. Hver eru framtíðaráform hennar varðandi kirkjustarf og þjónustu við þann vaxandi hluta íslensku þjóðarinnar er býr í Svíþjóð?

## Sálgæsla presta og djákna á LSH

Sr. Sigfinnur Þorleifsson

Liðið starfsár hefur að mörgu leyti litast af þeim efnahagsþrengingum sem þjaka þjóðfélagið nú um stundir. Gripið hefur verið til margvíslegra ráðstafana á Landspítala til að mæta auknum hagræðingarkröfum. Sálgæsla presta og djákna hefur ekki farið varhluta af þessu ástandi. Með samstilltu átaki hefur tekist að verja starfsemi Sálgæslunnar enda er mikil eindrægni ríkjandi í starfshópnum sem nýtur velvilja samstarfsfólks á Landspítala. Stuðningur þjóðkirkjunnar, biskups Íslands og kirkjuráðs, er einnig ómetanlegur og þakkarverður.

Sýnin er skýr og allt er gert til þess að gæði þjónustunnar verði ekki rýrð því þörfin er brýn og breytist ekki. Við höfum lagt áherslu á að halda hópinn og tekið á okkur kjaraskerðingu, a.m.k. tímabundið, og kosið það fremur en að

fækka starfsfólki. Sjö prestar og einn djákni (sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar meðtalinn) starfa sem fyrr á Sálgæslu presta og djákna og skipta með sér verkum og viðfangsefnum og vaktaskyldum.

Á starfsárinu var að frumkvæði Sálgæslu presta og djákna haldinn „Dagur sálgæslunnar“ á Landspítala. Þar var opin dagskrá sem stóð frá kl. 10:00 til kl. 14:00. Dagskráin var svohljóðandi:

Sigfinnur Þorleifsson: **Kynning á Sálgæslu presta og djákna á LSH.**

Ingileif Malmberg: **Þegar heilsan verður að kveðju. Að missa á meðgöngu.**

Vigfús Bjarni Albertsson: **Sorgin í barnafjölskyldum.** Samfylgd við greiningu á krabbameini. Reynslan af



Sigfinnur Þorleifsson

stuðningshópum á Bugl fyrir foreldra inniliggjandi.

Guðlaug Helga Helga Ásgeirsdóttir: **Að lofa hvern dag sem kemur.** *Andlegar og trúarlegar þarfir þeirra sem þiggja líknarmeðferð.*

Bragi Skúlason: **Lif eftir dauðann.** *Lif ekkla eftir makamissi.*

Gunnar R. Matthíasson stjórnaði dagskrá fræðsludagsins sem tókst afar vel. Að jafnaði voru 30 manns sem hlýddu á erindi og tóku þátt í umræðum og um 50 manns áttu þar viðdöl. Ætlunin er að „dagur sálgæslunnar“ verði árviss viðburður á Landspítala. Í tilefni af deginum var gefinn út bæklingur um þjónustu Sálgæslu presta og djákna á Landspítala og liggur hann frammi á deildum spítalans og er aðgengilegur á ytra og innra neti Landspítalans.

Um mitt síðasta ár (2010) var tekinn upp nýr háttur á skráningu verkþátta sálgæslunnar. Nú eru allir verkþættir bókaðir í Sögukerfi spítalans. Þar kemur fram fjöldi tilvika (ekki í stundum talið), hverjum er verið að sinna (skv. sjúkraskrá), hvort heldur um er að ræða einstaklinga eða aðstandendur, og í hverju þjónustan er falin. Aðrar upplýsingar eru ekki skráðar. Öðrum

þáttum er einnig haldið til haga í Sögukerfinu s.s. hópastarfi, handleiðslu, starfsmannastuðningi, fundum, fræðslu, helgihaldi. Þess utan standa starfsmenn Sálgæslu presta og djákna fyrir kennslu og námskeiðahaldi utan spítalans og birta greinar. Sá þáttur starfsins er ótalin í meðfylgjandi yfirliti úr Sögu sem nær frá 1. júní 2010-31. maí 2011.

Fræðsla	77
Fundur	209
Handleiðsla	131
Helgihald	314
Sálgæsla - eftirfylgd	995
Sálgæsla - fjölskyldufundur	91
Sálgæsla - fjölskylduviðtal	835
Sálgæsla - hópastarf	348
Sálgæsla - símtal	646
Sálgæsla við dánarbeð	164
Sálgæsla við sjúkling	2030
Stuðningur v/starfsmenn	318
Útkall, stuðn.v/aðstandendur	184
Útkall, stuðn.v/sjúkling	78
Útkall, stuðn.v/starfsmenn	4
Útkall, stund v/dánarbeð	246
<b>Heild:</b>	<b>6670</b>



# Sérþjónustuprestur að Sólheimum

Sr. Birgir Thomsen

## Sólheimakirkja

Á Sólheimum var því fagnað á árinu 2010, að 80 ár voru liðin frá stofnun staðarins.

Stofndagur Sólheima er miðaður við þegar Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir kom að Sólheimum 5. júlí 1930 á 28 ára afmælisdaginn sinn, með fimm börn, foreldrum sínum og bræðrum ásamt fleira fólki. Þau slógu upp tjöldum og dvöldu í þeim fram í nóvembermánuð. Þá var lokið við að byggja kjallara Sólheimahússins og húsinu lokið árið eftir. Það sem gerði dvöl þeirra mögulega í tjöldum fram í nóvember, var að bróðir Sesselju lagði hitaveitulögn frá hvernum sem er í nágrenni Sólheimahússins og alla leið undir gólf in í tjöldunum. Það var sr. Guðmundur Einarsson prófastur að Mosfelli í Grímsnesi, sem átti hvað mestan þátt í því að jörðin Hverakot varð fyrir valinu. Þar er jarðhiti til staðar, sem Sesselja nýtti til ýmissa nota, svo sem grænmetisræktunar.

Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar, undir forystu sr. Guðmundar, festi kaup á jörðinni og leigði Sesselju hana sem nefndi staðinn Sólheima. Þann 12. janúar árið 1934 voru Sólheimar gerðir að sjálfseignarstofnum.

Það sem bar hvað hæst á 80 ára afmælisári Sólheima í kirkjunni, var vígsla nýrrar altaristöflu sem fram fór við hátíðarguðsþjónustu á kirkjudegi Sólheimakirkju sem haldinn var sunnudaginn 4. júlí. Er altaraflann mikið listaverk úr þæfðri ull, gerð af Ólafi Má Guðmundssyni myndlistarmanni, verkstjóra listasmíðju Sólheima, með áhrifum frá

hugmyndum og listaverkum íbúa Sólheima. Altaraflann er alfarið gerð hér að Sólheimum og erum við stolt af því.

Á kirkjudeginum prédikaði Jón Gnarr borgarstjóri Reykjavíkur og lagði hann út af Trú, Von og Kærleika. Kirkjan var þéttsetin og stóð fólk bæði í anddyri og utandyra. Var sett upp hljóðkerfi svo viðstaddir gátu fylgst með öllu sem fram fór.


**Á árinu 2010 voru guðsþjónustur** 22 að tölu. Þátttakendur í þeim voru 1,579, eða 71 að meðaltali í hverri guðsþjónustu og þar af gengu 312 til altaris. Auk þess voru 12 bæna- og helgistundir, Kirkjuskólinn var haldinn í níu skipti, eitt brúðkaup og þrjár skírniir, alls 47 athafnir.

**Þátttakendur í athöfnunum voru samtals 1,995. Tónleikar,** alls 10 talsins voru í kirkjunni alla laugardaga Menningarveislu Sólheima sem stóð yfir frá 12. júní til 14. ágúst, og voru tónleikagestir 1,266 að tölu. Margar heimsóknir hópa og ferðamanna voru í kirkjuna og má gera ráð fyrir því **að rúmlega tíuþúsund manns komi í kirkjuna á ári hverju.**

Almennur safnaðarsöngur er í hávegum hafður við athafnir, þar sem ekki er sérstakur kór við kirkjuna. Þetta fyrirkomulag hentar vel í okkar samfélagi og er vel tekið undir í söng og svörum.

Allir viðstaddir fá í hendur messuskrá sem undirritaður útbýr með textum sálmanna og öllum svörum.

Organisti við kirkjuna er Ester Ólafsdóttir og leiðir hún sönginn ásamt prest.



Birgir Thomsen



Altaristafli  
Sólheimakirkju

Meðhjálparar eru Ólöf E. Guðmundsdóttir, Eyþór Jóhannsson, **Ágúst Þór Guðnason** og Erla Thomsen. Íbúar Sólheima hafa tekið virkan þátt í athöfnunum með ritningarlestri og annarri aðstoð. Nokkuð er um það að kórar og annað tónlistarfólk fái að æfa í kirkjunni og haldi tónleika fyrir íbúa og nágretta Sólheima.

Einnig sungu nokkrir gestakórar við guðsþjónustur á árinu.

Á þeim 6 árum sem liðin eru síðan Sólheimakirkja var vígð, hefur starfið sem henni fylgir sannað gildi sitt fyrir samfélagið hér að Sólheimum og er

erfitt að hugsa sér samfélagið án þessa starfs.

Það sem framundan er á árinu 2011, er lagfæring torfhleðslu við kirkjuna, en hleðslan hefur gefið sig og hrunið. Á aðalsafnaðarfundum Mosfellssóknar 1. júlí 2010 var samþykkt að leita leyfis Kirkjugarðaráðs til upptöku á nýjum kirkjugarði við Sólheimakirkju. Öll tilskilin leyfi eru fyrir hendi og einnig heimild Kirkjugarðaráðs fyrir framkvæmdinni. Áætlað er að hefjast handa við gerð kirkjugarðs á sumarmánuðum 2011.

# Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Sr. Guðrún Eggertsdóttir

## Inngangur

Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og síðastliðið ár og er þjónustunni nú sinnt af prest í 75% starfi og djákna í 30% starfi.

Starf prests og djákna felst í sál-gæsluviðtölum, samfylgd, fræðslu og helgihaldi.

Þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum.

## Starfsemin

Sálgæsla og helgihald eru aðal þættir trúarlegrar þjónustu, en auk þess felst í starfinu skipulag á þjónustu, þverfaglegt samstarf, fræðsla og lestur til undirbúnings.

Stuðningur, samfylgd og eftirfylgd eru stórir þættir þjónustunnar, svo og úrvinnslu og viðrunarfundir með starfsfólki, auk áfallahjálpar við sjúklinga og aðstandendur. Áhersla hefur verið lögð á að auka markvissan stuðning við starfsfólk.

Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga. Stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkrafstofum, en um 160 helgistundir voru á árinu 2010.

Kapellan, sem vígð var í desember 2007, nýttist öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar fyrirbænaundir í kapelli eru öllum opnar.

## Samstarf

Hið góða samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum FSA er trúarlegri þjónustu mjög mikilvægt og stuðlar að skilvirkri þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.

Deildin á fulltrúa í stuðningsteymi starfsmanna, áfallateymi FSA og óformlegu ráðgjafa- og líknarteymi.

Prestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktarkerfi presta í prófastsdæminu. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma.

Samstarf við presta og starfsfólk kirknanna hér á Akureyri, sem og í prófastsdæminu öllu er gott og gefandi.

## Fræðsla

Sjúkrahúsprestur og djákni hafa komið að fræðslu til starfsmanna sem og ýmissa hópa utan FSA m.a. með kynningu á trúarlegri þjónustu og starfi sjúkrahúsprests/djákna, fræðslu um áfallahjálpar, sálgæslu, sorg, áföll, bæn og íhugun.

Í tvö ár hefur verið boðið upp á vikulegar bæna- og íhugunarsamverur í kapelli. Alla miðvikudaga kl. 17.00-18.00 er boðið upp á slíka samveru ásamt fræðslu um hina kristnu íhugunaraðferð Centering Prayer. Má geta þess hér að samverurnar hafa verið vel sóttar og margir sýnt málefni áhuga.

## Lokaorð

Prestur og djákni þakka samstarf og umhyggju á árinu og biðja öllum Guðs blessunar á komandi árum.

# Starfið í prófastsdæmunum

## Suðurprófastsdæmi

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur



Halldóra  
Þorvarðardóttir

Enn á ný settu náttúruöflin mark sitt á Suðurland. Nú voru það Skaftfellingar sem fengu á vordögum að finna fyrir því hvað það getur kostað að búa undir virkum eldfjöllum og í námunda við þau.

Og á ný stendur upp úr aðdáunin, - að verða vitni að samheldninni meðal íbúanna og þá ekki síður almennings í landinu, og þakklætið fyrir alla þá aðstoð og stuðning sem var veitt í tengslum við þetta stutta en skæða gos sem yfir dundi.

### Breytt skipan prestakalla

Á þessu ári voru tvö prestaköll lögð niður í Suðurprófastsdæmi. 1. febrúar 2011 var Holtsprestakall lagt niður við starfslok sr. Halldórs Gunnarssonar og skiptist milli Víkurprestakalls og Breiðabólstaðarprestakalls, og 1. maí sl. var Kálfafellsprestakall lagt niður við starfslok sr. Einars Jónssonar og sameinað Bjarnanesprestakalli. Nú við starfslok þeirra sr. Halldórs og sr. Einars er þeim þakkað allt þeirra trúa og farsæla starf á vettvangi kirkjunnar um langt árabíl og samfylgdina um farinn veg og þeim og fjölskyldum þeirra beðið Guðs blessunar í bráð og lengd.

Í Suðurprófastsdæmi eru nú 15 prestaköll og 52 sóknir, auk Sólheima-kirkju og embætti héraðsprests.

Kirkjuþing 2010 hafði heimilað að taka upp stöðu héraðsprests í hálf t starf, í tengslum við niðurfellingu Kálfafellsprestakalls, er hefði sérstakar skyldur við Bjarnanesprestakall. Í bréfi kirkjustjórnarinnar frá 10. maí kemur hins vegar fram að fjárhagsstaða kirkjunnar er á þann veg að ekki verður af því. Álag á sóknarprestinn í hinu nýja sameinaða Bjarnanesprestakalli hefur því aukist verulega og erfitt um vik með afleysingaþjónustu og bakvaktir þar sem fjarlægðir eru miklar, annars vegar til Djúpvogs og hins vegar að Kirkjubæjarklaustri. Þessi skipan er áhyggjuefni.

### Starf innan prófastsdæmisins

Í héraðsnefnd prófastsdæmisins sitja auk prófests sr. Eiríkur Jóhannsson og Magnús Kristinsson, varamenn þeirra eru sr. Haraldur Kristjánsson og Margrét Jónsdóttir. Það var ákveðið á héraðsfundi í fyrra að bæði aðal- og varamenn sitji fundi.

Út frá árlegum tölum og skýrslum má sjá að um kirkjulegt starf í prófastsdæminu er það að segja, að flest fer það fram með sínum taktbunda hrynjanda. Það er messan sem er miðja hins kirkjulega starfs í hverju prestakalli. Í guðsþjónustuna sækir sófnuðurinn trúarlega næringu og uppörvun.

Barna og æskulýðsstarf – er hið ómetanlega uppeldisstarf. Þar er hinn kristni grunnur lagður meðal æsku þessa lands. Héraðsnefnd prófastsdæmisins er sér vitandi um mikilvægi barna- og æskulýðsstarfs og vill leggja sitt af mörkum að styðja við það eftir mætti, og má segja að stærsti útgjaldaliður síðasta árs hafi einmitt runnið til þess starfs. Árneshótelprófastsdæmi ákvað á sínum tíma að greiða sem næmi um 40% af launum æskulýðsfulltrúa við Selfoskirkju. Því var haldið áfram en sá samningur mun renna út nú í vor. Eins var stutt við barna – og æskulýðsstarf þar sem samstarf milli prestakalla var í gangi og við fermingarbarnanámskeið sem víða fóru fram á Suðurlandi, sem og för ungmenna héðan af Suðurlandi á Landsmót ÆSKR.

Fermingarstörfin eru mikilvægur þáttur í kirkjulífinu, og ég trúi því að við öll sem höldum utan um fermingarfræðsluna leggjum eins mikla alúð í fermingarundirbúning og við mögulega getum. Boðunin og miðlun hinna kristnu gilda og uppeldi í trú er það fjöregg sem við erum að meðhöndla í barnastarfi kirkjunnar og í fermingarfræðslunni, – að ná fram með hinn kristna boðskap, og hina kristnu þjónustu í okkar dags daglega lífi.

Samstarf presta hefur verið í tengslum við fermingarbarnaferðir og mót. Prestar í Árneshótel hafa haft samstarf á þessu sviði nú um nokkurt skeið, og í Rangárpíngi hefur það verið við lýði um langt árabíl og nú hafa V-Skaftfellingar bæst í hóp okkar.

Suðurland er syngjandi þessi árin og nánast alls staðar gott kórastarf í gangi undir stjórn góðra organista og kórstjórna, en eins og ég býst við að við öll gerum okkur grein fyrir, þá eru kirkjukórarnir að miklum hluta

burðarásarnir í guðspjónustulífi safnaaðanna. Einnig er í nokkrum sóknum barna- og unglinga kórar, en það er dýrmætt starf, sem brýnt er að hlúa að og styðja vel við. Það má nefna sérstaklega barnakórinn og unglingakórinn í Selfoskirkju og stúlnakórinn í Oddaprestakalli. Einnig á Höfn – ómetanlegt starf sem er unnið á þessum vettvangi.

Víða um prófastsdæmið er haldið uppi skipulögðu starfi með eldri borgurum á vegum kirkjunnar, sem lýkur með hátíð á degi aldraðra á uppstigningadag. Ævinlega þakklátt starf og öldruðum kærkomið. Prestaköll hafa í meira mæli haft samstarf á þessu sviði.

Um miðjan október var haldið námskeið fyrir presta prófastsdæmisins í Skálholti. Þar mættu prestar og nutu bæði leiðsagnar sr. Axels Árnasonar um tölvumál og skýrsluhald en síðan voru rædd guðfræðileg málefni í umsjón dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar.

Prestarnir í Árneshótel hafa deilt því með sér að halda uppi prests- og sál-gæsluþjónustu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, bæði sjúkrahúsið og elliheimilið, og samningur hefur verið milli prófastsdæmisins og Heilbrigðisstofnunar þar sem kveðið er á um ákveðna greiðslu upp í kostnað við prestsþjónustuna við stofnunina. Þetta hefur gefið góða raun og er afskaplega vel þakkað af hálfu stofnunarinnar, en sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson hefur haldið utan um skipulagningarþáttinn um viðveru prestanna.

Prestarnir koma saman til fundar einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og ræða þau málefni sem brenna í huga hverju sinni. Sá háttur hefur verið hafður á í vetur að eitt úr okkar hópi hefur opnað heimili sitt og boðið í morgunkaffi og síðan hefur verið rætt

saman. Hópurinn hefur stækkað nú all verulega, en þó eiga prestarnir í Austur-Skaftafellssýslu örðugt um vik fjarlægðarinnar vegna og Eyjaklerkar vegna samgöngutálma. Því miður náum við ekki að leysa fjarlægðina við Höfn, en vonandi fer að styttest í það að Bakkahöfn komist í gagnið svo kollegar okkar í Eyjum verði nær okkur.

Þess má geta að í vor var hrundið af stokkunum samvinnuverkefni kirkjukóranna við ströndina og kynning á þremur orgelum sem í kirkjunum eru og öll smíðuð af Björgvini Tómassyni, orgelsmið. Eins og sagði í kynningu á verkefninu þá er eitt af hlutverkum kirkjukóranna að stuðla að eflingu safnaðarsöngs og að halda uppi próttmiklu kórstarfi. Kynningin fór fram í Þorlákskirkju, Eyrarbakkakirkju og Stokkseyrarkirkju. Orgelsmiðurinn sagði frá smíði og raddskipan hljóðfæranna, Jörg Sondermann organisti Selfosskirkju lék á hljóðfærin ýmis verk erlendra tónskálda og sameiginlegur kór Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Þorlákskirkju söng nokkur lög undir stjórn Hannesar Baldurssonar organista Þorlákskirkju og Hauks Arnar Gíslasonar organista í Eyrarbakkaprestakalli og einsöng sungu Karen Dröfn Hafþórsdóttir, Kolbrún Hulda Tryggvadóttir og Margrét Hannesdóttir. Þá sögðu sóknarprestar viðkomandi kirkna sögu kirknanna. Héraðssjóður studdi verkefnið.

Nú er í auglýsing skrifstofuaðstaða fyrir prófastsdæmið í nýju húsnæði sem sóknarnefnd Oddasóknar er að koma sér upp á Hellu. Ákveðið hefur verið að leigja skrifstofuaðstöðu í því húsi og stefnt er að því að það komist í gagnið á haustdögum.

Hjálparsjóðurinn í Árnassýslu hefur sannað gildi sitt, en til hans var stofnað fyrir þremur árum af Árnasdeild Rauða

krossins, ýmissa félagsamtaka félagsþjónustu og kirkjunnar á svæðinu. Þetta er hjálparsjóður til stuðninga þeirra er standa höllum fæti í þjóðfélaginu og er úthlutað úr honum fyrir jól og í tengslum við fermingar. Sr. Sveinn Valgeirsson er fulltrúi kirkjunnar í stjórn sjóðsins.

## **Innsetningar – heimsóknir**

Það hefur verið ánægjulegt að heimsækja söfnuði hins nýja prófastsdæmis við hin ýmsu tækifæri. Í byrjun september var mér boðið að prédika að Stafafelli í Lóni. Eins fór héraðsnefndin í heimsókn til Hafnar og átti þar góðan fund með sóknarnefndarfólki í Hafnarprestakall og sóknarpresti sr. Sigurði Sigurðarsyni og naut gestrisni heimamanna þann dag.

Sr. Eiríkur Jóhannsson var settur formlega til þjónustu í nýjum sóknum sínum þann 19. sept. 2010 við guðsþjónustu í Stóra-Núpskirkju,

28. nóv. á 1. sd. í aðventu var innsetning sr. Kristins Ágústs Friðfinnssonar og sr. Óskars Hafsteins Óskarssonar í Selfosskirkju. Að aflokinni guðsþjónustu var ný alma við safnaðarheimilið blessuð og formlega tekin í notkun. Við þetta tækifæri var öllum viðstöddum boðið upp á kaffi og veitingar í boði sóknarinnar og verktakanna sem önnuðust byggingarfræmkvæmdir.

Innsetning Sr. Önnundar Björnssonar fyrir sóknirnar í Landeyjum var í Akureyjakirkju 6. mars 2011 og sr. Haraldar Kristjánssonar fyrir sóknir undir Eyjafjöllum í Eyvindarhólakirkju þann 3. apríl 2011.

Kristinn Ólason rektor í Skálholti var vígður til prestsþjónustu í Skálholti þann 24. október 2010 en það embættisverk annaðist vígslubiskup okkar

heitinn sr. Sigurður Sigurðarson sem andaðist þann 25. nóvember sl. Við andlát hans missti kirkjan einn af sínum góðu sonum. Guð blessi minningu hans.

Um síðustu áramót snéri sr. Guðbjörg Arnardóttir í Odda til baka úr fæðingarorlofi sínu en sr. Axel Árnason héraðsprestur leysti hana af. Sr. Rúnar Þór Egilsson í Mosfelli hefur fengið níu mánaða námsleyfi frá hausti og mun héraðsprestur leysa hann af.

## Lokaorð

Við á Suðurlandi höfum gengið í gegnum fyrsta árið í nýju prófastsdæmi og héraðsnefnd hafði það sem vegvísi að leyfa þessu ári að líða og halda áfram að styðja við það skipulag og starfslag

sem við höfum í okkar heimahérðum og hefur reynst vel og í framtíðinni að bæta við og auka fjölbreytni eftir því sem við eygjum möguleika á. Þessi háttur veitti okkur innsýn inn í það sem héraðssjóðirnir þrír höfðu staðið að á sínum svæðum og það er ýmislegt og hefur verið tæpt á sumu en eflaust margt ekki nefnt.

Ég vil færa ómældar þakkir prestum, sóknarnefndarfólki, kórfélögum, organistum, meðhjálpurum, hringjurum og öllum þeim sem við kirkjuna starfa eða koma að málefnum hennar á einn eða annan hátt, fyrir störfin þeirra góðu. Megi Guðs andi leiða okkur öll og styðja til góðra verka. Honum sé dýrðin um aldir alda.

## Kjalarnessprófastsdæmi

Dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur

## Árbók kirkjunnar 2011

Á fundum mínum síðastliðið vor og haust með sóknarnefndafólki og prestum var tekist sameiginlega á við þann margvíslega vanda sem blasir við íslensku þjóðkirkjunni og starfi safnaðanna. Eins og fram kemur í fundargerðum vilja söfnuðirnir styrkja starfið í heimabyggð og efla samstarfsvettvang til að mæta þrengri fjárhag. Sama niðurstaða var á leiðarþingi Kjalarnessprófastsdæmis síðastliðið haust. Hvarvetna varð sterkur og eindreginn vilji ofan á til þess að takast á við breytt starfsumhverfi með samstöðu og samvinnu. Það eru að mínum dómi hin réttu viðbrögð í kirkjustarfi þegar að þrengir. Hinu má þó ekki gleyma að okkar lúth-

erski kirkjuskilningur og íslensk kirkjuhefð byggir á sjálfræði hvers safnaðar.

Kirkjan er ekki eins og fyrirtæki eða stofnun sem lýtur miðstýringu frá höfuðstöðvum sínum um útibú vítt og breitt um landið. Engu er þó líkara en þannig mynd af kirkjunni hafi náð að skjóta rótum í hugum margra. Gagnstæð mynd er þó nær réttu lagi: kirkjan byggist á starfi einstakra safnaða, líf og starf hennar ræðst á vettvangi safnaðarins. Hver söfnuður er sjálfráður um eigið starf, um meðferð fjármuna, um ábyrgð á þeim boðskap sem honum er falinn í Heilagri Ritningu að boða „allt Guðs ráð“ (Postulasagan 20.27), að vera Jesú Kristi til vitnis í orði og verki.



Gunnar  
Kristjánsson

Hverri þjóð er hollt að horfa til róta sinna öðru hvoru og skoða eigin samtíma í spegli tímans. Á þessu ári minnst Háskóli Íslands aldarafmælis, þar sem guðfræðideildin var einn meginstofninn í upphafi og ein sterkasta uppistaðan í framsókn þjóðarinnar til menntunar og menningar, bæði í alþýðumenntun og æðri menntun. Nú eru aðrir tímar, staða guðfræði og kirkju er gjörbreytt. Þar vegur þyngst minnkandi samband við þjóðina og menningu hennar. Þar sem kirkjan var áður – og um aldir – burðarás menningar og þjóðlífs hafa aðrir rutt sér til rúms og þokað kristinni trúarmenningu til hliðar. Þess er hollt að minnast að kirkjan hefur um allar aldir verið samfélagsmótandi afl þar sem trúin hefur skilað sér í lífsgildum og lífsgrundvelli einstaklings og samfélags. Á tímum mótlætis á kirkjan að sýna gildi þess boðskapar sem henni er trúað fyrir.

Fátt er kirkjunni dýrmætara en að eiga *skapandi samtal við hefð sína og sögu sína* en svo er henni hins vegar fátt þyngri byrði í farangrinum en fortíðardýrkun sem lokar augum hennar fyrir eiginlegu hlutverki sínu: *að eiga samtal við líðandi stund*, líðandi stund er vaxtarbroddurinn á langri sögu sem heldur áfram, ekki út óvissuna heldur inn í framtíð trúarinnar. Framlag kirkjunnar til líðandi stundar hlýtur því að birtast í skapandi safnaðarstarfi sem leiðir af sér hugsjónir sem miða að einu marki: að styrka vitund mannsins um líf sem hefur tilgang, sem hefur merkingu, um samfélag sem byggist á mannúð og réttlæti, á sam hjálp og samvinnu. Trúarlíf og siðir breytast frá einni kynslóð til annarrar en hitt breytist ekki að hlutverk kirkjunnar er mikið og þangað er horft með væntingum sem engum mega bregðast.

*Vondu dagarnir, svo vitnað sé til*

Prédikarans í Gamla testamentinu, hafa bæði fyrr og síðar kallað á djúpar hugsanir og harða glímu. Þá hefur kirkjan öðru fremur hugað að rótum sínum í þeim tilgangi að finna sjálfa sig aftur, ekki síst guðfræði sína og trúarskilning. Framtíðin á sér rætur og festu í fortíðinni. Jeremía spámaður greip til líkingar af próttmiklu trénu þegar hann líkir hinum blessaða við *tré sem teygir rætur sínar að læknum*, sem er *sígrænt og ber ávexti án afláts*. Guðfræðin hefur ávallt fundið sjálfa sig að nýju þegar hún hefur teygð rætur sínar að læknum.

Að þessu ber að hyggja þegar á móti blæs. Það er kirkjunni lífsnauðsyn að takast á við vanda líðandi stundar með réttu hugarfari og með sterka sjálfsmýnd sem hefur mótast í langri sögu hennar, sú saga sýnir máttinn sem henni er gefinn til að sigrast á mótlætinu.

Þannig blasa tímarnir við siðbótar- mönnum allra tíma, einnig á okkar tímum. Þeir hafa ávallt orðið frumkvöðlar skapandi guðfræðihugsunar og opinna kirkju með hugrekki til að vera í fararbroddi um samtal við menningu líðandi stundar og um mótun mannúðlegrar framtíðar fyrir einstaklinga og þjóð. Í orðum þeirra býr von og trú, réttlæti og mannúð, virðing fyrir sjálfræði mannsins og lýðræðislegu samfélagi. Allir eiga þeir eitt og sama markmið: að stuðla að trúarmenningu sem gerir sér far um að vera skapandi á tímum í þörf fyrir nýtt inntak.

## Látinna minnst

Einn þeirra manna sem voru vakandi um þessa hlið kirkjustarfsins og áttu framsýni til að sjá yfir næsta hól var séra Bragi Friðriksson. Hann lést á



Landspítalanum 27. maí 2010, 83 ára að aldri, en hann fæddist á Ísafirði 15. mars 1927. Með andláti séra Braga Friðrikssonar hvarf af sjónarsviðinu einn þeirra leiðtoga íslensku þjóðkirkjunnar sem höfðu afgerandi áhrif á þróun hennar uppúr miðri tuttugustu öld. Hann kynntist nýjum áherslum í kirkjustarfi í prestsþjónustu sinni vestanhafs og gerði sér far um að koma þeim á framfæri hér á landi þegar hann tók við prestsþjónustu í Garðaprestakalli vorið 1966. Hann lagði áherslu á fjölþætt kirkjustarf, ekki aðeins í þengri merkingu þess á vegum safnaðarins, heldur einnig á hinum breiða vettvangi samfélagsins. Þar var honum barna- og æskulýðsstarf hugleiknast og í því efni félagsstarf á breiðum grundvelli. Með skipan hans í embætti prófests Kjalarnessprófestsdæmis 1977 opnaðist honum leið til aukinna áhrifa. Hann var frumkvöðull á vettvangi kirkjunnar til þess að efla prófestsdæmið á ný til fyrri virðingar sem virkrar samstarfsheildar þar sem söfnuðir á ákveðnu landsvæði þjöppuðu sér saman og fengust sameiginlega við verkefni sem voru þeim ofviða einum sér. Í þessum tilgangi beitti hann sér fyrir stofnun héraðsnefndar sem ætlað var forystuhlutverk í hinu nýja samstarfi og sömuleiðis setti hann á dagskrá stofnun héraðssjóða prófestsdæmanna. Tilgangurinn var að mynda nýja virka samstarfsheild innan þjóðkirkjunnar. Og það tókst. Hugmynd hans varð ekki aðeins að veruleika í Kjalarnessprófestsdæmi heldur í kirkjunni allri. Með þessu reyndist hann framsýnn eins og sagan hefur sýnt. Kjalarnessprófestsdæmi varð að þessu leyti til fyrirmyndar í kirkjustarfi, fram-sækinn samstarfsandi leikra og lærðra vann þrekvirki á mörgum sviðum sem telja má að aldrei hefðu verið unnin við

óbreyttar aðstæður. Í hinni nýju skipan fengu leikmenn ný verkefni og þar með opnaðist þeim leið til nýrra áhrifa innan kirkjunnar. Í því efni var séra Bragi einnig framsýnn. Hann fylgdist vel með starfi safnaðanna vítt og breitt um prófestsdæmið. Hann lét sér annt um prestana og ekki síður sóknarnefndirnar og starfsfólk safnaðanna. Fyrir allt þetta ber að þakka. Séra Bragi var maður hins fjölþætta og blómlega kirkjustarfs. Hann var fulltrúi hinnar þjónandi kirkju sem hefur verk að vinna hvar sem þörfin er. Fyrir hönd Kjalarnessprófestsdæmis minnst ég séra Braga Friðrikssonar með þakklæti og virðingu. Starf hans bar mikinn ávöxt af því að það var unnið af heilum huga og einlægri trú.

Bjarni Jónsson fyrrverandi sóknarnefndarformaður í Keflavíkursókn lést í Víðihlíð í Grindavík 20. janúar 2011. Hann ólst upp í Garði, vann ungur við fiskvinnslu og útgerð. Sat skóla í Garði og síðan á Laugarvatni, stundaði nám í lðnskóla Keflavíkur og lauk þaðan sveinsprófi 1952 og meistaranámi í húsasmíði 1955. Bjarni var félagslyndur og jafnréttissinnaður maður, virkur þátttakandi í fjölmörgum samfélagsverkefnum, sat í sóknarnefnd Keflavíkurkirkju í 14 ár, þar af formaður í mörg ár.

## Vísitásiur o.fl.

Þriðjudaginn 24. ágúst 2010 heimsótti ég Grindavík til þess að vísitera söfnuðinn. Vísitásian hófst á fundi með séra Elínborgu Gísladóttur sóknarpresti, Guðmundu Kristjánsdóttur formanni sóknarnefndar og Karítas Unu Danielsdóttur safnaðarfulltrúa. Rætt var um kirkju og safnaðarheimili, kirkjugarð og jafnframt voru eigur safnaðarins kannaðar. Í því sambandi skoðaði

prófastur munaskrá sem nýlega hefur verið gerð, þ.e.a.s. myndir af búnaði kirkjunnar, gripum og munum, ásamt lýsingum. Skráin er til fyrirmyndar, en þess má geta að við vísitásiur hef ég hvatt til þess að sóknarnefnd útbúi slíka skrá og hefur það verið gert víðar. Var síðan gengið um kirkju, safnaðarheimili og loks til kirkjugarðs. Ekki verður annað sagt en hvaðeina beri vitni um einlæga alúð við allt sem lýtur að umgjörð kirkjustarfsins. Um starfið er sömu sögu að segja. Í lok vísitásugjörðar segir: „Prófastur fjallaði um framkvæmdir við kirkju og kirkjugarð og taldi að söfnuðurinn hefði stigið rétt skref í þeim málum og hvaðeina hefði vel tekist. Einnig fjallaði hann um starfið í söfnuðinum sem nær til yngri sem eldri og margir koma að starfinu sem er góðs viti. Þá fjallaði prófastur um samstarf sókna og prestakalla innan prófastsdæmisins og lagði áherslu á eflingu sjálfboðaliðastarfs en jafnframt á að launað fólk, með viðeigandi starfsmenntun og þekkingu, væri leiðandi á hinum ýmsu sviðum starfsins, með því ættu sjálfboðaliðar síðan að starfa. Prófastur lagði áherslu á að vandað væri til alls starfs á vegum kirkjunnar í hvívetna svo að það stæðist gagnrýni og jafnframt skyldi ávallt gæta þess að fjármunum væri vel varið. Umræður urðu góðar, prófastur þakkaði hlýjar viðtökur.“

**Af prestspjónustunni:** Sr. Kjartan Jónsson héraðsprestur hefur að hálfu leyti annast þjónustu í Tjarnaprestakalli með sr. Báru Friðriksdóttur sóknarpresti frá miðju ári 2009. Prófastsdæmið gerði samning við Biskupsstofu um þessa þjónustu og hefur kostnaði verið skipt jafnt. Tilgangurinn með starfi sr. Kjartans var að létta undir með sóknarpresti en þörfin á aukinni

prestspjónustu í Tjarnaprestakalli er brýn, frá miðjum janúar s.l. hefur hann verið í fullu starfi við afleysingu í veikindaleyfi sr. Báru Friðriksdóttur. Á meðan er einn héraðsprestur að störfum í prófastsdæminu.

Á árinu var **kosið til kirkjupings**, kosningu lauk 15. maí 2010 og hlutu þessir prestar kosningu: Skúli Sigurður Ólafsson og Elínborg Gísladóttir og þessir leikmenn: Ásbjörn Jónsson, Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir og Magnús E. Kristjánsson. Ég óska þeim öllum velfarnaðar í vandasömu starfi kirkjupingsmanna. Í kjöri til kirkjuráðs hlaut Ásbjörn Jónsson, sóknarnefndarmaður í Útskálasókn, kosningu. Hann er vel að henni kominn með margra ára fjölþætta reynslu af kirkjustarfi, bæði í sóknarnefnd, héraðsnefnd og sem kirkjupingsfulltrúi í eitt kjörtímabil. Ég óska honum velfarnaðar í þessu mikilvæga embætti.

## Námskeið, málþing og ráðstefnur

Héraðsnefnd gekkst fyrir ráðstefnunni *Frjálslynd guðfræði í nýju ljósi* í Reykholti í Borgarfirði dagana 20.-21. maí 2010. Þar var prófessor emeritus dr. Klaus-Peter Jörns gestur prófastsdæmisins og aðalfyrirlesari. Málþinginu var ætlað að skoða inntak þeirrar guðfræði sem liggur þjóðkirkjuhugsjóninni til grundvallar og jafnframt var hugað að endurvakningu þessarar hefðar í samtímaguðfræði og kirkjulífi. Málþingið var öllum opið og vel sótt af prestum úr Kjalarnessprófastsdæmi. Klaus-Peter Jörns er þekktur og eftirsóttur fyrirlesari, hann hefur ritað allmargar bækur um guðfræði samtímans. Hann var prófessor í praktískri guðfræði við Kirkjulega háskólann í Berlín á árunum 1981-1999 og jafn-

framt prófessor við guðfræðideild Humboldt Háskóla í sömu borg, þar var hann einnig forstöðumaður stofnunar fyrir rannsóknir í trúarfélagsfræði.

*Prédikunarseminar Kjalarnessprófastsdæmis* var haldið í Skálholti 10.-12. október undir yfirskriftinni Jesús og jaðarfólkið. Þetta þema var tekið fyrir í fjórum prédikunum. Aðalfyrirlesari að þessu sinni var dr. Wilfried Engemann sem fjallaði í erindum sínum m.a. um mannskilning í málfari helgihaldsins og um list samtalsprédikunarinnar. Gestur í kvöldstofu við arineld var Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld og allsherjargoði ásatrúarmanna á Íslandi. Hann spjallaði við þátttakendur á prédikunarseminari um mannskilning og náttúru í trúarvitund ásatrúarmanna.

Dagana 16.-18. janúar s.l. efndi prófastur til *fræðslunámskeiðs* í Skálholtsskóla um *Martín Lúther* og áhrif hans. Einkum var fjallað um umbrotatíma siðbótarinnar í Mið-Þýskalandi á árunum 1517-1525 og varanleg áhrif sem þau höfðu á vestræna menningu. Þátttakendur nýttu þetta tækifæri til að setja sig inn í litríka sögu Lúthers og siðbótarinnar, sem mikilvægt er að rifja upp nú ekki hvað síst vegna þess að fimm alda afmæli siðbótarinnar nálgast; þess verður minnst í lútherskum kirkjum árið 2017 um víða veröld.

Notkun félagsmiðla í kirkjustarfi hefur aukist og þróast síðustu misserin. Efnt var til *námskeiðs um Facebook í kirkjustarfi* í safnaðarheimili Lágafellssóknar föstudaginn 28. janúar, þetta var annað námskeiðið sem sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og sr. Árni Svanur Danielsson halda í prófastsdæminu, hið fyrra var haustið 2009 í Vídalínskirkju.

Námskeið fyrir sóknarnefndir Kjalarnessprófastsdæmis í *fjármála-*

*og bókhaldslæsi* var haldið 24. febrúar s.l. Markmið námskeiðsins var meðal annars að kynna grundvallaratriði, hlutverk og tilgang bókhalds, og að auka almenna þekkingu á fjármálum og hæfni til að stjórna þeim. Haukur Skúlason hagfræðingur og Kristján Pétur Kristjánsson viðskiptafræðingur hjá LS Credit ehf undirbjuggu námskeiðið sem var byggt á fyrirlestrum og umræðum þar sem efnið miðaðist við rekstur sókna.

Sjálfboðaliðaverkefni prófastsdæmisins var hleypt af stokkunum 17. nóv. 2009 skv. þessari bókun í fundargerð héraðsnefndar þann dag en þar segir: „Prófastsdæmið setur sjálfboðaliðastarf í kirkjunni á oddinn næsta ár.“ Í framhaldi skipaði héraðsnefnd starfshóp til þess að huga að sjálfboðaliðastarfi innan safnaðanna, skýrsla um efnið var lögð fram á leiðarþingi s.l. haust og er að finna á heimasíðu prófastsdæmisins. Tillaga sr. Kristínar Þórunnar Tómasdóttur um efnið var samþykkt á kirkjuþingi haustið 2009. Eins og fram hefur komið var gert ráð fyrir stuðningi kirkjuráðs við verkefnið og á þeirri forsendu öðru fremur var þremur fulltrúum landsbyggðarinnar boðið að starfa með starfshópnum. Hópurinn fór í *kynnisferð til Hannover* í apríl 2010, þar sem hann fékk fyrirgreiðslu þeirrar stofnunar Evangelísku kirkjunnar í Þýskalandi sem fer með sjálfboðaliðastörf. Dr. Thies Gundlach, nú varaforseti kirkjuráðs Evangelísku kirkjunnar í Þýskalandi, greiddi götu okkar og fól sr. Réne Lammer, starfsmanni kirkjunnar að undirbúa vandaða dagskrá og halda utan um hópinn allan tímann. Slíkar móttökur eru til fyrirmyndar. Var boðið upp á fyrirlestra fyrir hópinn dagana 10.-15. apríl, en jafnframt var farið í

heimsóknir í söfnuði og stofnanir. Alt þetta – að ógleymdum samtölum við fólk í þessum störfum – kemur vonandi til með að skila árangri í Kjalarnessprófastsdæmi og í þjóðkirkjunni allri. Þessu verkefni þarf að halda áfram, í því efni hvet ég ekki hvað síst kirkjupingsfulltrúa okkar til dáða á hinum breiða vettvangi kirkjunnar. Þess má geta í þessu samhengi að Kjalarnessprófastsdæmi gekkst fyrir ráðstefnu um sjálfbóðaliðastörf með ýmsum aðilum í Skálholti árið 1998 undir yfirskriftinni *Að gefa vinnu sína*, erindi frá þeirri ráðstefnu voru gefin út en upplagið er löngu þrotið.

## Fundir

Eins og endranær á prófastur fjölda funda þar sem fjallað er um starf presta og safnaða en einnig ytra starfið, tengingu þess við stofnanir samfélagsins og við kirkjulegar stofnanir. Auk funda héraðsnefndar vil ég nefna hér þá fundi sem eru fastir liðir í þessu samhengi, það eru fundir með prestum og djáknum, með sóknarnefndarformönnum og með organistum. Allir þessir fundir skipta miklu máli fyrir samstarfið í prófastsdæminu, fyrir mótun starfspátta, þróun hugmynda, úttekt á stöðu mála og almenn skoðanaskipti um kirkjustarf.

Páskafundur prófasts með prestum og djáknum var haldinn miðvikudaginn 24. mars 2010 í Kirkjuhvoli, Garðasókn. Á fundinum var rætt um: a) prédikanir við fermingar, í dymbilviku og um páska b) sameiginleg verkefni í prófastsdæminu c) kirkjupingskosningar sem þá stóðu fyrir dyrum d) sumarleyfi og afleysingar e) fermingarfræðslu og fermingarathafnir.

Vorfundur prófasts með prestum

og djáknum Kjalarnessprófastsdæmis var haldinn í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju, Strandbergi, 4. maí 2010.

Vorfundur sóknarnefndarformanna með prófasti var haldinn í Strandbergi 5. maí.

Haustfundur prófasts með formönnum sóknarnefnda og gjaldkerum var haldinn í safnaðarheimili Víðistaðakirkju 7. september 2010. Á fundinum var lögð áhersla á umræður um fjármál safnaðanna.

Haustfundur prófasts með prestum og djáknum var haldinn í safnaðarheimili Lágafellssóknar fimmtudaginn 9. september 2010.

Árlegur aðventufundur prófasts með prestum og djáknum þar sem jólatextarnir voru krufnir, var haldinn í Esjustofu á Kjalarnesi 3. desember 2010. Þetta er ómissandi undirbúningur vegna jólapredíkananna. Gestur fundarins var Pétur Gunnarsson rithöfundur.

Á aðventunni efndum við til þeirrar nýbreytni á skrifstofu prófastsdæmisins að bjóða til bókaaffis, höfundum nýrra bóka var boðið til að kynna verk sín og síðan fóru fram umræður. Þetta mæltist vel fyrir og er full ástæða til að halda þessu áfram á jólaföstu sem ber svo mikinn keim af bókum og bókaútgáfu.

Fundur organista með prófasti var að þessu sinni haldinn 24. febrúar 2011 í safnaðarheimili Víðistaðakirkju. Fjallað var um stöðu kirkjutónlistarmála í prófastsdæminu og heima í söfnuðunum. Sérstaklega var hugað að þróun sálmasöngs og kirkjutónlistar í kirkjulegum athöfnum, svo sem við útfarir og hjónavígslur. Rætt var um þróun sem hefur orðið í skipulagningu þessara athafna þar sem fólk virðist í vaxandi mæli upplifa kirkjuna sem *þjónustustofnun* og telur eðlilegt að nálgast kirkjulegar athafnir út frá eigin

sjónarhorni ekki síður en því sem hin kirkjulega hefð og regla segir fyrir um. Helgisiðir og það sem fram fer þarf að eiga tengipunkt við menninguna og það sem fólk þekkir, þar er tónlistin ekki undanskilin. Þess ber hins vegar einnig að gæta að kirkjulegar athafnir fara fram á ábyrgð prestsins og í almennum athöfnum er mikilvægt að hvaðeina sé í samræmi við inntak og eðli athafnarinnar. Prestar og organistar – sem samstarfsmenn þeirra – gegna hér því hlutverki að leiða og fræða. Rætt var um helgisiði og um sálmana og hlutverk þeirra í nútímasamfélagi þar sem vaxandi ókunnugleiki um kirkjútónlist fer vart framhjá neinum. Þá var rætt um greiðslufyrirkomulag og umbunarkerfi auk ýmissa annarra mála sem varða tónlist og helgihald. Sú hugmynd kom upp að prófastsdæmið standi fyrir námskeiði í tónlistarsköpun að hausti.

## Útgáfur

Endurskoðað fermingarhefti Kjalarnessprófastsdæmis kom út á s.l. ári. Í því er fjallað um Faðir vor, trúarjátninguna og boðorðin tíu. Um er að ræða vandað og handhægt kennsluefni sem samanstendur af fróðleik og verkefnum. Fermingarbarnið er hér í forgrunni, leitast er við að tengja Faðir vor, trúarjátninguna og boðorðin tíu við reynsluheim þess með þessu hefti. Nú eru væntanlegar kennsluleiðbeiningar sem ætlað er að gera notkun þess aðgengilegri.

*Erindi frá ráðstefnunni í Reykholti*, sem áður er getið, voru gefin út sérhefi tímaritsins Glíunnar sem er óháð tímarit um guðfræði og samfélag eins og segir í ritinu. Heiti tölublaðsins er „Frjalslynd guðfræði í nýju ljósi.“

Einnig gaf prófastsdæmið út *erindi og prédikanir frá prédikunarseminarinu* í Skálholti s.l. haust. Reynslan sýnir að það efni skilar sér enda er tilgangurinn að stuðla að símenntun presta á vettvangi prédikunarfræði.

Heimildarkvikmyndin Liljur vallarins eftir Þorstein Jónsson var frumsýnd í Bíó Paradís 14. okt. 2010. Í kynningu segir að þar „sé fjallað um stóru spurningarnar í lífinu. Hún fjallar um Guð, tilgang lífsins og hvernig menn eiga að haga lífi sínu. Glímt er við spurningarnar í raunverulegu umhverfi í fámennri sveit, þar sem sköpunarverkið blómstrar.“ Í kynningu segir ennfremur að myndin sé tekin „í Kjósinni, sem er 200 manna sveitasamfélag í skjóli við Esjuna, þar er fjallað um þjóðfélagslegar hugmyndir sóknarprestsins og tengingu þeirra við kenningu Jesú frá Nasaret og boðskap Biblíunnar.“ Og svo er spurt: „Getur presturinn hjálpað sóknarbörnunum að verða betri manneskjur? Eflir trúin virðingu manna fyrir sköpunarverkinu og góðu mannlegu samfélagi?“ Gerð myndarinnar var styrkt af kvikmyndasjóði Íslands gegn framlagi frá kirkjuráði sem óskaði fyrir sitt leyti eftir framlagi frá héraðssjóði Kjalarnessprófastsdæmis sem var veitt 5. feb. 2008. Þess má geta að heimildarkvikmyndin er eina kvikmynd sinnar tegundar um íslenska trúarmenningu í lífi einnar sóknar, þar er ekki átt við kirkjulíf í þrengri merkingu heldur áhrif trúarinnar á líf og störf, viðhorf og lífsgildi fólksins, þriggja ára vinna kvikmyndagerðarmannsins liggur í gerð kvikmyndarinnar. Fyrir þetta á Þorsteinn Jónsson heiður skilinn en hugmynd og efnistöð eru að öllu leyti hans verk.

## Annað

*Menningardagur Kjalarnessprófastsdæmis* var að þessu sinni haldinn á síðbótardaginn 31. október 2010 en áhugi á menningardeginum var eindreginn á haustfundum með sóknarnefndarformönnum, gjaldkerum og prestum. Hugmyndin að baki deginum var sem fyrr að laða fólk í kirkjuhúsið og vekja athygli á starfi safnaðanna. Það var eins og áður á valdi hvers safnaðar fyrir sig hvort og hvers konar dagskrá hann bauð upp á. Að þessu sinni ákvað héraðsnefnd að ráða starfsmann í tvo mánuði til að annast verkefnið, fyrir valinu varð Ármann H. Gunnarsson djákni, sem er starfinu í prófastsdæminu að góðu kunnur þar sem hann starfaði í Garðasókn um nokkurra missera skeið, hann stundar nú háskólanám í menningarmiðlun.

*Kóradaður í Kjalarnessprófastsdæmi.* Laugardaginn 5. febrúar 2011 var haldinn *Kóradaður prófastsdæmisins* þar sem fjölmargir kirkjukórar stilltu saman strengi í æfingum og tónlistarflutningi í Víðistaðakirkju. Kórnir ásamt prófasti stóðu síðan fyrir tónlistarhelgistund í kirkjunni. Deginum lauk með sameiginlegu borðhaldi og skemmtikvöldi í Strandbergi. Kóradaðurinn er ávallt mikill tónlistarviðburður í prófastsdæminu og reynslan af honum hefur sýnt fram á mikilvægi samstarfs safnaðanna á þessu sviði. Kórustarf er víða með miklum blóma í kirkjunum og er þátttaka í kirkjukór sjálfboðaverkefni sem auðgar þátttakendur og gæðir kirkjuna lífi. Tónlistarnefnd Kjalarnessprófastsdæmis hafði veg og vanda af undirbúningi en í nefndinni sitja Bjartur Logi Guðnason, Arngerður María Árnadóttir og sr. Bragi J. Ingibergsson.

Meðal nýjunga í kirkjustarfi prófastsdæmisins var *jóladagatalið* á heimasíðu

okkar í fyrsta sinn. Þetta var reyndar þriðja árið í röðinni sem jóladagatalið var birt á kirkjan.is en í ár kom Kjalarnessprófastsdæmi í fyrsta sinn að gerð þess, auk þess sem það var með nýju sniði og byggðist upp á stuttum myndböndum. Að þessu sinni var *vonin* þema dagatalsins og komu fram allmargir einstaklingar, leikir og lærðir, vítt og breitt að úr þjóðfélaginu og tjáðu sig um vonina í örstuttu máli. Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi og Árni Svanur Daníelsson, verkefnisstjóri á Biskupsstofu eiga heiður skilinn fyrir þetta góða framtak sem hlaut verðskuldaða athygli.

## Lokaorð

Ekki verður annað séð en fjölbreytni í kirkjustarfi fari vaxandi. Í fréttatilkynningum frá söfnuðum prófastsdæmisins er boðið upp á hefðbundna starfsþætti en einnig nýja, þar má nefna hjóleiðamessu, U2 messu, jógaslökun og fyrirbænarþjónusta fyrir konur, kristna íhugun, skapandi tónlist með fermingarbörnum, fyrirlestraraðir um fjölmörg efni, trúarbragðaskóla, þróna-klúbb svo eitthvað sé nefnt. Þeim mun fjölbreytilegri sem tilboð safnaðarins eru þeim mun fleiri finna þar eitthvað við sitt hæfi, þeim mun fleiri eiga þá leið í safnaðarheimilið eða kirkjuna, þeim mun fleiri verða þá virkir þátttakendur í starfi kirkjunnar. Í reynd skortir ekki áhuga sóknarbarnanna, heldur oft en ekki hugmyndaflug þeirra sem leiða starfið, djörfung til að fara nýjar leiðir, úthald til að komast yfir fyrsta hjallann. Safnaðarstarf lýtur mörgum þekktum lögmálum. Íslenska þjóðkirkjan er komin af byggingarstiginu þegar á heildina er litið, inn á vettvang hins eiginlega

safnaðarstarfs. Þróun þess verður að mínum dómi meginviðfangsefni okkar næstu árin. Í því efni hefur átak Kjalar-nessprófastsdæmis við að leggja grunn að nýrri hugmyndafræði sjálfböðastarfs komið í góðar þarfir. Fjölbreytilegt safnaðarstarf er nafnið tómt, byggist það ekki á virkri þátttöku fólks vítt og breitt að úr söfnuðinum.

Hafa ber í huga við alla þróun í starfi safnaðanna að fyrir hendi er sterk trúarmening með þjóðarinni sem á sér djúpar rætur. Sú trúarhefð birtist ekki í kirkjusókn eða virkri þátttöku í kirkjustarfi heldur í lífsviðhorfi. Ekki er sjálfgefið að hvaðeina sem miðar að betri kirkjusókn sé æskilegt til safnaðaruppbyggingar í lútherskum þjóðkirkjusöfnuði, hér er oft þörf á meiri vandvirkni í undirbúningi en við fyrstu sýn kann að virðast.

Hitt er svo annað mál að helgihaldið skiptir ekki síður máli en hið almenna, fjölbreytilega safnaðarstarf. Reynslan er reyndar sú að leiðin til helgihaldsins liggur iðulega um hið fjölbreytilega safnaðarstarf inn í helgidóminn en ekki öfugt. Það mótlæti sem margt kirkjunnar fólk skynjar í samfélaginu er vissulega fyrir hendi, þar eru fjárhags-

áhyggjur sókna ofarlega á blaði um þessar mundir, einnig oft neikvæð umfjöllun um þjóðkirkjuna og skoðana-kannanir sem virðast í það minnsta við fyrstu sýn ekki uppörvandi. Einu skulum við ekki gleyma á tímum mótlætis, það er að horfa í eigin barm og gera enn betur en áður.

Mótlæti hefur aldrei dregið kjarkinn úr kirkjunni, sagan sýnir í reynd hið gagnstæða, mótlæti hefur ávallt orðið henni tilefni til siðbótar, til að líta í eigin barm og spyrja: hvað má betur fara hjá okkur, hvað getum við gert betur, hvernig snúum við vörn í sókn, hvernig verðum við betri kirkja, betri söfnuðir, trúverðugri fulltrúar Kristis í þessum heimi?

Þannig viðhorf leiðir til þess að horft er til eigin verka en þó öðru fremur til hans sem vakir yfir kirkju sinni, til Jesú Kristis með bæn um betri kirkju, um trúverðugri kirkju, um betra starf, um meiri gleði í starfi, um sannfæringu í hjarta sem ekkert mótlæti fær sigrað. Þannig hefur mótlætið ávallt orðið til að endurskapa kirkjuna og efla hana til nýrra dáða. Látum það einnig sannast í okkar kirkju, á okkar tímum, í okkar starfi.

# Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Sr. Gísli Jónasson, prófastur



Gísli Jónasson

## Inngangsróð

Þegar horft er tilbaka yfir liðið ár verður mér efst í huga þakklæti til þeirra mörgu, sem komið hafa að kirkjustarfinu í prófastsdæminu. Sem prófastur og sem fylgdarmaður biskups í biskupsvísitasíu hef ég haft ágætt tækifæri til að setja mig inn í starfið í einstökum söfnuðum og kynnast betur þeim mörgu einstaklingum sem bera það uppi, bæði á stundum gleði og velgengni, sem og á tímum erfiðleika og andstremmis. Og vissulega höfum við einmitt fengið að reyna meira af hinu síðarnefnda á nýliðnu starfsári. Við þekkjum það öll, að mikill niðurskurður sóknargjaldsins síðustu árin er farinn að hafa veruleg áhrif á starf safnaðanna og kirkjunnar allrar, og því miður virðist sem þau áhrif eigi enn eftir að aukast á komandi mánuðum og árum. Það er því uppörvandi að fá að mæta og kynnast öllu því góða og trúfasta fólki, sem af miklum fúsleika og dugnaði leggur hönd að verki í safnaðarstarfinu, þrátt fyrir ýmiss konar mótlæti og erfiðleika.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að lýsa því helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, því vissulega hefur mikið og gott starf verið unnið þótt á móti hafi blásið.

## Starfið í söfnuðunum

Helstu **tölur um helgihald** í prófastsdæminu árið 2010 voru sem hér segir: Almennar guðsþjónustur 988, barnaguðsþjónustur 395, aðrar bæna og helgistundir 1307. Guðsþjónustur

samtals voru því 2690. Fermingarbörn voru 1039 og altarisgestir 31.974. Fjölgaði fermingarbörnunum um 3,7% milli ára en altarisgestum um 12,6%. Þá var 881 barn skírt, giftingar voru 219 og útfarir 257.

Fyrir tveimur árum tókum við upp reglubundna **talningu á völdum þáttum starfsins** í prófastsdæminu. Af þessari talningu má glögglega sjá, hversu fjölbreytilegt starfið í prófastsdæminu er orðið og hversu mikil þátttökan í safnaðarstarfinu er, þegar betur er að gáð. Árið 2010 tóku þannig alls 220.076 manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í, og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. allt kórastarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Þá kemur messusóknin vafalaust ýmsum á óvart, en meðalþátttökan í þeim 727 messum, sem fram fóru á árinu 2010 var 89 manns. Sé talningin fyrir tímabilið október 2010 til apríl 2011 skoðuð kemur í ljós að á því tímabili voru 451 messa og var meðalþátttökan í þeim 109 manns, en á sama tímabili ári áður var 421 messa og meðalþátttöka 126 manns. Messum hefur því fjölgað lítillega, en kirkjugestum hins vegar fækkað um 8%. Og sé starfið í heild skoðað þá fækkar þátttakendum um 9,9% milli þessara tímabila. Er það auðvitað umhugsunarvert.

Næst vil ég staldra við einn þátt starfsins, sem stöðugt hefur verið að eflast, en það eru **messuhóparnir**. Slíkir hópar eru nú starfandi í allmörgum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og þar á meðal við helming kirknanna í okkar



prófastsdæmi, eða í Breiðholtskirkju, Digraneskirkju, Grafarvogskirkju, Hjallakirkju og Kópavogskirkju. Munu þátttakendur í messuhópum í þessum kirkjum vera nálægt 150. Það kom greinilega fram á fjölmennri og velheppnaðri messuþjónahátíð, sem Reykjavíkurrófastsdæmin efndu til í maí sl., að þetta starf hefur skapað mikla ánægju og orðið til að auðga og efla guðsþjónustuhaldið í þeim söfnuðum þar sem það hefur verið tekið upp.

Einnig er ánægjulegt að geta sagt frá því, að *Litrófið*, listasmíðja barna og ungs fólks í Fella- og Hólakirkju, fékk í vor viðurkenningu á sínu góða starfi þegar því hlotnaðist menningarverðlaun Fréttablaðsins. Í *Litrófinu* er lögð áhersla á að leiða saman einstaklinga með ólíkan bakgrunn og af mismunandi þjóðerni, þannig að saman myndist margbreytileg en þó samstæð heild.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu hefur smám saman verið að aukast. Má sem dæmi um það nefna sameiginlegar göngumessur Breiðholtssafnaðanna og sameiginlega fundi starfsmanna og sóknarnefndafólks. Lengst er samstarfið komið í Kópavogi, þar sem samstarf safnaðanna er orðið umtalsvert, sérstaklega á sumrin. Er nú að því stefnt að auka samstarf prestanna í Kópavogi að miklum mun. Er þetta í fullu samræmi við stefnumótun kirkjupings, sem mælist til þess að samstarfssvæðunum verði komið á með formlegum hætti á komandi hausti. Leggur héraðsnefnd því til, að fjárveiting til samstarfssvæðanna verði verulega hærri á næsta ári en áður hefur verið.

Óvenju lítið var um byggingarframkvæmdir, endurbætur eða viðhald á húsnaði safnaðanna á starfs-

árinu, enda síendurtekinn niðurskurður sóknargjalda farinn að segja verulega til sín. Í Árbæjarsókn liggja fyrir samþykktar teikningar að viðbyggingu við safnaðarheimilið, en framkvæmdir hafa frestast vegna óvissu í efnahagsmálunum. Nauðsynlegar þak- og gluggaviðgerðir á Breiðholtskirkju hafa frestast vegna fjárhagserfiðleika. Í Grafarvogssókn hefur undirbúningur að byggingu kirkjusels tafist vegna efnahagsástandsins og sömuleiðis verða orgelkaup að bíða. Í Grafarholtssókn hafa náðst samningar við orgelsmiðinn um frestun á frekari framkvæmdum við smíði orgels fyrir Guðríðarkirkju, en 1/3 kostnaðar við orgelið hefur þegar verið greiddur. Þá er ljóst að vígsla Lindakirkju í Kópavogi mun dragast, en menn gera sér þó vonir um að hægt verði að vígja kirkjuna á næstu tveimur til þremur árum. Má því segja að eini söfnuðurinn, sem staðið hafi í umtalsverðum framkvæmdum á árinu hafi verið Seljasókn, en í Seljakirkju voru verulegar viðgerðir og endurbætur á hita- og loftræstikerfi og sömuleiðis vegna brunavarna.

## Ráðstefnur, fræðslustarf o.fl.

Að venju var boðið upp á ýmiss konar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta talið upp hér:

**Prédikunarklúbbur presta** hefur komið saman vikulega yfir vetrartímam undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Einnig stóð prédikunarklúbburinn fyrir **sólarhringssamveru í Skálholti** 16.-17. maí sl. Fyrirlesarar voru auk dr. Sigurjóns Árna, þeir dr. Kristinn Ólason, dr. Hjalti Hugason og Bjarni Randver Sigurvínsson. Vikulegir **bíblíulestrar** voru í Breið-

holtskirkju í umsjá dr. Sigurjóns Árna í samvinnu við Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar. Stóðu þeir samtals yfir í 20 vikur. Einnig hefur dr. Sigurjón Árni boðið upp á **fræðslunámskeið fyrir sóknarnefndir**.

**Fermingarnámskeið** voru í Vatnaskógi á vegum flestra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Einnig fóru tveir söfnuðir með fermingarbörn sín til dagssamveru í Skálholti. Nokkur óvissa er um framtíð fermingarnámskeiðanna vegna niðurskurðar sóknargjalda og er því unnið að því að á næsta ári verði í boði fleiri og ódýrari valkostir en áður hefur verið, ef það gæti orðið til að auðvelda verst stöddu söfnuðina að taka áfram þátt í slíkum námskeiðum.

Áfram hefur verið unnið að því, að þróa **forskóla fermingarfræðslunnar**. Var slíkt námskeið haldið í annað sinn í Breiðholtskirkju á þessu vori með hópi barna, sem eiga að fermast að ári, og tókst það ákaflega vel. Virðist því ljóst, að þessi námskeið eru komin til að vera og er það von mín, að þessi fræðsla verði tekin upp í nokkrum söfnuðum á komandi vetri. Hafa þær Halla Jónsdóttir, aðjúntk, og sr. Bryndís Malla Elíadóttir borið hitann og þungann af þessu verkefni. Þá er einnig unnið að því að fá fram fleiri hugmyndir um það, hvernig styrkja megi fermingarfræðsluna í prófastsdæminu.

Haldin voru **námskeið fyrir leikskólakennara og aðra starfsmenn leikskólanna** í **Grafarvogskirkju** í október og í **Breiðholtskirkju** í mars. Ágætt þátttaka var í þessum námskeiðum, sem þau sr. Bryndís Malla Elíadóttir, héraðsprestur, og sr. Bjarni Þór Bjarnason hafa haft umsjón með.

Þá tekur prófastsdæmið þátt í fræðslustarfi í samstarfi við Biskupsstofu

og Reykjavíkurprófastsdæmi vestra undir merkjum **Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar** og hefur sr. Bryndís Malla verið fulltrúi prófastsdæmisins í þessu samstarfi og séð um undirbúning og kennslu á nokkrum námskeiðanna. Starfs- og leikmannaskólinn býður upp á tvenns konar námskeið. Grunnnámskeiðin eru sérstaklega ætluð þeim sem starfa í kirkjunni, sjálfbóðaliðum, s.s. sóknarnefndarfólki og messuþjónum, og föstu starfslíði safnaðanna, s.s. kirkjuvörðum, meðhjálpurum og starfsfólki í barna- og æskulýðsstarfi. Opnu námskeiðin eru bæði ætluð þeim sem starfa í kirkjunni og síðan öllum, sem áhuga hafa á að fræðast um kirkju og kristna trú eða vilja efla trúariðkun sína. Á sl. vetri var alls boðið upp á sjö námskeið í samvinnu við Starfs- og leikmannaskólann og voru þátttakendur í þeim alls 145.

Reykjavíkurprófastsdæmin efndu til ákaflega vel heppnaðs tveggja kvöldna námskeiðs í Breiðholtskirkju í maí, sem nefnist **Leiðtogar í samfylgd**, og var það í umsjón Marteins Steinars Jónssonar, sálfræðings.

Einnig má nefna, að nefnd á vegum prófastsdæmanna og fræðsluviðs Biskupsstofu hefur sett saman námskeiðið **Hér stend ég**, en það er ætlað fyrir unga atvinnuleitendur. Var námskeiðið kynnt fyrir Vinnuálastofnun, sem eitt af þeim tilboðum sem ungu atvinnulausu fólki stendur til boða undir yfirskriftinni *Ungt fólk til athafna*. Þetta verkefni fékk styrk frá finnsku kirkjunni og standa vonir til þess að fyrsta námskeiðið verði haldið í haust. Einnig má svo nefna, að prófastsdæmið hefur gert samning um **eldvarnanámskeið** fyrir starfsfólk kirknanna og sömuleiðis standa söfnuðunum jafnan til boða

**framsagnarnámskeið** og námskeið í **skyndihjálp**.

Á starfsárinu voru haldin tvö **málþing**. Fyrri málþingið var haldið í Bústaðakirkju 16. október í tilefni af því að 70 ár voru liðin frá stofnun Reykjavíkurprófastsdæmis og 20 ár frá skiptingu prófastsdæmisins. Yfirskrift þess var **Kirkjan í borgarsamfélaginu**. Frummælendur voru sr. Gísli Jónasson prófastur, Dagný Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri ÆSKR, sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi, sr. Guðný Hallgrímsdóttir, dr. Gunnar Jóhannes Gunnarsson og biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson. Þátttaka var mjög góð og málþingið á allan hátt vel heppnað. Seinna málþingið var haldið í Breiðholtskirkju 23. febrúar og var þar fjallað um félögin **Siðmennt og Vantrú**. Frummælendur voru Bjarni Randver Sigurvinsson og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson og var það gott innlegg í mikilvæga umræðu.

Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð, stóð að venju fyrir nokkrum **fræðslufundum fyrir syrgjendur** í samvinnu við prófastsdæmin, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Fræðsludeild Biskupsstofu og voru þeir ágætlega sóttir. Loks er þess að geta, að auk þess sem hér er upp talið þá er að sjálfsgöðu margvíslegt fræðslustarf í boði á vegum safnaðanna.

## Fundur og aðrar samverur

Héraðsfundur var síðast haldinn í Borgum, safnaðarheimili Kársnessóknar 26. maí sl. og aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 21. október 2010, þar sem m.a. var farið yfir málaskrá væntanlegs kirkjupings, gengið frá fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár. Einnig var

mikil umræða um umdeilda tillögu Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar að reglum sem gildi um samskipti leik- og grunnskóla og frístundaheimila borgarinnar við trúar- og lífsskoðunarfélög, sem lögð var fram þá um haustið.

**Héraðsnefnd** prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 10 á starfsárinu. Að auki héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu þrjá sameiginlega fundi. Í héraðsnefnd sitja sr. Íris Kristjánsdóttir og Benedikta Waage, en varamenn þeirra eru sr. Sigrún Óskarsdóttir og Bjarni Grímsson. Sitja bæði aðal- og varamenn alla fundi. Þá eiga prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum reglulega með sér fundi þar sem þeir ræða sameiginleg málefni og sömuleiðis áttum við einn samráðsfund með prófasti Kjalarnesprófastsdæmis.

**Samráðsfundir presta og djákna** voru þrjár á starfsárinu og sömuleiðs voru haldnir þrjár **formannafundir**. Þá var haldinn **sameiginlegur fundur Reykjavíkurprófastsdæmanna með prestum og skólastjórnendum** 28. október þar sem fjallað var um áður nefndra tillögu Mannréttindaráðsins. Fulltrúum Mannréttindaráðs var boðið að sitja þennan fund, en það var ekki þegið. Fundurinn var mjög gagnlegur, en hann sóttu um 60 manns. Þess má einnig geta, að undirritaður tók í nóvember sl. saman ítarlega greinargerð um þessa tillögu, fyrir hönd prófastsdæmanna í Reykjavík. Málið er, þegar þetta er ritað, komið til Borgarráðs og tók undirritaður af því tilefni saman nýja greinargerð í byrjun júní.

## Breytingar á starfsliði

Þær breytingar hafa helstar orði í hópi presta og djákna í prestaköllum

Biskup spjallar við börn í Grafarholtssókn og færir þeim kross að gjöf



prófastsdæmisins, að embætti vímuvarnarprestis var lagt niður um sl. áramót, en **sr. Karl V. Matthíasson**, sem því gegndi, var síðan ráðinn tímabundið til eins árs í 50% starf til að sinna þessum málaflokki. Hann hefur sem fyrr starfsaðstöðu í Guðriðarkirkju og er sóknarprestinum þar til aðstoðar eftir því sem mögulegt er. Þá var **Pórey Dögg Jónsdóttir** vígð til djáknaþjónustu í Fella- og Hólasóknum 15. maí. **Sr. Íris Kristjánsdóttir**, sóknarprestur í Hjallaprestakalli, var í þriggja mánaða námsleyfi á haustmísserinu og **sr. Sigfús Kristjánsson** í þriggja mánaða námsleyfi eftir áramótin. Og loks er þess að geta að **sr. Yrsa Þórðardóttir** mun láta af störfum sem prestur við Digraneskirkju 1. september n.k. og mun hún þá hverfa til prestsþjónustu í Frakklandi. Eftir að sr. Yrsa lætur af störfum verða 22 prestar þjónandi í prófastsdæminu og sex djáknar.

## Biskupsvísitasía

Vísitasía biskups Íslands í Reykjavíkurbískupsdæmi eystra, sem hófst í apríl 2010, hélt áfram á starfsárinu, og er þetta í annað sinn, sem biskup Íslands vísitarar prófastsdæmið. Hann heim sótti Grafarvogssókn í júní, Digranessókn í september, Fella- og Hólabrekksóknir í október, Seljasókn í nóvember, Lindasókn í desember, Hjallasókn í janúar, Kársnessókn í febrúar og loks Grafarholtssókn í mars. Vísitasíunni lauk síðan með því, að biskup tók þátt í vorfundum presta, djákna og sóknarnefndarformanna 12. maí sl.

## Sjóðir, fjármál, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.

**Starfssjóður safnaðarhjalparinnar í Reykjavíkurbískupsdæmum** úthlutaði í maí styrkjum til fjögurra aðila, alls 575.000 kr. Dregist hefur að úthlutað sé úr **Kirkjubýggingarsjóði Reykjavíkur**, enda virðist ekki ljóst, þegar þetta er ritað, hvort sjóðurinn hefur

þær 23,9 milljónir til ráðstöfunnar sem lagðar eru í sjóðinn skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, eða hvort farið verður að tillögu, sem lögð hefur verið fram um það, að framlagið verði skert um þær 12,3 milljónir, sem borgin leggur skv. samningi til viðgerðanna á turni Hallgrímskirkju á þessu ári. Er nú beðið eftir ákvörðun borgarráðs hvað þetta varðar.

Haldnir hafa verið þrjár fundir í **samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkúrprófastsdæma** á starfsárinu, og var þetta mál m.a. rætt á síðasta fundi. Annað mál, sem mikið hefur verið rætt á þessum fundum, eru tillögur Mannréttindaráðs Reykjavíkur, sem ég hef þegar vikið að.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr **Jöfnunarsjóði sókna** fyrir árið 2011 koma 27,5 milljónir kr. í hlut fimm sókna í prófastsdæminu, en árið áður höfðu þrjár sóknir alls fengið 22 milljónir kr.

Eins og ég hef þegar vikið að, þá er hinn mikli niðurskurður sóknargjaldsins síðustu ára farinn að hafa veruleg áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmisins og þar með kirkjunnar allrar. Á sama tíma og kallað er eftir auknu starfi, stuðningi, huggun og leiðsögn kemur krafan óbilgjarna um síaukinn niðurskurð og sparnað. Þetta ástand er ekki auðvelt viðfangs og það mun án efa krefjast mikillar útsjónarsemi, hugrekksis og visku, að takast á við það verkefni að forgangsraða og leita allra leiða til að nýta sem best þá fjármuni og starfskrafta sem við höfum yfir að ráða. En við getum auðvitað ekki látið þar við sitja, heldur hljótum við að blása til sóknar og krefjast þess, að þessi skerðing verði leiðrétt með markvissum hætti á næstu árum, þannig að söfnuðir landsins geti áfram sinnt því

mikilvæga trúar- og menningarstarfi, sem þeir nú annast. Samþykkti síðasti héraðsfundur einmitt ályktun í þessum efnum, sem send hefur verið öllum alþingismönnum, auk þess sem héraðsnefnd hefur óskað eftir fundi með fjárlaganefnd Alþingis.

## Heimasíða o.fl.

Ágæt reynsla er nú komin á **heimasíðu prófastsdæmisins**, en megin tilgangurinn með henni er að miðla upplýsingum og vekja athygli á starfinu í prófastsdæminu. Til þess að svo megi verða þarf hún að vera lifandi og í stöðugri endurnýjun. Þá vil ég einnig geta þess, að reynt hefur verið að koma upp **netfangaskrá** á skrifstofu prófastsdæmisins yfir sóknarnefndarfólk og starfslíð safnaðanna, þannig að koma megi ýmsum skilaboðum á framfæri milliliðalaust við þá aðila sem við á hverju sinni.

## Sameiginlegt starf Reykjavíkúrprófastsdæma o.fl.

Þá skal að lokum farið nokkrum orðum um helstu sameiginlegu verkefni Reykjavíkúrprófastsdæmanna. Góð þátttaka er í því fjölbreytta starfi sem í boði er á vegum **Ellimálaráðs** og er ánægjulegt að geta sagt frá því, að á sl. vetri voru 149 sjálboðaliðar og starfsmenn starfandi að málefnum aldraðra innan prófastsdæmanna. Þá hefur einnig verið mikil aðsókn í sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri. Framkvæmdastjóri Ellimálaráðs er Valgerður Gísladóttir.

**ÆSKR** býður upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga og unginga í æskulýðsfélögum safnaðanna. Má sem dæmi nefna, að Farskóli leiðtogaefna

útskrifaði 26 þátttakendur á þessu vori og hefur skólinn nú útskrifað vel á annað hundrað einstaklinga, sem margir taka nú virkan þátt í starfinu í söfnuðunum. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Dagný Halla Tómasdóttir.

Starfsemi **Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma** er eins og áður bæði viðamikil og fjölþætt.

**Fjölskylduþjónusta kirkjunnar** hefur unnið mikið starf á undanförunum árum og hefur með ýmsum hætti komið til móts við þarfir fólks. Reykjavíkurprófastsdæmin hafa frá upphafi stutt þessa starfsemi með verulegum fjárframlögum, en nú eru hinsvegar blikur á lofti um framhald þessa stuðnings vegna niðurskurðar á tekjum héraðssjóðs.

**Þorvaldur Halldórsson** hefur starfað í tíu ár á vegum Reykjavíkurprófastsdæmanna og hefur hann verið til ráðstöfunar fyrir hvern söfnuð u.þ.b. einu sinni í mánuði frá hausti til vors. Hafa allir söfnuðir prófastsdæmisins nýtt sér starfskrafta hans með einhverjum hætti á liðnum vetri. Almenn ánægja hefur verið með störf Þorvaldar, en vegna tekjuskerðingar héraðssjóðs er þó ekki gert ráð fyrir

því, í fjárhagsáætlun, að samningur Þorvaldar verði framlengdur sumarið 2012.

Þá vil ég geta þess að prófastsdæmið hefur styrkt starf **Hjálparstarfs kirkjunnar** með verulegum framlögum á sl. starfsári, eins og fram kemur í ársreikningi, enda hefur umsókn um aðstoð Hjálparstarfsins fjölgað mikið á síðustu árum.

Loks má svo geta þess, að prestar og djáknar í Reykjavíkurprófastsdæmunum hafa skipst á að vera til staðar í **Rauðakrosshúsinu**, sem er miðstöð fyrir atvinnuleitendur, og sinnt þar bæði sálgæslu og fræðslu.

## Niðurlagsorð

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að endurtaka þakkir mínar til þeirra mörgu sem komið hafa að starfinu á sl. starfsári. Mest af öllu þakka ég þó góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum. Hann hefur heitið því, að gefa okkur styrk og kraft til að starfa og þjóna í kirkju hans. Felum honum þjónustuna og biðjum hann að styrkja okkur og leiða á þeirri vegferð sem framundan bíður.

# Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra

Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur

## Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra 20 ára

Um þessar mundir eru tímamót í sögu kirkjunnar í Reykjavík. Á s.l. hausti voru 70 ár frá stofnun Reykjavíkúrprófastsdæmis, en það ár voru formlega stofnaðir fjórir söfnuðir í Reykjavík, Dómkirkju- Nes- Hallgríms- og Laugarnessöfnuðir. Ákvörðunin um það var tekin á hinu háa Alþingi 7. maí 1940.

Prófastsdæmið hélt upp á þessi tímamót með hátíðarsamkomu í Hallgrímskirkju 12. sept. s.l. Þar flutti sr. Þórir Stephensen fyrrv. dómkirkjuprestur erindi um stofnun prófastsdæmisins og þróun kirkjustarfs í borginni. Sr. Guðmundur Þorsteinsson fyrrv. dómprófastur flutti hugvekkju. Einnig söng Graduale Nobile úr Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar.

Laugardaginn 16. október var síðan haldin ráðstefna á vegum beggja Reykjavíkúrprófastsdæmanna í Bústaðakirkju undir yfirskriftinni *Kirkjan í borgarsamfélaginu*.

Þeir sem tóku til máls voru: Sr. Gísli Jónasson, Dagný Halla Tómasdóttir æskulýðsfulltrúi, sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi, sr. Guðný Hallgrímsdóttir, dr. Gunnar Jóhannes Gunnarsson og biskup Íslands Karl Sigurbjörnsson. Mjög ánægjuleg, fjölsótt, innihaldsrík og uppörvandi ráðstefna.

Árið 1990 var ákveðið að skifta Reykjavíkúrprófastsdæmi í tvö. Ég undirritaður var valinn prófastur og hóf störf 1. febr. 1991 og nokkru síðar var opnuð skrifstofa Reykjavíkúrprófastsdæmis vestra í Laugarneskirkju. Skrifstofustjóri hefur frá upphafi verið Mar-

grét Bragadóttir, frábær starfskraftur sem hefur haldið mjög vel utan um skjöl, bókhald og daglegan rekstur skrifstofunnar öll þessi ár.

Í fyrstu héraðsnefndina voru kosin þau sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson og Jóhannes Pálmason sem aðalmenn en til vara sr. Pálmi Matthíasson og Margrét Leósdóttir.

1994 fékk undirritaður leyfi frá störfum til að sinna sérþjónustu í Svíþjóð og Noregi. Þá var verið að semja við sjúkrahúsið í Gautaborg um líffæraflutninga og aðrar stórar aðgerðir fyrir Íslendinga og var þjóðkirkjan beðin um þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra. Jafnframt var tækifærið notað til að stofna íslenska söfnuði bæði í Svíþjóð og Noregi en reglulegu helgihaldi og safnaðarstarfi var komið á í Gautaborg og Osló og síðar í fleiri borgum. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson var settur prófastur þennan tíma, sem varð þrjú ár. Skrifstofan var flutt í Hallgrímskirkju og hefur verið þar síðan, en undirritaður var valinn og skipaður prestur í Hallgrímskirkju frá 1. febr. 1998. Vorið 2006 fékk undirritaður námsleyfi í þrjá mánuði, en þann tíma var sr. Tómas Sveinsson settur prófastur.

Safnaðarstarfið í prófastsdæminu hefur þróast mikið á síðustu áratugum. Nýir þættir hafa verið teknir inn í starf safnaðanna, hægt var að ráða starfsfólk til ákveðinna starfa og þjónustu svo sem djákna, æskulýðsfulltrúa, starfsfólk í barna- og unglingastarf, starf fyrir eldri borgara, foreldramorgna, fræðslustarf o.fl. Þetta var hægt m.a. vegna bættrar fjárhagsstöðu safnaðanna.



Jón Dalbú  
Hróbjartsson

Prófastsdæmið hefur boðið upp á málþing, námskeið, samráðsfundi og samfélag fyrir presta, djákna, organista og annað safnaðarstarfsfólk, sjálfboðaliða og sóknarnefndarfolk sem hefur orðið hvetjandi og uppörvandi í safnaðaruppbyggingunni og safnaðarlífinu. Við höfum fengið erlenda fyrirlesara og sent fulltrúa á fundi, kynnisferðir og ráðstefnur erlendis til að víkka sjóndeildarhringinn og til að læra af systurkirkjum okkar í nágrenni löndunum.

Samstarf Reykjavíkurprófastsdæma hefur verið mikið frá upphafi. Sameiginlegir héraðsnefndarfundir eru 2-3 á ári hverju og eru þá rædd sameiginleg mál, en þar eru helst *Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma*, *ÆSKR*, *Ellimálaráð*, *samstarf um Viðbragðaáætlun*, *starf með Þorvaldi Halldórssyni söngvara*, *samstarf og stuðningur við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar*, *fermingarbarnanámskeiðin í Vatnaskógi* og *mánaðarlegar enskar messur í Hallgrímskirkju*. Auk þessa hafa prófastsdæmin einnig haldið sameiginleg málþing og námskeið. Á s.l. fimm árum hafa nokkrir söfnuðir í Reykjavíkurprófastsdæmum og nágrenna byggðum komið á hópastarfi með messuþjónum, sem aðstoða við helgihald safnaðanna og skiftast á að mæta og undirbúa messur. Reynst hefur vel að hafa um 4-5 hópa sem skiftast á að mæta, því þá verður starfið ekki eins bindandi, en fjöldi messuhópanna hefur einnig gefið mörgum tækifæri til að taka virkan þátt í guðsþjónustunum, sem hefur gefið fólki mikið (sbr. vitnisburði þeirra sjálfra). Þessi mikli fjöldi messuþjóna sem nú eru að störfum er öflugur markhópur fyrir fræðslu og fjölbreytt samfélag.

Nýlegt samstarfsverkefni prófastsdæmanna er **Starfs- og leikmannaskólinn**, en það er starf sem unnið hefur

verið að með Fræðsluviði Biskupsstofu. Í vetur voru sjö námskeið með 145 þátttakendum.

Allt þetta samstarf sem við höfum komið á bæði innan okkar prófastsdæmis og í samstarfi við Reykjavíkurprófastsdæmi eystra er í raun dýrmæt reynsla sem við getum lagt með okkur inn í umræðuna um **samstarfssvæðin**, sem kirkjuping hefur fjallað um og sent hefur verið út til safnaðanna til skoðunar með beiðni um að þeim verði komið á sem fyrst. En málefnið verður á dagskrá þessa héraðsfundar.

Nú er ljóst að fjárhagsstaða safnaðanna er víða mjög erfið. Lækkun sóknargjalda hefur orðið gríðarleg s.l. 2 ár. Söfnuðir hafa gripið til sparnaðar í rekstri á öllum sviðum starfsins þó reynt sé að halda úti venjubundnu safnaðarstarfi í flestum sóknunum. Á fundum með formönnum sóknarnefnda síðustu misserin hefur þessi alvarlega staða mikið verið rædd, en sóknarnefndirnar eru að vinna mjög gott starf af mikilli ábyrgð og festu.

## Starfið í prófastsdæminu

Héraðsnefndin hefur haldið sína fundi mánaðarlega eins og verið hefur. Í héraðsnefnd sitja nú auk prófasts, sr. Ólafur Jóhannsson og Jóhannes Pálmasson, en varamenn þeirra eru sr. Pálmi Matthíasson og Anna Þóra Paulsdóttir. Bæði aðal- og varamenn sitja fundina og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim öllum frábært samstarf og trausta vináttu. Verkefni héraðssjóðs eru mörg, en nú hafa tekjur minnkað til muna og hefur nefndin orðið að skera niður kostnað og fækka verkefnum. Þannig verðum við nú því miður að skera niður styrki og hætta stuðningi við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og



samstarfsverkefnið með Þorvaldi, en síðastliðið ár vorum við búin að skera það niður í 25% þátttöku. Þetta gerum við til þess að geta staðið áfram vel að starfi ÆSKR og Ellimálaráði, sem eru jú verkefni á vegum prófастsdæmisins.

Eins og síðastliðin tvö ár leggjum við til að nota hluta af varasjóði prófастsdæmisins til að greiða til baka hluta af framlagi sóknanna til héraðssjóðs, en við höfum hvatt til þess að það fé sé notað í sérstök valin verkefni í safnaðarstarfinu ekki síst fyrir börn og unglinga. Söfnuðirnir hafa sent umsóknir til héraðsnefndar um þetta framlag. Héraðsnefndin leggur til að notaðar verði um 2 milljónir í þetta verkefni.

**Auka héraðsfundur** var haldinn 21. október 2010. Málin sem efst voru á baugi þessa fundar var tillaga Mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar um samskipti skóla og trúar- og lífsskoðunarfélaga. Samþykkt var ályktun fundarins um þessa tillögu sem send var Mannréttindaráði. (Sjá fundargerð frá fundinum).

Fimmtudaginn 28. október var haldinn fundur á vegum Reykjavík-urprófastsdæmanna í Nes Kirkju með prestum og skólástjórnendum vegna tillögu Mannréttindaráðsins. Fulltrúum frá Mannréttindaráði var boðið að sitja fundinn, en það boð var ekki þegið. Fundurinn var mjög gagnlegur en um 60 manns sóttu fundinn.

Samráðsfundir með **þjónandi prestum** voru nánast mánaðarlega í vetur, en að auki er starfandi „prédikunar-klúbbur“, sem 10-12 prestar hafa sótt á miðvikudögum kl. 9.00 í Nes Kirkju. Þá hitti prófastur starfandi djákna í prófастsdæminu á haustdögum.

Prófastur heldur reglulega fundi með **formönnunm sóknarnefnda** til

að fara yfir starfið í söfnuðunum. Þar gefa formenn mynd af starfinu heima fyrir, en ræða síðan mögulegt samstarf og hagræðingu, en fjármál hafa verið mjög ofarlega á baugi s.l. tvö ár. 11.-12. mars s.l. var formannafundurinn haldinn í Skálholti. Gestur fundarins var sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari, sem fræddi hópinn um *Samstarfssvæðin*, en hann hefur setið í nefndinni um þetta málefni frá upphafi. Einnig flutti sr. Kristinn Ólason rektor uppbyggilegt erindi sem fjallaði m.a. um Jobsbók og boðskap hennar. Það hefur sýnt sig að þessir formannafundir eru afar gagnlegir og gefa fólki mjög mikið. Þetta góða fólk á það sameiginlegt að gefa tíma sinn til þessara mikilvægu starfa, en það gerir það af mikilli gleði og áhuga. Vil ég fá að þakka formönnunum fyrir mjög ánægjulegt og gott samstarf til margra ára. Á s.l. vetri lauk ég við að heimsækja allar sóknarnefndir prófастsdæmisins, en ég bað um að fá að koma á hefðbundinn sóknarnefndarfund hverrar sóknar til að heyra um starfið frá fyrstu hendi og heyra hvernig fólki líður með starfið. Reynsla mín af þessum fundum er sú, að í öllum tíu sóknunum er verið að vinna mjög gott starf, allir eru að leggja sig fram um að finna leiðir til að spara, leiðir til að efla sjálfboðið starf, leiðir til að varðveita grunnþjónustuna í hverri sókn.

Aðalfundur **ÆSKR** var haldinn 13. apríl s.l. Ég sat þann fund eins og ávallt þegar ég hef komið því við. Fundurinn var mjög góður og gaf skýra mynd af því góða starfi sem unnið er með unglingum í prófастsdæmunum. Athyglisvert var að heyra hve þátttakan hefur verið góð í vetur og hve sameiginlegt starf æskulýðsfélaganna hefur skilað miklu. Þá er uppörvandi að sjá að 26

Sr. Steinunn  
A. Björnsdóttir  
messar í London.  
Friðjófur Þor-  
steinsson stýrir  
söng



þátttakendur útskrifuðust úr *Farskóla leiðtogaefna* 30. mars s.l., en hópur unglunga sem undanfarin ár hafa tekið þátt í þessum skóla er orðinn mjög stór, en þetta unga fólk fær í þessu mjög góða grunnmenntun til að taka þátt í áframhaldandi safnaðarstarfi. Á sama hátt hefur **Ellimálaráð** starfað af fullum krafti, enda er mikilvægt að sinna jafnt öldnum sem ungum í kirkjunni okkar. Ég vísa í skýrslur þessara deilda sem liggja fyrir á héraðsfundinum, svo og reikningar og skýrsla **Kirkjugarðanna**, en aðalfundur þeirra var 16. maí. Þar er einnig unnið mjög gott starf.

Samstarfið við **Rauðakrosshúsið** hefur haldið áfram í vetur og mun halda áfram næstu mánuði, en þar er unnið sérstaklega með atvinnuleitendum. Prestar og djáknar hafa komið og verið til taks í allt að tíu klukkutíma á viku, samstarf sem ástæða er til að þakka fyrir.

**Sérþjónusta kirkjunnar** á sjúkrahúsum, stofnunum og hjá félagsamtökum er afar mikilvæg, ekki sist þegar

erfiðleikarnir í þjóðfélaginu er svona miklir eins og raun ber vitni. Það er óskandi að niðurskurðurinn í starfi heilbrigðisþjónustunnar og kirkjunnar verði ekki til að skerða þetta nauðsynlega starf.

Sama er að segja um **þjónustu kirkjunnar erlendis**. Þar hefur orðið niðurskurður, en vonandi verður hægt að halda áfram í Noregi og Svíþjóð eins og verið hefur í vetur. Reynt hefur verið að halda uppi mjög takmarkaðri þjónustu í Kaupmannahöfn og London. Safnaðarstjórnirnar þar hafa sýnt mikið hugrekki og dugnað. Í Jónshúsi í Kaupmannahöfn hefur t.d. verið reglulegt barnastarf í vetur með góðri þátttöku þ.e. um og yfir 20 börn auk foreldra. Einnig hafa 10 fermingarbörn verið í fræðslu og tekið þátt í fermingarfræðslumótum með íslenskum börnum frá Noregi og Svíþjóð. Íslenski presturinn í Svíþjóð sr. Ágúst Einarsson messaði einu sinni í Kaupmannahöfn og íslenskur prestur búsettur á Jótlandi sr. Lilja K. Þor-

steinsdóttir messaði þrisvar, sr. María Ágústsdóttir einu sinni og undirritaður heimsótti söfnuðinn á eigin vegum á aðventu. Prestþjónustu í London hefur verið þjónað af prestum á Biskupsstofu. Prófastur og sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn hafa átt samtalið við biskupinn í Kaupmannahöfn um þátttöku dönsku kirkjunnar í þjónustu við Íslendinga. Vænst er svara frá dönsku kirkjunni á þessu ári.

Sr. María Ágústsdóttir héraðsprestur var í launalaus námsleyfi á haustmánuðum, í hennar stað þjónaði sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir, þakka ég henni frábær störf. Styrkur Reykjavíkurborgar til starfs Miðbæjarprests var felldur niður í haust, þar með getur Dómkirkjan ekki haldið út þessu góða starfi og var sr. Þorvaldi Víðissyni sagt upp um áramótin. Hann hefur nú fengið starf í Norsku kirkjunni og bið ég honum blessunar á nýjum stað og þakka hans góðu þjónustu hér í prófastsdæminu til margra ára. Vegna niðurskurðar hjá þjóðkirkjunni var starf héraðsprests II lagt niður, en sr. Hans Markús Hafsteinsson hafði gegnt því í fimm ár. Ég þakka honum einnig hans góðu þjónustu. 15. maí s.l. var sr. Sigurvin Jónsson vígður æskulýðsprestur í Nes-kirkju, en þar hefur hann starfað sem æskulýðsfulltrúi í mörg ár. Hann er boðinn velkominn í prestahópinn.

## Lokaorð.

Möguleikar kirkjunnar eru alltaf miklir, hún hefur lifað af í 2000 ár og fyrirheitin eru þau sömu. Hinn upprisni er með okkur, slæst í för með okkur og gefur okkur trú, von og kærleika.

Okkar er að treysta Guði, standa saman, uppörva hvert annað.

Ég hef sagt lausu starfi mínu sem prófastur frá 1. sept. n.k. Þá ákvörðun tók ég fyrir ári síðan. Í mínum huga er fyrst og fremst þakklæti. Ég hef verið mjög lánsamur í lífi og starfi, hef fengið að taka þátt í afar fjölbreyttu starfi og þjónustu í kirkjunni. Prófastsstarfið hefur verið afar gefandi starf. Ég hef átt mjög gott samstarf við leika og lærða, séð góða hluti verða til, safnaðaruppbyggingu sem hefur borið ávexti Guði til dýrðar. Þetta er síðasti héraðsfundurinn sem ég held og vil því þakka ykkur öllum sem hér eruð, þjónandi prestar í söfnuðum og sérþjónustu, djáknar, sóknarnefndarfolk, organistar, frkv.stjórar, kirkjuverðir, æskulýðsfulltrúar og annað starfsfólk. Ég þakka sérstaklega samstarfsfólki mínu á prófastsskrifstofunni, Margréti Bragadóttur skrifstofustjóra og sr. Maríu Ágústsdóttur héraðspresti fyrir frábært samstarf og ómetanlegan stuðning til margra ára. Ég þakka samstarfsfólki mínu í Hallgrímskirkju sem hefur sýnt mér ómetnalegan skilning og stuðning í mínu prófastsstarfi, sem vissulega hefur á stundum komið niður á mínu starfi sem prestur safnaðarins. Ég þakka biskupi Íslands Karli Sigurbjörnssyni frábært samstarf og leiðsögn, ég þakka sr. Gísla Jónassyni prófasti og öðrum próföstum sem ég hef átt samstarf við, ég þakka starfsfólki Biskupsstofu, Hjálparstarfi kirkjunnar og öðrum stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum sem ég hef haft samstarf við á liðnum árum og nú áratugum.

Mest þakka ég Guði, sem ríkulega hefur blessað starf safnaðanna og prófastsdæmisins, honum einum sé dýrðin.

# Vesturlandsprófastsdæmi

Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur



Þorbjörn  
Hlynur Árnason

Á kirkjuþingi í nóvember á síðasta ári var samþykkt að leggja saman Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi og Borgarfjarðarprófastsdæmi í nýtt Vesturlandsprófastsdæmi.

Það sama var ákveðið um norðaustur svæðið og á Austfjörðum.

Heimamenn, það er að segja héraðsfundir beggja prófastsdæmanna hér á Vesturlandi, lögðust gegn þessum áformum með góðum efnislegum rökum sem aldrei hafa verið hrakin. Viðbrögðum okkar hafa áður verið gerð skil, og þau því ekki frekar rakin. Sameiningin er orðinn hlutur.

Sameining prófastsdæmanna tók gildi 30. nóvember.

Héraðsfundur var haldinn 19. febrúar að Breiðabliki í Miklaholtshreppi. Meginfundarefnið var sameining prófastsdæmanna. Þá var kosin ný héraðsnefnd. Aðalmenn í héraðsnefnd auk prófasts eru séra Gunnar Eiríkur Hauksson í Stykkishólmi og Indriði Valdimarsson á Akranesi. Varamenn eru séra Elínborg Sturludóttir í Stafholti og Sigrún Baldursdóttir á Hellissandi.

Framhaldshéraðsfundur var síðan haldinn 27. apríl, einnig að Breiðabliki. Þar voru reikningar prófastsdæmanna beggja fyrir árið 2010 afgreiddir svo og fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

Þá urðu einnig prýðilegar umræður um hið sameiginlega starf í prófastsdæminu, nú við gjörbreyttar aðstæður. Þrátt fyrir að þessi sameining hafi orðið í óþökk heimamanna, líta menn nú fram á við og ætla ekki að dvelja með ólund við það sem orðið er, heldur vinna sem best í þeim aðstæðum sem nú eru orðnar.

Nú er framundan hugmyndavinna um það hvernig prófastsdæmið muni líta út. Hvernig samvinnuverkefnum verður háttað og hvaða form verður á þeim. Mikill áhugi er fyrir barna- og æskulýðsstarfi, kórastarfi og fræðslustarfi, svo eitthvað sé nefnt. Stefnt er að því að leggja fyrir héraðsfund á næsta ári drög að stefnumótun og starfsháttum í hinu nýja prófastsdæmi, þannig að það fái virkað sem ein heild.

Margt er athyglisvert framundan. Á síðasta kirkjuþingi var samþykkt ályktun um samstarfssvæði innan þjóðkirkjunnar.

Það plagg sem liggur til grundvallar er sannarlega metnaðarfullt, og megintilgangurinn er að skilgreina grunnþjónustu og leggja fram tillögur að samstarfi prestakalla svo að unnt sé að bjóða fram sem fjölþættasta þjónustu í kirkjulegu starfi. Í haust verða fundir með prestum, sóknarnefndum og starfsfólki á einstökum samstarfssvæðum þar sem lögð verða drög að útfærslu samstarfsins.

Í Vesturlandsprófastsdæmi verða fjögur samstarfssvæði. Garðaprestakall á Akranesi og Saurbæjarprestakall, þá Hvanneyrar- Reykhólts- Stafholts- og Borgarprestaköll, Staðarstaðar-, Ólafsvíkur- og Ingjaldshóls-, Grundarfjarðar- og Stykkishólmsprestaköll mynda þriðja samstarfssvæðið og loks er ráðgert að Dalaprestakall og Reykhólaprestakall verði eitt samstarfssvæði, en sem kunnugt er þá er Reykhólaprestakall í Vestfjarðarprófastsdæmi, þannig að þar verður um að ræða samstarf yfir prófastsdæmamörk.

Nú er það vitaskuld svo, að samstarf

milli prestakalla er þó nokkuð hér um slóðir. Má þar nefna barna- og æskulýðsstarf. Samvinna hefur verið um kórastarf, bæði innan prestakalla og þeirra í millum. Góð samvinna hefur verið um fermingarstörf og fermingarbarnamót. Síðan hafa prestaköll sam-einast um einstök tímabundin verkefni. Sem ánægjulegt dæmi um það má nefna samstarf Stafholts- Reykholts- og Hvanneyrarprestakalla um pílagrímagöngur er hófst á liðnum vetri. Göngurnar voru í nokkrum áföngum. Byrjað var í Stafholti og gengið milli kirkna og loks endað í Skálholti. Þessu framtaki var afar vel tekið og voru þátt-takendur úr öllu héraðinu.

Nú í vor var Kristný Rós Gústavsdóttir vígð djákni til þjónustu í Ólafsvíkur- og Ingjaldshóls prestakalli. Hún var sett inn í embætti við messu á sjómannadaginn í Ólafsvíkurkirkju. Um er að ræða hluta-starf og mun Kristín einkum sinna barna- og æskulýðsstarfi í þessum sóknnum og svo einnig í Stykkishólmi. Áformað er að fá henni fleiri verkefni á þessu sviði innan prófastsdæmisins. Við fögnum þessari viðbót við kirkju-lega þjónustu í héraði og óskum hinum nývígða djákna blessunar í starfi.

Séra Elínborg Sturludóttir var skip-aður sóknarprestur í Stafholtsprestakalli fyrir tæpum þremur árum. Fljótlega eftir að hún flutti með fjölskyldu sinni í Stafholt, kom í ljós að prestssetrið var óíbúðarhæft og talið ónýtt. Séra Elínborgu var þá útvegað húsnæði í Borgarnesi til bráðabirgða. Nokkur töf hefur orðið á því að ákvörðun væri tekin um byggingu prestsseturs í Stafholti, þótt að fyrir hefði legið samþykkt kirkjuráðs um það fyrir þremur árum. Eðlilega hafði þar að segja þær skerðingar er sjóðir kirkjunnar hafa orðið fyrir eftir efnahagsörðugleikana.

Þann 6. maí síðastliðinn var tekin skóflustunga að nýju prestssetri sem áformað er að verði tilbúið í nóvember-lok. Þakkir skulu færðar kirkjuráði fyrir þessar lyktilir og svo sóknarnefndunum í Stafholtsprestakalli sem héldu vel vöku sinni.

Það er gott að hugsa til þess að brátt verður risið all veglegt prestssetur í Stafholti. Það hefur ekki verið til að léttu presti störfina að búa utan prestakallsins, þó svo að hann hafi sinnt sínu afar vel. Þá er prestssetur í sveit ekki aðeins vinnustaður prestsins heldur einnig athvarf sóknarbarna ef svo ber undir; staður þar sem sóknarfólk finnur sig velkomið.

Vegna staðsetningar sinnar, hlut-verks og sögu er Stafholt einnig staður sem kirkjunni ber að halda með þryði, líkt og öðrum stöðum sínum. Þá hefur sóknarnefndinni í Stafholti lánast með mikilli elju og útsjónarsemi að fá kirkju-una viðgerða svo að mikill sómi er að.

Þann 17. júní var mikil hátíð haldin að Fitjum í Skorradal. Þar var tekin í notkun endurgerð hins sögufræga Fitjakaleiks. Hulda Guðmundsdóttir staðarhaldari á heiður af þessu merka framtaki.

Hvammskirkja í Norðurárdal er 130 ára á síðasta ári, líkt og Borgarkirkja. Af því tilefni var ráðist í miklar endurbætur á Hvammskirkju. Kirkjan hlaut gagngera viðgerð. Meðal annars var skipt um turn og hannaði Hrafnhildur Sverrisdóttir arkitekt frá Hvammi nýtt turnþak eftir gömlum ljósmyndum. Þá var keypt nýtt orgel í kirkjunna, er hentar henni afar vel. Öll þessi framkvæmd hefur tekist með miklum ágætum. Þessum áfanga var fagnað með hátíðarmessu þann 20. júní. Framkvæmdir við Hvammskirkju kostuðu um 12 milljónir króna, en lang stærsti hluti þeirrar upphæðar var til í sjóði kirkjunnar. Betur væri að fleiri

Hvammsskirkja



hefðu sýnt á móta forsjálni í viðfangs-  
efnum sínum síðustu árin.

Stefán Ólafsson smiður á Litlu-  
Brekku og hans menn önnuðust allar  
þessar framkvæmdir, af miklu listfengi,  
sem fyrir.

Á síðasta ári var Reykholtshátíð hald-  
in sem endranær. Þau tímamót urðu,  
að Steinunn Birna Ragnarsdóttir stýrði  
sinni síðustu hátíð, alla vega um sinn.  
Steinunn Birna er nú tekin við tónlist-  
arstjórn Hörpu. Auður Hafsteinsdóttir  
fiðluleikari mun nú taka við ábyrgð á  
hátíðinni. Steinnunni Birnu eru færðar  
innilegar þakkir fyrir öflugt starf sem  
sannarlega hefur styrkt Reykholtstað  
og menningarlíf í héraði.

Líkt og öllum er kunnugt hefur  
kirkjan fengið sinn skerf af þeim efna-  
hagserfiðleikum sem gengið hafa yfir  
þjóðina síðustu misseri og ár. Sókn-  
argjöld, sem eru í raun félagsgjöld þjóð-  
kirkjumanna hafa verið skert verulega.  
Það gildir einnig um sjóði kirkjunnar svo  
sem jöfnunarsjóð og kirkjumálasjóð.  
Vitaskuld hafa þessar skerðingar haft

sín áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna  
í héraði, en sóknarnefndir hafa sýnt  
úr sér varðandi framkvæmdir eða aðrar  
skuldbindingar, þannig að hvergi eru  
veruleg vandræði vegna lækkaðra  
sóknartekna, þótt vitaskuld þurfi að  
taka skrefin varlega.

Nú er hins vegar svo komið, að  
söfnuðir munu vart þola frekari skerð-  
ingar án þess að það bitni á starfi  
þeirra og þjónustu við sóknarfólk. Þá  
þarf að sinna viðhaldi á mannvirkjum,  
sem hefur verið látið bíða eftir því sem  
kostur er.

Vonandi mun starf nefndar þeirrar,  
er innanríkisráðherra tilkynnti um á  
prestastefnu í vor, og á að meta áhrif  
skerðinga liðinna ára, og væntanlegra  
skerðinga í framtíðinni – ef rétt er skilið,  
varpa ljósi á aðstæður safnaðanna og  
leiða þá af sér að einhver varnalína  
verður dregin. Það er held ég hins  
vegar borin von að skerðingar liðinna  
ára verði bættar í bráð, þrátt fyrir skýra  
réttarstöðu kirkjunnar.

# Vestfjarðaprófastsdæmi

Sr. Agnes Sigurðardóttir, prófastur

„Drottinn, ó, Drottinn vor, dagarnir líða, allt er að breytast, en aldrei þú“. Þannig yrkir sr. Niels Steingrímur Thorláksson, sem var prestur í Vesturheimi um og eftir þar síðustu aldamót. Vestfirðingar trúa á þann sama Guð og hann boðaði trú á, þann Guð er aldrei breytist. Margt hefur breyst á landinu og á Vestfjörðum í áranna rás. Heil byggðarlög hafa tæmst af fólki, samgöngur batnað, ferðafólki fjölgað og margt fleira mætti nefna.

Fjöldi fólks leggur leið sína í vestfirskar eyðibýggðir á ári hverju og mikið líf er þar nokkrar vikur á ári. Messað er í Staðarkirkju í Aðalvík og Staðarkirkju í Grunnavík á sumrin. Sunnudaginn 4. júlí 2010 messaði sr. Sighvatur Karlsson í Grunnavík, en hann á ættir að rekja þangað og laugardaginn 17. júlí var messað í Aðalvík og mætti fjölmenni til þeirrar stundar. Brottluttlir Aðalvíkingar og afkomendur þeirra hafa gert kirkjuna upp og er endurbótunum lokið að mestu. Gamla prestssetrið hefur líka fengið andlitslyftingu og þar er aðstaða til að hafa kirkjukaffi o.fl. Það færirst í vöxt að prestar sem ferðast um Sléttuhreppinn gamla eða Grunnavíkurhreppinn vilji messa í þessum öldnu kirkjum sem gætu sagt mikla sögu mannlífs alla síðustu öld gætu þær talað.

Vestfjarðaprófastsdæmi nær yfir allan Vestfjarðakjálkann og þar búa rúmlega 7.100 manns í 9 prestaköllum og 38 sóknum. Fyrir 10 árum bjuggu rúmlega 8.000 manns á svæðinu. Síðastliðið ár hefur fólksfjöldi þó staðið í stað í stærsta prestaköllinu, Ísafjarðar-

prestakalli enda mannlíf gott við Djúpið. Tónlistarhátíð sem kennd er við Djúpið hefur verið haldin í níu ár á Ísafirði næst síðustu viku í júní. Krafta þeirra sem hana hafa sótt hefur kirkjan notið á lokadegi hennar við guðspjónustu í Ísafjarðarkirkju. Í plássunum eru haldnar bæjarhátíðir á sumrin og þar er oftast gert ráð fyrir aðkomu kirkjunnar annað hvort með messuhaldi og/eða tónleikum.

Messuhald og safnaðarstarf er í föstum skorðum í prestaköllum prófastsdæmisins. Í nokkrum prestaköllum hefur starf kirkjukóra eflst og í einni sókn hefur starfað svokallaður gítarkór og hefur það gefist vel. Í stærsta prestaköllinu er hlutfall þjóðkirkjufólks um 84%, sem er níu prósentum meira heldur en á landsvísu. Samt er þó mikið af útlendingum búandi þar sem og annars staðar á Vestfjörðum.

Vestfirskir söfnuðir búa við skert framlag sóknargjalda eins og aðrir söfnuðir landsins. Er það farið að bitna á starfinu þó fæstir þeirra hafi annað starfsfólk en organistana. Margar kirkjur hafa hlotið gott viðhald síðastliðin ár en óljóst er með viðhald í framtíðinni vegna ofangreindra orsaka. Vegna skertra sóknargjalda var brugðið á það ráð að sameina Hnífsdals- og Ísafjarðarsókn og hafa aðalsafnaðarfundir beggja sókna samþykkt það sem og héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis. Vonir standa til að kirkjuping 2011 leggi einnig blessun sína yfir þennan ráðahag svo hann geti formlega tekið gildi. Nafn hinnar sameinuðu sóknar skal vera Ísafjarðarsókn og skal Ísafjarðarkirkja



Agnes M.  
Sigurðardóttir

Þingeyrarkirkja



vera sóknarkirkjan. Áfram er þó gert ráð fyrir því að messa í Hnífsdalskapellu á stórhátíðum. Einnig má geta þess að í maí s.l. var gengið frá því að Sæbólskirkja á Ingjaldssandi var friðlýst.

Þann 9. apríl árið 1911 var Þingeyrarkirkja í Dýrafirði vígð og var aldarafmælisins minnst við guðspjónustu í kirkjunni þann 10. apríl s.l. og veitingum og hátíðardagskrá í félagsheimili staðarins á eftir. Þar var m.a. farið yfir sögu kirkjunnar en Rögnvaldur Ólafsson arkitekt og húsameistari teiknaði hana en hann var Dýrfirðingur. Hún er steinsteypt í gotneskum stíl en að innan er hún prýdd fögru tréverki. Hjónin Gréta Björnsson listmálari og Jón Björnsson málarameistari máluðu og skreyttu kirkjuna með ýmsum trúarlegum táknum á fimmtíu ára afmælisárinu 1961. Miklar endurbætur fóru fram á Þingeyrarkirkju á árunum 2001 – 2005 til

þess að hún mætti standa sem ný á 100 ára afmælinu. Þingeyrarkirkja er friðuð og þess vegna varð að fara eftir reglum Húsafriðunarnefndar við endurbæturnar.

Í Vestfjarðaprófastsdæmi hafa Passíusálmar verið lesnir á föstudaginn langa í einhverri kirknanna. Einnig hafa verið farnar helgigöngur. Árið 2011 voru sálmar lesnir í Dýrafirði, í þremur kirkjum og farið á milli þeirra. Lesið var í Þingeyrarkirkju, Mýrakirkju og Núpiskirkju. Í hverri kirkju voru lesnir 14 sálmar og las fólk á öllum aldri, allt frá fermingarbörnum til fullorðinna. Hér á eftir fer fróðleikur um eina eiginhandarit Passíusálmanna og tengsl þess við Dýrafjörð, eftir sr. Guðrún Eddu Gunnarsdóttur sóknarprest í Þingeyrarprestakalli.

*„Passíusálmar Hallgríms Péturssonar*



tengjast Dýrafirði á sérstakan hátt. Eina eiginhandarrit Hallgríms af Passíusálmunum sem til er varðveittist hér í Dýrafirði um nokkurra áratuga skeið. Það er handritið sem Hallgrímur gaf Ragnheiði Brynjólfsdóttur biskups Sveinssonar. Brynjólfur biskup d. 1675, Margrét eiginkona hans og börn og barnabarn voru þá öll látin og runnu eigur þeirra m.a. til Sigríðar systur Margrétar sem var gift Torfa Jónssyni sem var sonur Jóns Gizurarsonar hálfbróður Brynjólfs en Jón var lögréttumaður á Núpi. Foreldrar hans voru Ragnheiður Pálsdóttir og Gizur sýslumaður Þorláksson á Núpi. Ragnheiður missti eiginmann sinn Gizur í snjóflóði í Hrafnseyrarheiði árið 1597 og síðari eiginmaður Ragnheiðar var séra Sveinn Símonarson prestur í Holti og sonur þeirra var Brynjólfur Sveinsson biskup. Sonur Torfa og Sigríðar var Jón Torfason og sonur hans var Björn Jónsson. Björn fluttist að óðali fedra sinna Núpi í Dýrafirði upp úr 1710 og sonur hans Jón Björnsson fór að búa í Fremri-Hjarðardal um 1762. Í fórum þeirra varðveittist Passíusálmahandritið en Hálfdan Einarsson skólameistari á Hólum í Hjaltadal fékk það frá Jóni Björnssyni árið 1773. Hálfdan var þá að gefa Passíusálmanna út. Eftir andlát Hálfdanar komst handritið í eigu Ragnheiðar Ólafsdóttur á Leirá í Borgarfirði og svo í hendur Jóns Jóhannessonar bókbindara í Leirárgöðum, sem seldi það Jóni Guðmundssyni ritstjóra Þjóðólfs. Þennan dýrgrip sendi Jón loks að gjöf vildarvini sínum og nafna, Jóni Sigurðssyni

forseta í Kaupmannahöfn, samkvæmt bréfi sem dagsett er 28. febrúar 1855. Árið 1877 keypti Alþingi allar bækur og handrit Jóns Sigurðssonar til handa Landsbókasafni. Hann hélt þó gögnum sínum til æviloka, en hann lést 7. desember 1879, en þá voru þau send jafnskjótt sem við varð komið hingað til lands. Voru Passíusálmarnir meðal handrita og prentaðra bóka sem flutt voru til landsins árið 1880, en formlega afhent Landsbókasafni með bréfi frá landshöfðingja 26. september 1881. Handritum Jóns hefur alla tíð verið haldið aðgreindum frá öðru handritaefni. Er þau auðkennd með fangamarki hans, JS. Passíusálmahandritið sem um ræðir ber númerið JS 337 4to í safninu“.

Heimildir:

Kjartan Ólafsson 1999, Firði og fólk 900-1900, s. 205 og 237

(Um Núp og Fremri-Hjarðardal).

Ógmundur Helgason, „Eiginhandarrit séra Hallgríms Péturssonar að Passíusálmunum.“

Á vefsíðunni: [www.ruv.is/passiusalmar](http://www.ruv.is/passiusalmar)

Héraðsfundur prófastsdæmisins var haldinn í Heydal í Ísafjarðardjúpi þann 7. maí. Þar voru m.a. samþykktar tvær ályktanir. Önnur um nauðsyn þess að sóknarprestur sitji á Reykhólum eins og verið hefur og hin um að staðið sé faglega að setningu afleysingaprests í prestakalli. Héraðsfundurinn fór fram samkvæmt starfsreglum þar um en 70 manns eru boðaðir til hans.

# Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur



Dalla Þórðardóttir

Fyrsti almenni héraðsfundur hins sam-einaða prófastsdæmis var haldinn í júní-mánuði árið 2010 og var gerð grein fyrir honum í fyrri árbók.

Sumarið var annasamt. Ekki bar út af þeirri venju að auk hefðbundinna starfa bærust óskir um helgistundir við ættarmót og minningarmót og það er að færast í vöxt að útlend þör komi hingað til að fá blessun yfir hjónaband sitt. Oft og tíðum leitar fólk með athöfnina í litlu, fallegu sveitakirkjurnar okkar, hefur stundum komið þangað sjálft á fyrri ferðum eða þegar það dvaldi hér við nám eða störf á býli.

Messur sumarsins voru að vanda auglýstar á spjaldi sem hengt var upp víðsvegar um prófastsdæmið.

## Vísitasa í

### Breiðabólstaðarprestakalli

Í september heimsótti prófastur á einum degi allar kirkjur prestakallsins í fylgd sóknarprestsins, sr. Magnúsar, sem hafði skipulagt ferðina og sett upp dagskrá. Heimsóttar voru kirkjurnar á Breiðabólstað, Tjörn, Vesturhópshólum og Hvammstanga og að kvöldi var litið inn í kirkjuna í Kirkjuhvammi. Það var ánægjulegt að hitta sóknarnefndarfólk á þessum stöðum og finna áhuga og væntumþykju til kirkjunnar.

Í prófastsdæminu eru tvær kirkjur sem segja má að njóti sérstöðu vegna aldurs og byggingarstíls, en það eru Hóladómkirkja og Þingeyraklausturskirkja. Gerð er grein fyrir messuhaldi í skýrslu vígslubiskups en héraðsnefnd hefur styrkt ferðir presta, djákna og

kóra til helgihalds á Þingeyrum. Skipulagðar voru átta messur á sumrinu. Það var tilhlökkunarefni að koma með kór og organista að heiman og eiga að messa í þessari reisulegu og fallegu öldnu kirkju, sem ber svo tignarleg við himin. Myndarlegt safnaðarheimili er risið á staðnum, þar sem messufólki gefst kostur á að safnast saman og drekka messukaffi. Messan okkar tókst með ágætum en heldur var söfnuðurinn fámennur og var svo oftar um sumarið. Héraðsnefnd hefur því ákveðið að styrkja messuferðir ekki í sumar. Það er mjög miður. Í framtíðinni þyrftum við að bjóða upp á fleira, sýningu, tónleika eða annað til að laða fólk að staðnum og yrðu þá messan og fleiri viðburðir til að styrkja hvað annað.

## Almennt

Á Hofsósi var haldið upp á hálfri aldar afmæli kirkjunnar sunnudaginn 29. ágúst og tókst hátíðin vel. Biskup Íslands hélt hátíðarræðu í kirkjunni, sem var þéttskipuð sóknarbörnum og var ánægjulegt að sjá þar börn og unglunga og hve vel þau tóku þátt í messunni. Fyrrverandi sóknarprestar heiðruðu staðinn með nærveru sinni auk vígslubiskups og prófasts. Boðið var til hátíðarsamsætis í Höfðaborg þar sem jafnframt var sýning á handarverkum barna í skólanum, en eitt af verkefnum vetrarins hafði verið að búa til líkan af kirkju. Veitt voru verðlaun fyrir verkin í ýmsum flokkum.

Boðað var til hinnar árlegu Knappstaðamessu í Fljótum í júlímánuði.

Hin árlega Ábæjarmessa var sungin um verslunarmannahelgi. Ræðumaður dagsins var Agnar H. Gunnarsson og kirkjukórinn vestan Vatna söng. Að venju var margt um manninn heima á Merkigili þar sem systkini og frændfólk Helga heitins bauð til messukaffis.

Börn úr TTT starfi sóttu tvö mót fyrir og eftir jól og eins og undanfarin ár héldu börn ásamt fræðurum úr öllum prestaköllum utan tveggja í upphafi starfsárs á fermingarbarnamót í Vatnaskógi. Þar dvöldu þau í fimm daga.

## Barnastarf

Í Melstaðar- og Breiðabólstaðarprestakalli hafa sóknarprestarnir samstarf um kirkjustarf fyrir 6-9 ára, TTT starf og æskulýðsstarf og fer það fram í Hvamms-tangakirkju. Þá skipta prestarnir því með sér að heimsækja leikskólann Ásgarð á Hvammstanga.

Á Borðeyri er gott samstarf á milli kirkju og skóla. Sr. Guðni hefur þar kirkjuskóla mánaðarlega og Kristín djákni annast TTT starf.

Í Skagastrandarprestakalli er boðið til kirkjuskóla í Hólaneskirkju og í Hofskirkju.

Í Þingeyraklaustursprestakalli hefur sr. Sveinbjörn þann hátt á að heimsækja Húnavallaskóla á hálfsmánaðar fresti og sér þar um barna- og fermingarbarnafræðslu. Hina vikuna kemur sr. Ursula .

Sr. Gunnar á Hofsósi fer víða til að hitta börnin og hefur hann í samvinnu við bæði grunn- og leikskóla fastar stundir hálfsmánaðarlega bæði á Sól-görðum í Fljótum og á Hólum en á Hofsósi er sunnudagaskóli vikulega á hefðbundnum tíma.

Börn í öðrum prestaköllum Skaga-fjarðar sækja sunnudagaskóla í kirkju-urnar á Sauðárkróki og á Miklabæ og kirkjuskóla að Löngumýri. Á Sauðárkróki

er TTT starf og eftir nokkurt hlé var TTT starf í framanverðum Skagafirði endurvakið og var börnum þar boðið til samvera á Löngumýri og var þátttaka mjög góð. Um þetta hafa sr. Dalla og sr. Gísli samstarf eins og fermingarfræðslu, sem fram hefur farið í Varmahlíðarskóla í fjölda ára.

Í eystri deild prófastsdæmisins höfum við notið stuðnings við barnastarfið. Að undirlagi kaupfélagsstjórans hefur Kaupfélag Skagfirðinga styrkt barna- og æskulýðsstarf og hefur það skipt sköpum.

## Kærleikspjónusta

Á Sauðárkróki hefur um allanga hríð, eða síðan 2001, verið starfrækt heim-sóknarpjónusta í samvinnu kirkju, Rauða krossin og Félagspjónustu sveitarfélagsins Skagafjarðar og nýlega var sams konar starf hafið í samstarfi Melstaðar- og Hvammstangaprestakalls og Kristínar Árnadóttur, djákna. Í kjölfar námskeiðs sem Ragnheiður Sverrisdóttir hélt buðu sig fram 17 manns til að sinna heimsóknum og gengur starfið með ágætum.

Prestar prófastsdæmisins skipta því með sér að heimsækja dvalarheimili og sjúkrastofnanir og er ýmist um vikulegar helgistundir að ræða eða vikulegar heimsóknir og messu einu sinni í mánuði. Er þetta starf unnið í góðu samstarfi við starfsfólk og yfirstjórn stofnana og er afskaplega þakklátt starf. Við prestarnir finnum þá glögg að messurnar eru tilhlökkunarefni, fólk mætir spariklætt og að gömlum sið er spjallað og rifjaðir upp gamlir tímar er sveitungar hittast. Það eykur gleðina stórum ef börn eru með í för.

Prestar koma iðulega á kirkjumiðstöðina á Löngumýri til að sinna helgi-

stundum fyrir hópa en þar hafa á sumrin verið hvíldardalir fyrir veik börn og krabbameinssjúka. Eðlilega kemur þetta mest í hlut sóknarprestsins á Glaumbæ.

## Helgihald

Í bæjunum Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Sauðárkróki er að jafnaði messað tvisvar í mánuði yfir vetrartímann en á Hofsósi einu sinni í mánuði svo og á Hólum.

Á útkirkjum er messað á hátíðum og svo einu sinni til þrisvar endranær, að hausti, vori og sumri en þar sem fámennast er er komið saman til einnar árlegrar messu.

Messur í sveitaprestaköllumum dreifast meira á kirkjurnar þótt að jafnaði sé mest messað á höfuðkirkju enda eru sameiginlegar messur sem oftast þar.

Prestar og organistar hafa verið ódeigir við að lifga upp á helgihald með því að bjóða upp á nýjungar eða þemamessur, gospelsmessur, karlamessur, konumessur, fjölskyldumessur, uppskerumessur, svo nokkrar séu nefndar.

Á Sauðárkróki var bryddað upp á þeirri nýbreytni að hafa fyrirbænastrund á föstu í hádegi einu sinni í viku. Gafst þetta mjög vel. Þá er kvöldmessa einu sinni í mánuði.

Messuhópar eru að verða þekkt fyrirbæri í kirkjunni og eru af þeim ýmsar útgáfur. Á Hvammstanga er sá háttur á að ákveðinn vinnustaður eða félagsamtök hafa verið fengin til þess að vera til aðstoðar og hefur séð um súpu á eftir.

Samkvæmt tölum sem prestar gefa upp í messuskýrslum er messusókn yfirleitt viðunandi en auðvitað ættu þó fleiri að sækja kirkjuna, þegar haft er í huga að mikill meiri hluti íbúa hér tilheyrir kirkjunni svo og það að óviða tefur langur vegur fyrir kirkjufólki.

Tímaskortur og miklar annir há fólki, svo sem vikið var að í síðasta þætti.

*Héraðsfundur ársins 2011* var haldinn að Melstað í Miðfirði 8. maí sl. Sr. Guðni Þór Ólafsson þjónaði fyrir altari og sr. Sigríður Gunnarsdóttir flutti ágæta prédikun. Pálína Fanney Skúladóttir sat við orgelið. Að hádegisverði loknum var gengið til fundarstarfa og rituðu fundargerð þau sr. Magnús Magnússon og Björg Baldursdóttir á Hólum. Fundarstjóri var Valgerður Kristjánsdóttir. Gestur fundarins sr. Halldór Reynisson, sviðstjóri fræðsluviðs kirkjunnar, reifaði m.a. hugmyndina um messuþjóna og kynnti diskinn *Daginn í dag*.

Fundurinn samþykkti ályktun um mótmæli gegn frekari niðurskurði á sóknargjöldum og áskorun til stjórnvalda um að virða lög þar um. Hefur ályktunin verið send innanríkisráðherra.

Ákveðið var að héraðsfundur næsta árs verði sunnudaginn 15. apríl.

*Fjárskortur* gerir æ meira vart við sig í rekstri kirkjubygginga og innra starfi. Það sverfur að þegar sifellt er skorið af því fjármagni, sem skilað er til sóknanna. Margar sóknarnefndir sjá fram á það að geta illa staðið undir föstum liðum eins og rafmagni og launum organista. Margar sóknir ganga árlega á höfuðstólinn. Allt nema hið nauðsynlegasta hefur verið skorið af og ber á því að mun minna er um messuheimsóknir, sem þó ættu að vera eðlilegur þáttur í kirkjulífinu. Víða líður barnastarfið fyrir, sem þó síst skyldi. Sama gildir um nauðsynlegar endurbætur svo sem að reisa nýja girðingu um garð, mála kirkju, skipta um teppi. Ég sé því fram á hnignun bæði í ytra og innra starfi, nema snúið verði af þessari leið.

*Sólin skín* og fuglarnir syngja eftir kuldakast vorsins. Við vonum að heimur hlýni og snúið verði á rétta leið.

# Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur

Sameining prófastsdæmanna tveggja er nú orðin að veruleika og ber nýtt prófastsdæmi heitið Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Sameiningin tók gildi frá og með 1. desember 2010 samkvæmt ákvörðun kirkjupings. Þessi breyting var samþykkt þrátt fyrir ákóf mótmæli heimamanna. Verðum við því að vinna út frá hinum nýju forsendum og vona að þokkalega takist til.

Skýrslur úr prestaköllum tala sínu máli og vitna um öflugt starf sem innt er af hendi á vettvangi safnaðanna. Margir söfnuðir leggja aukna áherslu á æskulýðsmál, sem er mjög gleðilegt, og kóra- og tónlistarlíf er víða í miklum blóma.

Ýmsar breytingar urðu í starfsmannahópnum á árinu 2010. Tveir prestar hafa bæst í hópinn, þær sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir í Glerárkirkju og sr. Hildur Eir Bolladóttir í Akureyrarkirkju. Eru þær boðnar innilega velkomnar til starfa. Í vetur hefur sr. Hannes Þór Blandon verið í námsleyfi, en sr. Guðmundur Guðmundsson annast prestsþjónustuna í Laugalandsprestakalli í hans stað. Sr. Hannes mun koma aftur til starfa nú í sumar. Sr. Guðmundur hefur enn fremur annast ýmsa þætti héraðsprestsstarfsins, ef undan er skilin reglubundin messuafleysing presta í Eyjafirði. Sr. Gylfi Jónsson hefur létt undir með mörgum prestum í þeim efnum. Þá hefur sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir verið ráðin til starfa sem æskulýðsfulltrúi á Húsavík, einnig hefur hún komið að starfinu í Grenjadarstaðarprestakalli, og síðast en ekki síst hefur hún verið fengin til

að efla starfið í Kirkjumiðstöðinni okkar á Vestmannsvatni. Koma hennar færir okkur góðar vonir, því að reynslan sýnir að hún er frábær starfsmaður. Þá var Sunna Dóra Möller ráðin æskulýðsfulltrúi í Akureyrarkirkju, en hún hefur nú nýlega lokið guðfræðiprófi. Hefur koma hennar þegar sett mark sitt á starfið í Akureyrarkirkju.

Prófastsdæmið hefur nú skrifstofu- aðstöðu í Sigurhæðum, rétt neðan við Akureyrarkirkju, en leigusamningi um aðstöðu í Kirkjubæ við Ráðhústorg var sagt upp um sumarið 2010.

Umræðan í Þjóðfélaginu síðastliðið haust var mótdræg kirkjunni eins og mörgum er í fersku minni. Mjög ánægjuleg tilbreyting frá því var Landsmót Æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar sem haldið var á Akureyri í október síðastliðnum. Ekki er vafi að sá viðburður vakti jákvæða athygli á starfi kirkjunnar og færði þeim blessun sem þar tóku þátt. Sr. Jóna Lovísa Jónsdóttir bar hita og þunga af skipulagningunni og skilaði þar mjög góðu verki. Því miður var staða skólaprests lögð niður seint á síðasta ári en hún starfar enn sem framkvæmdastjóri Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar. Vonandi fáum við að njóta hennar krafta áfram. Þá má nefna vel heppnað NTT-mót sem haldið var á Hrafnagili nú fyrir skemmstu þar sem Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni annaðist skipulagningu. Er þakkarvert hversu mikið og óeigingjarnt starf hann hefur lagt á sig í æskulýðs- og fræðslumálum, langt út fyrir sitt eiginlega starfssvið.

Hr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson vísit-



Jón Ármann Gíslason

eraði Laufásprestakall dagana 12. og 13. mars s.l., prédikaði við guðsþjónustu í Þorgeirskirkju og hvatti söfnuði prestakallsins til dáða. Blómlegt safnaðarstarf er í prestakallinu, en fjárhagsaðstæður draga þar eins og víða úr vaxtar- möguleikum starfsins.

Akureyrarkirkja fagnaði 70 ára vígsluafmæli á síðastliðnu ári. Dr. Pétur Pétursson prédikaði við hátíðarguðsþjónustu af því tilefni. Mikil hátíðahöld voru í Siglufirði og Ólafsfirði vegna opunar Héðinsfjarðaganga, sem munu gjörbreyta aðstæðum heimafólks, og auka möguleika á samstarfi í starfi kirkjunnar.

Glerárkirkja hefur í samvinnu við prófastsdæmið staðið fyrir mjög metnaðarfullri fundaröð um þjóðgildin, þar sem samnefnd bók Gunnars Hersveins hefur verið útgangspunkturinn. Þær samverur hafa tekist allvel, þótt mæting hafi mátt vera betri. Það er kunnara en frá þurfi að segja að fjárhagsstaða margra safnaða er erfið. Víða hafa menn þurft að rífa seglin hvað varðar möguleika til helgihalds og safnaðarstarfs. Vonandi verður ekki gengið lengra í þeim efnum að skerða sóknargjöldin til safnaðanna og framlag ríkisins á grundvelli gildandi samnings.

Miklar breytingar hafa orðið í kirkjunni undanfarin ár, hvað varðar skipan

prestakalla. Nú er horft til þess, samkvæmt samþykkt kirkjupings, að skipta landinu upp í tiltekin samstarfssvæði í því skyni að tryggja rétt sóknarbarna til þjónustu og nýta betur þann mannafla sem kirkjan hefur yfir að ráða. Ekki er þó ætlunin að hverfa frá þeirri meginreglu að sóknin sé grunneining kirkjunnar. Vel kann að vera að þessi áform geti sums staðar skilað tilætluðum árangri, en því má ekki gleyma að aðstæður eru mjög mismunandi í prófastsdæminu hvað varðar mannfjölda, staðhætti og fjarlægðir. Vonandi mun þessi breyting hafa þau jákvæðu áhrif í för með sér, sem til er ætlast.

Á síðustu mánuðum hafa þrír prestar kvatt þetta líf sem allir hafa þjónað í Þingeyjarprófastsdæmi um lengri eða skemmri tíma. Það eru þeir sr. Ingimar Ingimarsson, sr. Jón Bjarman og sr. Lárus Halldórsson. Á síðasta ári lést sá aldri kirkjuhöfðingi Hr. Pétur Sigurgeirsson sóknarprestur í Akureyrarkirkju og biskup Íslands. Guð blessi minningu þeirra.

Vona ég og bið þess að starf kirkjunnar megi eflast og dafna í prófastsdæminu. Okkur er falin á hendur mikilvæg þjónusta, að boða lífgefandi og nærandi „orð sáttargjörðarinnar“ (2. Kor.). Megi Guð styrkja okkur, leiða og blessa í því verki.

# Múlaprófastsdæmi

Sr. Jóhanna I. Sigmarsdóttir, prófastur

Þetta síðasta starfsár milli héraðsfunda í Múlaprófastsdæmi hefur töluvert ein-kennst af breytingum eða öllu heldur væntanlegum breytingum. Á héraðsfundi sem haldinn var 2. maí 2010 var lögð fram til umfjöllunar tillaga að sameiningu Múla- og Austfjarðaprófastsdæma. Fundarmönnum þótti sem að gefa þyrfti betri tíma til að ræða og hugleiða þessa tillögu og lagði til að kallað yrði til auka héraðsfundar til að afgreiða tillögu kirkjuráðs um sameininguna.

Aukhéraðsfundur sameiginlegur með Austfjarðaprófastsdæmi var síðan haldinn 31. október. Þar var fjallað um þjónustupörf kirkjunnar og skoðaðar tillögur sem lágu þá fyrir kirkjupingi um samstarfssvæði.

Þá var einnig fjallað um sameiningu prófastsdæmanna á Austurlandi og fundarmenn unnu í hópvinnu SVÓTgreiningu þar sem reynt var að meta kosti og galla sameiningar og núverandi fyrirkomulags. Sameiningartillagan var síðan afgreidd á kirkjupingi þannig, að sameinuð voru prófastsdæmi á Vesturlandi og Norðurlandi en sameiningu var frestað hér eystra til 1. nóvember 2011 og kemur hún því til framkvæmda á hausti komanda.

Þá ályktaði kirkjuping 2010 að beina því til biskupafundar að kynna tillögu að sameiningu Eiða-, Seyðisfjarðar-, Vallanes- og Valþjófsstaðaprestakalla í eitt prestakall, Egilsstaðaprestakall, sem þjónað verði af sóknarpresti og tveimur prestum. Sameiningin verði í tveimur áföngum. Eiða- og Vallanesprestaköll sameinist í eitt prestakall þann 30.

nóvember 2011, en Seyðisfjarðar- og Vallanesprestaköll sameinist í hvort um sig samkvæmt framanskráðu við starfslok skipaðs sóknarprests hvors prestakalls.

Um þessa tillögu hefur verið fjallað á aðalsafnaðarfundum og héraðsfundi og ályktanir sendar kirkjuráði.

Þrátt fyrir þessar væntanlegu breytingar þá gekk nú starfið hér í prófastsdæminu á hefðbundinn hátt eins og gjarnan segir í skýrslunum frá sóknarnefndum. Börn voru borin til skírnar, barnastarf öflugt. Fermingarfræðsla í hefðbundnu horfi. Hjón gefin saman og látnir bornir til grafar. Æskulýðsfélög störfuðu á Héraði og Vopnafirði og unglingar frá Vopnafirði, Héraði og Borgarfirði sóttu Landsmót æskulýðsfélaganna á Akureyri. Hæst bar í starfi æskulýðsfélaganna velheppnað æskulýðsmót sem haldið var í Brúarási fyrir æskulýðsfélaga á Norður- og Austurlandi í febrúar.

Sr. Þorgeir Arason starfaði sem fræðslufulltrúi prófastsdæmisins. Annaðist hann skipulagningu fermingarfræðslunámskeiða, TTT-móts, og æskulýðsmóts auk leiðtogaþjálfunar sem var í samstarfi við Austfjarðaprófastsdæmi. Þá sá hann um sjálfstyrkingarnámskeið sem kirkjan hefur annast fyrir 10. bekk og kom inn í lífsleiknikennsluna í Menntaskólanum á Egilsstöðum með fræðslu um sorg og viðbrögð við áfalli. Hann hefur einnig skipulagt fullorðinsfræðslu eftir aðstæðum hverju sinni. Af því má nefna sjálfstyrkingarnámskeið fyrir hóp sem var í starfsendurhæfingu STARFA á Egilsstöðum, var það fram-



Jóhanna I.  
Sigmarsdóttir

Fermingarbörn á Egilsstöðum safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar



lag prófастsdæmisins til þessa verk-efnis; einnig skipulagði hann fræðslu- samverur fyrir syrgjendur, og fyrirlestur dr. Hjalta Hugasonar um „Ríki og kirkju“ svo eitthvað sé nefnt.

Ég vísiteraði á s.l. ári á Skeggja- stöðum, Vopnafirði og á Eiríksstöðum á starfsárinu. Í héraðsnefnd Múlaprófasts- dæmis sátu auk prófasts á s.l ári eins og áður sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson á Egils- stöðum og Jóhann Grétar Einarsson á Seyðisfirði. Héraðsnefndin hélt nokkra fundi á árinu en einnig var haft samband í síma til ákvarðanatöku. Sr. Cecil Haraldsson, varamaður sr. Vigfúsar tók sæti í héraðsnefndinni við starfslok sr. Vigfúsar.

Sr. Vigfús Ingvar Ingvarsson sagði starfi sínu lausu frá og með 1. janúar s.l. en hann hefur þjónað Vallanesprestakalli farsælllega allan sinn starfsferil eða frá

1976. Eins og áður er getið liggja fyrir tillögur um sameiningu prestakalla á Héraði og var undirritaðri falið að gegna Egilsstaðaprestakalli ásamt eigin kalli fyrst um sinn eftir að sr. Vigfús hætti. Sr. Lára G. Oddsdóttir fékk þriggja mánaða námsleyfi nú eftir áramótin og þjónaði sr. Þorgeir Arason prestakallinu ásamt fræðslufulltrúastarfinu á meðan.

„Allt er í heiminum hverfult“, segir í kvæðinu. Ýmsar breytingar eru í vændum. Sameiningartillögur liggja fyrir. Ég tel að við eigum að líta þessar breytingar opnum huga, sem tækifæri til að gera betur, nýta þann styrk sem í okkur býr til að vaxa og dafna í starfi.

Ég þakka prestum, sóknarnefndum, og safnaðarfólki öllu gott samstarf og bið Guð að blessa kirkjustarfið í Múlaprófastsdæmi.



# Austfjarðaprófastsdæmi

Sr. Davíð Baldursson, prófastur

## Prófastsdæmið

Safnaðarstarf og helgihald hefur í prófastsdæminu verið hefðbundið og gengið vel.

Framundan eru breytingar á kirkju-skipan hér eystra.

Þann 1. nóvember nk. verður Austfjarðaprófastsdæmi lagt niður, ásamt núverandi Múlaprófastsdæmi og nýtt prófastsdæmi stofnað sem nefnist Austurlandsprófastsdæmi og sameinar hin bæði. Þetta var samþykkt á síðasta kirkjuþingi.

Þessi breyting kallar á ákveðna aðlögun þótt skipulag og samstarf sókna og svæða hafi lengi verið í mótun hér eystra í áratugi.

Fjármál sókna og fjármál kirkjunnar voru af ríkum ástæðum í brennidepli á héraðsfundi síðastliðnum. Sigríði Dögg Geirsdóttur fjármálastjóri kirkjunnar var gestur fundarins og fór yfir þá stöðu af hálfu kirkjustjórnar.

